

# Árbók kirkjunnar 2016-2017

## Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir

**Forsíðumynd: Hallgrímskirkja í túlípanabeði**

**Ljósmynd: Magnea Sverrisdóttir**

**Árbók kirkjunnar 2016-2017** 1. júní 2016 - 31. maí 2017

**September 2017**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**
**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**
**Prentun Oddi ehf.**

# Árbók kirkjunnar 2016-2017

**1. júní 2016 – 31. maí 2017**

**Forsíðumynd: Hallgrímskirkja í túlípanabeði**

**Ljósmynd: Magnea Sverrisdóttir**

**Árbók kirkjunnar 2016-2017** 1. júní 2016 - 31. maí 2017

**Nóvember 2017**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**
**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**

# Efnisyfirlit


**Prestastefna Íslands 2017 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7**
Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .7
Ávarp kirkjumálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .19

**Synodusárið 2016-2017 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 22**

**Kirkjuþing 2016 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24**
Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .

**Kirkjuþing unga fólksins 2017 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**

**Vígslubiskup Skálholtsstiftis . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**

**Vígslubiskup Hólastiftis . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**

**Fjármálasvið Biskupsstofu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**

**Störf kirkjuráðs . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**

**Starfið á árinu 2016-2017 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**
Fræðslumál – Kærleiksþjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga – Upplýsingatækni

**Stofnanir, nefndir, ráð og félög . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan – Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn – Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samkirkjunefnd – Lúterska heimssambandið – Tónskóli þjóðkirkjunnar – Verkefnisstjóri kirkjutónlistar – Þjóðmálanefnd

**Sérþjónustuprestar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**
Fangaprestur þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík – Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri – Prestar Íslendinga í Noregi – Prestur Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku

**Starfið í prófastsdæmunum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .**
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi

**Mannfjöldi í þjóðkirkjunni og í skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum** .......................................... 187

**Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir** ..............................189

**Prestar í sérþjónustu**...............................................198

**Djáknar í sérþjónustu** ..............................................199

**Félög og stofnanir** ..................................................200

**Stjórnir og starfsnefndir** ..........................................202

**Biskupsstofa og aðrar stofnanir** .................................204

# Prestastefna Íslands 2017

## *Setningarræða biskups*

Ráðherra kirkjumála, Sigríður Á. Andersen, vígslubiskupar, prestar, djáknar, gestir. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin við setningu prestastefnunnar í dag.

Jafnframt býð ég velkominn dr. Johann Schneider svæðisbiskup í Halle- Wittenberg, sr. Hans W. Kasch sem hefur verið okkur innan handar með ýmis mál hér í Wittenberg og professor dr. dr. Johannes Schilling sem hefur aðstoðað okkur varðandi innihald dagskrárinnar.

Ich freue mich, dass Sie dr. Johann Schneider, pastor Hans W. Kasch und professor dr. dr. Johannes Schilling heute hier mit uns zusammen sind. Ich bedanke mich herzlich für Ihre hilfe bei den Vorbereitungen für unsere Reise hierher nach Wittenberg. Es ist uns sehr wichtig, eine Verbindung mit der deutschen evangelischen Kirche zu haben und die Theologische Ausbildung kennen zu lernen und an dieser auch teilnehmen zu dürfen. Herzlichen Dank!

Það var á aðalfundi Prestafélags Íslands árið 2011 sem fram kom tillaga um að synodus yrði haldin í Wittenberg árið 2017. Það var samþykkt enda sex ár til stefnu og kannski hefur einhverjum dottið í hug að þessi samþykkt yrði þá gleymd og grafin. En svo var ekki og undirbúningur hófst fyrir tveimur árum. Reyndar er hér ekki aðeins um prestastefnu að ræða heldur fræðsluferð. Von mín er sú að við sem hingað erum komin uppbyggjumst og njótum og komum heim endurnærð á sál og líkama þó hvíldarstundir séu fáar. Dagskrá er stíf og tíminn vel nýttur.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hér hafa lagt hönd á plóg við undirbúning synodunnar og framkvæmd messunnar. Skáholtsbiskupi, sr. Kristjáni Val, þakka ég prédikunina og Sólveigu Sigríði fyrir orgelleikinn. Við undirbúninginn var starfandi synodusnefnd hvar í voru starfsfólk biskupsstofu og fulltrúar P.Í. Sr. Hans W. Kasch annaðist alla fyrirgreiðslu hér í bænum. Prof. dr. dr. Johannes Schilling hefur verið okkur innan handar varðandi seminarið og sýningarnar og Hólabiskup varðandi fræðsluna á fimmtudaginn. Ég þakka fyrir afnotin af Hallarkirkjunni og búnaði hennar hér í Wittenberg. Ég þakka líka ykkur sem mætið til synodunnar í dag fyrir að vinna með okkur að þessu verkefni þannig að undirbúningur þessa ferðalags hefur verið eins og best verður á kosið. Ég fagna því einnig sérstaklega að ráðherra kirkjumála skuli vera með okkur hér í dag og ávarpi synoduna. Fyrir allt þetta ber að þakka og miklu meira til og bið ég þess að allt fari hér fram samkvæmt því sem stefnt er að og samkvæmt heilögum vilja Guðs.

### Undirbúningsferðin

Fyrir þremur árum fór starfsfólk Biskupsstofu í fræðsluferð til Þýskalands og plantaði eplatré í svokölluðum Lútersgarði hér í Wittenberg.

„Þótt ég vissi að heimsendir yrði á morgun þá myndi ég planta eplatré í dag," á Marteinn




Skjöldurinn við eplatréð í Lúthersgarðinum í Wittenberg

Lúter einu sinni að hafa sagt. Þessi tilvitnun er rótin að fallegum minnisvarða um siðbótina hér í Wittenberg.

Verkefnið hófst árið 2008. Þá, árið 2014 höfðu fulltrúar 77 kirkna og landa plantað trjám í garðinum. Sr. Hans W. Kasch sagði við athöfnina þegar plantað var að þegar komið var að því að minnast 500 ára afmælis siðbótarinnar hafi menn talið að ekki vantaði enn eina styttuna af Marteini Lúter. Það hafi verið ákveðið að planta lundi af trjám. Enda má segja að grænt og vaxandi minnismerki minni á að siðbótin er hreyfing breytinga og vaxtar. Það eru ekki bara lúterskar kirkju sem eiga tré þarna heldur líka fulltrúar annarra kirkjudeilda m.a. rómversk-kaþólsku kirkjunnar, reformertra kirkna, anglíkanskra kirkna og Mennoníta. Við okkar tré munum við syngja Guði lof í morgunbæninni í fyrramálið.

Um vorið fórum við biskupsstofufólk í Skálholt og plöntuðum birkitré sem kallast á við tréð okkar hér í Wittenberg. Það stendur nálægt Skálholtsbúðum og á því er skjöldur með þessari áletrun: „Birkitré þetta frá Kjarri í Ölfusi er gróðursett af biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur þann 7. maí 2014 að viðstöddu starfsfólki Biskupsstofu, eins og systurtré þess sem gróðursett var í Lútersgarðinum í Wittenberg þann 21. mars 2014. Systurtréð er 249. tréð af 500 trjám sem gróðursett verða í minningu þess að árið 2017 verða 500 ár liðin frá upphafi siðbótarinnar. Jóh. 15:5."

Sá ritningarstaður var valinn einnig þegar trénu var plantað hér í Wittenberg. „Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt sem er í mér og ég í honum en án mín getið þér alls ekkert gert." Þessi ritningarstaður er einnig yfirskrift synodunnar í ár.

## Prestastefnan – fræðsluferðin – siðbótarárið

Prestastefnan í ár er ekki aðeins prestastefna. Hún er ekki síður og kannski miklu frekar fræðsluferð þar sem við tökum þátt í seminari um ritskýringu Rómverjabréfsins með þýskum

guðfræðistúdentum. Skoðað verður sérstaklega eitt vers í því bréfi sem fjallar um réttlætið og trúna. Lúterslegra getur það varla verið. „Ég álít að maðurinn réttlætist af trú án lögmálsverka" segir Páll í þessu versi. Á fimmtudaginn munum við hlýða á fyrirlestra um konur og siðbótina, en sá þáttur siðbótarinnar hefur legið í þagnargildi lengst af, þar til nú á síðustu árum. Á Íslandi var flutt tónleikhús um tvær siðbótarkonur á afmælisdegi Katrínar frá Bora, en þann dag var hátíðarárinu um minningu siðbótarinnar hrint af stað á Íslandi. Tónleikhúsið var einn af þeim viðburðum sem Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar setti á dagskrá þjóðkirkjunnar á þessu siðbótarári. Nefndin var skipuð af kirkjuráði samkvæmt samþykkt kirkjuþings 2011 og með bréfi 26. apríl 2012. Sem sagt fyrir mína tíð. Nefndina skipa:

Gunnar J. Gunnarsson, formaður, tilnefndur af biskupi, Solveig Lára Guðmundsdóttir, kjörin af kirkjuþingi, Sigurjón Árni Eyjólfsson, kjörin af kirkjuþingi, Arnfríður Guðmundsdóttir, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Ævar Kjartansson, tilnefndur af innanríkisráðherra. Í vetur hefur sr. Arna Grétarsdóttir starfað með nefndinni.

Siðbótarkona númer eitt var Katrín frá Bora, eiginkona Marteins Lúter. Hún kynntist siðbótinni fyrst í gegnum fluguritin sem bárust í klaustrið. Hún tók áhættu þegar hún giftist Marteini því þar með tók hún á sig bannfæringuna sem á honum hvíldi. Engum blöðum er um það að fletta að þáttur hennar í siðbótinni er mikill. Um það fræðumst við meira á fimmtudaginn.

Fræðsla, tilbeiðsla, helgihald og þjónusta verða hér í hávegum höfð. Er hægt að biðja um eitthvað betra?

Víða um heim er siðabótar Marteins Lúters minnst. Upphafsdagur hennar er rakinn til dagsins sem hann hengdi greinarnar 95 upp á dyr þessarar kirkju. Þar var miðlað því sem hann vildi að fram kæmi varðandi aflátssölu kirkju sinnar á tíma sem fólk staldraði við og las þar sem texta var að finna. T.d. eins og segir í 30. greininni: „Enginn er öruggur um það hversu sönn iðrunin hans er, og enn síður hvort hann hafi í framhaldinu fengið fullkomna fyrirgefningu." Þarna var ekki hægara pælt en kýlt heldur settar á vegg útpældar hugleiðingar.

Ljóst er að Marteinn Lúter, kenningar hans og lífssýn hafði ekki aðeins áhrif á nærumhverfi hans heldur víðar. Marteinn munkur var ekki aðeins að benda á málefni kirkjunnar sinnar heldur einnig að stíga sín fyrstu skref inn í hringiðu þjóðmála. Umbylting miðaldasamfélagsins var hafin. Hugmyndir hans lögðu nýjan grundvöll fyrir þjóðfélagið og líf fólks. Síðar nefndi hann að hann hefði ekki ætlað sér að setja slíka umbyltingu af stað heldur hafi hann viljað koma á framfæri gagnrýni á aflátssöluna. Umbylting var einnig í hans lífi þegar hann eignaðist eiginkonu og börn, heimili, sem mótaði prestsheimilið í löndum lúterskra næstu aldirnar. Heimili þar sem menning og fræðsla var í hávegum höfð. Heimili sem alltaf var opið fyrir sóknarbörnum, gestum og gangandi. Heimili sem varð vettvangur safnaðarstarfs ekki síður en kirkjuhúsið sjálft.

Kenning Lúters um réttlætingu af trú opnaði manninum nýja sýn á heiminn og lífið. Eftir slíkum hugmyndum er nú kallað í byrjun 21. aldarinnar. Lífið er allt dýrmæt gjöf Guðs það fékk Lúter að reyna og sjá í ljósi réttlætingarinnar og í breyttum einkahögum sínum. Kannski erum við lúterskari en áður nú á tímum þegar við viljum frekar lifa lífinu lifandi og njóta gjafa Guðs en bíða hinnar andlegu sælu að lífi loknu. Kenningin um réttlætingu af trú veitti nýja lífssýn, þar sem áhersla var á að njóta þess sem Guð gefur. Samtími okkar mætti þó vera lúterskari í lífsskoðun sinni að því leyti að líta á lífið í öllum þess myndum með augum trúarinnar. Þar kemur

upp í hugann kenning Lúters um hinn almenn prestsdóm og tvöfalda kærleiksboðorðið sem liggur til grundvallar kristnum mannskilningi. Mannréttindi eru víða fótum troðin. Mannslífin einskis metin. Samkvæmt okkar trú er einstaklingurinn í öndvegi og gildi hans ómetanlegt. Oftar en ekki er sköpunin tilbeðin en ekki skaparinn og fleira mætti nefna í því sambandi.

## Lundur

31. október 2016 gengu Kaþólska kirkjan og Lúterska kirkjan saman formlega til helgihalds í fyrsta sinn í sögunni. Atburðurinn átti sér stað í dómkirkjunni í Lundi í Svíþjóð og þar mætti Frans páfi ásamt framkvæmdastjóra Lúterska heimssambandsins Martin Junge, Antjé Jackelén erkibiskupi Svía og fleiri fulltrúum lúterskrar og rómverk kaþólskrar kirkju. Þessi stund markaði tímamót í samkirkjumálum, en markmiðið var ekki að sameina þessar kirkjudeildir heldur að horfast í augu við söguna og einblína á það sem sameinar. Það var skrifað undir formlegt samstarf neyðaraðstoðar Lúterska heimssambandsins og Caritas hjálparstarfs Kaþólsku kirkjunnar þar sem fram kemur líka hvatning um að vera sýnilegri birtingarmynd kirkjunnar í heiminum. Kirkjuleiðtogarnir lýstu vilja sínum til þess að horfa saman til framtíðar og leggja vegferðina í Guðs hendur. Öllum er þó ljóst að það er margt sem skilur að og formlegt samtal er rétt að hefjast.

## Samstarf – samtal

Eins og kunnugt er hefur samstarfsnefnd kristinna trúfélaga starfað í áratugi. Til dæmis undirbýr hún samkirkjulega bænaviku fyrir einingu kristninnar sem er í janúar ár hvert. Þá eru bænastundir í eina viku og fara þær fram í mismunandi kirkjuhúsum kirkjudeildanna.

Samráðsvettvangur trúfélaga, lífsskoðunarfélaga um trúarleg efni og samstarfsaðilar hefur starfað í 11 ár. Haldið var upp á 10 ára afmælið með samkomu í Ráðhúsi Reykjavíkur í nóvember s.l. Aðild að Samráðsvettvangi trúfélaga eiga 16 trúfélög og kirkjudeildir auk Trúarbragðafræðistofu Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands sem er samstarfsaðili. Markmið vettvangsins er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum lífsviðhorfum, trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi.

Við lifum í landi trúfrelsis þar sem fjölbreytileiki er í trúmálum. Fræðsla um trú er mikilvæg og til stendur að efla fræðslustarf biskupsstofu þannig að almenningur jafnt sem allir aldurshópar í söfnuðunum njóti. Það er ekki hægt að reiða sig á að aðrir en kirkjan sjái um fræðslu um kirkju og kristni. Nútíminn kallar líka eftir opnum skoðanaskiptum um trú og lífsskoðun. Þegar mál er varða líf einstaklings og þjóðar er til umræðu þá verður vart við kröfu á kirkjuna um að taka þátt í þeirri umræðu. Okkar lúterska kirkja hefur ekki eina rödd en mikilvægt er að allar beinist þær í sömu áttina þannig að kirkjan sendi ekki misvísandi skilaboð frá sér. Meginboðskapurinn verður að vera samhljóma. Almenningur vill skýra stefnu kirkjunnar eins og annarra áhrifavalda og um leið leiðsögn í lífinu. Kirkjan er ekki stofnun nema að litlu leyti. Fólkið í kirkjunni hefur rödd. Fólkið í kirkjunni vill lifa og starfa í anda frelsarans. Fólkið í kirkjunni vill halda á lofti kristnum gildum. Til að mæta þörfum fólksins í kirkjunni og þeim sem eru leitandi verður opnaður fræðslu og upplýsingavefur á næstunni, leitandi.is. Tekið hefur verið upp fræðsluefni sem fer þar inn og vonir standa til þess að hægt verði að finna á einum stað allt sem í boði er í sóknum landsins þar sem hið eiginlega starf kirkjunnar fer fram. Í því starfi taka þúsundir þátt og nokkur



Gengið til setningarguðsþjónustu Prestastefnu 2017

þúsund manns halda því uppi, flestir sem sjálfboðaliðar. Þar má nefna sóknarnefndarfólkið og kirkjukórsfólkið auk allra hinna sem koma að starfi kirkjunnar beint og óbeint.

Það býr mikill mannauður í kirkjunni. Aukin menntun presta og djákna er kirkjunni lyftistöng. Kirkjan starfar ekki eingöngu í söfnuðunum heldur einnig á stofnunum og með fólki sem þarf sérþjónustu. Kirkjunnar fólk spyr ekki um lífsafstöðu fólks þegar það leitar til hennar enda er hún þjóðkirkja, kirkja sem er fyrir fólkið. Þannig hefur kirkjan sinnt hópi fólks sem leitað hefur á náðir Íslendinga og beðið griða vegna ófriðar í landi sínu eða skorts á mannréttindum. Hælisleitendur hafa leitað til kirkjunnar, bæði kristnir og aðrir. Kristnir hælisleitendur eru oft í lífshættulegum aðstæðum í heimalandi sínu vegna trúar sinnar. Talið er að 11 kristnir einstaklingar séu teknir af lífi á hverri klukkustund í heiminum vegna trúar sinnar. Við eigum að elska Guð og náunga okkar sem og okkur sjálf. Við eigum að setja okkur í annarra spor. Það er því ekki á pólitískum forsendum sem kirkjunnar fólk styður hælisleitendur heldur af því við erum kristið fólk.

## Umhverfismál

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2009. Sóknir landsins voru hvattar til að tileinka sér hana og í þeim tilgangi var sent út „Ljósaskrefið" handbók þjóðkirkjunnar fyrir umhverfisstarf í söfnuðum. Við þurfum að einbeita okkur meira að umhverfismálum ef við ætlum ekki að ganga að jörðinni án lífs. Á kirkjuþingi unga fólksins nú í maí var samþykkt ályktun um að bætt verði við umhverfisstefnuna að einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2019. Unga fólkið ályktaði líka um umhverfismál í fyrra og fagnaði því að á Biskupsstofu sé starfandi nefnd sem vinnur eftir Ljósaskrefinu og



Sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholtil í prédikunarstól í Hallarkirkjunni í Wittenberg

umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar, en skorar um leið á Þjóðkirkjuna í heild til að fylgja í þau fótspor og vera leiðandi afl í samfélaginu í umhverfisvernd. Hvatning unga fólksins í kirkjunni er mikilvæg og sýnir að kirkjan getur haft mikil áhrif í umhverfismálum.

Á Skálholtshátíð síðast liðið sumar var hafist handa við endurheimt votlendis á Skálholtsjörðinni. Markmið með endurheimt votlendis er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirhugað er að halda því verkefni áfram á landi í eigu kirkjunnar. Fólkið í kirkjunni vill taka þátt í því að varðveita jörðina okkar og lífið á henni. Það er eitt af þeim stóru verkefnum sem fylgja þarf eftir.

Í októbermánuði nk. stendur til að Alkirkjuráðið haldi hér á landi ráðstefnu um réttlátan frið við jörðina. Þjóðkirkjan verður í gestgjafarhlutverki og er nefnd að störfum innan þjóðkirkjunnar sem hefur skipulagningu ráðstefnunnar á höndum sér. Ráðstefnan verður haldin í tengslum við Norðurslóðaráðstefnuna *Arctic Circle*, en þar mun Alkirkjuráðið útvega helsta ræðumanninn, að þessu sinni. Til stendur að afmarka tímabil kirkjuársins sköpuninni, vikur í september og október, og setja þannig umhverfismálin varanlega á oddinn í kirkju okkar.

## Breytingar vegna efnahagshrunsins

Eins og kunnugt er breyttist margt við efnahagshrunið sem varð 2008. Sóknir landsins hafa ekki farið varhluta af því og heldur ekki Biskupsstofa. Nú er svo komið að nokkrar sóknir þjóðkirkjunnar eru nánast gjaldþrota. Bæði í þéttbýli og dreifbýli hafa sóknir verið sameinaðar og viðræður standa yfir um sameiningu á nokkrum stöðum. Það er ekki vandamál að sameina sóknir en það getur verið vandamál hvað eigi að gera við þau kirkjuhús sem ekki verða þá í reglulegri notkun. Út um land eru mörg þeirra friðuð og eru menningarverðmæti sem kirkjan hefur tekið að sér að varðveita. Þau sem annast þau eru leikmenn víða um land sem gefa

af tíma sínum og kröftum til að sinna viðhaldi kirknanna og varðveislu þeirra. Það eru líka leikmenn sem halda utan um kirkjugarða landsins. Í nágrannalöndum okkar þar sem meiri aðskilnaður hefur orðið milli ríkis og kirkju hefur ríkisvaldið falið kirkjunni áframhaldandi umsjá með kirkjugörðunum og friðuðu kirkjuhúsunum. Kosturinn við það er fagþekkingin sem til hefur orðið í sóknunum og vilji leikmanna til að sinna verkunum. Kirkjugarðar og friðuð hús eru ekki endilega verkefni kirkjunnar en hún er fús að halda áfram að sinna verkefninu ef henni er gert það kleift. Þá þarf að breyta fjárhagslegri stöðu kirkjugarða og sókna, annars er það ekki mögulegt.

Það er ekkert nýtt að kirkjur séu aflagðar og fái nýtt hlutverk. Það hefur víða gerst. Í litlum mæli á Íslandi en einnig í öðrum löndum. Það er vinsælt að nota kirkjuhúsin sem kaffihús eða í ferðaþjónustu en a.m.k. í einni kirkju í Svíþjóð hefur verið settur klifurveggur vegna lofthæðar í kirkjuhúsinu. Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni.

## Tónlistin

Nú stendur yfir endurskoðun á tónlistarstefnu kirkjunnar og starfsreglum um organista. Það er kirkjutónlistarráð, aðal- og varamenn, ásamt skólastjóra Tónskóla Þjóðkirkjunnar og verkefnisstjóra kirkjutónlistar sem vinna að því. Prestafélag Íslands á þar sína fulltrúa. Þar er ekki aðeins hugað að því hvaða stefna skuli tekin í tónlistarmálum kirkjunnar heldur einnig hugað að öðrum þáttum svo sem guðfræðinni á bak við tónlistina og hlutverki organistanna. Ég vænti mikils af þessari vinnu en eins og kunnugt er skipar tónlistin stóran sess í kirkjunni og í hinni lútersku guðfræði. Það hefur orðið mikil þróun í kirkjutónlistinni og hafa kirkjur jafnvel lagt áherslu á ákveðna tónlist umfram aðra í guðsþjónustunum. Þetta er ekki vandamál í kirkjunni heldur eykur það boðunarleiðir hennar. Við erum ekki öll eins, erum ekki öll steypt í sama mótið og þarfir okkar eru ekki þær sömu. Það á einnig við um tilbeiðsluna, hvort sem hún er í tali eða tónum, eða í þögninni. Ég fagna fjölbreytileikanum í kirkjunni og tel að þannig séum við betur í stakk búin til að mæta fólki á lífsins leið. Orðið er það sama. Boðskapurinn sá sami þó leiðirnar sem farnar eru til að koma honum til skila séu margar og mismunandi. Ég þakka ykkur prestum og djáknum fyrir vöku ykkar í þessum efnum. Næg eru verkefnin og nógur er áhuginn.

Það er gaman að geta þess að vinnuhópur hefur verið að störfum innan kirkjunnar varðandi útvarpsmessurnar á Rás eitt. Ákveðið verklag hefur verið ákveðið í samráði við fulltrúa RÚV og er farið eftir því. Það varðar lengd messunnar, tónlistarflutning og fleira. Markmiðið hefur verið að auka gæði þessa útvarpsefnis. Þetta er sennilega skýringin á því að hlustun hefur aukist á messurnar í Ríkisútvarpinu. Þriðja árið í röð hafa útvarpsmessur verið teknar upp í einhverjum landshlutanum. Fyrir stuttu voru teknar upp 8 messur í Blönduóskirkju sem prestar, organistar og kirkjukórar önnuðust úr Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi. Þær verða sendar út í sumar.

## Innri samþykktir

Eins og kunnugt er samþykkti prestastefna og síðar kirkjuþing innri málefni kirkjunnar. Ég vil hvetja ykkur til að skoða þær. Þar sammælumst við um að hafa ákveðinn hátt á og þar eru skilgreiningar sem við förum eftir. Einnig er vert að minna á nauðsyn þess að láta veraldlegt

vafstur ekki ræna okkur gleðinni í þjónustunni né tefja okkur við að taka frá tíma til fræðslu og andlegrar iðkunar. Ef við gleymum okkar andlegu næringu þá er vandasamt að sinna þeirri þjónustu sem við erum kölluð til. Það á líka við varðandi það að hafa tilfinningu fyrir helgi daganna þannig að við verðum næm á það sem hæfir hverjum degi. Ég var spurð að því hvort bannað væri að gifta á föstudaginn langa? Það er ekki bannað að gifta á föstudaginn langa en það er ekki við hæfi að mínu mati.

Okkur ber að standa vörð um kristin gildi og minnast þess að það er erindi okkar sem vígðra þjóna að koma boðskap til skila í athöfnum. Ef við gerum það ekki þá mun boðskapurinn smám saman deyja út. Það er okkur að kenna ef við leyfum athafnir í kirkjum okkar án þess að Jesús Kristur sé þar mitt á meðal og á það sé minnst. Okkur á að líða vel með það að vilja ekki taka þátt í athöfn sem vígður þjónn nema Jesú Krist beri á góma. Við eigum ekki að fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið.

## Breytingar

Sex prestar og einn djákni voru vígð frá því síðasta prestastefna fór fram. Nöfn þeirra voru nefnd í bæn í messunni áðan. Við bjóðum þau velkomin til þjónustu í kirkjunni og biðjum Guð að blessa þau í lífi og starfi.

Biskup skipaði sjö presta í ný embætti.

Séra Kristján Björnsson, sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli, Suðurprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. júlí 2016.

Séra Guðmundur Örn Jónsson, prestur í Vestmannaeyjaprestakalli, Suðurprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. júlí 2016.

Séra Davíð Þór Jónsson, héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 15. september 2016.

Séra Gunnar Stígur Reynisson, prestur í Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. nóvember 2016.

Séra Guðmundur Karl Ágústsson, sóknarprestur í Hólabrekkuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra var skipaður sóknarprestur í hinu sameinaða prestakalli Fella- og Hólaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. desember 2016.

Séra Jón Ómar Gunnarsson, prestur í Glerárprestakalli var skipaður prestur í Fella- og Hólaprestakalli frá 1. júní 2017.

Séra Brynja Vigdís Þorstseinsdóttir, prestur heyrnarlausra var skipuð prestur í Njarðvíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. júní 2017.

Séra Stefán Már Gunnlaugsson var skipaður í embætti héraðsprests í Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. júní 2017.

Lausn frá embætti fengu fjórir prestar og voru nöfn þeirra nefnd í bænunum í messunni áðan. Við þökkum þeim þjónustuna og biðjum Guð að blessa þau og fjölskyldur þeirra.

Við minnumst þeirra presta og maka sem látist hafa á synodusárinu. Nöfnin þeirra voru nefnd í bæninni í messunni áðan. Við skulum rísa úr sætum og minnast þeirra í bæn og þökk.



Nokkrar af konunum í kirkjunni

## Konur í kirkjunni

Eins og áður sagði verður dregin fram mynd af konum í siðbótinni og áhrifum þeirra á siðbótina. Í lúterskri kirkju hafa konur tekið prestsvígslu eins og kunnugt er þó bið hafi orðið á því að staða þeirra væri til jafns á við karla í kirkjunni. Því miður er það þó svo að enn eru lúterskar kirkjur í löndum þar sem prestsvígsla kvenna er ekki leyfð. Á Íslandi hafa 89 konur tekið prestsvígslu og fjórar íslenskar konur erlendis, þrjár í Svíþjóð og ein í Englandi. Í sögulegum skilningi er stutt síðan fyrsta konan var vígð til prests á Íslandi eða aðeins 43 ár. Fjöldi vígðra kvenna nú sýnir hve mikil breyting hefur orðið síðan þá. Skýrslan um *Skírn, máltíð Drottins og þjónustu*, *Lima skýrslan* svo kallaða var tekin til umfjöllunar á prestastefnunni 1984. Í henni er árangur margra ára vinnu Trúar- og skipulagsmálanefndar Alkirkjuráðsins. Þar segir í athugasemd um kaflann um þjónustu karla og kvenna í kirkjunni: „Þær kirkjur, sem leyfa vígslu kvenna, gera það vegna skilnings síns á fagnaðarerindinu og þjónustunni. Byggist skilningur þeirra á sannfæringunni um að þjónusta kirkjunnar sé ófullkomin, ef hún er bundin við annað kynið eingöngu. Þessi sannfæring hefur frekar styrkst við þá reynslu sem fengist hefur af þjónustu kvenna. Augljóst er, að gjafir kvenna eru ekki síður margbreytilegar en karla og þjónusta þeirra jafnblessuð af Heilögum anda og þjónusta karla. Engin kirkja hefur séð ástæðu til að endurskoða ákvörðun sína."

Þessi tilvitnun sýnir að enn eiga konur langt í land víða um heim að njóta sömu réttinda og karlar. Jöfnum rétti karla og kvenna og jöfnum rétti fólks er því miður ekki náð víða um heim. Á það við bæði við um þjóðfélög og kirkjur. „Þær kirkjur sem ekki leyfa vígslu kvenna, álíta, að ekki sé hægt að víkja til hliðar 19 alda hefð, sem meinar konum vígslu og ekki megi heldur líta á þá hefð sem skort á virðingu fyrir þátttöku kvenna í kirkjunni. Í staðinn halda þær fram, að guðfræðileg rök ráði afstöðu þeirra og þurfi að meta guðfræðilega bæði mannfræðilegar og

kristsfræðilegar spurningar, þegar rætt sé um hlutverk kvenna í kirkjunni." Okkar lúterska kirkja hefur farið í gegnum alla þessa umræðu og tekið af skarið um að hefðin í öðrum kirkjudeildum eigi ekki við um hana. Því miður hefur það líka gerst að bakslag hefur orðið varðandi vígslu kvenna. Það gerðist t.d. í Lettnesku kirkjunni. Það undirstrikar mikilvægi þess að halda jafnréttisbarátttunni áfram og að norrænar kirkjur haldi vöku sinni og leggi sig fram um að vera fremstar í flokki. Íslenska kirkjan og sú lettneska eiga í samstarfi í gegnum Porvoo samþykktina.

## Frumvarpið

Af og til kemur upp umræða um stöðu vígðra og óvígðra innan kirkjunnar. Þetta hefur verið ofarlega í huga margra í tengslum við gerð frumvarps um þjóðkirkjuna. Tekist hefur verið á um það hvort endurskoða eigi núverandi lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem nú eru í gildi eða hvort vinna eigi ný lög frá grunni. Það síðarnefnda varð fyrir valinu. Mikil vinna hefur farið í gerð þessa nýja frumvarps og umræðan hefur verið nokkur. Álitamálin eru mörg til dæmis hvort biskup eigi að vera eingöngu andlegur leiðtogi eða líka í veraldlegu vafstri. Það er nú svo að erfitt er að aðgreina þetta tvennt. Er skipun presta í embætti veraldlegt mál? Ef svo er þá ætti biskup ekki að skipa prestana. Hver ætti að gera það? Kirkjuráð? Kirkjuþing? Einhver annar? Ég hef sagt og segi enn að biskupinn verður að hafa yfirsýn um málefni kirkjunnar, hvort heldur þau teljast veraldleg eða andleg. Til þess er starfsfólkið á Biskupsstofu, að vinna að öllum þeim málum sem þangað koma og þau er flest hægt að skilgreina sem veraldleg. Hins vegar má segja það að verkefnin eru næg og ekki myndi það skaða að fleira fólk sinnti þeim lögboðnu skyldum og erindum sem inn á biskupsstofu koma. Miðað við systurkirkjur okkar þá er starfsfólkið á Íslandi með fleiri málaflokka á sinni könnu en allir aðrir.

Mér ber að standa vörð um biskupsembættið og þess vegna lagði ég fram umsögn á síðasta kirkjuþingi þar sem ég kom m.a. á framfæri eftirfarandi atriðum vegna þeirrar breytingar að einfalda löggjöfina og færa kirkjuþingi það verkefni að setja starfsreglur um það sem ekki verður í lögunum: „Hvað biskupsembættið varðar á kirkjuþing eftirleiðis að setja starfsreglur um eftirtalin núverandi lögboðin verkefni/stöðu biskupsembættisins:

1. Um agamál, lausn ágreiningsmála á vettvangi kirkjunnar og starfssvið biskups Íslands og vígslubiskupa.
2. Um seturétt biskups á kirkjuþingi og vígslubiskupa.
3. Um seturétt og þá eftir atvikum stöðu biskups Íslands í kirkjuráði.
4. Hvort og þá hvaða fjárstjórnar/ráðstöfunarvald biskup hefur gagnvart endurgjaldi ríkisins samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu.
5. Um útnefningu prófasta.
6. Biskupafund.
7. Ráðgjafanefnd um kenningarleg málefni sem biskup skipar.
8. Ýmis verkefni biskupsþjónustunnar sem kveðið er á um í 10. gr. og 11. gr. núgildandi laga.

Auk alls þessa á kirkjuþing að ákvarða hvort og hvaða vígslubiskupsumdæmi eru til staðar og getur jafnframt ákveðið að biskupsdæmi geti verið fleiri en eitt."

Einnig lagði ég fram minnisblað um málsmeðferð við breytingar á skipulagi Þjóðkirkjunnar.



Þar lýsi ég m.a. skoðun minni á því hvernig verkferlar skuli vera þegar grundvallarlög um þjóðkirkjuna eru unnin:

1. „Tillögugerð að almennri stefnumótun þjóðkirkjunnar sé lokið af hálfu kirkjuþings.
2. Tillögur kirkjuþings að almennri stefnumótun kynnt og breiðri sátt náð um meginatriði.
3. Almenn stefnumótun þjóðkirkjunnar samþykkt.
4. Meginútlínur þjóðkirkju framtíðar teiknaðar upp, byggðar á bestu þekkingu í guðfræði, lögfræði og rekstrarmálum og víðtækri sátt innan þjóðkirkjunnar náð um þær meginútlínur.
5. Breytingaáfangar næstu 6 -12 ára skilgreindir.
6. Frumvörp samin sem fela í sér einföldun þjóðkirkjulaga, í áföngum, á nokkurra ára fresti.“

Fleira er að finna í umsögninni og á minnisblaðinu sem ekki verður rakið hér. Bæði plöggin eiga að vera aðgengileg á vef kirkjuþings.

## Þjóðkirkjan

Þjóðkirkjan hefur gengið í gegnum erfiða tíma síðastliðin ár. Auk hrunsins hafa ýmis mál dunið á henni eins og kunnugt er. Fólk segir sig úr henni, en fólk segir sig líka í hana. Það var því sérstakt ánægjuefni að samkvæmt árlegri starfsánægjukönnu SFR um stofnun ársins hafa miklar breytingar orðið á vinnustaðnum biskupsstofu á aðeins fáeinum mánuðum. Biskupsstofa hækkaði í könnuninni um 46 sæti milli ára og var í öðru sæti yfir hástökkvara ársins af stofnunum í sinni stærðargráðu. Jákvæðar breytingar hafa orðið á nær öllum starfsánægjuþáttum sem könnunin nær til. Mesta breytingin hefur orðið á starfsandanum og ánægju og stolti af vinnustaðnum.

Eins og kunnugt er var send út starfsánægjukönnun til vígðra þjóna í apríl s.l. Gert var samkomulag við Félagsvísindastofnun fyrri hluta árs 2016 um gerð könnunarinnar í samstarfi við Biskupsstofu. Svörunin var góð eða 88%. Nú er samstarfsfólk okkar hjá félagsvísindastofnun að vinna úr könnuninni og verður fróðlegt að sjá útkomuna. Markmið verkefnisins er að greina viðhorf presta til starfsumhverfis síns og nýta upplýsingarnar sem fást til umbóta þar sem þörf er á.

Því miður hefur okkur leiðtogum kirkjunnar ekki tekist að stjórna umræðunni um hana nægjanlega og þess vegna hafa aðrir verið við þann stjórnvöl. Það er kominn tími til að taka í þann stjórnartaum og að því hefur verið unnið markvisst undanfarið ár. Litið er á þjóðkirkjuna sem stofnun en satt að segja þá er sú kirkja sem birtist í fjölmiðlum lands okkar allt önnur kirkja en sú er við blasir þegar söfnuðirnir eru heimsóttir. Þar ríkir gleði og bjartsýni og þar fer fram öflugt starf. Afar sjaldan heyrum við af vandræðum í þeirri kirkju, enda er það fólkið í kirkjunni sem er hin eiginlega kirkja. Þar sem Jesús er mitt á meðal og gefur gleði, huggun og traust. Það traust sem ríkir í þeirri kirkju þarf að vera sýnilegt í þeirri kirkju sem kynnt er í fjölmiðlunum.

Vandamál eru verkefni sem leysa þarf. Við skulum ekki láta óábyrga umræðu, sem oftar en ekki er byggð á staðreyndavillum, stjórna líðan okkar eða ákvörðunum. Við erum ekki ein í þjónustunni. Með okkur gengur frelsarinn veginn fram, leiðtoginn eini og sanni sem við mænum á, fetum í sporin hans, finnum styrkinn sem frá honum kemur og kærleikann sem hann sendir okkur í öllu því góða fólki sem á vegi okkar verður. Horfum því með djörfung til framtíðar, full vissu um að allt fari vel.

Göngum með gleði til starfa á þessari prestastefnu. Göngum með gleði til þjónustunnar í kirkju Krists. Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast. Prestastefna Íslands árið 2017 er sett.

# Prestastefna Íslands 2017

## *Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Andersen*

Biskupinn yfir Íslandi frú Agnes Sigurðardóttir, Regionalbischof dr. Johann Schneider, vígslubiskupar, prestar, góðir gestir.

Það er ánægjulegt að fá að taka þátt í setningu prestastefnu, sem nú er haldin utan Íslands. Það leiðir af sjálfu sér, að ekki er ráðist í að flytja prestastefnu úr landi nema af verulegu tilefni. Og tilefnið er ærið, á því ári þegar þess er minnst að 500 ár eru liðin frá þeim atburði sem talinn er marka upphaf siðbótarinnar. Það er ekki nema sjálfsagt að íslensk kirkja og íslenskir prestar hugsi til siðbótarinnar, svo miklu máli sem hún skiptir í þeim grunni sem kirkjan stendur á og getur ekki án verið.

Hér í þessari fallegu og sögufrægu borg Wittenberg á siðbótin rætur sínar. Hér festi Marteinn Lúter upp hið afdrifaríka skjal á dyr Hallarkirkjunnar og kom þar með á framfæri í 95 greinum kenningum sínum um kristna trú. En hér á þessum slóðum rifjum við líka upp upphaf prentlistarinnar í Evrópu sem leiddi af starfi Gutenbergs. Þar var lagður annar grundvöllur sem varð til þess að við Íslendingar fengum aðgang að bókum og ritum og þar átti kirkjan – biskupar, prestar og forráðamenn hennar – ekki minnstan hlut með forgöngu sinni um að fá prentiðnina til Íslands. Hér á þessum slóðum fléttast þannig saman ævistarf tveggja frumkvöðla sem leiddi af sér breytingar sem höfðu áhrif á kirkjusöguna, iðnsöguna, Evrópusöguna og mannkynssöguna þegar við horfum á þessa þróun í stóru samhengi og ekki síður áhrif á einstaklinga sem lifðu þessa byltingu sjálfir fyrir 500 árum og kynslóðanna sem á eftir komu.

Um siðbótina hefur æði mikið verið sagt og ritað, svo sem nærri má geta þegar horft er til þýðingar hennar í sögunni. Á þeim tímum þar sem einfaldar skýringar eru í hávegum hafðar, ekki síst ef þær eru bornar fram með alvörusvip og hæfilegum þótta, er auðvelt að skýra siðbótina með því að benda á spillingu innan kaþólsku kirkjunnar og deilur innan hennar um auð og embætti. En sú einfalda skýring nægir ekki þeim sem vill skilja siðbótina, sér til gagns. Þar skiptir fleira miklu máli.

Ástand kirkjunnar, þegar leið að siðbót, var á margan hátt dæmi um það sem gerist þegar kirkja verður viðskila við mikilvæg atriði í grunni sínum og rótum. Þannig hefur ástandi kirkjunnar í upphafi sextándu aldar verið lýst, að það hafi einfaldlega verið alvarlegt einkenni þess sjúkdóms kirkjunnar sem falist hafi í fráhvarfi frá þeim grundvallarhugmyndum sem gera kristindóminn ólíkan öllum öðrum trúarbrögðum, og í því að kirkjan hafi gleymt fyrir hvað hún stóð og hvað í raun felist í kristindóminum.

*Kristinn maður er frjálsastur allra, en jafnframt bundnastur allra*, er haft eftir Lúter. Einstaklingnum stendur til boða þetta algera frelsi að standa einn og milliliðalaust gagnvart Guði, en er jafnframt bundin gagnvart kærleikanum, fagnaðarerindinu og öðrum mönnum, meðbræðrum sínum.

Hér kann að vera kjarninn í frjálslyndisstefnu lúterstrúar – og um leið hinnar evangelisku lútersku kirkju sem hefur verið í fararbroddi fyrir margvíslegum umbótum allar götur síðar. Kirkju sem hefur sem slík verið í forgöngu fyrir margvíslegar umbætur í mannréttindamálum. Frjáls en jafnframt bundin – kærleikanum og manngildinu.

Samkvæmt Lúter var Guðsorðið fagnaðarerindi, en ekki lögmál eða regluverk sem færa á sjálfkrafa vald til stofnana, hópa eða einstaklinga. Einstaklingarnir saman eru samfélagið – kirkjan.

Lúter var mótmælandi, mótmælti stöðnuðu og íhaldssömu kerfi en þurfti að gjalda fyrir það. Eðlilega snerist kaþólska kirkjan til varnar. Hún vildi ekki að neinn drægi í efa vald hennar, áhrifamátt eða óskeikulleika. Kirkjan og páfinn höfðu valdið og máttinn sín megin og það var háskalegt að hreyfa við þessum grunni.

En hreyfingin var farin af stað – það var ekki aftur snúið og stuðningur breiddist út. Fyrir það erum við, sem hér erum saman komin í dag, þakklát. Við fögnum í vöggu siðbótarinnar og hér er sagan sem lætur engan ósnortinn.

Þetta er sú hugmyndafræði sem vestræn samfélög byggja á – lýðræðisleg þjóðfélög þar sem borin er rík virðing fyrir frelsi einstaklingsins en um leið skyldur hans gagnvart náunganum – mannréttindum. Það er notalegt að tilheyra þeirri hugmyndafræði sem var mörkuð hér í Wittenberg fyrir 500 árum.

Góðir áheyrendur.

Einhverjum kann að þykja undarlegt að dómsmálaráðherra fái orðið við setningu prestastefnu. En dómsmál og kirkjumál hafa lengi fylgst að innan íslenska stjórnarráðsins, þótt kirkjumálin hafi í tilefni af bankahruni horfið úr nafni ráðuneytisins. En mörg eru þau hugtökin sem við þekkjum bæði af vettvangi dómssalanna og kirkjunnar. Réttlætið er eitt. Margir treysta á dómskerfið til að ná fram réttlæti, og ef ekki réttlæti þá að minnsta kosti maklegum málagjöldum þeirra sem þau eigi skilið. En þegar réttarkerfið útdeilir maklegum málagjöldum hugsar það fyrst og fremst um gjörðir hvers og eins. Ef ég man refsiréttinn minn rétt þá má hugur manns vera fullur af glæpsamlegu ráðabruggi daginn út og inn, en það er honum refsilaust svo lengi sem hann kemur engu í verk. Í lögfræðinni hefur sá maður réttinn sín megin sem fylgir reglunum, og iðulega því frekar sem nákvæmnin og smásmyglin í breytninni er meiri. En kristindómurinn horfir aðeins öðruvísi á málin. Þar er líka horft til sálarinnar, sem enn hefur ekki orðið lögpersóna. Sé sálin ekki á réttu róli kemur fyrir lítið þótt athafnir mannsins séu lofsamlegar í augum annarra. „Réttlættir af trú, höfum við því frið við Guð, sakir Drottins vors Jesú Krists", skrifar Páll postuli í Rómverjabréfinu. Marteinn Lúter lagði áherslu á að hver maður yrði sinn eigin prestur og bæri ábyrgð á eigin trúarlífi og er þar kominn þýðingarmikill hluti siðbótarinnar sem hafði í för með sér endurskilgreiningu á hlutverki kirkjunnar og jók mjög þýðingu samvisku hvers og eins manns.

Ég nefndi hugtakið réttlæti, sem þekkist vel í bæði dómsmálum og kirkjumálum.

Annað sem miklu getur skipt á báðum sviðum, eru játningar. Í sakamáli er ómetanlegt að fá góða játningu. Játning, sem gefin er af fúsum og frjálsum vilja og kemur heim og saman við öll sönnunargögn, leysir yfirleitt sakamálið. Að fenginni játningunni kemur niðurstaðan eins og af sjálfri sér. Það er hægt að leysa málið án játningarinnar og er oft gert, en það er torsóttara og grundvöllurinn verður aldrei alveg sá sami. Í kirkjunni skipta játningarnar ekki minna máli. Það skiptir kirkju öllu máli hvað það er sem hún játar og hvað það er sem hún játar

ekki. Án játninganna verður undirstaðan á reiki og undirstaða sem er á reiki veldur sjóveiki á landi. Auðvitað eru þeir til sem telja játningar tómt stagl sem enginn eigi að eyða tíma sínum í. Presturinn geti auðveldlega orðið vel metinn félagsfræðingur þótt hann hafi fyrir löngu gleymt öllum játningum. En þær eru samt undirstaðan sem engin kristin kirkja getur án verið. Ég þarf ekki að segja neinum hér inni hver það var sem tók fram, að kenning hans væri ekki hans eigin, heldur þess sem sendi hann. Kristin kirkja lítur svo á að hún sé send til að flytja boðskap, sem ekki er hennar eigin.

Góðir áheyrendur.

Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins segir að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi. Þegar minnst er þess að hálft árþúsund sé liðið frá upphafi siðbótarinnar, sem svo oft er kennd við Martein Lúter, koma þessi orð upp í hugann. Þau ákveða ekki aðeins að kristin kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi, heldur einnig að sú kristna kirkja skuli vera evangelisk lútersk. Þess er sjálfsagt að minnast á afmælisári siðbótar Marteins Lúters. En ekki aðeins á því ári, heldur á öllum árum, svo lengi sem stjórnarskrárákvæðið stendur á sínum stað.

Góðir áheyrendur.

Ég þakka fyrir að fá það tækifæri til að fá að taka þennan litla þátt í prestastefnu, nú þegar íslenskir prestar minnast hins merka atburðar sem varð hér í Wittenberg fyrir fimm hundruð árum. Ég vona að prestastefnan verði hinni evangelisku lútersku kirkju til gagns og blessunar og þeim, sem hana sækja, til hvatningar og uppörvunar.

# Synodusárið 2016-2017

### *Nývígðir prestar*

Mag. theol. Ólafur Jón Magnússon, var vígður 25. september 2016, til prestsþjónustu hjá kristilegu skólahreyfingunni.

Mag. theol. Viðar Stefánsson, var vígður 25. september 2016, skipaður prestur í Vestmannaeyjaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. október 2016

Cand. theol. Grétar Halldór Gunnarsson, var vígður 20. nóvember 2016, skipaður prestur í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá sama tíma.

Mag. theol. María Rut Baldursdóttir, var vígð 15. janúar 2017, skipuð prestur í Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. janúar 2017.

Cand. theol. Erla Björk Jónsdóttir, var vígð 15. janúar 2017, skipuð héraðsprestur Austurlandsprófastsdæmi frá 15. janúar 2017.

Mag. theol. Karen Lind Ólafsdóttir, var vígð 26. febrúar 2017, skipuð prestur í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. mars 2017.

### *Nývígður djákni*

Helga Björk Jónsdóttir, vígð 25. september 2016, sem djákni til Vídalínskirkju í Kjalarnessprófstsdæmi.

### *Skipanir í embætti*

Séra Kristján Björnsson, sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli, Suðurprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í Eyrarbakkaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. júlí 2016.

Séra Guðmundur Örn Jónsson, prestur í Vestmannaeyjaprestakalli, Suðurprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. júlí 2016.

Séra Davíð Þór Jónsson, héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 15. september 2016.

Séra Gunnar Stígur Reynisson, prestur í Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi var skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. nóvember 2016.

Séra Guðmundur Karl Ágústsson, sóknarprestur í Hólabrekkuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra var skipaður sóknarprestur í hinu sameinaða prestakalli Fella- og Hólaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. desember 2016.

Séra Jón Ómar Gunnarsson, prestur í Glerárprestakalli var skipaður prestur í Fella- og Hólaprestakalli frá 1. júní 2017.

Séra Brynja Vigdís Þorstseinsdóttir, prestur heyrnarlausra var skipuð prestur í Njarðvíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. júní 2017.

Séra Stefán Már Gunnlaugsson var skipaður í embætti héraðsprests í Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. júní 2017.

### *Lausn frá embætti*

Séra Svavar Stefánsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Fellaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá og með 1. september 2016.

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Laugarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 15. september 2016.
Séra Sigurður Kr. Sigurðsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. nóvember 2016.
Séra Hjálmar Jónsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Dómkirkjusprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. júní 2017.

## Andlát

***Prestar***

Séra Örn Friðriksson, fyrrverandi sóknarprestur í Skútustaðaprestakalli og prófastur í Þingeyjarprófastsdæmi, lést 9. júní 2016. Hann var fæddur 27. júlí 1927. Eftirlifandi eiginkona séra Arnar er Álfhildur Sigurðardóttir.
Séra Hans Markús Isaksen, fyrrverandi sóknarprestur í Garðaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, lést í Noregi 18. júní 2016. Séra Hans Markús Isaksen var fæddur 1. september 1951. Eftirlifandi eiginkona séra Hans Markúsar er Jónína Sigþrúður Sigurðardóttur.
Séra Árni Pálsson, fyrrverandi, sóknarprestur í Kársnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, lést 16. september 2016. Hann var fæddur 9. júní 1927.
Eftirlifandi eiginkona séra Árna er Rósa Björk Þorbjarnardóttir.
Séra Sigurvin Elíasson, fyrrverandi sóknarprestur í Raufarhafnarprestakalli, Þingeyjarprestakalli, lést 26. nóvember 2016. Hann var fæddur 9. janúar 1918. Eiginkona séra Sigurvins var Jóhanna Margrét Sigurrós Björgvinsdóttir er lést 1998.
Séra Bjarni Guðjónsson, fyrrverandi sóknarprestur í Valþjófsstaðarprestakalli í Fljótsdal, lést 29. nóvember 2016. Hann var fæddur 25. desember 1931.
Eiginkona séra Bjarna var Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir er lést 2015.
Séra Sigurpáll Óskarsson, fyrrverandi sóknarprestur á Hofsóssprestakalli, Skagafjarðarprófastsdæmi, lést 9. febrúar 2017. Hann var fæddur 19. febrúar 1931. Eiginkona séra Sigurpáls var Guðrún Vilhjálmsdóttir er lést 1981.

***Prestsmakar***

Frú Alma Ásbjarnardóttir, ekkja séra Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, fyrrv. sóknarprests í Hrunaprestakalli og prófasts í Árnesprófastsdæmi, lést 18. júlí 2016. Sveinbjörn lést 1996.
Frú Ingveldur L. Gröndal, ekkja séra Halldórs S. Gröndal, fyrrv. sóknarprests í Grensásprestakalli lést 8. nóvember 2016. Séra Halldór lést 2009.
Frú Aðalheiður Snorradóttir, ekkja séra Jóhannesar Pálmasonar, fyrrv. sóknarprests í Reykholtsprestakalli lést 29. nóvember 2016. Séra Jóhannes lést 1978.
Frú Þóra Steinunn Gísladóttir, ekkja séra Þórhalls Höskuldssonar, fyrrv. sóknarprests í Akureyrarprestakalli, lést 27. desember 2016. Séra Þórhallur lést 1995.
Frú Herdís Helgadóttir, ekkja Ragnar Fjalars Lárussonar, fyrrv. sóknarprests í Hallgrímsprestakalli og prófasts í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra lést 19. janúar 2017.
Séra Ragnar Fjalar lést 2005.
Frú Jóhanna Katrín Pálsdóttir, ekkja séra Jóns Bjarman, fyrrv. sjúkrahúsprests, lést 24. janúar 2017. Séra Jón lést 2011.
Frú Árný Albertsdóttir, eiginkona séra Gísla Jónassonar, sóknarprests í Breiðholtsprestakalli og prófasts í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, lést 1. apríl 2017

# Kirkjuþing 2016

## *Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar*

Kirkjuþing 2016, 54. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju er sett.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á kirkjuþing, kirkjuþingsfulltrúar, starfsmenn og gestir. Hér í upphafi máls míns vil ég geta þess að innanríkisráðherra, frú Ólöf Nordal hafði þekkst boð um að koma og vera með okkur hér í dag en vegna alvarlega veikinda hennar gat ekki orðið af því. Við sendum henni okkar bestu óskir og batakveðjur héðan af kirkjuþingi um leið og við biðjum góðan Guð um vernda hana, lækna og styrkja.

### Sjá, ég geri alla hluti nýja

Þetta fyrirheit í Opinberunarbókinni hefur verið mér ofarlega í huga undanfarið því í samfélaginu er víða kallað eftir breytingum, breyttum vinnubrögðum, breyttu samtali, breyttri umgengni. Oft finnst mér að það sé kallað eftir breytingum og einhverju nýju án þess að það fylgi hvernig á að breyta. Mér finnst oft áherslan vera frekar að fólk vilji fara frá einhverju ástandi fremur en að fara að einhverju. Stundum virðist vanta leiðsögn, sýn, lausnir og leiðir. Í öðrum tilfellum er skýr sýn á úrbætur og ný vinnubrögð.

Kallað er eftir gegnsæi og krafan um fyrirmyndarvinnubrögð er víða uppi. Þessu er mætt með ýmsum hætti. Kópavogur hefur t.d. tekið upp opið bókhald sem þýðir að almenningur getur skoðað bókhald sveitarfélagsins og fylgst með öllum útgjöldum. Ekki er ólíklegt að fyrr en seinna verði opið bókhald sjálfsagt hjá sveitarfélögum og stofnunum. Er kannski sjálfsagt að þjóðkirkjan og sóknir hennar taki upp opið bókhald?

Mikið er rætt um hvernig góður leiðtogi eigi að vera og hvernig eigi að stýra verkefnum. Nú um helgina er *The Global Leadership Summit* á Íslandi. Þessi merkilega ráðstefna sem Willow Creek samtökin standa að og hefur verið haldin hér á landi frá 2009 virðist dafna og stækka með hverju árinu. Fjöldi stjórnenda sækir ráðstefnuna og það er ánægjulegt að fólk úr safnaðarstarfi þjóðkirkjunnar sækir hana einnig til að læra hvernig má breyta, bæta og styrkja kirkjustarf. Á kirkjan að stuðla að frekari þjálfun og endurmenntun fólks sem sinnir ábyrgðarhlutverkum innan hennar?

Mörg fyrirtæki og stofnanir mæla hve ánægt fólk er með þjónustuna sem veitt er. Sumir birta jafnvel niðurstöðu slíkra kannana óháð því hver niðurstaðan er. Eru slíkar kannanir eitthvað sem við ættum að taka upp?

Víða eru standar með litríkum brosandi og sorgmæddum andlitum. Fólk er beðið að láta í ljós hve vel væntingum þeirra var mætt með því að velja andlit á takkaborðinu. Mundi fara vel á því að slíkir standar væru í kirkjum?

Þetta er gert af því það er talið eðlilegt að stofnanir og stjórnendur sé ábyrgir gagnvart

almenningi, notendum þjónustunnar. Eftir því sem vinnubrögð af þessu tagi verða almennari verður mikilvægara fyrir kirkjuna að gera eins, þó betur færi á því að mínu mati að hún hefði forgöngu í því að innleiða fyrirmyndar vinnubrögð.

Ég er þeirrar skoðunar að það verði sífellt mikilvægara fyrir þjóðkirkjuna að vita hversu vel þjónusta hennar uppfyllir þarfir fólksins. Hvað finnst fólki hún gera vel, hvað er ekki í lagi, hverju þarf að breyta, hvað er það sem á að gera meira af?

Það er fólkið sem þiggur þjónustuna og tekur þátt í starfinu sem á að meta hversu vel kirkjunni tekst til. Það eru þarfir þeirra sem okkur ber að sinna og þeirra væntingar sem við eigum að uppfylla.

Það er ekki bara að maður verði var við ákall um breytingar í þjóðfélaginu heldur einnig þörf og þrá hjá fólki að gera eitthvað nýtt í sínu lífi. Bækur um leitina að hamingjunni seljast vel og fjöldinn allur af „gúrú-um" bjóða fram þjónustu sína. Sumir þeirra segja að einstaklingar geti breyst á augabragði og að allt verði nýtt og betra á eftir. Ég hef verið á slíkum samkomum í London og Róm. Þar var heilmikil stemming og margt athyglisvert að sjá. Það sem mér fannst merkilegast var sú mikla þrá sem fólk hafði á því að breyta, sættast við fortíð og takast á við lífið með nýju hugarfari áhuga og ástríðu.

Við þekkjum vel bók þar sem er sagt frá fólki sem breytist gjörsamlega á einu augabragði. Símon Pétur var ekki kjarkmaður fyrr en eftir gjöf heilags anda og Sál varð nýr maður eftir atvikið á veginum til Damaskus. Trúað fólk hefur lengi vitnað um að það hafi frelsast, endurfæðst á augabragði.

Í haust kynntist ég blindum manni sem heitir Miles Hilton Barber. Hann missti sjónina þegar hann var 21 árs og lifði í þunglyndi þar til hann var fimmtugur. Þá ákvað hann að horfa ekki á það hvað hann gæti ekki gert heldur einbeita sér að því sem hann gæti gert. Miles hafði alltaf haft áhuga á því að fljúga og hafði ætlað sér að verða flugmaður þegar hann var unglingur. Augnsjúkdómurinn batt enda á þann draum. Eftir þessa miklu viðhorfsbreytingu þegar hann varð fimmtugur, ákvað hann að fljúga fisflugvél frá London til Sidney í Ástralíu. Fisflugvélin hans var eitthvað sem virtist samsett úr tveimur borðstólum, segli og sláttuvélamótor. En á þessu flaug hann til Sidney. Síðan hefur Miles afrekað margt ótrúlegt sem jafnvel mun yngra fólk með fulla sjón myndi ekki hafa kjark til að gera. Mér fannst saga Miles svo stórkostleg að ég fékk hann hingað til lands nú í október þar sem hann flutti 12 fyrirlestra. Ein eftirminnilegasta myndin sem Miles sýndi okkur var af honum blindum að ýta vini sínum fótalausum í hjólastól á botni Rauðahafsins. Þegar hann var spurður af hverju þeir hefðu farið að kafa í Rauðahafinu svaraði hann: Af því blindur maður og fótalaus maður höfðu aldrei gert þetta fyrr. Það þurfti að sýna fram á að þetta væri hægt. Það sem fólkinu sem sótti fyrirlestrana fannst svo aðdáunarvert við þennan mann var hve glaður hann var og hamingjusamur. Skilaboð Miles eru sígild. Það eru engar hindranir til nema þær sem við sættum okkur við.

Getum við sem berum mikla ábyrgð í íslensku þjóðkirkjunni lært eitthvað af Miles Hilton Barber? Gæti verið skynsamlegt fyrir okkur að tileinka okkur þá hugsun að það séu engar hindranir nema þær sem við sættum okkur við? Að allt gangi betur ef viðhorfið er jákvætt og við erum glöð? Að horfa til þess sem við getum gert í stað þess að vera stopp við það sem við teljum að ekki sé hægt? Mitt svar er já við getum lært mikið af þessum manni. Er ekki stórkostlegt að eftir að hafa lifað undir oki þunglyndis í 29 ár þá endurfæðist maðurinn og ákveður að verða ævintýramaður sem lætur drauma sína rætast? Jafnvel þó honum sé sagt

að eitthvað sé ekki hægt þá svarar hann: Víst er það hægt, það hefur bara ekki verið gert áður!

Frá því ég fór að taka þátt í starfi kirkjunnar fyrir u.þ.b. 10 árum hef ég oft verið að fást við erfið mál og of oft óþarfa leiðindamál. Stundum verið að reyna að leysa ágreining og sætta fólk sem ekki hefur alltaf verið þakklátt starf. Innan kirkjunnar hef ég orðið vitni að baktali og undirmálum sem eiga auðvitað ekki heima í kristinni kirkju. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort okkar eigin viðhorf séu kannski að hamla því að kirkjan og safnaðarstarfið, sem okkur þykir öllum vænt um, er ekki enn öflugra.

Ég hef því verið að hugsa um það hvort við getum ekki eins og Miles; varpað af okkur okinu, ákveðið að breyta, vaxa og bæta og gengið glöð í takt til móts við spennandi framtíð.

Sagði ekki einhverntíma einhver; „vilji er allt sem þarf"?

Kæru vinir. Kirkjuþing eftir kirkjuþing ræðum við málin, hvetjum, fögnum, þökkum og hörmum hitt og þetta. Sitjum hér og skiljum ekki alveg af hverju við náum ekki betri árangri, af hverju kirkjan nær ekki betur til fólks, af hverju ríkisvaldið er erfitt við okkur og af hverju þessum finnst hitt og öðrum þetta.

Því má spyrja að ef uppskeran ætti að vera meiri, hverju þurfum við þá að breyta til þess að fá betri uppskeru? Kannski fyrst og fremst okkur sjálfum, viðhorfum okkar og hugmyndum.

Getum við breyst? Viljum við breyta okkar vinnubrögðum? Ef svo er getur það gerst á augabragði. Ef við trúum Biblíunni þá er svarið já. Þar er líka öll sú leiðsögn sem við þurfum á að halda. Með bæn og í einingu andans er svo margt mögulegt.

Í Galatabréfinu er sagt að ávöxtur andans sé kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsagi. Væru þessi orð ekki góð einkunnarorð í okkar samstarfi? Verður ekki auðveldara að takast á við verkefnin í þjóðkirkjunni ef við höfum þessi orð sem leiðarstef?

Samtalið við þjóðina er mikilvægt verkefni í okkar kirkju. Á mánudaginn kl. 13.00 verður kynningarfundur um það með hvaða hætti lagt er til að unnið verði að almannatengslum af hálfu þjóðkirkjunnar. Á þriðjudaginn verður upplýsingafundur þar sem farið verður yfir stöðuna í viðræðum við ríkisvaldið um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju.

Á þessu þingi eru lögð fram 24 mál. Þau eru auðvitað misjöfn. Sum stór og flókin, önnur einföld. Í öllum málum þurfum við að vanda okkur og gæta að því að öll sjónarmið fái að koma fram. Það á að mínu mati að leggja áherslu á að það sé að minnsta kosti reynt að ná góðri sátt um öll mál. Þá skiptir miklu að hafa í huga hvernig mál snerta þá sem þiggja þjónustu kirkjunnar eða taka þátt í starfi hennar. Það er mikilvægt að muna að starf kirkjunnar er borið uppi af sjálfboðaliðum sem gefa ótrúlega af tíma sínum, þekkingu og reynslu. Við megum ekki taka ákvarðanir sem gera það ólíklegra að fólki vilji starfa í sóknarnefndum af því afskiptasemi regluverksins dragi það inn í einhver leiðindi sem það hefur engan áhuga á. Regluverkið má ekki draga úr frumkvæði og starfsgleði. Ég tel mikilvægt að við höfum þetta í huga og nefni það að gefnu tilefni eftir samtal við sóknarnefndarformann og sóknarprest fyrr í vikunni.

Okkar hlutverk er að setja kirkjustarfinu ramma sem stuðlar að góðu og öflugu starfi hjá sóknum kirkjunnar út um allt land. Þar fer hið mikilvæga starf fram. Okkar er að hlúa að því og hlusta á fólkið sem þar sinnir safnaðarstarfi.

Það eru þeir sem eru á vettvangi sem skipta máli. Fáir hafa sagt þann sannleika betur en Theodore Roosevelt í ræðu við Sorbonne í París 23. apríl 1910. Ræðu sem hafði yfirskriftina

„Citizenship in a Republic". Þekktasti kafli ræðunnar er jafnan nefndur „The man in the Arena" og hefst á þessum orðum:

„Það er ekki gagnrýnandinn sem skiptir máli. Ekki sá sem bendir á hvernig hinn hrausti hrasar eða sá sem framkvæmir gæti hafa gert betur. Hróðurinn á sá sem raunverulega er inni á leikvanginum".

Prestarnir, sóknarnefndarfólkið, starfsmenn og sjálfboðaliðar eru fólkið sem í okkar tilfelli er inni á leikvanginum. Höfum það ávallt í huga.

Á þessu kirkjuþingi verður lagt fram mál um sóknasamlag. Ég tel þetta afar brýnt því það er svo mikilvægt að rödd sóknanna heyrist betur og að þeirra hagsmunir séu vel skilgreindir. Nota bene, skilgreindir af þeim sjálfum.

Ég vona að við eigum gott samtal saman á þessu kirkjuþingi og að góður árangur verði af starfi okkar þjóðkirkjufólki öllu til heilla.

Að lokum þetta: Það mætti vera meiri gleði hjá okkur. Því má minna á þessi skilaboð úr 118 Davíðssálmi: Þetta er dagurinn sem Drottinn gerði, fögnum og verum glaðir á honum.

# Kirkjuþing 2016

## *Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur*

Forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskup, tónlistarfólk, góðir gestir.
Þegar saga kristinnar kirkju er skoðuð sést að staða hennar hefur verið með ýmsu móti hér í heimi. Nokkrir atburðir og mannanna verk hafa mótað hana, sveigt hana af leið, siðbætt hana og breytt stöðu hennar. Ber þar hæst sá atburður er við minnumst á næsta ári þegar munkurinn Marteinn Lúter mótmælti aflátssölu kirkju sinnar sem leiddi til þess að kirkjudeild sú er við tilheyrum er við hann kennd. Það var árið 1517 og hófst 500 ára minning siðbótarinnar með sameiginlegri bænastund kaþólskra og lúterskra í dómkirkjunni í Lundi á mánudaginn var, 31. október, siðbótardaginn. Í Lundi var lúterska heimssambandið stofnað árið 1947 og er íslenska þjóðkirkjan ein af stofnendum sambandsins sem telur núna 145 kirkjur í 98 löndum.

Á vegferð lútersku kirkjunnar hafa ýmsar ákvarðanir verið teknar sem leitt hafa hana áfram á veginum. Hér á landi hafði kirkjuskipan Kristján III. Danakonungs sem lögtekin var árið 1541 mikil áhrif. Þá hófst þátttaka veraldlega valdsins á stjórn kirkjunnar, en það fyrirkomulag var við lýði í mismunandi myndum þó, til ársins 1997 er þjóðkirkjan tók við stjórn innri mála sinna.

Þjóðkirkjuhugtakið er fyrst nefnt í stjórnarskránni sem staðfest var hér á landi árið 1874. Ákvæði hennar um þjóðkirkjuna hafði mikil áhrif vegna ákvæða hennar um vernd og stuðning ríkisvaldsins við kirkjuna. Það ákvæði er enn í gildi eins og kunnugt er og samkvæmt þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 vill meiri hluti þjóðarinnar að svo verði áfram. Hlýtur það að benda til þess að þjóðin vilji enn um sinn láta kristin gildi og lífsskoðun ráða för í mótun samfélagsins. Á meðan núverandi stjórnarskrá gildir hlýtur sá skilningur að ríkja, að það sé viljayfirlýsing ríkisins að það vilji standa á kristnum grunni, viðurkenni að þjóðmenningin byggir á kristnum verðmætum og vilji styðja kirkjuna til áhrifa á fólkið í landinu hvað varðar hugsunarhátt og framkomu.

En hvað merkir það að hin lúterska kirkja okkar sé þjóðkirkja? Það merkir ekki eitthvað eitt. Það getur merkt það að meirihluti þjóðarinnar tilheyri henni. Sá skilningur hefur verið útbreiddur og finnst sumum þeim er ekki vilja tilheyra henni að það geti ekki gengið lengur að ríkisvaldið styðji og verndi kirkju sem fækkar í ár frá ári. Þjóðkirkja getur líka þýtt það að þjóðin og kirkjan séu nátengd, eigi samfylgd á stórum stundum í lífi fólks. Sú skoðun sem þó mest er haldið á lofti nú er að Þjóðkirkjan sé þjóðkirkja vegna þess að hún vill þjóna öllum þeim er hér búa. Spyr ekki um skilríki þegar þjónustunnar er óskað. Þjóðkirkjan er kirkja sem hefur þéttriðið net um land allt og þjónar fólki í nærsamfélaginu. Boðar ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Það er kirkja sem er samhljóma þó raddirnar séu margar. Þá skilgreiningu vil ég nota um þá kirkju sem ég leiði sem biskup.

Eins og kunnugt er setti Lúter fram kenningar sem hafa haft mótandi áhrif á kirkjuna sem við hann er kennd. Hann setti fram kenninguna um hinn almenna prestsdóm sem er ástæðan fyrir

því að við erum hér saman komin. Kenningin gengur út á það að enginn munur sé á mönnum, allir séu jafnir. Skírnin sem sé hin eina vígsla. „Sá sem stígur upp úr skírnarvatninu, getur hrósað sér af því að vera nú þegar prestur, biskup og páfi“ sagði Lúter. Allir skírðir eiga að virða meginþætti almenns prestsdóms, sem eru boðun, fyrirgefning og fyrirbæn. „Hinn almenni prestsdómur er ótvíræður vegna skírnarinnar og krefst þess að almennir safnaðarmeðlimir séu virkir í helgihaldi og stjórnun kirkjunnar.“ „Kirkjan er fyrst og fremst kirkja orðsins og náðarmeðalanna og hins almenna prestsdóms. Hún er sýnileg hér í heimi vegna þess að orðið er boðað og náðarmeðul veitt. Til þess að svo megi verða þarf hún skipulegt helgihald, hún þarf á embættismönnum að halda og stofnun sem tryggir starfsskilyrðin. Hin ósýnilega kirkja er aftur á móti samsett úr þeim sem meðtaka orð og náðarmeðul í trú sér til hjálpræðis.“ (Sigurjón Árni Eyjólfsson: Ríki og kirkja, bls. 81).

Kirkuþing hefur það hlutverk að tryggja starfsskilyrðin. Það er gert með því að huga að ytra skipulagi, tryggja löggjöf um kirkjuna og leggja til atriði sem bæta innra starf hennar. Á þessu kirkjuþingi eru mál sem taka til alls þessa. Það er alveg ljóst að séu verkaskipti ekki skýr, boðvald ekki skýrt, víglínur ekki ljósar eða virtar, getur fólki í kirkjunni ekki liðið vel og gengur ekki í takt. Þá verður kirkjan ómstríð og rödd hennar veik, því í okkar lútersku kirkju er ekki einn talsmaður, eins og t.d. í rómversk kaþólsku kirkjunni, þar sem páfinn talar og kirkjan hlýðir. En þó kirkjan sé margróma þýðir það ekki það að allir hafi umboð til að gera hvað sem er, segja hvað sem er, hvar sem er. Fólkið í kirkjunni verður að vita hvað til síns friðar heyrir og virða þau mörk sem sett eru með reglum og siðum. Lúter var það ljóst að kirkja Krists þyrfti á stjórnun og skipulagi að halda. Hann setti þó ekki fram skipurit fyrir kirkjuna heldur greindi hann eðli hennar og forsendur.

Fyrir kirkjuþingi liggur frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga. Það er engin nýlunda, svo hefur verið á kirkjuþingum undanfarinna ára. Í mínum huga er ljóst að vinna við slíkt frumvarp verður að byggja á grunnvinnu sem felst í því að gæta hins lúterska trúararfs, efna til samtals meðal þjóðkirkjufólks um kirkjuna og koma sér saman um framtíðarsýn. Slík vinna getur tekið mörg ár eins og nú þegar hefur sýnt sig, en minna má á að þau 5 leiðarstef sem Frans páfi og Munib Younan undirrituðu fyrir hönd rómversku kaþólsku kirkjunnar og lúterska heimssambandsins síðast liðinn mánudag í dómkirkjunni í Lundi voru afrakstur 50 ára samtals milli þessara tveggja kirkjudeilda. Meginstefið er að kirkjudeildirnar eiga alltaf að hafa einingu að leiðarljósi en ekki einblína á það sem skilur að. Textinn er ekki langur, aðeins fimm setningar.

Lúter lagði m.a. áherslu á almenna þekkingu á boðskap Biblíunnar og það verður að segjast að okkar lúterska kirkja, þjóðkirkjan hefur ekki lagt nóga áherslu á þennan þátt. Áður en skólar tóku að nokkru leyti yfir fræðsluna hvað þetta varðar sáu kirkjunnar þjónar um uppfræðsluna og eldri kynslóð fræddi hina yngri. Eftir að skólaskylda komst á sofnaði kirkjan á verðinum og gerði ráð fyrir að skólinn sæi um uppfræðsluna. Nú hefur sú þróun orðið að lítil áhersla er lögð á kristinfræðikennslu í grunnskólum og kirkjan verður að sinna fræðsluhlutverki sínu sem skyldi. Það er ekki ásættanlegt að sjá lægri félagatölur kirkjunnar, ár frá ári og líta ekki í eigin barn hvað það varðar. Við verðum að uppfræða fólkið í landinu með öllum þeim tækjum sem í boði eru annars er hætta á því að færri og færri geri sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita menningararfinn hvað kristin áhrif áhrærir. Það hefur færst í vöxt að börn eru ekki skírð. Þar með fer barnið á mis við fræðslu um kristna trú og kristin lífsgildi sem mótað hafa þjóðfélag okkar um aldir.

Þórir Kr. Þórðarson, sá góði kennari og fræðimaður sem hafði mjög svo mótandi áhrif á kynslóðir presta um árabil sagði í grein um lífsgildin og börnin: „Kristinn siður hefur haft mótandi áhrif á einstaklinga og þjóðir allt frá upphafi vega kristinnar sögu. Þegar kristinn siður ruddi sér braut til áhrifa meðal þróttmikilla, heiðinna þjóða norðurálfu, mýkti hann skap manna, lægði ofstopa, dró úr hefnigirni og gæddi allt líf þjóðanna siðfágun." Ég vil ekki að andvaraleysi kirkjunnar varðandi fræðslu og tilboð um hana verði til þess að trú, von og kærleikur gleymist, en á þessi atriði kristinnar trúar lagði Lúter áherslu.

Það er tiltölulega auðvelt að setja fram fræðsluefni nú á dögum til þess eru margar leiðir. En það er ekki nóg. Það þarf að fylgja því eftir að fræðsla komist til skila. Prófastsdæmin hafa m.a. það hlutverk að standa fyrir fræðslu. Hvert prófastsdæmi getur tekið að sér málaflokk hvað fræðsluna varðar. Kirkjuráð verður að gera ráð fyrir fjármagni til verkefnisins í fjárhagsáætlun sinni. Fræðslumiðstöðvar um landið geta komið efninu á framfæri, en hlutverk þeirra er að standa að fræðslu fyrir fullorðna. Samvinna kirkjunnar og fræðslumiðstövanna er ekki nýlunda en aðalatriðið er að vinna stíft að því að koma efninu á framfæri og vinna að því að vekja áhuga fólks á efninu. Það er ekki nóg að útbúa efni og auglýsa námskeið. Aðal vinnan felst í því að vekja áhuga fólks. Til þess þarf mannafla, til þess þarf fjármagn.

Fyrir tveimur vikum fór fram landsmót æskulýðsfélaganna, en það hefur verið haldið í októbermánuði um áraraðir. Mótið fór fram á Akureyri að þessu sinni og sóttu það um 500 ungmenni víðs vegar að af landinu. Undanfarin ár hefur æskulýðssamband þjóðkirkjunnar verið í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar í tengslum við landsmótin. Unglingarnir eru með þeim hætti minnt á að vera „gjörendur orðsins og eigi aðeins heyrendur þess" eins og Jakob postuli orðar í riti sínu. Þátttakendur fá fræðslu og láta gott af sér leiða. Þau hafa frelsað þrælabörn úr skuldaánauð og safnað fyrir fátæk ungmenni á Íslandi svo dæmi sé tekið. Í ár var þemað í takt við verkefni okkar tíma, „Flóttamenn og fjölmenning." Ungmennin söfnuðu fötum áður en þau fóru að heiman fyrir flóttafólk og hælisleitendur á Íslandi, í Jórdaníu, Sýrlandi og Líbanon en í síðasttöldu löndunum vinnur lúterska heimssambandið með flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna og fleirum að hjálparstarfi. Undirbúningur og allt utanumhald þessara landsmóta er til fyrirmyndar í alla staði. Mikil þekking og reynsla hefur orðið til og ég fullyrði að þarna er kirkjan í farabroddi faglegheita og skipulags.

Fyrir nokkrum árum samþykkti kirkjuþing að setja á oddinn vinnu við forvarnir gegn kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi. Sú vinna hefur verið í gangi síðan og er nú farin að taka á sig mynd í formi námskeiða, fræðslumyndbands, gæðavottunar og fleira. Um er að ræða samstarfsverkefni fræðslusviðs og fagráðsins sem ber yfirskriftina Verklag í viðkvæmum aðstæðum. Þetta er sístætt verkefni sem stöðugt þarf að halda á lofti og tryggja að lifi til framtíðar. Unnið er að því að allt starfsfólk kirkna landsins fái tiltekna fræðslu og undirriti vilja sinn til þess að vinna samkvæmt þessu verklagi.

Með þessu móti mun kirkjan vera í fararbroddi hér á landi hvað varðar forvarnir gegn kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi þar sem byggt er á alþjóðlegum stöðlum og samþykktum. Vinna þessi tengist því óneitanlega gæðastjórnun innan kirkjunnar og vinnustaðamenningu. Stefnt er að því að ýta verkefninu úr vör á haustmánuðum 2017. Þar sem um svo mikilvægt og viðkvæmt verkefni er að ræða er brýnt að tryggja því brautargengi með öllum tiltækum ráðum þannig að það myndist sterk samstaða milli alls starfsfólks, allra sókna og prófastsdæma um þessi vinnubrögð.



Barnakór Bústaðakirkju, undir stjórn Svövu Kristínar Ingólfsdóttur, söng við setningu Kirkjuþings 2016

Fullyrt er að ef lífsstíll allra jarðarbúa væri eins og Íslendinga þyrftum við um 20 jarðir. Þjóðkirkjan vill vera í fararbroddi og til fyrirmyndar í umhverfismálum. Eftir málþing sem haldið var um efnið í Skálholti fyrir ári var menntamálaráðherra hvattur til að beita sér fyrir stóraukinni fræðslu í menntakerfinu um vistkerfi jarðar. Á Skálholtshátíð í sumar var hafist handa við endurheimt votlendis á Skálholtsjörðinni. Markmið með endurheimt votlendis er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samningur um aðgerðir í loftslagsmálum sem samþykktur var í París í fyrra hefur tekið gildi á Íslandi en í honum er kveðið á um aðgerðir allra ríkja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kirkjan vill taka þátt í því að varðveita jörðina okkar og lífið á henni. Það er eitt af þeim stóru verkefnum sem fylgja þarf eftir innan kirkjunnar. Ég mun beita mér fyrir því að svo megi verða.

Minna má á að kirkjuþing samþykkti umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar árið 2009. Ástæða er til þess að hvetja til þeirra framkvæmda sem þar er getið, eins og t.d. að vinna gegn sóun og ofneyslu. Pappírsleysi á kirkjuþingi er liður í því.

Kirkjuþing kom fyrst saman árið 1958. Það hefur því starfað í hartnær 60 ár. Hlutverk þess hefur breyst eftir lagabreytinguna árið 1997. Hlutverk þess er ærið. Í nýju frumvarpi, sem hér er lagt fram er verkefnum þess fjölgað og hlutverk þess eflt. Það er liður í þeirri lýðræðisvæðingu sem á sér stað um allan hinn vestræna heim. Ég vara við því að ætla þinginu svo ærin verkefni að hinn almenni kirkjumaður eigi þess ekki kost að taka þátt í þingstörfunum. Það er ekki hægt að ætla vinnandi fólki að koma saman í höfuðborginni og afgreiða enn fleiri verkefni en nú þegar liggja fyrir þinginu ár hvert, án þess að gera ráð fyrir annars konar vinnubrögðum. Þau þurfa að vera markvissari, tæknilegri og studd meira utanumhaldi. Það er ekki hægt að ætla fólki að vinna flókna og faglega vinnu í margra manna hópi sem býr víðs vegar á landinu. Málefni kirkjunnar snúast um verkefni sem vinna þarf í skýru umboði en ekki um vald. Við erum



Lúterski biskupinn í Kanada, Susan Johnson

saman á þeirri vegferð að byggja upp og viðhalda sterkri kirkju, Guði til dýrðar og náunganum til blessunar. Það gerum við með faglegum vinnubrögðum, aukinni fræðslu, fjölbreyttu helgihaldi, þjónustu í nærsamfélaginu, sérþjónustu og samtali. Með því að hafa skýrt skipulag og boðvald, virða mörk og ákveða og setja víglínur.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim er undirbúið hafa kirkjuþingið, starfsfólki Biskupsstofu og kirkjuráðs, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig tónlistarfólki og heimafólki hér í Grensáskirkju fyrir afnot af kirkju og safnaðarheimili.

# Kirkjuþing unga fólksins 2017

*Berglind Hönnudóttir*

Kirkjuþing unga fólksins – KUF kom saman á Biskupsstofu þann 20. maí 2017. Kirkjuþingsfulltrúar voru 15 frá fimm prófastsdæmum ásamt fulltrúa frá KFUM/K.

Hafdís Ósk Baldursdóttir úr Kjalarnessprófastdæmi var kjörinn forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþing hið almenna.

Fimm mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni, menntamál voru ofarlega í huga kirkjuþingsfulltrúa. Þörf væri á aukinni menntun og utanumhaldi um hana. Annað mál sem kirkjuþing unga fólksins lætur sig varða eru umhverfismál og að kirkjan skuli vera leiðandi á þeim vettvangi.

## Málaskrá KUF 2017

### *Farskóli leiðtogaefna – fjölþjóðlegt verkefni?*

Fyrsta mál var tillaga sem fjallaði um breytingu á farskóla leiðtogaefna og möguleika á því að gera hann að fjölþjóðlegu verkefni. Áréttað var að Farskólinn er verkefni sem kirkjan getur verið stolt af. Kirkjuþing ályktaði um hugmyndir um að stækka verkefnið og gera það að evrópsku verkefni. Lagt var til að skipa nefnd út frá stjórn prófastdæmanna til að skoða verkefnið og skal hún skila tillögu að framkvæmd sem hægt væri að taka fyrir á næsta þingi.

### *Samræmt námskeið fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi kirkjunnar.*

Kirkjuþing unga fólksins ályktaði að fært yrði í starfsreglur Kirkjunnar að allt starfsfólk skuli sitja samræmt námskeið um starfshætti æskulýðsleiðtoga og siðareglur Kirkjunnar. Fræðslusvið skuli annast námsskrá og í samvinnu við fræðslufulltrúa skipuleggja reglubundið námskeiðshald. Fulltrúar biskups og prófasta skulu fylgja eftir að fræðsluskyldu og námskeiðssetu sé sinnt. Einnig var lagt til að grunnnámskeið fyrir leiðtoga í barna og unglingastarfi kirkjunnar sé breytt í einskonar skóla þar sem sama námsefni væri fyrir öll prófastdæmin, hægt væri að fá námið viðurkennt af menntamálaráðuneytinu og meta til eininga á framhaldsskóla stigi. Markmið námsins yrði að auka þekkingu á siðareglum og starfsreglum Kirkjunnar og félags- og sálfræði þekkingu innan æskulýðsstarfa. Skólinn yrði fyrir eldri leiðtoga sem hafa t.d. lokið Farskóla leiðtogaefna.

### *Viðbót við umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar – útrýming einnota plastmálum í safnaðarstarfi fyrir 2020*

Kirkjuþing unga fólksins ályktaði að bætt yrði við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar að einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðastarfi Kirkjunnar fyrir 2020. Þingið hvatti umhverfisnefnd

Biskupsstofu að brýna fyrir söfnuðum kirkjunnar að hætta notkun einnota plastmála þegar í stað og draga einnig úr notkun annarra einnota umbúða. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett í gang alheimsherferð gegn plastmengun heimshafana. Eitt af markmiðum herferðarinnar er að binda enda á notkun einnota plastumbúða fyrir 2022. Landvernd heldur utan um herferðina hér á landi. Þjóðkirkjan skal standa í stafni þeirrar hugarfarsbreytingar sem þarf vegna notkunar plasts og áhrifa þess á umhverfið.

Kirkjuþing lætur umhverfið sig varða og þess má geta að þingið í ár var pappírslaust annað árið í röð, og hafa umhverfis mál legið fyrir þinginu á hverju ári.

### *Starfshópur til endurskoðunar skipulags æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar.*

Biskup Íslands lagði fram mál á kirkjuþingi unga fólksins um skipan starfshóps á vegum biskups Íslands er endurskoði skipulag æskulýðsmála þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn verður skipaður einum fulltrúa sem biskup tilnefnir, einum fulltrúa tilnefndum af kirkjuþingi unga fólksins og einum fulltrúa tilnefndum af ÆSKÞ. Nefnd þessi er svar við óskum kirkjuþing unga fólksins 2016 um meiri athygli og eftirfylgni með æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins 2017 studdi skipan starfshópsins. Hafdís Ósk Baldursdóttir var kjörinn til setu í hópnum fyrir hönd KUF.

### *Sterkari staða á Kirkjuþingi.*

Góð reynsla er komin á starf kirkjuþing unga fólksins en það kom saman í áttunda skiptið. Kirkjuþing ályktaði að fulltrúi KUF á kirkjuþingi hafi atkvæðisrétt í stað þess að vera áheyrnafulltrúi. Forsetar KUF hafa hingað til haft málfrelsi og tekið virkan þátt í störfum kirkjuþings. Þingið taldi eðlilegt að gefa þeim frekari tækifæri á að hafa mótandi áhrif á störf þingsins og niðurstöður með því að þeir öðlist atkvæðisrétt á þinginu.

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis

*Kristján Valur Ingólfsson*

*Drottinn er styrkur lýð sínum,*
*vígi til varnar sínum smurða.*
*Hjálpa lýð þínum*
*og blessa eign þína.*
*Ver hirðir þeirra*
*og ber þá að eilífu. (Sálmur 28.8-9)*

Kæru lesendur. Það hefur vafist fyrir mér hvernig best sé að nálgast minnisverð tíðindi ársins í þetta sinn sem jafnframt er mitt síðasta heila ár til árbókarskýrslu. Niðurstaðan er sú sem hér birtist. Þetta er því miður langur lestur, en ég skáka í því skjólinu að pistlar mínir af þessu tagi verða ekki fleiri.

Eins og fyrr skipti ég textanum í kafla í samræmi við verkefni vígslubiskups: í Skálholtsumdæmi, á Skálholtsstað, og í hinni almennu þjónustu.

Í Skálholtsumdæmi eru það vísitasíurnar sem taka mest pláss. Á Skálholtsstað eru það Skálholtshátíð, málþing, ráðstefnur og fundir, auk verkefna sem lúta að umsjón staðarins og ábyrgð vígslubiskups samkvæmt samþykktum kirkjuráðs, en í hinni almennu þjónustu er það samstarfið við biskup Íslands í hinu eina biskupsembætti Íslands bæði í verkefnum innanlands og erlendis. Þar sem árbókarskýrslur mynda sameiginlega sögu og framhald sögu, vísast hér í upphafi til þess sem skýrsla vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir síðasta ár, hefur að geyma.

## Skálholtsstaður

Margar stjórnir og ráð starfa með og fyrir Skálholt, sumpart skipaðar beint af kirkjuráði og starfa á ábyrgð þess, eða tengjast staðnum með öðrum hætti. Í yfirliti Árbókar síðasta árs er gerð grein fyrir kjörnum fulltrúum. Engin breyting varð á stjórnum og ráðum hér í Skálholti nema að Bjarni Harðarson, bókaútgefandi á Selfossi kom inn sem nýr varamaður í stjórn Skálholtsfélags hins nýja. Þetta var annasamt ár og ómældur er sá fjöldi vinnustunda sem þau leggja fram sem starfa fyrir Skálholt og að stærstum hluta án endurgjalds. Samstarfið við stjórn Skálholts er með miklum ágætum. Það var heilladagur fyrir Skálholt þegar Kirkjuþing samþykkti að kirkjuráð myndi skipa Skálholti stjórn sem starfar í umboði þess og á ábyrgð þess.

Skálholtsfélagið hefur frá stofnun haldið mörg málþing um málefni sem snerta Skálholt beint og óbeint. Hinn 3. mars 2017 var málþing á sal Þjóðminjasafnsins um verk og framlag kvenna í Skálholti, sem Hildur Hákonardóttir hafði veg og vanda af ásamt formanni félagsins, Karli Sigurbjörnssyni. Málþingi um pílagríma og pílagrímaferðir sem vera átti í maí þurfti að fresta vegna veikinda fyrirlesarans, dr. Ian Campell Bradley.

Eitt af stærstu baráttumálum Skálholtsfélagsins hafa verið fyrirhugaðar viðgerðir á listgluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju. Kostnaður við þær verður vonandi greiddur af gjöfum, styrkjum og framlögum í Verndarsjóð Skálholtsdómkirkju sem stofnaður var með skipulagsskrá og sagt er frá í síðustu Árbók.

Fjöldi fastráðinna starfsmanna í Skálholti er svipaður og áður, en enn er það svo að á álagstímum þyrfti að vera hægt að bæta við starfsfólki. Það sem hindrar það er tvennt. Í næsta nágrenni er fátt fólk sem getur gefið kost á aukavinnu og enn skortir húsnæði á staðnum fyrir starfsfólk. Leiðir til úrbóta í húsnæðismálum eru þó í augsýn. Þannig er áformað að breyta biskupshúsinu í þjónustuhús fyrir staðinn og að flytja gestastofuna á nýjan stað nálægt Skálholtsbúðum og breyta henni í íbúðir. Tilfærsla gestastofunnar tengist vinnunni við nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulag fyrir Skálholtsstað og Skálholtsjörðina mun taka gildi snemma árs 2018 og verður gerð grein fyrir því í næstu Árbók. En í stuttu máli eru ekki fyrirhugaðar neinar nýjar byggingar nema lagfæring á inngöngu í biskupshúsið, enda er allt svæðið næst kirkjunni, sem sumir kalla Skálholtsþúfuna, undir sérstakri vernd þar sem óheimilt er samkvæmt lögum að byggja hundrað metra frá friðlýstum fornminjum. Þar af leiðir að gert er ráð fyrir nýjum stað fyrir Þorláksbúð á nýju deiliskipulagi sunnan og vestan við heimreiðina.

### *Skálholtsstaður. Rekstur og Fasteignir*

Allar fasteignir í Skálholti eru skráð eign Kirkjumálasjóðs, nema Þorláksbúð, sem er í eigu Þorláksbúðarfélagsins.

Þeir fjármunir sem lagðir eru til viðhalds í Skálholti eru því færðir til bókar hjá fasteignasviði á Biskupsstofu. Um leið og það er þakkað og því fagnað að kirkjuráð hefur lagt Skálholti til myndarlegan fjárstuðning á undanförnum árum þá gefur ársreikningur Skálholts ekki rétta mynd af öllum hliðum rekstrarins í Skálholti meðan þessi háttur er hafður á. Eðlilegt væri að a.m.k. í fylgiskjali með ársreikningnum kæmi fram hversu miklu viðhaldsfé er varið til Skálholts og í hvaða verkefni. Þannig var t.d. á síðasta ári lokið við að endurnýja allar kaldavatnslagnir á staðnum og byrjaðar voru miklar endurbætur á hitaveitunni frá Þorlákshver sem lýkur á árinu 2017. Sömuleiðis lýkur á árinu verulegum endurbótum á Skálholtsbúðum þar sem skipt var um alla glugga í stóra skálanum, fúaskemmdum eytt og skálinn klæddur allur. Með þessari aðgerð var komið til móts við athugasemdir brunavarnaeftirlitsins, því nú eru gluggarnir orðnir björgunarop ef upp kemur eldur. Næsta verkefni í búðunum er að setja handlaugar í öll herbergi.

Nú stendur yfir mikil breyting á biskupshúsinu, sem fram að þessu hefur verið heimili vígslubiskups, auk þess sem kjallarinn hefur nýst að hluta sem aðstaða fyrir organistann í Skálholti og Skálholtskórinn, en einnig viðbótargistiaðstaða og starfsmannaíbúð. Nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir í kjallara hússins eru langt komnar, en beðið er eftir tillögum arkitekta um breytingar á nýtingu hússins. Ákveðið hefur verið að biskupshúsið verði fyrst og fremst þjónustuhús vegna aukins fjölda ferðamanna, en gestastofan svokallaða verður flutt niður undir Skálholtsbúðir og gerð að starfsmannaíbúðum, eins og fyrr segir.

## Skálholtshátíð 2016

Dagskrá Skálholtshátíðar var með hefðbundnu sniði og stóð í tvo daga, laugardag og sunnudag. Sérstakar áherslur voru fyrst og fremst málþingið sem sagt er frá hér á öðrum stað og upphaf framkvæmda við endurheimt votlendis í Skálholtslandi. Af því tilefni var dagskrá við Skálholtsbúðir þar sem biskup Íslands Agnes M Sigurðardóttir og Þröstur Ólafsson í forföllum Vigdísar Finnbogadóttir ásamt fulltrúa komandi kynslóðar, tóku fyrstu skóflustungur að endurheimt votlendis í landi Skálholts. Þetta votlendi er í tvennu lagi, sunnan og austan við Skálholtsbúðir, og neðst í Skálholtstungunni. Framkvæmdir á efra svæði kostaði Auðlind, Minningarsjóður Guðmundar Páls Ólafssonar, en framkvæmdir á neðra svæði voru kostaðar af Landsvirkjun. Í nafni Skálholts eru þessum aðilum færðar hjartans þakkir.

Að lokinni hátíðarmessu á sunnudaginn með þátttöku fjölmargra pílagríma var hefðbundin hátíðarsamkoma í kirkjunni. Þar flutti forseti Alþingis, Einar Kristinn Guðfinnsson, hátíðarræðuna.

## Skálholtsumdæmi

Eins og kunnugt er þá er umdæmi vígslubiskups í Skálholti stórt. Það nær yfir Suðurprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Kjalarnesprófastsdæmi, Vesturlandsprófastsdæmi og Vestfjarðaprófastsdæmi. Það merkir að kirkjan að Stafafelli í Lóni markar syðri og eystri mörk umdæmisins en Óspakseyrarkirkja í Hrútafirði hin nyrðri og vestari mörk. Þrátt fyrir sex ára starfstímabil tókst mér ekki að ljúka vísitasíum í öllum prófastsdæmum, þó ekki vegna safnaðanna og prestanna, heldur eingöngu sjálfs mín vegna.

## Um vísitasíur 2016-2017

Þegar næsta árbókarskýrsla verður rituð verður kominn nýr vígslubiskup í Skálholt. Þess vegna er þessi kafli um vísitasíur nokkuð langur. Enginn vafi er á því að vísitasíuskylda vígslubiskups í samstarfi við prófastana er það verkefni sem mesta ánægju veitir. Í Skálholtsumdæmi eru sex af níu prófastsdæmum landsins. Mér þykir það leitt að hafa ekki náð að vísitera þau öll á mínum sex ára starfstíma, ekki vegna þess að ég upplifi það sem vanrækslu, heldur vegna þess hvað samstarfið við prófastana og heimsóknirnar til prestanna og safnaðanna eru mikið dýrmæti. Biskup Íslands, Agnes M Sigurðardóttir hóf sína þjónustu með því að vísitera Kjalarnesprófastsdæmi. Það varð því að ráði þá strax að ég myndi láta það prófastsdæmi mæta afgangi, sem og varð. En ég lauk því að vísitera Reykjavíkurprófastsdæmi vestra 2014-2015, Vestfjarðaprófastsdæmi 2015, Suðurprófastsdæmi 2015 og 2016 og Vesturlandsprófastsdæmi 2017, að einu prestakalli undanskildu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka prófçöstunum, prestunum, organistunum, sóknarnefndun, kirkjuhöldurunum, meðhjálpurunum og sóknarfólkinu öllu fyrir dásamlega viðkynningu, óendanlega gestrisni, þolinmæði og elskusemi.

Í kirkjustarfinu eru sannarlega margs konar erfiðleikar á ferð, en þegar ég fer í huganum yfir þessa daga sem liðnir eru, og sé fyrir mér fólkið sem heldur utan um starfið og kirkjurnar og kirkjugarðana þá þarf ekki að óttast um framtíð kristninnar í landinu.

***Suðurprófastsdæmi 2016.***

Við sr. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur Suðurprófastsdæmis lukum vísitasíu prófastsdæmisins í júní 2016, eins og nefnt var í síðustu skýrslu. Við höfðum áður vísiterað Kirkjubæjarklaustursprestakall og Vestmannaeyjaprestakall árið 2015.

Samkvæmt starfsreglum um prófasta og vígslubiskupa skulu þeir heimsækja presta og söfnuði í umdæmi sínu með reglulegu millibili, skoða kirkjur og kirkjugarða og kanna ástand safnaðanna í trúarefnum. Að fornum sið er þessi heimsókn kölluð vísitasía. Hún byggir á frásögn Postulasögunnar: *Eftir nokkra daga sagði Páll við Barnabas: „Förum nú aftur og vitjum trúsystkinanna í hverri borg þar sem við höfum boðað orð Drottins og sjáum hvað þeim líður." (Post. 15.36)*

Í starfsreglum segir svo :

*Vígslubiskup vísiterar prestaköll og söfnuði í umdæmi sínu eftir áætlun biskupafundar. Vísitasía vígslubiskups beinist einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinni vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi.* Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, 12.gr.)

Þessi regla byggir á hinni almennu tilsjón í kirkjunni sem leiðtogum hennar er falin. Hinn biblíulegi grundvöllur vísitasíunnar er tilvitnunin í Postulasöguna hér að framan. Hin almenna tilsjón í kirkjunni er falin hinni vígðu þjónustu. Einkenni hennar og inntak er óbreytt hvort sem um prest, prófast eða biskup er að ræða, en umsvif og ábyrgð prófasts og síðan biskups eru eðli málsins samkvæmt víðtækari. Umfram tilsjónarskyldu prestsins felur tilsjón prófasts og vígslubiskups einnig í sér aukna þjónustu við einingu kirkjusafnaðanna í prófastsdæminu og eða biskupsdæminu. Eins og kunnugt er lúta meginskyldur biskups Íslands einnig að hinu sama. Biskup vígir og vísiterar. Það merkir að biskup sér til þess að kirkjuleg þjónusta sé fyrir hendi í öllum sóknum og prestaköllum með því að tryggja nægilegan fjölda presta og fylgja því eftir að prestar sinni störfum sínum fyrir söfnuðinn og að söfnuðirnir sinni skyldum sínum við kristnihaldið á hverjum stað og sjái til þess að kirkjur og kirkjugarðar fái nauðsynlega umsjón. Vígslubiskupar og prófastar eru næstu aðstoðarmenn biskups í þessum greinum og fylgja því eftir sem tilsjónarskylda biskups Íslands innifelur. Þessi umsjón varðar bæði hið andlega og hið efnalega. Meðan vígslubiskuparnir fylgjast fyrst og fremst með hinum trúarlegu þáttum safnaðarstarfsins, bera prófastarnir meiri skyldur gagnvart umsjón og viðhaldi kirkjueigna og rekstrarmálefnum safnaðanna. Þetta hefur í för með sér að æskilegast er að vígslubiskupar og prófastar sinni skyldum sínum í nánu samstarfi sín á milli, og vísiteri presta og söfnuði saman.

Vísitasíugerðir biskups Íslands eru grundvöllur að vísitasíu vígslubiskups og prófasts, sérstaklega að því sem snertir eignir kirkjusóknanna og ástand kirkna og kirkjugarða. Síðasta vísitasía biskups Íslands í Árnesprófastsdæmi var árið 2001, í Rangárvallaprófastsdæmi 2007 og Skaftafellsprófastsdæmi sama ár, en þessi þrjú fornu prófastsdæmi mynda Suðurprófastsdæmi. Þegar svo langt líður á milli vísitasía er töluverð vinna fólgin í því að eignaskrá sé uppfærð, þegar það á við; og að því gætt hvort eitthvað hefur bæst við af eignum, eða annað glatast. Ennfremur verður að fylgjast með því hvort sérstakar framkvæmdir hafi verið við kirkju eða kirkjugarð, eða hvort aðrar breytingar hafi orðið. Þá þarf að kalla eftir upplýsingum um fjármál safnaðanna og hvernig þrengingar síðustu ára með skertum sóknargjöldum hafa komið fram í starfi safnaðanna, hvernig útgjöld til málefna kirkjustarfsins hafa deilst á verkefni, og hvert er hlutfall gjalda einstakra liða af heildarinnkomu safnaðarins.

Í þessum efnum öllum er alveg ómetanlegt að eiga samstarf við prófastana, ekki síst í ljósi

þess að þeir sinna sjálfir vísitasíum eftir föngum milli þess sem biskuparnir vísitera. Við höfum haft þann háttinn á að prófastur og vígslubiskup heimsækja hverja kirkju, sérhvern kirkjugarð, heimagrafreit og aflagða kirkjugarða í prófastsdæminu, hitta sóknarnefndir og starfsfólk og hafa í hverju prestakalli eina sameiginlega guðsþjónustu, en helgistundir á hverri kirkju.

Samstarf okkar séra Halldóru prófasts í Suðurprófastsdæmi bæði við þessar vísitasíur og á öðrum sviðum kirkjustarfsins hefur verið með miklum ágætum sem ég vil þakka á þessum vettvangi. Skálholt hefur einnig notið góðs af því að vera staðsett í Suðurprófastsdæmi, því héraðsnefndin undir forustu prófasts hefur ítrekað hlaupið undir bagga og stutt ýmsa starfsemi þar sem þjónar málefnum kirkju og kristindóms.

### *Vesturlandsprófastsdæmi*

Þegar því árbókartímabili lauk sem hér er til umfjöllunar stóð yfir vísitasía okkar prófastsins í Vesturlandsprófastsdæmi, sr. Þorbjarnar Hlyns Árnasonar á Borg. Hún hófst í byrjun maí 2017 og lauk í júnílok. Vesturlandsprófastsdæmi er sett saman úr tveimur prófastsdæmum, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi og Borgarfjarðarprófastsdæmi. Væntanlega verður gerð ítarlegri grein fyrir þessari vísitasíu í Árbók komandi árs.

Eins og tilgreint er í kaflanum um vísitasíu í Suðurprófastsdæmi eru vísitasíugerðir biskups Íslands grundvöllur að vísitasíu vígslubiskups og prófasts, sérstaklega að því sem snertir eignir kirkjusóknanna og ástand kirkna og kirkjugarða. Biskup Íslands hefur ekki vísiterað Vesturlandsprófastsdæmi síðan prófastsdæmin tvö, Borgarfjarðarprófastsdæmi og Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi voru sameinuð. Síðasta vísitasía biskups Íslands í Borgarfjarðarprófastsdæmi var árið 2002 en í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi árið 2006. Í ljósi þess hver ætlunin er með vísitasíum er það allt of langur tími sem liðinn er síðan síðast var vísiterað. Mér er kunnugt um að forveri minn, séra Sigurður Sigurðarson, heimsótti marga söfnuði og klerka á starfstíma sínum, en kaus að kalla það ekki formlegar vísitasíur. Mér er líka kunnugt um að hann skráði hjá sér og gerði athugasemdir þar sem hann fór. Gögn sem hann kann að hafa geymt í tölvu sinni eru nú glötuð eins og tölvan sjálf. En gögn úr fyrri vísitasíum prófastsins á Borg reyndust halddrjúg.

Eins og fyrr er frá sagt í kaflanum um Suðurprófastsdæmi var á ferð okkar prófastsins kallað eftir upplýsingum um fjármál safnaðanna og hvernig brugðist hefur verið við þrengingum síðustu ára með skertum sóknargjöldum. Beðið var um yfirlit um útgjöld til málefna kirkjustarfsins og hlutfall gjalda einstakra liða af heildarinnkomu safnaðarins. Þá var einnig rætt um söngmál safnaðanna, kórastarf og organista, sem og hin föstu rekstrargjöld eins og rafmagn og tryggingar. Í mörgum tilfellum skortir á að kirkjum sé tryggt það land sem þær standa á, séu þær ekki inni í kirkjugarðinum sjálfum. Þegar svo er komið að kirkjustaðir sem aðrar jarðir ganga kaupum og sölum er mjög brýnt að ganga frá lóðaréttindum kirkna, bifreiðastæðum og allri aðkomu. Hið sama gildir um þá kirkjugarða sem standa sér og jafnvel nokkuð langt frá. Ekki er alltaf tryggt að sú leið sem kynslóðirnar hafa fetað með kistu í líkfylgd til grafarinnar haldist með nýjum eigendum jarða.

Þá var einnig rætt um þá vaxandi ógn sem kirkjum í dreifðum byggðum stendur af auknum straumi ferðamanna og einkum þeim einstaklingum í þeirra hópi sem virða ekki helgidómana og kunna heldur ekki skil á þeim. Í þeim hópi leynast einnig þjófar og ræningjar. Sérstaklega gildir þetta um kirkjur á eyðijörðum.

Sú tíð að kirkjur geti staðið opnar er því miður liðin, nema á þeim stöðum þar sem heimamenn hafa vakandi auga með kirkjunni.

Við prófastur heimsóttum hverja kirkju og sérhvern kirkjugarð í prófastsdæminu og hittum sóknarnefndir og starfsfólk. Ennfremur skoðuðum við aflagða kirkjugarða og heimagrafreiti. Mikið var rætt um rekstrarkostnað kirkjugarðanna, einkum kostnað við grafartöku sem nú er víða orðinn þungur baggi eftir að heimamenn hættu að taka sjálfir grafir síns fólks.

Séu aðrir staðir í sókninni þar sem reglulegt helgihald fer fram, svo sem eins og á dvalarheimilum aldraðra, eða heilsugæslustofnunum eru þeir skoðaðir í framhaldi kirkjuheimsóknunum. Þessar heimsóknir eru mjög dýrmætur viðauki við hina almennu vísitasíu, og stuttar helgistundir þar og samtöl við fólkið ógleymanlegar, ekki síður en þær almennu guðsþjónustur í prestaköllunum sem haldnar voru.

Engar skýrar reglur eða vinnulag er til um það hvernig samstarf og samábyrgð vígslubiskups og prófasts á að vera. Það kann að vera að það hafi í einhvern tíma þótt eðlilegt og æskilegt vinnulag, en það er alls ekki svo, heldur býður það þeirri hættu heim að óskýr afmörkun embættanna geti leitt til óþarfa misskilnings og árekstra milli embættanna. Einmitt þess vegna er það svo stórt þakkarefni að hafa mátt starfa með próftöstunum að vísitasíunum og að það skyldi alls staðar takast svona vel. Það sýnir best hve miklum og góðum kostum þau eru búin sem þeim embættum sinna. Ég hef einnig átt mjög gott samstarf við aðra prófasta en þá sem ég hef vísiterað með, vegna sérstakra málefna og úrræða og það vil ég einnig nefna. En ég get ekki sleppt því að nefna að ég tel að sú ákvörðun kirkjuyfirvalda í sínum tíma, að sameina prófastsdæmi og fækka prófföstum verulega, hafi verið þegar litið er til heildarhagsmuna kirkjunnar, órökstudd og beinlínis röng.

## Erlend samskipti

Fastur liður í erlendum samskiptum eru biskupsvígslur hjá systurkirkjunum á Norðurlöndum. Biskup Íslands og vígslubiskuparnir skipta þeim með sér. Þessar ferðir eru sjaldnast meir en tveir sólarhringar og því gefst ekki mikill tími til samtals og samskipta. Engu að síður eru þessar ferðir dýrmætar til að styrkja samstarf kirknanna og til að auka upplýsingaflæði milli þeirra.

Dagana 18.-23. júlí var fjölþjóðlegt og samkirkjulegt málþing um menningu, trú og listir haldið í Skálholti undir yfirskriftinni *Horft yfir hindranir*, (Crossing Borders) þar sem saman komu fræðimenn og listamenn og báru saman bækur sínar innan listanna og fræðanna. Stef þessa málþings eru af hálfu listamannanna: *Náttúra*, en fræðimannanna: *Siðbót*. Erlendis frá koma gestir frá Minsk í Hvíta-Rússlandi, Salzburg í Austurríki og Bonn og Hamborg í Þýskalandi. Tungumál málþingsins var þýska. Sérstakur gestur málþingsins var Metropolitan Cleofas, yfirhirðir grísku rétttrúnaðarkirkjunnar á Norðurlöndum, sem ávarpaði málþingið fimmtudaginn 21. júlí og ræddi um yfirþjóðlegt eðli kristinnar kirkju.

Málþing sem þessi hafa verið haldin um nokkurt skeið til skiptis í þeim löndum og borgum sem tengst hafa með þessum hætti og síðast í Armeníu. Helstu skipuleggjendur málþingsins voru Andreas Loesch frá Bonn og af Íslands hálfu hjónin Rósa Gísladóttir og Þórhallur Eyþórsson, auk heimamanna í Skálholti.

Fyrirlestra af Íslands hálfu fluttu dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson og dr. Gunnar Kristjánsson, auk undirritaðs.

Á því tímabili sem hér er fjallað um samþykkti biskup Íslands að undirritaður þægi boð um að sitja 3. fund 12. Generalsynodu lútersku kirknanna í Þýskalandi, VELKD í Magdeburg 3.-6. nóvember 2016, þar sem meginumræðuefnið var kirkjan í samhengi Evrópu-samstarfsins og *Klausurtagung* lúterska biskupafundarins í Goslar 18.-20 mars 2017 þar sem safnaðaruppbygging og framtíð safnaðanna var hinn rauði þráður. Ennfremur sat ég samkirkjulega ráðstefnu í Altenberg í Þýskalandi, flutti þar erindi um siðbótartímann á Íslandi og predikaði í dómkirkjunni í Altenberg. Skipuleggjendur ráðstefnunnar sáu til þess í leiðinni að ég átti fund bæði með superintendent evangelísku kirkjunnar í Rheinland og Praeses sömu kirkju, en hann gegnir hliðstæðu embætti og biskupar annarra kirkna þó að titill hans sé annar.

Enginn vafi leikur á því að það sem hér er nefnt hafði djúpa merkingu fyrir mig persónulega. Það er hins vegar alltaf spurningin hvernig maður miðlar því áfram til kirkjustarfsins og safnaðanna sem móttekið er.

## Að lokum

Nú fer í hönd kosning vígslubiskups í Skálholti. Guð blessi kandídatana sem valið mun standa um og framtíð kirkju og trúar í landinu. Ég þakka fyrir minn skerf af þjónustunni. Ef ég skyldi ekki koma að gerð árbókarskýrslu á næsta ári, vil ég til öryggis ekki láta undir höfuð leggjast að þakka hér og nú fyrir afar gott samstarf á umliðnu ári og ævinlega, við biskup Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur og allt starfslið Biskupsstofu, eins og líka vígslubiskup Hólaumdæmis sr. Solveigu Láru Guðmundsdóttur og við kirkjuráð og kirkjuþing.

––––––––––

Fyrri konungabók 19. kafli (11.- 13) hefur að geyma texta sem leitar æ oftar á hugann.
*Drottinn svaraði: „Far út og gakk fram fyrir auglit Drottins uppi á fjallinu." Þá gekk Drottinn þar hjá. Gífurlegur stormur fór fyrir Drottni, svo öflugur að hann molaði fjöll og klauf kletta. En Drottinn var ekki í storminum. Eftir storminn varð jarðskjálfti. En Drottinn var ekki í jarðskjálftanum. Eftir jarðskjálftann kom eldur. En Drottinn var ekki í eldinum. Eftir eldinn kom þytur af þýðum blæ. Þegar Elía heyrði hann huldi hann andlit sitt með skikkju sinni, gekk út og tók sér stöðu við hellismunnann. Þá barst honum rödd sem spurði: „Hvað ert þú að gera hér, Elía?"*

Að beiðni séra Bjarna Þórs Bjarnasonar gerði ég eins konar þýðingu á sálminum *Dear Lord and Father of Mankind* eftir kvekaraskáldið John Greenleaf Whittier, (1807-1892) en þetta er hluti af miklu lengra kvæði. Nákvæmlega í miðju þessarar íslensku gerðar sálmsins (4. versi) er vísað til þess er Guð gekk fram hjá Elía í hellinum en það er einnig í frumgerðinni og gefur sálminum öllum skýrt einkenni. Þessi þýðing er tileinkuð Seltjarnaneskirkju á 25 ára vígsluafmæli kirkjunnar þann 18. febrúar 2014. Ég hafði ekki áttað mig á því að það er þegar til önnur þýðing sálmsins og því ekki þörf fyrir þessa. En ég set hana hér í kveðjuskyni!

Heyr, faðir þjóða, faðir minn,
æ, fyrirgef þú mér.
Lát börn þín heyra boðskap þinn,
og bera ljós þitt út sem inn
/:/og ætíð þjóna þér. /:/

Þú Guð sem veitir veröld líf
og verndar sérhvern mann.
Til iðrunar með auðmýkt hríf
ef angist vex og harðnar kíf:
/:/Við lofum lausnarann! /:/

Send anda þinnar eilífðar
til okkar sérhvert sinn
er safnast viljum saman þar
sem sungið lof þitt ávalt var
/:/við friðar faðminn þinn. /:/

Í straumi tímans stóðst þú vörð.
og styrkir okkur nú.
Við skruggur elds er skelfur jörð
og skefur stormur mel og börð,
/:/í blíðum blæ ert þú. /:/

Ó, legg í heimi helga ró
í hjarta sérhvers manns.
Æ gef þeim líf og frið og fró,
þá fyrir krossinn hans sem dó
/:/í fórn Guðs, frelsarans. /:/

Því hvert eitt sinn er höldum við
á Herrans Jesú fund.
Hann krýpur þar við þína hlið
í þögn og kærleik með sinn frið,
/:/sem áttu alla stund. /:/

Lát falla yfir bú og byggð
þinn blíða, djúpa frið.
Lát gróa sár og huggast hryggð
í hverjum manni eflast tryggð.
/:/ Gef náð við himins hlið. /:/

*Kristján Valur Ingólfsson*

# Vígslubiskup Hólastiftis

## *Solveig Lára Guðmundsdóttir*

### Hólahátíð 2016

Hólahátíð sumarið 2016 var helguð því að 350 ár voru liðin frá því fyrsta útgáfa passíusálma Hallgríms Péturssonar kom út á Hólum árið 1866. Sýning á öllum þeim útgáfum sem Hóladómkirkja á var opnuð af því tilefni í byrjun júlí og stendur hún enn.

Hólahátíð árið 2016 hófst síðan formlega föstudagskvöldið 13. ágúst með tónleikum sem Barokksveit Hólastiftis hélt. Laugardaginn 14. ágúst var pílagrímaganga eftir Hallgrímsveginum frá Gröf á Höfðaströnd heim að Hólum. Gönguna leiddi fyrrum Hólabiskup sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, en að þessu sinni tóku þátt í göngunni pílagrímar frá Noregi undir leiðsögn sr. Lenu Rósar Matthíasdóttur. Um kvöldið var kvöldverður „Undir Byrðunni“.

Kl. 14:00 var messa Hóladómkirkju þar sem Barokksveit Hólastiftis lék og Eyþór Ingi Jónsson var organisti. Sr. Hildur Eir Bolladóttir prédikaði og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup og sr. Halla Rut Stefánsdóttir þjónuðu fyrir altari. Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir lýsti blessun.

Eftir hátíðarkaffi í Hólaskóla var samkoma í Hóladómkirkju. Nýkjörinn forseti Íslands herra Guðni Th. Jóhannesson flutti hátíðarræðu og Barokksveit Hólastiftis lék tónlist.

## Messuhald

Messað er í Hóladómkirkju á hverjum sunnudegi yfir sumartímann, en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Sóknarprestur Hofsós- og Hólaprestakalls sr. Halla Rut Stefánsdóttir sér um messuhald yfir vetrartímann.

Yfir sumartímann er prestum, organistum og kórum stiftisins boðið að koma heim að Hólum og messa. Hefur það tekist með ágætum. Fyrir það skal þakkað.

Sú venja hefur skapast að ég sé um helgihald á hátíðum og uni ég því vel. Messa ég á aðfangadagskvöld, jóladag, gamlársdag, páskadag og hvítasunnudag, sé ekki ferming.

## Messuheimsóknir

Þann 11. september messaði ég í enskri messu í Breiðholtskirkju, en sú messa var sérstaklega auglýst fyrir flóttafólk, hælisleitendur og vini þeirra.

Þá heimsótti ég Seekers, bænastundir fyrir hælisleitendur bæði í Laugarneskirkju og Hjallakirkju þegar færi gafst.

Einnig sat ég fund biskups Íslands með hælisleitendum 7. júní 2016.

Þann 23. október prédikaði ég við lokamessu Landsmóts æskulýðsfélaganna í Akureyrarkirkju.

Þann 27. nóvember talaði ég á aðventukvöldi í Ólafsfjarðarkirkju og þann 11. desember á aðventukvöldi í Siglufjarðarkirkju.

Þann 19. febrúar prédikaði ég í Seltjarnarneskirkju á afmælisdegi kirkjunnar, en þá var því fagnað að 30 ár voru liðin frá fyrstu fermingunum í kirkjunni. Mættu „fermingarbörnin" mörg hver og voru þeim færð blóm.

## Visitasíur

Á árinu visiteraði ég alla söfnuði í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis.

Visitasian um Þingeyjarsýslur hófst 26. október árið 2016 í Garðskirkju í Kelduhverfi og lauk í Svalbarðskirkju við Eyjafjörð þann 3. nóvember. Visitasian um Eyjafjörð hófst þann 6. mars í Bakkakirkju í Öxnadal og lauk í Miðgarðskirkju í Grímsey þann 12. mars. Í þessum ferðum átti ég fundi með sóknarnefndum, skoðaði kirkjur og kirkjugarða og ræddi um fjármál og það starf sem unnið er í kirkjunum og í söfnuðunum. Einnig átti ég starfsgæðasamtöl við prestana.

Er þá lokið fyrstu visitasiu yfirferð minni um Hólastifti.

## Erlend samskipti

Þann 28. ágúst árið 2016 vorum við hjónin viðstödd biskupsvígslu í Uppsölum í Svíþjóð. Þá var Sören Dalevi vígður til biskups í Karlstad stifti.

Þann 19. mars 2017 vorum við einnig við biskupsvígslu í Stavanger, en þá var Ivar Braut vígður til Svavangurs stiftis.

Dagana 10.-13. ágúst árið 2016 var samkirkjuleg ráðstefna hér heima á Hólum á vegum WICAS og NEKK (Women in Church and Society og Nordiska Ekumeniska Kvinnokommitéen). Voru það konur frá öllum Norðurlöndum sem sóttu ráðstefnuna og var hún sérlega velheppnuð í dásamlegu sumarveðri.

Dagana 10.-17. maí sat ég sem fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar Heimsþing lúterska heimssambandsins, sem haldið var í Windhoek í Namibíu. Aðrir fulltrúar Íslands voru Magnea Sverrisdóttir, djákni á Biskupsstofu og sr. Sveinn Valgeirsson, dómkirkjuprestur. Samþykktir og ályktanir þingsins hafa verið birtar á vef kirkjunnar og einnig hef ég skrifað greinar um þingið á tru.is.

Dagana 5.-9. maí sat ég kvennaþing, sem haldið var í tengslum við Heimsþingið á vegum Lúterska heimssambandsins. Auk þess sótti ég tvo undirbúningsfundi fyrir þingið, Evrópufund í Höör í Svíþjóð dagana 31. janúar-3. febrúar 2017 og undirbúningsfund fyrir Norðurlöndin 3.-4. apríl 2017.

Þann 27. maí 2017 hélt ég erindi um siðbót íslenskra kvenna á kirkjudögunum í Leipzig í boði þýsku kirkjunnar og sótti daginn eftir í, boði biskupsins í Saxlandi Carsten Rentzing, messu sameiginlegra kirkjudaga í Berlin, Leipzig og Wittenberg, sem haldin var í Wittenberg.

## Málþing og ráðstefnur

Kirkjuþing skipaði mig árið 2011 í nefnd sem undirbúið hefur 500 ára afmæli siðbótarinnar. Nefndin hefur séð um tvö málþing á ári, eitt að vori og annað á siðbótardaginn 31. október. Fundir á tímabilinu voru 12 auk annarra undirnefndafunda.

Árið 2017 er runnið upp og var hátíðarárinu hleypt af stokkunum á fæðingardegi Katharinu frá Bora 29. janúar 2017.

Margt verður á döfinni á árinu og hefur verið gefinn út kynningarbæklingur á því sem verður á dagskrá. Hólahátíð í ár verður tengd efninu og mun fara fram listgjörningur sem listakonurnar Guðrún Kristjánsdóttir og Ólöf Nordal munu sjá um og tengist annars vegar því að Marteinn Lúter hengdi greinarnar 95 á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg og hins vegar prentverkinu hér á Hólum í kjölfar siðbótarinnar.

Auk þess fór mikið af vinnutíma mínum í að undirbúa ráðstefnu sem haldin var hér á Hólum í maí s.l. og bar yfirskriftina: *Hvernig metum við hið ómetanlega? –trú og lífsskoðun*. Undirbúningsfundir voru sex talsins.

Var þetta þriðja ráðstefnan í fjögurra ráðstefnu röð Guðbrandsstofnunar með sömu yfirskrift. Var hún í samstarfi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, Sálfræðingafélagið, Samband íslenskra myndlistarmanna, Siðmennt og Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Fyrsta ráðstefnan bar undirtitilinn – *náttúran og auðlindirnar* og hin önnur – *menningin*.

Fjórða ráðstefnan verður á næsta ári og ber undirtitilinn – *hið góða líf*.

Þann 3. september var haldið hér heima á Hólum málþing sem bar yfirskriftina *Lífsreynsla í*

*60 ár*. Voru það bekkjarsystur mínar úr Kvennaskólanaum í Reykjavík, sem héldu málþingið og voru fyrirlesarar á þessu málþingi sem haldið var í tilefni af 60 ára afmælis okkar.

## Kirkjuþing

Kirkjuþing var haldið 5.-10. nóvember svo og 25. febrúar og 30. mars. Þing er haldið að hausti og síðan framhaldsþing eftir áramót. Þingið í mars var aukakirkjuþing. Sat ég öll þessi þing eins og lög gera ráð fyrir.

## Biskupa- kirkjuráðs- og prófastafundir

Biskupafundir voru þrír á starfsárinu auk símafunda, sem voru allnokkrir. Einnig sat ég prófastafund í Reykjavík dagana 10.-11. janúar 2016. Þá sat ég tvo kirkjuráðsfundi dagana 23. júní og 4. júlí 2016.

## Nefndir

Áfram sit í í nefnd sem undirbýr fimm alda minningu siðbótarinnar. Í þeirri nefnd voru tólf fundir á árinu. Auk þess á ég sæti í Kenningarnefnd þjóðkirkjunnar, en enginn fundur var á árinu.

## Fundir og viðtöl

Auk nefndafunda sótti ég alla þrjá héraðsfundi stiftisins. Ég sótti héraðsfund Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis í Glerárkirkju þann 1. apríl, héraðsfund Húnavatns-og Skagafjarðarprófastsdæmis þann 3. júní í Varmahlíð og Víðimýrarkirkju og Héraðsfund Austurlandsprófastsdæmis þann 23. apríl á Eiðum. Er ánægjulegt að fá þannig að fylgjast með starfinu í söfnuðunum og hitta það góða fólk sem leggur kirkjunni lið.

Prestafundir eru haldnir mánaðarlega í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og sótti ég þá sem ég komst á. Auk þess var ég boðin á prestafund í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og sóttum við hann bæði hjónin.

## Guðfræðidagar á Hólum

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hólastiftis hins forna guðfræðidaga hér á Hólum 28.-30. maí. Í ár voru það helgisiðirnir sem voru í brennidepli eins og í fyrra, en nú voru það hjónin Gordon Lathrop og Gail Ramshow frá Bandaríkjunum, sem voru aðalfyrirlesarar daganna. Síðasta kvöldið var móttaka hjá okkur hjónunum í biskupsgarði.

## Hólanefnd og Guðbrandsstofnun

Sem vígslubiskup er ég formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Í Hólanefnd eru auk mín, prófastur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis,

sr. Dalla Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Hólasóknar, Laufey Guðmundsdóttir og rektor Háskólans á Hólum dr. Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig er ég stjórnarformaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskupsembættisins f.h. Þjóðkirkjunnar, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um menningarstarfsemi á staðnum. Í stjórn Guðbrandsstofnunar eru auk mín, dr. Hjalti Hugason frá Háskóla Íslands og dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum.

Starfsemi Guðbrandsstofnunar er þríþætt.

Í fyrsta lagi eru það sumartónleikarnir sem haldnir eru á hverjum sunnudegi frá miðjum júní og fram yfir Hólahátíð. Þeir eru styrktir af Menningarsjóði KS.

Í öðru lagi eru það Fræðafundir heima á Hólum. Við bjóðum fræðafólki í vikudvöl á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín. Erindin eru haldin í Auðunarstofu tvisvar í mánuði, Í þriðja lagi höldum við ráðstefnur. Nú erum við með í gangi röð fjögurra ráðstefna, sem allar bera yfirskriftina *Hvernig metum við hið ómetanlega*?

Undirtitill fyrstu ráðstefnunnar var *–náttúran og auðlindirnar*, undirtitill annarrar ráðstefnunnar var *–menningin*. Á þessu ári var undirtitillinn *–trú og lífsskoðun* og á næsta ári –hið góða líf.

Guðbrandsstofnun hefur einnig umsjón með því að halda Dag Guðmundar góða hátíðlegan, en það er gert á dánardegi hans 16. mars ár hvert eða sem næst þeim degi. Þá bjóðum við hjónin heim í veislu í lok dags.

Í ár hélt Ásdís Egilsdóttir, bókmenntafræðingur afar áhugavert erindi um Guðmund góða þann 25. mars.

Starfssemi Guðbrandsstofnunar er styrkt af Kristnisjóði.

## Lokaorð

Að lokum vil ég þakka það góða starf sem unnið er hér heima á Hólum. Mikið samstarf var á síðast liðnu ári milli Háskólans, Ferðaþjónustunnar og kirkjunnar um kynningu og uppbyggingu á staðnum. Auk þess vil ég þakka söfnuðum stiftisins fyrir hlýjar og höfðingalegar móttökur hvar sem ég kem. Ég vil þakka Þingeyingum og Eyfirðingum sérstaklega móttökurnar s.l. haust og vor. Ferðirnar þangað verða mér ógleymanlegar. Sérstaklega er eftirtektarvert hversu vel er hugsað um kirkjurnar alls staðar og kirkjugarðarnir eru til sóma.

.

# Fjármálasvið Biskupsstofu

## Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald fyrir Skálholt, Tónskóla þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju, Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Ríkisendurskoðun endurskoðar uppgjör þessara stofnana og sjóða.

## Starfsemi

Megin verkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að annast reikningshald, greiðsluþjónustu, laun og uppgjör stofnana og sjóða. Biskupsstofa gerir eða aðstoðar stofnanir og sjóði við áætlanagerð. Fjármálasvið Biskupsstofu leitast við að veita stjórnendum stofnana og sjóða upplýsingar og ráðgjöf um fjármálin eins og unnt er.

**Starfsmenn fjármálasviðs eru:**
Hildur Guðmundsdóttir, féhirðir
Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri
Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókari
Sigurbjörg N. Hansen, fjármálastjóri
Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókari

| **Framlag úr ríkissjóði Fjárlagaliður** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|---|---|
| 06-701 Þjóðkirkjan | 2.136,6 | 1.942,3 | 1.491,9 | 1.439,0 |
| 26-705 Kirkjumálasjóður | 288,8 | 269,8 | 246,4 | 238,9 |
| 06-707 Kristnisjóður | 166,6 | 72,0 | 73,1 | 73,1 |
| 06-735 Sóknargjöld | 2.019,5 | 1.887,4 | 1.822,9 | 1.715,8 |
| 06-736 Jöfnunarsjóður sókna | 373,6 | 349,1 | 318,8 | 309,1 |
| **Samtals** | **4.985,1** | **4.520,6** | **3.953,1** | **3.775,9** |

## Sóknargjöld

Greiðsla á sóknargjöldum er ákvörðuð skv. 2. gr. laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 með síðari breytingum. Þau taka breytingum milli ára til samræmis við þá hækkun sem verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna ára á undan gjaldári. Árið 2015 voru sóknargjöld ákveðin 824 kr. á mánuði fyrir einstakling 16 ára og eldri en eru 898 kr. á mánuði árið 2016. Allt frá hruni fjármálakerfisins á Íslandi hefur útreikningi sóknargjalda skv. lögunum verið breytt og þau í reynd ákvörðuð af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og með þeirri ákvörðun hefur verið lögð hagræðingarkrafa á sóknir landsins sem hefur verið staðfest af Alþingi í lok hvers árs með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálaum, s.k. bandormslögum.

## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnsýslu þjóðkirkjunnar, hún veitir ýmsum kirkjulegum stofnunum ráðgjöf og margvíslega þjónustu.

Á árinu 2016 var tekjuafgangur Biskupsstofu rúmlega 122,7 millj.kr. en 260,7 millj.kr. á árinu 2015. Rekstargjöld hækkuðu um 12,3% á milli ára sem er að hluta til vegna launa og launatengdra gjalda en þau hækkuðu um 8,72%. Framlag frá ríkissjóði hækkaði um 10% og aðrar tekjur lækkuðu um 57% en á árinu 2015 lagði Jöfnunarsjóður sókna fram styrk til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu ríkisins. Þessi styrkur var tekjufærður en skyldi endurgreiddur þegar ríkið stæði við skuldbindingar sínar. Styrkurinn er endurgreiddur á árinu 2017 og er gjaldfærður það ár. Tekjur þjóðkirkjunnar byggja á lögum og samningum við ríkið á grundvelli Kirkjujarðasamkomulagsins.

| **Biskupsstofa** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | |
| Tekjur | 78.026 | 181.274 | 153.640 | 218.523 |
| Gjöld | -2.091.909 | -1.862.868 | -1660.824 | -1.649.388 |
| Framlag úr ríkissjóði | 2.136.600 | 1.942.300 | 1.481.900 | 1.439.000 |
| Tekjuafgangur (-halli) | 122.717 | 260.706 | -25.284 | 8.135 |
| **Efnahagur** | | | | |
| Veltufjármunir | 353.063 | 244.153 | 7.476 | 33.213 |
| Eignir samtals | 353.063 | 244.153 | 7.476 | 33.213 |
| Eigið fé | 341.375 | 218.657 | -42.048 | -16.763 |
| Skammtímaskuldir | 11.689 | 25.496 | 49.524 | 49.976 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 353.063 | 244.153 | 7.476 | 33.213 |

## Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum um Kristnisjóð nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni. Enn fremur að styrkja félög og stofnanir sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

Tekjur Kristnisjóðs eru ákvarðaðar með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, 64. gr. Framlag ríkissjóðs nam 166,6 millj. kr. á árinu 2016 en 72,0 millj. kr. á árinu 2015. Frá árunum 2006 til árs 2015 voru verkefni Kristnisjóðs bókfærð hjá Kirkjumálasjóði. Reksturinn var þá aðeins tilfærsla á ríkisframlaginu til Kirkjumálasjóðs. Þessu var breytt árið 2016 og rekstur Kristnisjóðs færður í bókhaldi sjóðsins. Tekjuafgangur ársins 2016 eru 102 þús. kr.

| Kristnisjóður | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | |
| Tekjur | 2.268 | | | |
| Framlag úr ríkissjóði | 166.600 | 72.000 | 73.100 | 73.100 |
| Gjöld | -66.534 | -72.001 | -73.100 | -73.101 |
| Fjármunatekjur | 216 | 30 | 12 | 37 |
| Tekjuafgangur | 102.550 | 29 | 12 | 36 |
| | | | | |
| **Efnahagur** | | | | |
| Veltufjármunir | 108.360 | 6.109 | 392 | 364 |
| Eignir samtals | 108.360 | 6.109 | 392 | 364 |
| | | | | |
| Eigið fé | 102.659 | 109 | 80 | 68 |
| Skammtímaskuldir | 5.701 | 6.000 | 312 | 296 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 108.360 | 6.109 | 392 | 364 |

## Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmætar tekjur nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubyggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir skv. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur Jöfnunarsjóðs eru 18,5% af sóknargjöldum.

| Jöfnunarsjóður sókna | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | |
| Framlag úr ríkissjóði | 373.613 | 349.169 | 318.773 | 309.104 |
| Gjöld | 298.647 | -339.589 | -288.786 | -288.169 |
| Fjármunatekjur | 8.311 | 11.575 | 2.040 | 3.636 |
| Tekjuafgangur (-halli) | | 21.155 | 32.027 | 24.571 |
| **Efnahagur** | | | | |
| Fastafjármunir | 13.498 | 14.349 | 21.835 | 28.357 |
| Veltufjármunir | 331.319 | 241.491 | 274.350 | 197.500 |
| Eignir samtals | 344.817 | 255.840 | 296.185 | 225.857 |
| Eigið fé | 330.617 | 247.340 | 226.185 | 194.052 |
| Skammtímaskuldir | 14.200 | 8.500 | 70.000 | 31.805 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 255.840 | 296.185 | 225.857 |

## Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs er m.a. að eiga og reka Kirkjur, kirkjujarðir og prestssetur. Kirkjuráð greiðir kostnað við Kirkjuþing, Kirkjuráð, Prestastefnu, Biskupsgarð, fjölskylduþjónustu, starfsþjálfun guðfræðikandídata og ýmis önnur verkefni. Framlag úr ríkissjóði til Kirkjumálasjóðs eru 14,3% af sóknargjöldum. Aðrar tekjur eru m.a. húsaleigutekjur og aðrar leigutekjur. Fasteignir og jarðir Kirkjumálasjóðs eru endurmetnar og færðar á fasteignamati í efnahagsreikningi nema Skálholtskirkja er færð á brunabótamati. Halli var á rekstri Kirkjumálasjóðs á árinu 2016 eins og árið áður en hann stafar að stórum hluta vegna lækkunar á tekjum. Rekstur Biskupsstofu var bókfærður hjá Kirkjumálasjóði árið 2015 og tekjur vegna kostnaðarhlutdeildar og önnur framlög voru því tekjufærð hjá Kirkjumálasjóði en er hluti af tekjum Biskupsstofu nú. Rekstrarhalli ársins nemur nánast sömu fjárhæð og hækkun endurmats fasteigna ársins, þess vegna er lítil breyting á stöðu eigin fjár á milli ára þrátt fyrir rekstrarhalla. Eigið fé sjóðsins er jákvætt og nemur 3.180 millj. kr.

| **Kirkjumálasjóður** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | |
| Tekjur | 74.504 | 243.714 | 259.998 | 321.044 |
| Framlag úr ríkissjóði | 288.793 | 269.878 | 246.423 | 238.929 |
| Gjöld | -472.277 | -518.069 | -620659 | -536.633 |
| Fjármagnsgjöld | -37.166 | -20.156 | -11.765 | -29.490 |
| Rekstrarhalli | -146.146 | -24.633 | -126.003 | -6.150 |
| **Efnahagur** | | | | |
| Fastafjármunir | 3.413.835 | 3.283.809 | 3.135.027 | 3.183.433 |
| Veltufjármunir | 151.761 | 224.349 | 188.968 | 152.709 |
| Eignir samtals | 3.565.596 | 3.508.158 | 3.323.995 | 3.336.142 |
| Eigið fé | 3.180.071 | 3.179.270 | 2.955.797 | 2.941.181 |
| Langtímaskuldir | 268.946 | 287.515 | 302.358 | 315.628 |
| Skammtímaskuldir | 116.579 | 41.373 | 65.840 | 79.333 |
| Eigið fé og skuldir alls | 3.565.596 | 3.508.158 | 3.323.995 | 3.336.142 |

# Störf kirkjuráðs

**Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri**

## Inngangur

Biskup Íslands, er forseti kirkjuráðs að lögum. Í ráðinu sitja auk hans fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar með prestvígslu. Kjörtímabil kirkjuráðs er fjögur ár. Starfandi kirkjuráð var kjörið á kirkjuþingi 2014 og kjörtímabili þess lýkur á næsta ári. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur; sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur; Stefán Magnússon bóndi og Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur. Varamenn í kirkjuráði eru sr. Gísli Jónasson, prófastur; sr. Geir Waage, sóknarprestur; Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóri og Drífa Hjartardóttir bóndi. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar kirkjuþingsmálefni eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði tvisvar á ári. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru rædd.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs framfylgir ákvörðunum ráðsins og sinnir stjórnsýslu á vegum þess. Um störf kirkjuráðs fer eftir lögum nr. 78/1997 og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 með síðari breytingum. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings, undirbýr þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð og ráðgjöf. Kirkjuráð annast framkvæmd ákvarðana þingsins. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð er stjórn kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna. Kirkjuráð úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna samkvæmt fjárhagsáætlunum sem kirkjuráð lætur gera, tekur fyrir og samþykkir og leggur fyrir kirkjuþing. Í fjármálaumsýslunni felst auk gerðar fjárhagsáætlana að gera fjárlagatillögur í samstarfi við ráðuneyti kirkjumála og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum þjóðkirkjunnar margháttaða ráðgjöf um fjármál.

## Starfsfólk

Oddur Einarsson var ráðinn framkvæmdastjóri kirkjuráðs á 257. fundi ráðsins hinn 29. nóvember 2016 en hann hafði verið ráðinn tímabundið til að sinna starfsskyldum framkvæmdastjóra á 253. fundi hinn 16. ágúst. Oddur er guðfræðingur og hefur MPA meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Hann starfaði áður í innanríkisráðuneytinu og er fyrrum sóknarprestur. Auk hans eru starfsmenn kirkjuráðs Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, ritari kirkjuráðs; Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnisstjóri fasteignasviðs og Skúli Guðmundsson hdl.

Skúli var ráðinn til starfa fyrir kirkjuráð hinn 1. mars 2017 og er lögfræðingur Kirkjumálasjóðs auk þess að starfa sem sérfræðingur kirkjuþings að undirbúningi kirkjuþingsmála og úrvinnslu samþykkta þingsins.

## Fundir kirkjuráðs

Kirkjuráð kom saman til 251. fundar hinn 14. júní 2016. og 265. fundar hinn 9. maí 2017. Alls hafði ráðið því fundað fimmtán sinnum á þessu tímabili en af þeim voru þrír aukafundir, þ.e. 255. fundur haldinn 23. september 2016, 261. fundur haldinn 24. febrúar 2017 og 263. fundur haldinn 30. mars 2017.

## Helstu verkefni kirkjuráðs á tímabilinu

### *Kirkjuþing 2016*

Reglulegt kirkjuþing, 54. kirkjuþing 2016, var haldið í Grensásskirkju og hófst hinn 5. nóvember 2016. Hinn 9. nóvember var því frestað og framhaldið 25. febrúar 2017. Alls voru 25 mál á dagskrá þingsins og 17 þeirra voru afgreidd frá því en afgreiðslu átta mála var vísað til framhaldsfundar og þá lagt var fram með afbrigðum eitt mál til viðbótar. Kirkjuráð lagði fram tvö mál, biskup Íslands flutti sex mál, forsætisnefnd eitt mál, löggjafarnefnd fjögur mál og kirkjuþing unga fólksins eitt mál. Þingmannamál voru sjö. Alls var 21 mál afgreitt á þinginu, tvö mál voru sameinuð, þrjú mál voru dregin til baka og eitt reyndist gallað og var ekki afgreitt frá kirkjuþingi 2016. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

### *Aukakirkjuþing 2017*

Á 262. fundi kirkjuráðs hinn 14. mars 2017 var upplýst að á afgreiðslu 15. máls kirkjuþings 2016 sem varðaði tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011 hefðu verið ágallar sem væru þess eðlis að starfsreglurnar væri ekki unnt að birta nema kirkjuþing kæmi saman til að afgreiða þær að nýju. Fundurinn ályktaði að framhald málsins væri í höndum forseta kirkjuþings og forsætisnefndar þingsins. Niðurstaða þessara aðila var sú að kalla saman aukakirkjuþing hinn 30. mars 2017 og taka þar starfsreglurnar til afgreiðslu. Að því loknu voru hinar nýju starfsreglur birtar í Stjórnartíðindum.

### *Kirkjujarðasamkomulagið*

Framlög á grundvelli Kirkjujarðasamkomulagsins skulu nema fjárhæð sem svarar til launa biskups Íslands og vígslubiskupa, launa 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar eins og þau eru ákveðin af kjararáði og launa 18 starfsmanna biskupsembættisins. Kirkjujarðasamkomulagið er einkaréttarlegur samningur og framlögin því samningsbundin. Þau eru reiknuð út í reiknilíkani sem á sér uppruna í samningnum frá 1998 þar sem þau eru ákvörðuð. Reiknilíkan þetta er árlega uppfært samkvæmt ákvæðum samningsins. Uppfærslan

er gerð sameiginlega af embættismönnum biskupsstofu, ráðuneytis kirkjumála og fjármála. Niðurstaða hennar er síðan færð inn í drög að frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Við undirbúning gildandi fjárlaga gaf uppfærsla reiknilíkansins þá niðurstöðu að framlög til fjárlagaliðarins skyldu vera 2.250,5 m.kr. Þau höfðu verið 1.660,6 m.kr. í fjárlögum 2016 og þau skyldu því hækka um 589,9 m.kr. Þrátt fyrir þetta gerði fjármála- og efnahagsráðherra aðeins tillögu um 92,5 m.kr. verðlagshækkun liðarins. Með því myndaðist þannig skuld ríkissjóðs við hann að fjárhæð 497,4 m.kr.

### *Sóknargjöld til þjóðkirkjusafnaða*

Liðurinn hét áður sóknargjöld til þjóðkirkjunnar og var fjárlagaviðfang. Auk hans var fjárlagaviðfangið sóknargjöld til annarra trúfélaga. Þau voru sameinuð með gildandi fjárlögum. Um framlögin segir í 3. t.l. 1. mgr. 2. gr. laganna að á árinu 1998 og síðar ákvarðist gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári. Í 1. t.l. sagði að á árinu 1997 skyldi gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði. Allt til ársins 2009 var sóknargjaldið þannig reiknað og reyndist það ár vera 925 kr. út frá meðaltekjuskattsstofni sem var 3.295.489 kr. Árið 2017 var sama viðmiðun meðaltekjuskattsstofns 4.458.683 kr. og sóknargjaldið því 1.251,5 kr. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár Íslands um fjölda gjaldenda sóknargjalda er áætlað að þeir verði 225.504 talsins. Gangi sú áætlun eftir verða innheimt sóknargjöld á yfirstandandi ári 3.386,6 m.kr. Á síðasta ári skilaði ríkissjóður af innheimtufénu 2.453,8 m.kr. í gegn um framlög fjárlaga þess árs. Framlög gildandi fjárlaga hefðu því þurft að hækka um 932,8 m.kr. og þar af um 792,1 m.kr. til þjóðkirkjunnar. Þrátt fyrir þetta gerði fjármála- og efnahagsráðherra aðeins tillögu um 60,2 m.kr. verðlagshækkun. Með því myndaðist þannig skuld ríkissjóðs að fjárhæð 872,6 m.kr.

## Sjóðir kirkjunnar

### *Jöfnunarsjóður sókna*

II. kafli laga um sóknargjald o.fl. hefur að geyma ákvæði um Jöfnunarsjóð sókna. Þá gilda um sjóðinn reglugerðir nr. 206/1991 og nr. 865/2001 með síðari breytingum. Í 5. gr. laganna segir að ríkissjóði beri að skila af tekjuskatti gjaldi sem nemi 18,5% af gjöldum sem renna til þjóðkirkjusafnaða í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Kirkjuráð fer með stjórn sjóðsins. Svo sem áður er komið fram þurftu framlög til þjóðkirkjunnar vegna innheimtu sóknargjalda að hækka um 792,1 m.kr. Framlög til Jöfnunarsjóðs sókna þurfa því að hækka um 146,5 m.kr. Þau voru í fjárlögum síðasta árs 385,5 m.kr. og þurfa því að hækka í 532 m.kr. Þrátt fyrir þetta gerði fjármála- og efnahagsráðherra aðeins tillögu um 9,5 m.kr. verðlagshækkun á framlögum til sjóðsins. Framlög gildandi fjárlaga eru því 395 m.kr. og með þessu myndaðist því skuld ríkissjóðs við sjóðinn að fjárhæð 137 m.kr.

### *Kristnisjóður*

Um sjóðinn gilda lög nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. með síðari breytingum. Í 23. gr. laganna segir að kirkjuráð fari með stjórn sjóðsins. Kirkjuráð skuli árlega semja fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og skal hún samþykkt af ráðuneytinu. Sjóðurinn var áður sérstakur fjárlagaliður en

var gerður að fjárlagaviðfangi með gildandi fjárlögum. Framlag til Kristnisjóðs skal svara til árslauna 15 fastra presta í fámennustu prestaköllunum samkvæmt úrskurði kjararáðs. Framlag fjárlaga 2016 var 71,4 m.kr. Uppfærsla reiknilíkansins leiddi í ljós að það skyldi vera 129,5 m.kr., það þyrfti því að hækka um 58,1 m.kr. Þrátt fyrir þetta gerði fjármálaráðherra aðeins tillögu um 1,9 m.kr. verðlagshækkun. Framlag gildandi fjárlaga er því 73,3 m.kr. og með þessu myndaðist þannig skuld ríkissjóðs við hann að fjárhæð 56,2 m.kr.

### *Kirkjumálasjóður*

Um sjóðinn gilda lög nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð með síðari breytingum. Í 2. gr. laganna segir að ríkissjóði beri að skila sjóðnum árlega af tekjuskatti gjaldi sem nemi 11,3% af gjöldum sem renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld. Þá er í samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um prestsetur og afhendingu þeirra frá 20. okt. 2006 kveðið á um 3% hækkun þessa framlags þannig að það verður 14,3%. Í 5. gr. laganna segir að kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hafi á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs og beri ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semji árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er skal kynnt ráðuneytinu fyrir lok maímánaðar ár hvert. Svo sem áður er komið fram þurftu framlög til þjóðkirkjunnar vegna innheimtu sóknargjalda að hækka um 792,1 m.kr. Framlög til kirkjumálasjóðs þurfa því að hækka um 113,3 m.kr. Þau voru í fjárlögum síðasta árs 298 m.kr. og þurfa því að hækka í 411,3 m.kr. Þrátt fyrir þetta gerði fjármála- og efnahagsráðherra aðeins tillögu um 7,3 m.kr. verðlagshækkun á framlögum til sjóðsins. Framlög til sjóðsins eru því 305 m.kr. með gildandi fjárlögum og þannig myndaðist skuld ríkissjóðs við sjóðinn að fjárhæð 106 m.kr.

## Fjárhagsáætlanir 2017

Kirkjuráð afgreiddi fjárhagsáætlanir biskupsstofu og sjóða og stofnana kirkjunnar á 258. fundi sínum hinn 13. desember 2016. Áætlun biskupsstofu gerði ráð fyrir að rekstrarafgangur ársins yrði 108,5 m.kr. eða 4,6% af veltu ársins. Áætlun Jöfnunarsjóðs sókna gerði ráð fyrir 66,8 m.kr. rekstrarafgangi eða 16,9% af veltu, áætlun Kristnisjóðs gerði ráð fyrir að rekstrarafgangur yrði 8,1 m.kr. eða 6,6% af veltu, áætlun Kirkjumálasjóðs og Tónskóla þjóðkirkjunnar gerði ráð fyrir jöfnuði í rekstri.

## Viðhald eigna kirkjunnar

Í árslok 2015 voru fasteignir í eigu sókna þjóðkirkjunnar 31,2 milljarðar króna að brunabótamati. Árleg viðhaldsþörf fasteigna er almennt talin vera á bilinu 1,5-2% af brunabótamati. Sé miðað við 1,75% fæst sú niðurstaða að uppsöfnuð ófullnægð viðhaldsþörf áranna 2010 til 2015 sé orðin liðlega 1,9 milljarðar króna á meðalverðlagi ársins 2015.

## Kirkjuhúsið Laugavegi 31

Á 259. fundi sínum hinn 17. janúar 2017 samþykkti kirkjuráð að setja fasteignina Laugaveg 31 í sölumeðferð. Málið var umdeilt og kynning fasteignasala á húsinu vakti mikla athygli á markaðnum en á 261. fundi var ákveðið að taka engu tilboði í húsið á þeirri forsendu að þau uppfylltu ekki væntingar sem lagt var upp með varðandi söluna.

## Skálholt

Málefni Skálholts var á dagskrá alls níu af tólf reglulegum fundum kirkjuráðs á tímabilinu frá júní 2016 til maí 2017. Þetta voru eftirtalin mál: Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, húsnæðismál vígslubiskups, málefni Skálholtsbúsins, málefni Skálholtsskóla, vígslubiskupskjör, deiliskipulag Skálholtsjarðarinnar, fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar, fjármögnun uppbyggingar í Skálholti, málefni bókasafns Skálholtsstaðar, staðfesting landamerkja við nágrannajarðir, endurnýjun skógræktarsamnings og aðkeypt ráðgjöf vegna uppbyggingaráætlana í Skálholti.



# Starfið á árinu

## Þjónustusvið Biskupsstofu

## Fræðslumál

**Elín Elísabet Jóhannsdóttir, fræðslufulltrúi á þjónustusviði**

### Starfsmannamál

#### *Nýtt fermingarefni*

Gert var nýtt og viðamikið námsefni fyrir fermingarfræðsluna. Efnið er unnið út frá kenningum og kennslufræði jákvæðrar sálfræði sem er fræðigrein um vellíðan og velferð en undirrituð sat á skólabekk í fullu námi í þeim fræðum ásamt fullri vinnu veturinn sem leið. Námið var mjög hagnýtt og varð til þess að þetta efni gat orðið til með öllum sínum nýstárlegu kennslufræðilegu og sálfræðilegu nálgunum. Með þessu nýja efni færir þjóðkirkjan unglingum og fjölskyldum þeirra tæki í hendur til þess að efla lífsgæði sín og annarra. Efnið er afar hagnýtt og er til þess fallið að draga úr spennu og kvíða og auka tengsl og félagsfærni. Þessum færniþáttum er fléttað inn í trúfræðsluna þannig að tekið er á öllum þáttum fermingarfræðslunnar. Í efninu er auk þess mikil áhersla lögð á kristinfræði þ.e. biblíusöguþekkingu og er fermingarbörnum afhent tæki sem hjálpa þeim að lesa á milli línanna í biblíusögunum. Efnið samanstendur af námskassa sem fullur er af námsspjöldum og verkefnaheftinu AHA! Efnið getur staðið eitt og sér eða verið notað með Con Dios, fermingarfræðsla.is eða öðru því efni sem prestar og aðrir fermingarfræðarar vilja nota. Efnið var gefið út af Skálholtsútgáfu og sá Sigrún Hanna Ómarsdóttir um umbrot, teikningar og hönnun.

Haldin voru námskeið víða um land í maí 2017 en þá var efnið ennþá í mótun og fengu prestar tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum að í efninu. Efninu hefur verið vel tekið og ætla fjölmargar kirkjur að nota það strax nú í haust.

Efnið má vel nýta fyrir eldri aldurshópa og í æskulýðsstarf en þá er mikilvægt að fræðarar hafi fengið námskeið og hafi aldur og þroska til að kenna það. Sé efnið notað í öðru samhengi en í fermingarfræðslunni þarf að gera það í samráði við prestinn.

#### *Auglýsingabæklingur*

Auglýsingabæklingur þar sem fermingarstörfin voru kynnt voru send öllum væntanlegum fermingarbörnum í upphafi maímánaðar. Þetta sami bæklingur og sendur var út í fyrra en svolítið endurskoðaður. Auglýsingamyndbandinu Þitt er valið var dreift á vefmiðlum.
Námskeið voru haldin í maí á eftirfarandi stöðum:
Seljakirkja
Hafnarfjarðarkirkja

Glerárkirkja
Safnaðarheimilið á Hellu
Safnaðarheimilið Reyðarfirði
Þann 10. ágúst var svo haldið námskeið í Lindakirkju fyrir þá presta sem misstu af. Ráðgert er að halda námskeið í þeim prófastsdæmum sem eftir standa og hafa upprifjunarnámskeið þar sem þess er óskað.

***Tekinn var saman heildarfjöldi fermingarbarna og er sú tölfræði látin fylgja hér með:***

***Fjöldi fermingarbarna 2017***

| | |
|---|---|
| Reykjavík eystra | 886 |
| Reykjavík vestra | 497 |
| Kjalarnessprófastsdæmi | 717 |
| Vesturlandsprófastsdæmi | 192 |
| Vestfjarðaprófastsdæmi | 67 |
| Suðurprófastsdæmi | 303 |
| Húnavatns- og Skagafjarðar | 76 |
| Eyjafjarðar- og Þingeyjarpr | 349 |
| Austurlandsprófastsdæmi | 150 |
| Sérþjónustuprestar | 17 |
| Börn sem fermast í vor á vegum þjóðkirkjunnar | 3254 |
| Börn í árganginum búsett á Íslandi: | 4266 |
| Börn í árganginum sem skráð eru í þjóðkirkjuna: | 3308 |
| Hlutfall barna sem búsett eru á Íslandi og fermast í þjóðkirkjunni vorið 2017 | 76% |

Auk þess er algengt að íslensk börn sem búsett eru í útlöndum komi heim að sumri til og láti ferma sig. Þær fermingar eru ekki inni í þessum tölum.

***Eftirfarandi tölur voru sendar á fjölmiðla að beiðni RÚV vorið 2017***

Af árganginum 2002 sem fermdist í fyrra voru 4173 börn búsett á Íslandi. Af þeim voru 3103 sem fermdust hjá þjóðkirkjunni eða 75% barnanna.
Af árganginum 2003 sem fermist nú í vor eru 4266 börn búsett á Íslandi. Af þeim fermast 3254 börn hjá þjóðkirkjunni eða 76% barna sem er 1% aukning frá því í fyrra.

## Barnastarfið

### *Sunnudagaskólinn: Í sjöunda himni*

Sunnudagaskólaefni vetrarins var samið að sr. Guðmundi Karli Brynjarssyni. Yfirskrift þess var sú sama og undanfarin ár: Í sjöunda himni. Þar var áherslan lögð á hlutbundna kennslu og ný sunnudagaskólabrúða, Vaka skjaldbaka, leit dagsins ljós. Gerðir voru nýir þættir um Nebba og tengdust þeir inntaki biblíusögu dagsins með einum eða öðrum hætti. Eldri þættir um Nebba voru notaðir auk þess sem eldri þættir um Tófu voru einnig sýndir. Höfundar þessara þátta eru auk Guðmundar, Þorleifur Einarsson og sr. Guðni Már Harðarson.

Úthendið var hannað og myndskreytt af myndlistakonunni Sigrúnu Hönnu Ómarsdóttur.

*Nemó í biblíusögunum*

Sr. Jóhanna Gísladóttir samdi efni fyrir 6-9 ára starf þar sem teiknimyndin um Nemó var tengd við ýmsar biblíusögur. Efnið fór inn á efnisveituna.

Haldin voru námskeið víða um land að hausti til þess að kynna barnaefnið og voru þau námskeið víðast ágætlega sótt.

## Lútersárið

### *Æskulýðsdagurinn*

Fræðslusviðið tók þátt í Lútersárinu eftirfarandi hætti:
Æskulýðsdagur þjóðkirkjunnar var helgaður siðbótinni. Þær sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Margrét Rós Harðardóttir sömdu efni fyrir þann dag.

### *Fræðsluefni með söngleik*

Ragnhildur Ásgeirsdóttir samdi söngleik um Lúter og Kristín Þórunn samdi fræðsluefni með honum. Að textagerð söngleiksins komu einnig sr. Guðmundur Guðmundsson, sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson og Guðlaugur Gunnarsson. Efnið er ætlað 6-12 ára börnum.

## Efnisveitan

Útbúinn var sérstakur myndbandavefur fyrir efnisveitunna en honum er ætlað að hýsa öll myndbönd barnastarfsins. Til að standa straum að kostnaði við myndbandagerðina þurfi að selja áskrift inn á vefinn. Nú hefur hins vegar fengist full fjárveiting fyrir myndbandagerð næsta vetrar og verður því aðgangurinn ókeypis og með sama lykilorði og efnisveitan.

Efnisveitan er sístætt verkefni sem er fyrir löngu búið að sanna notagildi sitt fyrir fræðslu- og safnaðarstarf.

## Barnatrú.is

Vefurinn var uppfærður og útlit hans lagað. Eitthvað var um nýtt efni sem sett var þangað inn.

## Haustnámskeiðin

Að venju voru haldin námskeið í upphafi vetrarstarfsins. Í Reykjavík voru námskeiðin fjölbreyttari. Að því leyti til að þar var ekki einungis boðið upp á námskeið í barnastarfi heldur einnig í unglingastarfi og fyrir fullorðið fólk. Þau námskeið voru haldin í Langholtskirkju.

Barnastarfsnámskeið voru haldin á eftirfarandi stöðum og ágætlega sótt á þeim flestum:
Í Vindáshlíð; íslensku söfnuðirnir á Norðurlöndunum; í Stykkishólmi; á Ísafirði; á Akureyri; í Skálholti; á Reyðarfirði; á Löngumýri og í Borgarnesi.

## Fræðslufulltrúafundur

Árlegur fræðslufulltrúafundur var haldinn þann 10. maí í Seljakirkju. Hann var ágætlega sóttur

af fulltrúum flestra prófastsdæma. Efni fundarins voru kynningarmál þjóðkirkjunnar en Jón Þorvaldsson hjá Efli sá um kynninguna. Jónína Sif Eyþórsdóttir framkvæmdarstjóri ÆSKÞ flutti erindi um stöðu æskulýðsstarfsins á landinu og dró upp þá mynd að ekki væri nægur stuðningur við æskulýðsfélögin og það að æskulýðsfulltrúar séu orðnir svo fáir skipti sköpum. Hún hvetur þjóðkirkjuna til að spýta í lófana og styðja betur við þetta mikilvæga starf.

### Verklag í viðkvæmum aðstæðum

Unnið hefur verið að gerð fræðslumyndbanda fyrir starfsfólk kirkjunnar þar sem innleiddar verða samskiptareglur starfsfólks við safnaðarmeðlimi á öllum aldri og í ólíkum kringumstæðum. Þetta er mikið verk og krefst vandvirkni. Ráðgert var að myndböndin yrðu tilbúin nú í haust en nú er ljóst að einhver seinkun verður á þeim.

## *Kærleiksþjónustusvið*

**Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri**

**Magnea Sverrisdóttir, verkefnisstjóri**

### Inngangur

Verkefnisstjóri kærleiksþjónustu, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni óskaði eftir að minnka starfshlutfall sitt úr 100% í 70% frá 1. ágúst 2016 til og með 31. júlí 2017. Magnea Sverrisdóttir, djákni tók við verkefnum sem svara 30% stöðugildis. Þau eru kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd, EAPN og samvera á aðventu fyrir syrgjendur. Vegna veikinda var Ragnheiður fjarverandi í desember og mars.

Kirkjuráð veitti kr. 500 þúsund til sviðsins fyrir 2016 og 1.075.000 fyrir 2017. Til starfsþjálfunar djákna- og prestsefna voru veittar kr. 700 þúsund.

### Starfsþjálfun djáknaefna

Eins og undanfarin ár er starfsþjálfun djáknaefna stór hluti af starfi sviðsins. Haldið var áfram að vinna eftir samningi þeim sem gerður var 25. apríl 2014 milli biskups Íslands og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar (GTD) Háskóla Íslands. Samningurinn rennur út 2017 og var endurnýjaður 29. júní 2017. Stýrihópur hefur starfað og haldið tvo fundi. Í stýrihópnum eru fyrir hönd biskups sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og undirrituð. Fyrir hönd GTD dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor og deildarforseti og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor.

Starfsþjálfunin sem fer fram á vegum kirkjunnar var í hefðbundnu fari: upphafsviðtöl, viðtal við sálfræðing og tvö við biskup, persónuleikaprófið PAI (Personality Assessment Inventory), leiðtoganámskeið, kynning á stofnunum og starfi kirkjunnar, þjálfun úti á vettvangi, kyrrðardagar og í lokin matsviðtöl. Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi hjá

Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur unnu náið með verkefnisstjóra. Þá var mikið samstarf við sr. Þorvald Víðisson sem annast starfsþjálfun prestsefna auk sr. Irmu Sjafnar Óskarsdóttur. Mikilvægur hluti af starfsþjálfuninni fer fram úti á vettvangi, aðallega í söfnuðum, og vinna þar bæði prestar og djáknar við leiðsögn og þjálfun nema.

Í vetur voru níu djáknaefni í starfsþjálfun þar af einn sem er í Hvítasunnukirkjunni en samningur er milli hennar og þjóðkirkjunnar um slíka tilhögun. Fjórir djáknakandídatar luku starfsþjálfuninni með staðfestingu biskups á embættisgengi þeirra við athöfn í Dómkirkjunni 27. júní 2017. Þeir eru: Daníel Ágúst Gautason, Jóhanna María Eyjólfsdóttir, Rósa Ólöf Ólafíudóttir og Valdís Ólöf Jónsdóttir. Fimm nemendur halda áfram þjálfun næsta starfsár.

## Djáknavígslur

Helga Björk Jónsdóttir vígðist til djákna 25. september til Vídalínskirkju í Kjalarnesprófastsdæmi.

## Staða djákna

30. júní 2017 eru 22 starfandi djáknar í misháum starfshlutföllum. Því miður eru fá 100% stöðugildi og meirihluti þjónandi djákna eru konur. Þrír létu af störfum á árinu og enginn ráðinn í staðinn, 31. júlí munu tveir láta af störfum

*Í söfnuðum starfa 10 djáknar:*

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra: Áskirkja, Bústaðakirkja, djákni í Laugarneskirkju lét af störfum á árinu, enginn ráðinn í staðin.

Reykjavikurprófastsdæmi eystra: Árbæjarkirkja, (þar störfuðu tveir djáknar en annar hefur látið af störfum en enginn ráðinn í staðinn), Fella- og Hólakirkja, Kópavogskirkja, Lindakirkja.

Kjalarnesprófastsdæmi: Vídalínskirkja, Bessastaðakirkja.

Suðurprófastsdæmi: Þorlákshafnarprestakall.

Eyjafjarðarprófastsdæmi: Glerárkirkja.

*Á hjúkrunarheimilum starfa þrír djáknar:*

Höfða á Akranesi, Ísafold í Garðabæ, (hefur látið af störfum enginn ráðinn í staðinn), Mörk í Reykjavík, Sóltúni í Reykjavík, (einn lét af störfum en nýr hefur verið ráðinn í staðinn).

*Á eftirfarandi sjö stöðum starfar einn djákni:* Karítas, hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu, á heilsugæslustöðinni í Lágmúla, á Landspítalanum, við vinaleið í Lágafellsskóla, í Reykjavíkurprófastsdæmum, hjá Biblíufélaginu (lætur af störfum 31. júlí). Einn starfar á biskupsstofu, (annar var ráðinn tímabundið en lætur af störfum 31. júlí).

Alls hafa 56 verið vígðir til djáknaþjónustu en 38 starfa ekki sem djáknar í dag. Af þessum eru 12 komnir á eftirlaun, einn er látinn, tveir hafa gerst prestar og fjórir eru búsettir erlendis en tveir starfa sem djáknar. Alls eru 14 djáknar án djáknastöðu sem búsettir eru hér á landi. Djáknakandídatar eru fjölmargir og vilja gjarnan þjóna sem djáknar. Djáknar og djáknakandídatar leita til verkefnisstjóra eftir ráðgjöf og stuðningi sem er fúslega veitt.

## Nefndir og félög

Magnea Sverrisdóttir sat í *Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd* og undirrituð í *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar*. Ellimálanefnd vann að útgáfu lífslokaskrár sem heitir „Val mitt við lífslok". Nokkrar athugasemdir bárust við henni sem reynt hefur verið að bregðast við.

Kærleiksþjónustan skilar skýrslum til ársfundar Samkirkjunefndar um þau erlendu tengsl sem hún er í. Þá er tekið þátt í alþjóðlegri bænaviku í janúar á hverju ári.

Biskupsstofa er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands og er undirrituð aðalfulltrúi og sat í framkvæmdastjórn frá 2016-2017 en gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í henni á aðalfundi 2017. Varafulltrúi er Arnór Bjarki Blomsterberg, guðfræðingur.

## Námskeið og samverur

Árlegt haustnámskeið til undirbúnings starfsfólks fyrir vetrarstarfið var haldið í Langholtskirkju 31. september. Þema þess var fullorðinsstarf í söfnuðum: *Kveikjur fyrir kirkjustarf*. Á dagskránni komu fyrirlesarar með stutt innlegg með það markmið að „kveikja" hugmyndir sem hægt væri að halda áfram að vinna með heima í söfnuðunum. Nýja sálmabókin var kynnt, Lútersárið 2017, störf Lúterska heimssambandsins, Hjálparstarf kirkjunnar, flóttafólk og kirkjan, kyrrðarbæn, Skálholtsskóli, Vinavoðir, Starf meðal yngri og eldri, eldriborgarar, umhverfismál í söfnuðum og sorgarhópar.

Samvera fyrir syrgjendur var haldin í desember eins og undanfarin ár en það er samstarfsverkefni LSH, þjóðkirkjunnar og Nýrrar dögunar. Samveran var í Grafarvogskirkju. Hún er ævinlega vel sótt og að þessu sinni voru um 350 þátttakendur.

## Símenntun

Tekið var þátt ráðstefnu á vegum *Áhugafélags um Guðfræðiráðstefnur* 2.-3. september 2016. Rob Bell prestur frá Bandaríkjunum hélt fyrirlestur en hann hefur fjallað mikið um hvernig viðhorf okkar til Guðs sé á þessum breyttu tímum. Þá var mjög gagnlegt að lesa bók hans: „Það sem við tölum um þegar við tölum um Guð".

Einnig var tekið þátt í ráðstefnu á vegum Guðbrandsstofnunar á Hólum um „Hvernig metum við hið ómetanlega?"

Kyrrðardagar eru ómetanlegir til andlegrar uppbyggingar og undirrituð sækir slíka reglulega.

## Erlend samskipti

Eurodiaconia hélt aðalfund 2016 í Utrecht í Hollandi 8.-10. júní og bauð einnig upp á vettvangsferðir og fyrirlestra. Í samtökunum eru nú 43 samtök og kirkjur í 22 löndum Evrópulöndum. Þau eru opin öllum kirkjudeildum. Fulltrúar þjóðkirkjunnar voru sr. Hulda Hrönn Helgadóttir og Ragnheiður Sverrisdóttir.

Á aðalfundi þeirra var yfirskriftin gestrisni (hospitality) og var ályktun samþykkt út frá henni. Almennt sýnir fólk hvert öðru vináttu og gestrisni og það er mikilvægt. Hins vegar er líka mikilvægt að vera gestrisin gagnvart þeim sem við þekkjum lítið og jafnvel ekkert. Átt er við



Forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni afhent mynd þar sem
fátækt á Íslandi er séð í augum átta ára barns í tilefni alþjóðabaráttudags gegn fátækt 17. okóber 2016

fólk í margvíslegri neyð. Bæði félög og hið opinbera eru hvött til að vera opin gagnvart fólki sem er útskúfað eða fær ekki að vera virkir þátttakendur í daglegu lífi venjulegra borgara eða eru á flótta. Svo segir: „Við munum halda áfram kærleiksstarfi sem er byggt á kristinni trú og innblásin af fordæmi Krists sem byggist á þremur atriðum: talsmannshlutverkinu (advocacy), félagslegum störfum og kærleika." Gestrisni er eitt af grundvallaratriðum kærleiksþjónustunnar.

Það er ómetanlegt að geta verið í samstarfi við aðrar kirkjur og samtök til að efla eigið starf og læra af öðrum. Það stuðlar bæði að endurnýjun í starfi og veitir uppörvun. Því er miðlað með starfinu á heimavelli. Þá er uppbyggilegt að eiga samfélag í trúnni með öðrum sem eru bæði lík og ólík okkur.

Biskupsstofa er aðili að *European Anti-Poverty Network* gegnum íslensku samtökin *EAPN á Íslandi – samtökum gegn fátækt* og situr Magnea Sverrisdóttir nú í stjórn. Í stjórn samtakanna eiga fulltrúar frá eftirfarandi samtökum sæti: Félagi einstæðra foreldra, Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum á Íslandi, Samhjálp, Sjálfsbjörgu Landssambandi fatlaðra og Öryrkjabandalagi Íslands. Samtökin leggja áherslu á að fátækt fólk tali sjálft máli sínu, séu í stjórn og taki þátt í námskeiðum Evrópusamtakanna sem heita *People Experiencing Poverty* (PEP). Samtökin hafa staðið fyrir fjölmörgum uppákomum síðasta vetur. EAPN tók þátt í fundi fólksins. Á alþjóðadegi fátæktar 17. október var haldið málþing um mataraðstoð á Grand hótel og var það mjög vel sótt að fulltrúum hins opinbera og félagasamtökum sem lifa og starfa innan þessa málaflokks. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson bauð fulltrúum EAPN á Íslandi á Bessastaði þar sem honum var kynnt starfsemi félagsins og afhent verðlaunamynd úr myndasamkeppni sem haldin var í nokkrum skólum í Reykjavik þar sem börnin áttu að teikna fátækt á Íslandi í dag. Þann 23. febrúar afhenti EAPN *Fjölmiðlaverðlaun götunnar* við formlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni og var blaða- frétta- og dagskrárgerðarfólki, alls ellefu manns, veitt

viðurkenning fyrir framlög sín til málefnalegrar umfjöllunar um fátækt á Íslandi á árinu 2016. Heiðursverðlaunin hlaut Alda Lóa Leifsdóttir fyrir ljósmyndun í umfjöllunum Fréttatímans um fátækt, ásamt því að fá viðurkenningu fyrir greinina „Vildi að ég gæti boðið börnunum í mat". EAPN á Íslandi er virkur aðili í EAPN í Evrópu og nú er að hefjast verkefni þar sem athyglinni verður beint að konum og fátækt. Hver er staða kvenna sem glíma við fátækt í Evrópu og þá sérstaklega staða einstæðra kvenna með börn og hvernig er hægt að aðstoða þær að komast út úr vítahring fátæktar? EAPN í Evrópu eru stærstu regnhlífarsamtök um fátækt og eru þau markvisst að reyna að hafa áhrif á viðmiðanir, lög og reglugerðir Evrópusambandsins um fátækt.

## Stofnanir og sérþjónusta kirkjunnar

Reglulegar morgunsamverur voru haldnar með Hjálparstarfinu, Fjölskylduþjónustunni og sérþjónustuprestum sem ráðnir eru af kirkjunni (þ.e. ekki stofnunum eins og sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum). Samverurnar eru ávallt gagnlegar og upplýsingum um starfið er miðlað og hugmyndir ræddar.

## Guðsþjónustur í Kolaportinu

Í áraraðir hefur verkefnisstjóri annast helgihald í Kolaportinu einu sinni í mánuði. Þar þjóna prestar Dómkirkjunnar og ýmsir aðrir prestar og djáknar. Náin kynni hafa orðið við „söfnuðinn" en það er gjarnan sama fólkið sem kemur aftur og aftur. Sennilega mundu fáir sem taka þátt í þessum guðsþjónustum fara í venjulega guðsþjónustu. Burðarásinn í þessu starfi er tónlistarmaðurinn Þorvaldur Halldórsson og kona hans Margrét Scheving. Það er dýrmætt að fara út á vettvang þar sem mikið af vinnu verkefnisstjóra er unnin við skrifborð.

## Lokaorð

Um nokkurn tíma hefur ekki verið starfandi húsmóðir á biskupsstofu sem hefur orðið til að starfsmenn þurfa að vinna ýmis störf sem tilheyra slíkum starfsmanni. Það hefur haft mikil áhrif á vellíðan starfsmanna í húsinu.

Það er mikilvægt að efla kærleiksþjónustu safnaðanna svo kirkjan sé trúverðug og trú boðskap sínum að elska Guð og náungann. Eðlilegt framhald guðsþjónustunnar er að þjóna náunganum.

# *Fjölskylduþjónusta kirkjunnar*

**Elísabet Berta Bjarnadóttir, forstöðumaður**

## Forsagan

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar byrjaði smátt haustið 1991, en tók formlega til starfa í ársbyrjun 1992. Helstu hvatamenn að þessu brautryðjendastarfi voru auk Karls Sigurbjörnssonar, þeir Þorvaldur Karl Helgason, Jakob Ágúst Hjámarsson, Tómas Sveinson og fleiri. Þegar Kirkjumálasjóður er settur á laggirnar 1993, stendur ákvæði þar um hlutverk sjóðsins, að hann eigi m.a. að standa straum að kostnaði við ráðgjöf í fjölskyldumálum hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Mikilvægt er að á það sé minnt þegar hlutverk sjóðsins er til umfjöllunar á kirkjulegum vettvangi.

## Fyrirmynd

Fyrirmynd að Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er að miklu leyti sótt til norrænu kirkjulegu meðferðarstöðvanna, sem eiga sér langa sögu að baki hvað fjölskyldumeðferð varðar. Í Finnlandi var slík stofnun fyrst sett á laggirnar 1944, í Noregi 1957 og eru þar nú 22 starfsstöðvar. Í Svíþjóð hófst fjölskylduráðgjöfin 1960 og eru þar einnig reknar kringum 20 starfsstöðvar. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar á Íslandi hefur lært fjölmargt af brautryðjendunum á hinum Norðurlöndunum og er í samstarfi við norrænu kirkjulegu handleiðarana og þingar með þeim á þriggja ára fresti varðandi símenntun í kirkjulegri handleiðslu presta, djákna, starfsfólks kirkna og safnaða.

## Starfsemin

Árið 2016 þáðu 46 starfsmenn kirkjunnar handleiðslu hjá Fjölskylduþjónustunni. Farið verður af stað með tvo nýja hópa í vetur, þar sem nokkrum hópum lýkur í árslok.

Þjónar kirkjunnar leita í handleiðslu af ýmsum orsökum, m.a. til að styrkja félagsleg tengsl sín við kollegana, skoða aðkomu sína í málum þeirra er til þeirra leita, samstarf sitt á vinnustað og í kirkjukerfinu í heild sinni, svo nokkuð sé nefnt. Einnig þurfa margir að skoða framvindu endurmenntunar sinnar og endurskipuleggja forgangsröðun í fjölskyldulífi og starfi.

Oft skapast ný vinátta og tengsl í handleiðsluhópunum sem auðveldar meðlimunum að leita hver til annars svo styrkt tengsl verða oftar en ekki jákvæð aukaverkun af handleiðslunni.

173 fjölskyldur leituðu til FÞK sl. ár. Tilefni þess að hjón, sambýlisfólk og fjölskyldur leiti eftir viðtölum er t.d yfirvofandi skilnaður, erfiðleikar við að tala saman, trúnaðarbrot af fjárhagslegum, tilfinningalegum eða kynferðislegum toga, sorg og missir, ágreiningur um umgengni eftir skilnað, veikindi jafnt líkamleg sem andleg, fjárhagsvandi og fátækt félagsnet, svo nokkuð sé nefnt.

Starfsmenn leitast við að mæta hverri og einni fjölskyldu þar sem hún er stödd með sín viðfangsefni í lífinu og styðja við uppbyggilega skoðun á úrræðum og endurbótum til þróunar svo hver og einn fjölskyldumeðlimur styrkist í þroska sínum.

### Fræðsla og nefndarstörf

Starfsfólkið tekur þátt í nefndum á vegum biskupsembættisins sé þess farið á leit og tekur að sér fyrirlestra á foreldramorgnum og í fermingarundirbúningi með foreldrum og fermingarbörnum eða á safnaðarkvöldum af öðru tagi, svo nokkuð sé nefnt.

### Framtíðarsýn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

Undanfarið ár hafa starfsmenn F.Þ.K. lagt áherslu á, að koma áleiðis þeim skilaboðum til áhrifamanna og kvenna innan kirkjustjórnarinnar, að huga þurfi að framhaldslífi Fjölskylduþjónustunnar, þar sem allir þrír núverandi starfsmenn hennar verða sjötugir eftir þrjú til þrjú og hálft ár. Nú er einungis einn starfsmaður í heilli stöðu, einn í 80% og einn í 45% stöðu.

Til að stöðugar samræður um mál, verkefni og framvindu þeirra geti stuðlað að aukinni þróun, samvinnu og gæðum, væri mikilvægt að þrír til fjórir starfsmenn væru í heilum starfshlutföllum, fleiri gætu komið að í minni starfshlutföllum sem stoðstarfsmenn yrði viðvarandi fjárskortur til starfseminnar.

Núverandi starfsmenn eru sammála um að mikilvægt sé að hlúa að áframhaldandi starfsemi sem fyrst. Allir þrír starfsmennirnir, tveir félagsráðgjafar og einn sálfræðingur eru með yfir 35 ára starfsreynslu af fjölskylduviðtölum, ýmis lengri og skemmri nám í fjölskyldumeðferð, sáttameðferð auk stöðugrar símenntunar á sviði fjölskyldumeðferðar og handleiðslu. Telja þeir því mikilvægt að þeir gætu þjálfað nýliða áður en þeir láta af störfum.

### Lokaorð

Sameiginlegt er með viðtalsmeðferðarfræðunum og handleiðslufræðunum, þótt í ólíku samhengi sé, að styðja við sjálfsskoðun á eigin samskiptum við aðra í nær og fjærumhverfi, hvort sem um er að ræða í eigin fjölskyldu eða í samstarfi, til að bera aukna ábyrgð á tilfinningum sínum og framkomu til framfara fyrir jafnt einstaklinginn sem hópinn.

Hornsteinn Fjölskylduþjónustunnar er að hver sem er geti leitað til hennar, með eða án tilvísunar og að hvorki stétt né staða eigi að hindra komu fólks hingað. Úrræðið er því einstakt á landsvísu. Þjónar kirkjunnar geta leitað fyrir sig einir eða með fjölskyldu sinni jafnt og aðrir og einnig komið í hóphandleiðslu jafnt sem einstaklingshandleiðslu.

## *Upplýsingatækni*

**Hermann Björn Erlingsson, verkefnastjóri upplýsingatæknimála**

Örvar Kárason hætti störfum hjá Biskupsstofu í byrjun mars 2016 og eru honum þökkuð góð störf í þágu upplýsingatæknimála hjá kirkjunni. Við starfi hans tók Hermann Björn Erlingsson kerfisstjóri sem starfað hefur við notendaumsjón og rekstur tölvukerfa af ýmsum stærðum hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr), Reiknistofu bankanna og Visa Ísland (Valitor).

Verkefnin á borði verkefnisstjóra upplýsingtækni hafa verið fjölmörg á s.l. ári og lúta flest að því að endurbæta verklag, einfalda ferla og samræma notkun tölvukerfa. Í kjölfar á nýjum reglum um val- og veitingu prestsembætta var ákveðið að gera umsóknar- og valferlið rafrænt. Vefkerfið rada.is frá Advania var tekið í notkun fyrir umsóknir um embætti og störf hjá Biskupsstofu. Rada.is var tengt inn á síðuna laus störf á kirkjan.is. Þar eru birtar auglýsingar um laus embætti og störf, á sama stað skila umsækjendur inn umsóknum inn í rada.is. Umsóknirnar eru síðan fluttar í skjala- og verkefnastjórnunarkerfið CoreData frá Azazo. Í CoreData kerfinu eru sérstök gagnasvæði fyrir notendur sem þurfa skammtíma aðgang að gögnum kerfisins. Umsóknum er deilt í þessi gagnasvæði úr kjarna CoreData og kjörnefndum gefinn aðgangur að þeim, eftir störf kjörnefndar eru þessi gagnasvæði tæmd og aðgangur felldur niður að svæðunum. Þessi nýja vinnuaðferð hefur gefist vel og er almenn ánægja með hana, sparast hafa fjöll að pappír og mikil vinnusparnaður að þurfa ekki að ljósrita umsóknir til kjörnefndar.

Sumarið 2016 var nýtt til að uppfæra stýrikerfi í tölvum starfsmanna Biskupsstofu úr Windows 7 í Windows 10 en í ágúst 2016 lauk fríu uppfærslu tímabili á nýja stýrikerfinu Windows 10 hjá Microsoft. Með þessari vinnu var bætt við minni í tölvurnar og annar hugbúnaður uppfærður. Að uppfærslum loknum tóku margar lasburða tölvur við sér og hresstust allar við nýtt stýrikerfi og minni. Windows 10 stýrikerfið er léttara í keyrslu á tölvum og verður þá eftir meira afl til keyrslu á notendaforritum. Tekin var sú stefna að allir starfsmenn hefðu tvo tölvuskjái á starfstöð sinni og lauk þeirri uppsetningu í janúar 2017.

Í mars 2017 hófst vinna við innleiðingu gæðakerfis hjá Biskupsstofu. Til að auðvelda upptöku kerfisins var keypt viðbótin Gæðakerfi í CoreData kerfið. Mjög mikilvægt er að hafa gott tölvukerfi til að halda utan um gæðakerfið og verkefni því tengdu. Eftir skoðun og samtöl við notendur gæðakerfa var ákveðið að kaupa þessa viðbót við CoreData kerfið.

Í framhaldi af ákvörðun að selja ekki Laugaveg 31, Kirkjuhúsið, var ráðist í endurbætur á búnaði í fundarsölum Biskupsstofu. Markmiðið var að koma upp hljóð og myndbúnaði til að auðvelda fjarfundi með Skype kerfinu. Keyptar voru nýjar tölvur, skjávarpar, hátalarar, myndavélar og Airmedia búnaður þar sem hægt er að tengjast skjávörpum á netinu og sleppa snúrum. Búnaður var keyptur hjá Nýherja og sáu þeir um uppsetningu hans. Þetta var gert í Stofu fundarsal á 3. hæð og fundarsal á 4. hæð, auk þess var keypt 49" sjónvarp og standur fyrir það og sett upp í Bókastofu á 4. hæð. Mikil ánægja var með þessar breytingar og sérstaklega í Bókastofunni en það vantaði lítið fundarherbergi með góðum skjá.

Skipt var um tölvu- símstöð hjá Biskupsstofu og tekin upp fjögurra stafa innanhúsnúmer í stað sjö. Við þessa breytingu var hægt að tengja gsm síma við skiptiborðið svo starfsmaður þess gæti farið um húsið og svarað símtölum í gsm símanum. Þessi uppfærsla var án kostnaðar og var hluti af þróun símstöðva hjá Nýherja.

Í lok mars 2017 var skrifstofukerfið Office uppfært og samræmt hjá notendum. Tekið var í notkun Office 2016 skýjalausn sem býður upp á mikla möguleika og hagræðingu vegna uppfærslna. Við þessa uppfærslu var póstkerfið fært úr eldra kerfa í Office 2016 skýjalausnina og gekk sú innleiðing vel og þau fáu vandamál sem upp komu voru leyst fljótt og vel. Þetta verk var unnið með Nýherja sem er okkar samstarfsaðili við rekstur notendakerfa.

Vefmál Biskupsstofu hafa verið í forgrunni veturinn 2016-2017 og mikið rætt og pælt hvað sé best að gera og fara með vefmál kirkjunnar.

Í janúar 2017 var svo farið í sérstaka endurskoðun á vefkerfum kirkjunnar með ráðgjafa frá

Advania. Afurðin úr þessu var skýrsla sem notuð var til að fá verðmat í smíði á nýjum ytri vef og nýjum innri vef, þjónustuvefnum. Megin markið miðið með nýjum vef er að fækka vefjum kirkjunnar og beina sjónum að kirkjan.is og vísa þaðan í sérvefi kirkjunnar. Vefir eins og tru.is verða felldir inn í kirkjan.is. Eftir störf almannatengslahóps kirkjunnar kom tillaga að nýjum vef leitandi.is og verður hann hluti af vefkerfi kirkjunnar.

Að lokum má geta þess að Biskupsstofa tók upp Facebook at work sem nú heitir Workplace. Það er lokuð Facebook síða fyrir starfsmenn Biskupsstofu og kemur í stað innranets. Innleiðing á Workplace er í fullum gangi og næsta vetur verður það ofið betur inn í starfsemina.

Þetta fyrsta starfsár mitt á Biskupsstofu hefur verið mjög ánægjulegt og mikið verið gert til að bæta og efla enn frekar upplýsingatæknina sem er í sífelldri þróun en byggir á góðum grunni.

## *Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga*

**Sr. María Ágústsdóttir, formaður**

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi varð til að frumkvæði íslensku þjóðkirkjunnar. Prestastefna 1977 á Eiðum óskaði eftir því við biskup „að hafa forgöngu um myndun samstarfsnefndar kristinna trúfélaga á Íslandi, sem verði vettvangur umræðna og samvinnu þeirra á milli“ (Tíminn 7. júlí 1977). Nefndin hóf störf sumarið 1979 og fyrsta alþjóðlega samkirkjulega bænavika fyrir einingu kristninnar var haldin hérlendis í janúar 1980. Hefur bænavikan verið helsta verkefni nefndarinnar frá upphafi en ýmiss konar samstarf og viðburðir hafa bæst við á liðnum árum.

Er óhætt að segja að samstarf kristinna trúfélaga hafi verið að eflast og styrkjast. Þann 1. nóvember 2016 varði formaður nefndarinnar, María Ágústsdóttir, doktorsritgerð sína í samkirkjulegri guðfræði frá Háskóla Íslands sem m.a. byggir á rannsókn á innlendu samstarfi. Í kjölfarið fylgdu margir fyrirlestrar á ýmsum vettvangi um samkirkjuleg tengsl á Íslandi sem m.a. hafa vakið athygli á starfi nefndarinnar.

### Nefndarfólk

Frá upphafi hefur þjóðkirkjan átt tvo fulltrúa í nefndinni, formann og ritara. Oftar en ekki hefur annar þessara aðila verið starfandi á biskupsstofu og er það mjög til hægðarauka fyrir starfsemina. Síðustu tvö ár hefur Sveinn Valgeirsson verið fulltrúi biskups í nefndinni. Við sæti hans tekur Arna Grétarsdóttir frá vori 2017. Formaður nefndarinnar frá 2002 er María Ágústsdóttir. Jakob Rolland hefur lengi verið fulltrúi rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og Eric Guðmundsson fyrir Aðventkirkjuna. Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu starfar Helgi Guðnason með nefndinni og Ingvi Kristinn Skjaldarson og Hjördís Kristinsdóttir skiptast á að sækja fundi fyrir hönd Hjálpræðishersins. Þessi fimm trúfélög sem nú hafa verið nefnd hafa verið með í nefndinni frá upphafi.

Fimm trúfélög hafa síðar bæst við. Fulltrúi Íslensku Kristskirkjunnar er Ólafur H. Knútsson, fulltrúi Óháða safnaðarins er Pétur Þorsteinsson, fulltrúi Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar er Timur Zolotuskiy og Magnús Gunnarsson er fyrir Betaníu. Vegna skipulagsbreytinga hefur Vegurinn ekki átt formlegan fulltrúa um skeið en fullur vilji er til áframhaldandi samstarfs.

## Fundir á starfsárinu

Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímann, tíu fundir frá september til og með maí, og skiptast fulltrúar á að bjóða fram fundaraðstöðu og veitingar. Meðal efnis funda haustsins 2016 var heimsókn fulltrúa frá Útlendingastofnun sem fræddi nefndarfólk um málefni hælisleitenda á desemberfundi í safnaðarheimili Háteigskirkju. Var það í kjölfar umræðu í nefndinni um hvernig bæta mætti þjónustu kirknanna á þessu sviði. Lokafundur starfsársins var haldinn í Hlíðardalsskóla í maí 2017 eins og oft áður þar sem tekið var á móti nefndarfólki með veglegum hádegisverði og góður tími gefinn til samtals og bænar. Á milli fastra funda eru mikil samskipti á milli nefndarfólks með tölvupósti og í gegn um síma.

## Alþjóðleg samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristninnar 2017

Efni bænaviku 2017 kom frá Wittenberg í Þýskalandi í tilefni af 500 ára minningu siðbótarinnar. Yfirskrift þess var: *Sáttargjörð – Kærleikur Krists knýr oss* (2Kor 5.14-20). Vikan var með svipuðu sniði sem fyrr og hófst í samkirkjulegri bænastund í Friðrikskapellu. Biskup Íslands bauð nefndinni ásamt mökum heim að lokinni bænastundinni. Var það vel metið af nefndarfólki sem og virk þátttaka biskups og fulltrúa biskupsstofu í viðburðum vikunnar sem urðu alls 17 í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Bænaganga var gengin á laugardagskvöldinu frá Hallgrímskirkju um Hlemm og að Fíladelfíu og stýrði sr. Gunnþór Ingason henni sem fyrr. Á fagnaðarsamkomu í Fíladelfíu sama kvöld talaði Ólafur H. Knútsson frá Íslensku Kristskirkjunni.

Guðsþjónustu var útvarpað frá Háteigskirkju 22. janúar og sóttu hana um 150 manns. Barnakór Ísaksskóla söng og Kvennakór Háskóla Íslands en Magnús Gunnarsson forstöðumaður Betaníu prédikaði. Þess má geta að fermingarbörn úr Háteigssöfnuði tóku virkan þátt í guðsþjónustunni. Til umfjöllunar á árlegu málþingi í tilefni bænaviku voru samskipti valdhafa og kirkju og var m.a. rætt um kristindómsfræðslu í skólum. Dr. Gunnar J. Gunnarsson og dr.dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson höfðu framsögu en fundarstjóri var Sigríður Schram, kennari. Urðu líflegar umræður, ekki síst um svokallaða tveggjaríkjakenningu sem ekki er jafn almenn sátt um og lúterskir vilja meina.

## Viðburðir í samstarfi við aðra

Ánægjuleg aukning á samstarfi við aðra aðila varð á starfsárinu. Viljayfirlýsing um samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar var undirrituð í júní 2016 um að safna fé í þágu barna af erlendum uppruna sem búa við kröpp kjör. Markmið samstarfsins er að stuðla að því að börnum efnalítilla foreldra af erlendum uppruna líði vel og taki virkan þátt í leik og starfi með jafnöldrum sínum. Kristin trúfélög vilja styrkja börnin til þátttöku í félags- og íþróttastarfi en félagsráðgjafar Hjálparstarfsins munu hafa umsjón með úthlutun styrkja. Frá þessu var greint í



Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga þáði heimboð biskups í bænaviku 2017

blaði Hjálparstarfs kirkjunnar, *Margt smátt*, í júní 2016 (2. tbl. 28. árg, bls. 13). Vilji einstaklingar eða söfnuðir styrkja þetta málefni er reikningur Hjálparstarfs kirkjunnar 0334-26-27, kt. 450670-0499, og skrifa skal SKT í skýringar.

Síðan árið 2010 hafa verið haldnar bænastundir fyrir Íslandi nánast árlega í samstarfi nefndarinnar og Friðrikskapelluhópsins á þjóðhátíðardaginn, oftast í Hallgrímskirkju en einnig í Dómkirkjunni. Árið 2016 fór bænastundin fram í Landakotskirkju og sá söngvarinn Svavar Knútur um að leiða almennan söng og fulltrúar margra kristinna trúfélaga lásu lestra og önnuðust bænagjörð. Var síðan haldið í hátíðarkaffi í Herkastalanum, í síðasta sinn þar, en Hjálpræðisherinn er nú með aðstöðu í Mjódd þar til reistar hafa verið nýjar aðalstöðvar í Mörkinni.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna árið 2017 var haldinn þann 3. mars víða um land, m.a. í Miðfirði, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Var efnið frá Filippseyjum. Ræðukona á bænasamkomu höfuðborgarsvæðisins í Háteigskirkju var Ragnhildur Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags og kór KFUK, Ljósbrot, söng undir hennar stjórn. Dagskránni var síðan útvarpað frá Seltjarnarneskirkju á skírdag, 13. apríl. Mikilvæg samvinna landsnefndar um alþjóðabænadag kvenna, Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga og Seltjarnarnessafnaðar um útvarpsguðsþjónustu á skírdagsmorgun undanfarin ár er hér þökkuð heilshugar.

Málþing í samvinnu við nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar sem var haldið föstudaginn 31. mars kl. 14-17 í Suðurhlíðarskóla undir yfirskriftinni: *Ávextir siðbótarinnar – að gefa og þiggja*. Þar fjallaði sr. Jakob Rolland, kanslari Rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, ítarlega um aðdraganda og undirritun Sameiginlegrar yfirlýsingar um réttlætingu af trú frá árinu 1999 (*Joint Declaration on the Doctrine of Justification*), dr. Björgvin Snorrason frá

Aðventkirkjunni sagði frá Marteini Lúter og siðbótinni í máli og myndum og dr. María Ágústsdóttir flutti erindi um mikilvægi þess að kunna að þiggja gjafir annarra í samstarfi kristinna kirkna.

Þá fluttu fulltrúar SKT stutt erindi á málþingi á Hólum í Hjaltadal dagana 20.-21. maí 2017 undir yfirskriftinni: *Hvernig metum við hið ómetanlega? Trú og lífsskoðun*. Að sunnan komu þeir Ingvi Kristinn Skjaldarson, flokksleiðtogi Hjálpræðishersins í Reykjavík, og sr. Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins, og að norðan systir Selestína Gavric frá kaþólsku kirkjunni á Akureyri.



Bænagöngufólk í janúar 2017 á lögreglustöðinni við Hlemm

## Erlend tengsl

Formaður þátt í ýmsum viðburðum sem kirkjurnar buðu til, m.a. móttöku í desember 2016 í Rússneska sendiráðinu og hádegisverði daginn eftir hjá Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni vegna heimsóknar biskups á hennar vegum og einnig hátíðarsamkomu í tilefni af heimsókn yfirforingjahjóna Hjálpræðishersins á heimsvísu sem haldin var í Breiðholtskirkju í mars 2017.

Þá kynnti formaður nefndina á fundi samkirkjulegra ritara kirkna Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í safnaðarheimili Dómkirkjunnar í mars 2017. Rétt er einnig að geta þess að formaður er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar í guðfræðinefnd Kirknasambands Evrópu og sótti fund sambandsins í Neskirkju í mars 2017 og nefndarfund í Brussel í maí. Í gegn um bænastarfið í Friðrikskapellu þáði formaður boð Billy Graham samtakanna á ráðstefnu til varnar ofsóttri kristni sem haldin var í Washington D.C. í maí 2017. Einnig bauð formaður alþjóðlegu ræðukonunni Vassulu Rydén sem tilheyrir grísk-orþódoxu kirkjunni að tala í Háteigskirkju í byrjun júní 2017 og er óhætt að segja að samkirkjulegur söfnuður hafi sótt þá samkomu.

## Starfsreglur SKT

Á fundi Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga 30. apríl 2013 voru samþykktar endurskoðaðar starfsreglur fyrir nefndina. Reglurnar fylgja hér á eftir.

1. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga er samstarfsvettvangur kristinna kirkna, samfélaga og hreyfinga á Íslandi sem játa á grundvelli heilagrar ritningar einn Guð, föður, son og heilagan anda sem skapara, frelsara og lífgjafa.




Fermingarbörn Háteigssafnaðar útbjuggu táknrænan vegg fyrir
útvarpsguðsþjónustu í alþjóðlegri samkirkjulegri bænaviku fyrir einingu kristinnar kirkju í janúar 2017

2. Tilgangur samstarfsnefndarinnar er að vera vettvangur samráðs, samvinnu og stuðnings við sameiginleg mál í þjónustu við Guð og menn.
3. Meðal verkefna eru alþjóðleg bænavika fyrir einingu kristninnar, sameiginleg mál gagnvart stjórnvöldum, útvarpsguðsþjónustur og fjölmiðlamál. Nefndin getur einnig staðið saman að bænastarfi, kynningu og fræðslu um kristna trú þegar það á við.
4. Í samstarfsnefnd eru fulltrúar allra safnaða og hreyfinga, sem hafa með formlegum hætti gengið til samvinnu og samþykkja grundvöll og starfshætti samstarfsnefndar kristinna trúfélaga. Trúfélagið hafi að jafnaði yfir 100 meðlimi, hafi starfað og verið skráð í að minnsta kosti fimm ár. Um óskráð kristin samfélög og hreyfingar gildir að þau skuli hafa starfað í að minnsta kosti fimm ár hérlendis. Öll aðildarfélög hafi viðurkennda endurskoðun á reikningum sínum. Hvert félag eða söfnuður tilnefnir einn fulltrúa í nefndina en þjóðkirkjan tvo. Aðildarfélög geta tilnefnt varamenn, kjósi þau það. Varamönnum er heimilt að sækja fundi nefndarinnar, þó án atkvæðisréttar. Kristin trúfélög, skráð sem óskráð, geta óskað eftir að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni og gilda þá ekki ákvæði um fjölda meðlima og lengd starfstíma.

   Um umsóknarferlið: Skrifleg ósk um aðild að nefndinni berist formanni með undirskrift safnaðarráðs viðkomandi félags. Fulltrúar nefndarinnar ræði við forstöðufólk félagsins sem æskir inngöngu og sjái endurskoðaða ársreikninga. Nefndin tekur síðan afstöðu til umsóknarinnar á fundi sínum.
5. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum og ákvarðar störf sín, fundafjölda og starfshætti.
6. Samstarfsnefndin skal leita samþykkis allra aðildarfélaga ef breyta skal starfsreglum.

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar*

### Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í Þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófastsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleiksþjónustusvið kirkjunnar og Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af Kirkjuráði. Hún er þannig skipuð í dag: sr. Magnús Björn Björnsson, formaður. Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ritari. Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og sr. Auður Inga Einarsdóttir.

Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtalshópur um málefni aldraðra." Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. S.l. uppstigningardag, 25. maí 2017, var útvarpsguðsþjónusta í Fella- og Hólakirkju. Þar prédikaði sr. Kristján Búason, dósent. Sr. Guðmundur Karl Ágústsson, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson og Kristín Kristinsdóttir, djákni, þjónuðu fyrir altari. Arnhildur Valgarðsdóttir var organisti. Gerðubergskórinn, kór eldri borgara í Breiðholti, söng undir stjórn Kára Þorgeirssonar. Undirleik annaðist hinn landskunni Árni Ísleifs.



Frá útvarpsguðsþjónustu í Fella- og Hólakirkju: Frá v.: Sr. Guðmundur Karl Ágústsson, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Kristín Kristinsdóttir, djákni og Kristján Búason, dósent.




Forsíða bæklingsins *Val mitt við lífslok.*
Sólarupprásin minnir á að sól upprisu og eilífs lífs rís í austri og þangað snýr ásjóna hinna látnu.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar styður sérstaklega störf orlofsbúða fyrir eldri borgara á Löngumýri. Þar er viðkvæmur og yndislegur vaxtarbroddur í starfi þjóðkirkjunnar. Það er ekki sjálfgefið að slíkar orlofsbúðir takist vel. Því ber að þakka sérstaklega starfsfólki Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma og Löngumýrar fyrir framúrskarandi störf.

Ellimálanefnd heldur utan um efni fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum á efnisveitu kirkjunnar. Þar er ýmislegt gott efni fyrir starf með eldri borgurum.

Ellimálanefnd, kærleiksþjónustusvið Biskupsstofu og Eldriborgarráð Reykjavíkurprófastsdæma gáfu á þessu starfsári út skrána *Val mitt við lífslok*. Frumkvæði að henni hafði Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni. Ljósmyndin sem prýðir kápuna er af sólarupprás. Það er viðeigandi fyrir kristnar manneskjur, því sól upprisu og eilífs lífs kemur upp í austri og þangað snýr ásjónan í kirkjugarðinum. Þegar skjalið hefur verið undirritað er það yfirlýsing eigandans um það sem snýr að andláti, útför og minningarorðum. Það ætti að gefa ættingjum góðar leiðbeiningar um vilja hins látna og létta af þeim óvissu og getgátum. Í upphafi heftisins er farið yfir lífslokin og hvernig einstaklingurinn óskar að haga meðferð sé hann deyjandi og hvort hann sé samþykkur líffæragjöf. En megin hluti heftisins fjallar um útför að ósk þess sem undirritar skrána. Á einfaldan hátt má haka við ýmsa kosti s.s. varðandi umbúnað í kistu eða hvort viðkomandi vill jarðarför eða bálför. Á einfaldan hátt er reynt að koma óskum einstaklingsins skýrt fram. Heftið má panta hjá eldriborgararad@kirkjan.is og er það án endurgjalds. Skjalið má einnig prenta út í einfaldri útgáfu hjá www.kirkjan.is/utfor.

# *Fagráð um meðferð kynferðisbrota*

**Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður**

Fagráð fundaði reglulega á síðasta starfsári og formaður ásamt fagráði átti fundi með biskupi til upplýsa um stöðu mála.

Eitt mál kom til fagráðs þar sem óskað var eftir ráðgjöf og snéri málið að innbyrðis samskiptum unglinga í unglingastarfi kirkjunnar.

Á vormánuðum barst formleg kvörtun til Fagráðs vegna meintrar kynferðislegrar áreitni prests við samstarfskonu á kirkjulegum vettvangi. Málið fór frá Fagráði til biskups. Formaður Fagráðs sagði sig frá málinu vegna fyrrum samskipta við viðkomandi prest.

Undibúningur að námskeiði um hinar nýju verklagsreglur kirkjunnar„Verklag í viðkvæmum aðstæðum" gengur vel og eftir sem áður vinnur Elín Elísabet Jóhannsdóttir ötullega með formanni í því verkefni og í hópinn hefur bæst Þorvarður Goði Valdimarsson. Vonir standa til að hægt verði að hleypa verkefninu af stað á haustmánuðum.

# *Hjálparstarf kirkjunnar*

**Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri**

## Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; níu fulltrúa prófastsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á starfsárinu 2016-17 eru 63 í fulltrúaráði sem fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Fulltrúaráð kýs framkvæmdastjórn en formaður hennar skal vera úr þeim hópi fulltrúa sem kirkjuráð kýs.

Framkvæmdastjórn nú skipa Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur og Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur. Varamenn í stjórn eru Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri og Gunnar Sigurðsson tölvunarfræðingur. Stjórnin fundar um það bil einu sinni í mánuði.

Hlutverk Hjálparstarfsins er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í ársreikninga sem liggja fyrir í september ár hvert.

Starfsfólk er Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal fulltrúi sem hefur umsjón með skrifstofuhaldi og aðstoð við fósturbörn á Indlandi, Kristín Ólafsdóttir fræðslu- og fjáröflunarfulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfinu, Sædís Arnardóttir félagsráðgjafi í innanlandsstarfi og Atli Geir Hafliðason sem hefur umsjón með starfi sjálfboðaliða og fatalager, bókunum, sölu útikerta og fleira.

## Hjálparstarfið á Íslandi: Neyðaraðstoð, valdefling og samráð um leiðir til farsældar

### *Efnisleg aðstoð við fólk í félagslegri neyð*

Hjálparstarfið veitir fólki í félagslegri neyð efnislega aðstoð í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lifað mannsæmandi lífi.

Efnislega aðstoðin felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort til notkunar í matvöruverslunum. Á höfuðborgarsvæðinu eru það helst barnafjölskyldur sem njóta aðstoðar með þessum hætti en barnlausum einstaklingum er bent á aðrar hjálparstofnanir og -samtök sem þar veita mataraðstoð.

Á svæðum þar sem önnur hjálparsamtök eru ekki til staðar gefst barnlausum einstaklingum einnig kostur á að sækja um inneignarkort. Auk inneignarkorta er fólki í félagslegum vanda veitt aðstoð við lyfjakaup og við kaup á gleraugum og öðrum heilsutengdum hjálpartækjum.

Hjálparstarfið leggur sérstaka áherslu á að stuðla að velferð barna og unglinga. Fjárhagslegur stuðningur er því veittur vegna skólagöngu, tónlistarnáms og íþrótta- og frístundastarfs barna og unglinga sem búa við fátækt. Í upphafi skólaárs grunnskóla er veitt aðstoð við kaup á ritföngum og öðrum nauðsynjum. Ungmenni sem orðin eru fjárráða en stunda nám sem ekki er lánshæft hjá LÍN geta einnig sótt um styrki vegna kostnaðar sem til fellur við námið.

Frá byrjun janúar til desemberloka árið 2016 nutu um 5500 manns efnislegrar aðstoðar Hjálparstarfsins. Upphæð inneignar á korti til notkunar í matvöruverslun fer eftir fjölskyldustærð og faglegu mati félagsráðgjafa Hjálparstarfsins um þörf fyrir aðstoð en að meðaltali fékk hver umsækjandi inneign á kort í tvö skipti á árinu.

Um 4000 manns um land allt nutu efnislegrar aðstoðar Hjálparstarfsins fyrir síðustu jól og áramót en á landsbyggðinni var jólaaðstoðin veitt í góðu samstarfi við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn.

Á hverjum þriðjudegi leita 20 - 30 einstaklingar og fjölskyldur til Hjálparstarfsins um notaðan fatnað en í desember og janúar síðastliðnum fékk þó 371 fjölskylda (um 1000 einstaklingar) fatnað hjá stofnuninni. Sífellt fleiri einstaklingar í hælisleit á Íslandi leita til Hjálparstarfsins eftir þessari aðstoð.

### *Valdefling sem leið til farsældar*

Eftir hádegi á miðvikudögum taka félagsráðgjafar Hjálparstarfsins á móti fólki og ræða við það í einkaviðtölum. Félagsráðgjafarnir hlusta, veita ráð og vísa á úrræði sem til staðar eru í samfélaginu til þess að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar. Fjármálaráðgjöf er í boði á föstudögum en sálusorgun og sáttamiðlun eftir samkomulagi.

Til þess að koma sem best til móts við þarfir og óskir fólksins sem til Hjálparstarfsins leitar móta félagsráðgjafarnir aðstoðina í samráði við notendur hennar. Markmiðið er að einstaklingar sem búa við félagslega einangrun sökum fátæktar eflist til frekari þátttöku í samfélaginu.

Hjálparstarfið hefur í síauknum mæli staðið fyrir sjálfstyrkingarverkefnum en þegar fólk finnur styrk sinn getur það notað hann til að taka ákvarðanir um eigið líf. Bætt sjálfsmynd stuðlar að meiri virkni sem svo aftur styrkir sjálfsmyndina enn frekar.

Haustið 2016 var námskeiðið *Heilsueflandi samvera* skipulagt í annað sinn í samstarfi við Hjálpræðisherinn og stóð það til loka aprílmánaðar 2017. Markmið námskeiðsins, ætlað konum



Móðir drengs sem tók þátt í Unglingafjöri við Úlfljótsvatn í annað sinn í vor sendi skilaboð til Hjálparstarfsins eftir ferðina: „Sæl. Ég vil bara þakka kærlega fyrir strákinn. Hann er svo lífsglaður alltaf þegar hann kemur úr þessu ferðarlagi hjá ykkur ;-) Kærar þakkir enn og aftur fyrir hann!"

utan vinnumarkaðar, var að efla andlega, líkamlega og félagslega heilsu þátttakendanna. Matreiðsla, sjálfstyrkingarvinna, föndur og hreyfing voru meðal dagskrárliða námskeiðsins. Ellefu konur voru skráðar til þátttöku í námskeiðinu.

Í september 2016 hófst tveggja ára verkefni sem ber heitið *Virkni og vellíðan – Taktu ábyrgð á eigin lífi*. Verkefninu er ætlað að undirbúa einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með ungling á heimilinu undir þau tímamót þegar barnið verður 18 ára og þar með fjárráða. Við það minnka heimilistekjur verulega þar sem meðlag, barnalífeyrir, barnabætur og húsaleigubætur vegna barns falla þá niður. Þegar börnin verða sjálfráða verður einnig ákveðin breyting á mæðrahlutverkinu. Átta konur taka þátt í verkefninu en sjálfstyrkingar- og fjármálanámskeið voru á dagskrá þess á haustönn en ítarlegri sjálfsskoðun og markmiðasetning ásamt sjálfboðnu starfi voru meðal dagskrárliða á vorönn 2017.

Í febrúar 2017 hófst samstarfsverkefni Fella- og Hólakirkju, Félags- og fjölskyldumiðstöðvarinnar í Gerðubergi, Hjálparstarfs kirkjunnar, PEP (People Experiencing Poverty) á Íslandi og sjálfboðaliða í Breiðholti sem hlaut heitið *Breiðholtsbrúin*. Um er að ræða opið hús í Fella- og Hólakirkju fyrsta og þriðja mánudag í mánuði kl. 11:30 - 14:00. Markmiðið er að fólk i hverfinu hittist, skiptist á að elda mat, borði hann saman og eigi góða samverustund. Hópurinn mótar dagskrána sjálfur.

*Borðum saman* er samstarfsverkefni Hjálparstarfsins og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

Á vorönn 2017 hélt félagsráðgjafi Hjálparstarfsins tveggja daga sjálfstyrkingarnámskeiðið *Konur eru konum bestar* fyrir tuttugu konur á Akureyri.

Í apríl 2017 tóku tólf unglingar þátt í *Páskafjöri á Úlfljótsvatni*, tveggja nátta ferð fyrir börn í 5.- 8. bekk grunnskóla í páskafríinu. Skátarnir héldu uppi frábærri dagskrá sem var þátttakendum gjaldfrjáls.

Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn skipuleggja nú *Sumarbúðir fyrir fjölskyldur á Úlfljótsvatni* fjórða sumarið í röð. Um er að ræða sumarfrí fyrir um 60 manns sem búa við kröpp kjör í sumarbúðum skáta við Úlfljótsvatn frá 6.- 9. júní. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá alla dagana en markmiðið er að fjölskyldurnar geti átt gleðilegt frí saman og góðar minningar, rjúfa félagslega einangrun og stuðla að aukinni virkni.

*Ræktaðu garðinn þinn* er verkefni sem stendur yfir sumartímann. Þátttakendur fá pláss í matjurtagörðum sveitarfélaga og fá þar tækifæri til að rækta sitt eigið grænmeti. Á Akureyri taka sex manns þátt í verkefninu en í Reykjavík eru þátttakendur tíu talsins.

### *Fólk sem býr við fátækt talar fyrir sig sjálft*

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN sem er evrópskur samræðuvettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt. PEP á Íslandi (People Experiencing Poverty) sem var stofnaður í tengslum við EAPN á Íslandi og Hjálparstarfið stóðu þannig fyrir viðburði á Fundi fólksins í Norræna húsinu í september 2016. Yfirskriftin var *Er fátæktarklám í fjölmiðlum?* Fulltrúar fjölmiðla tóku þátt í fundinum þar sem fólk sem hefur búið við fátækt lýsti því hvernig þau upplifðu umfjöllun fjölmiðla um fátækt. Góðar samræður urðu á fundinum.

PEP á Íslandi og Velferðarvaktin stóðu fyrir morgunverðarfundi á Grand hótel í október þar sem fjallað var um mataraðstoð á Íslandi, umfang og leiðir til fjölbreyttari þjónustu og í febrúar veitti PEP *Fjölmiðlaverðlaun götunnar* í fyrsta sinn fyrir faglega umfjöllun um fátækt í íslenskum fjölmiðlum.

### *Samstarf við félög og stofnanir um stefnu í átt að almennri farsæld*

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins taka virkan þátt í starfi Velferðarvaktar velferðarráðuneytisins, samráðshópi um málefni utangarðsfólks og öðrum tilfallandi vinnuhópum um stefnumótun í átt að almennri farsæld. Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi og er í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands.

## Mannúðaraðstoð

### *Mannúðaraðstoð í kjölfar fellibylsins Matthíasi á Haítí*

Í nóvember 2016 sendi Hjálparstarfið 21.150.000 krónur til að tryggja öruggt skjól, drykkjarvatn og hreinlætisaðstöðu fyrir 16.700 manns sem misstu allt sitt í fellibylnum Matthíasi sem reið yfir Haíti 4. október 2016. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til aðstoðarinnar sem Alþjóðlegt hjálparstarf norsku kirkjunnar er í forsvari fyrir.

### *Mannúðaraðstoð við flóttafólk frá Suður-Súdan í Norður-Úganda*

Í nóvember 2016 sendi Hjálparstarfið 10.540.000 króna framlag til mannúðaraðstoðar Lúterska heimssambandsins við flóttafólk frá Suður-Súdan. Með framlaginu er 27.348 flóttamönnum tryggður aðgangur að hreinu vatni, skjóli, hreinlætisaðstöðu og lífsviðurværi í Norður-



Í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda geta 13-24 ára gömul börn og ungmenni komið í verkmenntastöðvar sem Hjálparstarfið styður og valið sér þar ýmis námssvið til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði eins og hárgreiðslu, matreiðslu, sauma, sápugerð, rafvirkjun og fleira. Stúlkan á myndinni er hreykin og ánægð með kjólinn sinn sem hún var að ljúka við. Hún vonast til að geta unnið við sauma eftir 9 mánaða verknám.

Úganda. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til verkefnisins sem framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi skoðuðu í vettvangsferð í mars 2016.

***Mannúðaraðstoð vegna matarskorts í kjölfar þurrka og langvarandi ófriðar í Sómalíu***

Í júní 2017 var 15,8 milljóna króna framlag sent til mannúðaraðstoðar í Sómalíu vegna þurrka og langvarandi ófriðar í landinu. Markmiðið er að tryggja 60.600 manns aðgang að fæðu, vatni og hreinlætisaðstöðu. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til aðstoðarinnar sem Alþjóðlegt hjálparstarf norsku kirkjunnar er í forsvari fyrir.

## Þróunarsamvinna

***Eþíópía***

Á árinu 2016 náði verkefni Hjálparstarfsins í harðbýlu Sómalífylki í Austur-Eþíópíu til tæplega 35.000 sjálfsþurftarbænda (47% þeirra eru konur). Samstarfsaðili á vettvangi er Lúterska heimssambandið. Markmið númer eitt er að bæta aðgang að hreinu vatni og auka fæðuval og -öryggi fólksins. Markmið númer tvö er að efla völd og auka ákvörðunarrétt kvenna yfir efnahagslegu öryggi sínu.

Árið 2016 voru þrjár vatnsþrær (birkur) grafnar en úr þeim fá 2.640 manns og 4.500 skepnur vatn. Grafið var fyrir tveimur brunnum og gert við fjóra gamla brunna. Þannig var drykkjarvatn tryggt fyrir um 8.000 manns og 7.000 skepnur. Hundrað og sex konur fengu lán úr sjóði sem endurnýjast þegar konurnar greiða til baka en hver og ein fær sem svara um 22.000 krónum til að hefja atvinnurekstur. Þriggja daga vinnustofa var haldin fyrir 40 skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband. Hundrað og sextíu bændur tóku þátt í námskeiðum um bættar ræktunarleiðir, þurrkþolnari korntegundir og hunangsræktun (nánari upplýsingar um verkefnið er að finna í starfsskýrslu Hjálparstarfsins á www.help.is).

***Indland***

Við lok starfsárs 2016 - 2017 styrktu Hjálparstarfið og 226 íslenskir fósturforeldrar 302 börn til skólavistar hjá Sameinuðu indversku kirkjunni (UCCI) í Andhra Pradeshfylki. Sextíu og sjö barnanna eru í grunnskóla og 235 eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Hjálparstarfið greiðir laun 8 kennara við skólann en við hann er einnig rekin sjúkrastofa fyrir nemendur



Drengurinn á myndinni kom yfir landamærin frá Súður-Súdan til Úganda án fjölskyldu sinnar. Hann fær því hvítt armband sem segir til um stöðu hans og leit hefst að ættingjum hans. Konan sem er með honum á myndinni fylgdi honum yfir landamærin. Í fangi hennar situr eins árs sonur með orkubita eftir hættulegt ferðalag en stríðandi fylkingar ráðast í síauknum mæli á almenning í Suður-Súdan.

jafnt sem fátæka íbúa í nágrenninu (nánari lýsingu á verkefninu er að finna í starfsskýrslu Hjálparstarfsins á www.help.is).

***Úganda***

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarfið stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfuðborg Úganda, en þangað liggur þungur straumur ungs fólks af landsbyggðinni í von um betra líf. Því miður bíður flestra þeirra hins vegar atvinnuleysi og eymdarlíf og mörg ungmenni leiðast út í smáglæpi og vændi til að lifa af.

Kampalaverkefni Hjálparstarfsins er í þremur fátækrahverfum í höfuðborginni og varir í 3 ár. Áætlaður heildarkostnaður er um 33 milljónir króna. Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem það geti nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lúterska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi utanríkisráðuneytisins.

Verkefni í þágu barna í Rakaihéraði sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein og HIV smitaðra einstæðra foreldra og búa við sára fátækt hélt áfram á starfsárinu 2016-2017. Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, kamri, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reist voru hús, vatnstankar, eldaskálar og kamrar fyrir tvær fjölskyldur. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun. Verkefnið er unnið í samstarfi við Lúterska heimssambandið og staðbundin samtök, RACOBAO.

## Samstarf um hjálparstarf á erlendum vettvangi

Neyðar- og mannúðaraðstoð erlendis veitir Hjálparstarfið í samstarfi við að Alþjóðahjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og mannúðaraðstoð vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið á samstarfsvettvangi íslenskra mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Í ágúst 2016 var árlegur fundur Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna á Norðurlöndum haldið í Reykjavík og framkvæmdastjóri hefur sótt samstarfsfundi á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi einnig.

## Fræðsla, fjáröflun og sjálfboðið starf

### *Fræðsla*

*Margt smátt…* 3. tbl. fréttablaðs Hjálparstarfsins árið 2016 kom út í tímaritsformi í október. Fjórða tölublað 2016 kom út sem fylgiblað með *Fréttablaðinu* í lok nóvember og fór á heimili landsmanna í upphafi jólasöfnunar með áherslu á vatnsverkefni Hjálparstarfsins. Blaðið kom aftur út sem fylgiblað með *Fréttablaðinu* laugardaginn 8. apríl með áherslu á Kampalaverkefni Hjálparstarfsins enda var safnað fyrir því verkefni í páskasöfnun. Annað tölublað ársins 2017 kemur út í tímaritsformi í júní en í blaðinu verður áhersla lögð á starfið innanlands.

Fræðsluerindi voru haldin í grunn- og framhaldsskólum sem og hjá félagasamtökum og söfnuðum kirkjunnar. Starfsfólk skrifaði pistla í fjölmiðla og sagði frá starfinu í fréttatímum og fréttatengdum þáttum fjölmiðla. Hjálparstarfið heldur úti Facebooksíðu og heimasíðunni www.help.is. Góðir gestir frá Eþíópíu, þau Million Shiferaw og Ahmed Nur, komu til Íslands í október og fræddu tilvonandi fermingarbörn vítt og breytt um landið um aðstæður heima fyrir.

### *Fjáröflun fermingarbarna fyrir Hjálparstarfið*

Börn í fermingarfræðslu gengu í hús um land allt dagana 31. október-3. nóvember 2016 með söfnunarbauk Hjálparstarfsins í hönd. Þátttaka var mjög góð en 62 prestaköll voru með í fjáröfluninni nú og söfnuðust 8.234.000 krónur til vatnsverkefna Hjálpartarfsins. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir!

### *Hjálparliðinn*

Á starfsárinu 2016-2017 hefur *Hjálparliðum* – velunnurum starfsins sem leggja reglulega til ákveðna upphæð til verkefna innanlands og utan – haldið áfram að fjölga og er framlag þeirra nú ein af meginstoðum undir starfinu.

### *Jólasöfnun*

Í jólasöfnuninni 2016 var safnað fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafabréfum meðtöldum var 76,6 milljón krónur en þar af voru 30,9 milljónir fyrir innanlands-aðstoð.

### *Páskasöfnun*

Í Páskasöfnun 2017 var safnað fyrir Kampalaverkefni Hjálparstarfsins. Í lok maí höfðu safnast rúmlega 6,4 milljónir króna.

### *Söfnunarsíðurnar Framlag.is og gjofsemgefur.is*

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni Hjálparstarfsins heima og að heiman með stöku framlagi. Gjafabréfasíðan gjofsemgefur.is er mjög vinsæl en mismunandi gjafabréf eru í boði til stuðnings verkefnum á Íslandi, Indlandi og í Afríku. Verð eru frá 1.600 upp í 180.000 krónur. Geiturnar eru vinsælastar, en hænur og hlutdeild í brunni eru einnig mjög vinsæl gjafabréf.

### *Breytendur*

Breytendur, Changemaker á Íslandi, er hreyfing ungs fólks sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfingin er að norskri fyrirmynd og starfar undir verndarvæng Hjálparstarfsins. Fyrir jól seldu Breytendur útikertin *Friðarljós* og gjafabréf á Laugaveginum með góðum árangri. Heimasíða Breytanda (et. Breytönd) er www.changemaker.is en hreyfingin heldur einnig úti Facebooksíðu. Guðjón Andri Reynisson var ráðinn í 20% starfshlutfall frá júní 2017 til að halda utan um starfið en það hefur legið í láginni undanfarið ár.

### *Sjálfboðaliðar*

Á þriðjudagsmorgnum getur fólk í neyð leitað til Hjálparstarfsins um notaðan fatnað en þá aðstoða sjálfboðaliðar fólkið við að finna sér fatnað við hæfi. Á miðvikudögum mætir annar hópur sjálfboðaliða og flokkar fatnað sem Hjálparstarfinu berst eftir kyni og aldri og setur í hillur. Sjálfboðaliðarnir sjá einnig um skráningu gagna og frá október og fram yfir áramót taka þeir á móti söfnunarbaukum eftir fjáröflun fermingarbarna fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins, raða þeim í númeraröð og ganga frá. Í desember mæta svo fjölmargir sjálfboðaliðar til starfa við jólaaðstoð. Starf sjálfboðaliðanna er dýrmætt framlag til Hjálparstarfsins.

## *Hópslysanefnd*

**Sr. Gísli Jónasson, formaður**

Hópslysanefnd, er fastanefnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

a) Biskupsritari
b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannsson, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar er sr. Guðrún Eggertsdóttir, sem hefur eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfshlutfalli.

*Viðbragðaáætlun kirkjunnar* var samþykkt á kirkjuþingi 2006 og var hún á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og breytinga á prófastsdæmaskipan kirkjunnar. Hina endurskoðuðu áætlun er að finna á vefsvæði þjóðkirkjunnar (www.kirkjan.is/vidbrogd) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnar séu sérstakar *viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna*. Hafa mörg þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó því miður ekki öll. Eins eiga einhver þeirra eftir að endurskoða áætlanir sínar með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á prófastsdæmunum.

Nefndin vinnur að því, að útbúa tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlestrum sem nota mætti við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Er að því stefnt, að slíkt efni verði aðgengilegt á netinu.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar er reglulega æfð í tengslum við flugslysaæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförnum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátt taka og hópslysanefndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010, voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfun *Samráðshóps áfallahjálpar* í Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með skipulagi áfallahjálpar í almannavarnaástandi á landsvísu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannvarnaástand að ræða.

# *Kirkjugarðaráð*

## Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beint tengd trúmálum. Dómsmálaráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

### Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í ráðinu sitja: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en hjá ráðinu starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur. Sér hann um uppmælingu og vinnu við gerðar uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða auk gerð lóðarblaða fyrir kirkjur og kirkjugarða í samstarfi við Kirkjuráð



Úr ferð Kirkjugarðaráðs um Borgarfjörð

## Starfsemi ráðsins

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í árlega skoðunarferð, sem í þetta sinn var um Borgarfjörð. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu 88 kirkjugarða og grafreiti.

Úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Kirkjugarðaráð fer með úthlutun styrkja úr kirkjugarðasjóði, en á síðasta ári fékk 41 verkefni styrk samtals að upphæð um 57 milljónir. Kirkjugarðasjóður gat ekki veitt jafn háa styrki til þeirra kirkjugarða sem sóttu um styrk eins og undanfarin ár. Ástæðan er m.a. að vegna erfiðrar stöðu grafarsjóðs ákvað kirkjugarðaráð að veita umtalsverðan styrk til sjóðsins. Grafarsjóður sér um að greiða svo kallað grafargjald. Grafargjaldið er greiðsla sem hverjum kirkjugarði er reiknað fyrir hverja gröf sem tekin er í viðkomandi garði og á að standa undir kostnaði vegna þjónustu prests við útför, grafartöku og frágang leiðis. Grafargjaldið hefur ekki fylgt verðlagsþróun síðustu ára og að auki hefur gjaldskrá presta hækkað umtalsvert og ekki hefur fengist aukið framlag frá ríkinu vegna þessara hækkana. Kirkjugarðar sem fengu milljón eða meira í styrk eru: *Vopnafjörður*: Afmarka austurhlið kirkjugarðsins með einhlöðnum vegg. *Eiðar*: Endurnýja umgjörð og breyta aðkomu að garði. *Hjaltastaður*: Endurhlaða suðurhlið kirkjugarðsins. *Hruni*: Ljúka við að endurnýja umgjörð garðs með hlöðnum vegg. *Skálholt*: Afmarka hluta garðs með torfvegg. *Kirkjugarðar Keflavíkur*: Áframhaldandi endurbætur á Hólmbergskirkjugarði. *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma*: Frágangur og uppbygging nýrra grafarsvæða í Gufuneskirkjugarði. *Reykhólar*: Ljúka við að girða garðinn. *Sauðárkrókur*: Reisa aðstöðuhús í kirkjugarðinum. *Glaumbær*: Hlaða upp framhlið kirkjugarðsins úr torfi.

Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum görðum t.d. Hólmskirkjugarði Reyðarfirði, Hálsi í Hamarsfirði, Arnarbæli í Ölfusi, Krýsuvík, Skálmanesmúla og Selárdal.



Sauðárkrókskirkjugarður

Auk áður talinna styrkja fékk Kirkjugarðasamband Íslands styrki til reksturs á vefnum gardur.is, og til fræðslumála samkvæmt þjónustusamningi sem í gildi er milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins og eins var úthlutað styrk til grafarsjóðsins eins og áður er getið.

### Kirkjugarður/grafreitur

Þann 6-8. september á síðasta ári fékk undirritaður tækifæri til að sitja aðalfund og ráðstefnu norska kirkjugarðasambandsins í tilefni af 50 ára afmæli sambandsins. Fjallað var um sögu, skipulag og menningu kirkjugarða í Noregi og eiga Ísendingar margt sameiginlegt með Norðmönnum í þeim málum. Lítið sem ekkert var fjallað um fjármál kirkjugarða enda virðist ríkja góð sátt um þau málefni milli stjórnvalda og kirkjugarðanna í Noregi. Mikilvægt er að ná sambærilegri sátt hér á landi, þannig að öll sú orka sem fer í takast á um fjármál kirkjugarða geti farið í styrkja faglega og menningarlega uppbyggingu þeirra.

Í lok fundarins var samþykkt að breyta nafni sambandsins í *Norska grafreitarsambandið.* Ástæðan fyrir því er m.a. sú að nýlega voru samþykkt lög í Noregi sem heita *Lov om grafplasser, kremasjon og gravferd* (lög um grafreiti, líkbrennslu og greftrun). Er þetta gert í samræmi við breytt þjóðfélagsmunstur að kalla þá staði þar sem fólk er jarðsett grafreit óháð trúarbrögðum eða lífsskoðunum.

## *Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan*

**Edda Möller, framkvæmdastjóri**

Skálholtsútgáfan, útgáfufélag þjóðkirkjunnar er rekstraraðili verslunarinnar Kirkjuhúsið á jarðhæð Biskupsstofu á Laugavegi. Gegnum árin hefur þessi stofnun þjóðkirkjunnar þróast í það að vera ekki aðeins útgáfufélag og verslun á kristnum grunni heldur líka félagsmiðstöð fyrir starfsfólk kirkjunnar sem á leið um og á erindi við Biskupsstofu. Hér er rætt um starfið og ýmsar leiðir og lausnir fundnar um leið og nýtt fræðsluefni er kynnt yfir kaffibolla. Auðvitað eru sagðar sögur af skemmtilegu fólki og ótrúlegum atburðum á kirkjuvettvangi. Fólk á leið til funda á Biskupsstofu rennur einnig í gegn í stríðum straumum, sérstaklega yfir vetrartímann og vekur gleði hjá starfsfólki hér.

Gott er að minna á heimasíðu okkar sem sérstaklega er beint að almenningi, hún heitir kirkjuhusid.is – þetta er sölusíða og er hún jafnframt síða Skálholtsútgáfunnar. Hún er mikið skoðuð og verðum við varar við að nýir viðskiptavinir eru oft búnir að renna vel yfir vöruúrval áður en mætt er á Laugaveginn. Á kirkjuhusid.is er meðal annars finna yfirlit og umfjöllun yfir útgáfu á vegum Skálholtsútgáfunnar annað en það sem sérstaklega er gefið út fyrir fræðslustarf kirkjunnar.

## Skálholtsútgáfan

Útgáfa á vegum Skálholtsútgáfunnar er heilmikil ef miðað er við starfsmannafjölda, við erum tvær sem sinnum þjónustu, verslun og útgáfu en fáum margs konar aðkeypta aðstoð við úrvinnslu og ritstjórn útgáfuverkefna, einnig ómetanlega aðstoð frá stjórn og útgáfuráði okkar. Við sinnum útgáfu fyrir innra starf kirkjunnar. Tvö stór verkefni eru í vinnslu, ný skírnarkveðja sem jafnframt er minningabók barnsins frá fæðingu til fermingar og síðan er það Sálmabókarútgáfan 2018 í samstarfi við sálmabókarnefnd þjóðkirkjunnar.

Mikil samvinna er við fræðslusvið Biskupsstofu þar sem Elín Elísabet Jóhannsdóttir stendur ein vaktina í augnablikinu. Skálholtsútgáfan og Fræðslusviðið eru tvær hliðar á sama peningi og er það góð ráðstöfun. Öll verkefni á sviði kirkjufræðslu og útgáfu eru unnin saman og þannig hefur það alltaf verið. Á hverju ári stendur Fræðslusvið Biskupsstofu og Skálholtsútgáfan saman að kynningu á barnastarfi kirkjunnar. Hvert ár er útbúið myndband sem náð hefur mikilli útbreiðslu á samfélagsmiðlum. Stuttmyndir hafa einnig verið framleiddar fyrir barnastarf kirkjunnar, auk fjölbreytts efnis fyrir sunnudagaskólann.

## Kirkjuhúsið – verslun

Viðskiptavinir Kirkjuhússins, verslunar er alls konar fólk! Þverskurður Íslendinga á öllum aldri. Það getur verið sérstakt að upplifa djúpa sorg og máttleysi, vanlíðan og vantrú en einnig trú, von og kærleika fólks. Það virðist sem verslunin virki þannig á fólk að það opni sig og segi sögu sína og þá er eins gott að gefa sér tíma til að hlusta. Við erum duglegar að vísa á presta til sálgæslu og á það er hlustað. Oft kemur verslunin fólki þægilega á óvart og við fáum svo sannarlega hrós fyrir mikið vöruúrval. Í Kirkjuhúsinu fæst lesefni um kristna trú, barnabækur, geisladiskar og DVD efni fyrir börn og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmis konar aðföng fyrir kirkjur, gjafavara og ýmislegt og fleira. Mikið úrval skírnargjafa fæst í Kirkjuhúsinu.

## Tilgangur og markmið samkvæmt skipulagsskrá

Skálholtsútgáfan er útgáfufélag þjóðkirkjunnar. Hún skal annast útgáfu á fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi og að gefa út lesefni og geisladiska og annað efni fyrir almenning þar sem kristin sjónarmið eru skýrð.

Um Kirkjuhúsið segir að það skuli annast dreifingu og sölu fræðsluefnis og tilheyrandi þjónustu við kirkjulega aðila, selja muni og gjafavöru á kristnum grunni.

Markmið útgáfufélagsins taka mið af skipulagsskránni og tengingu við íslenskt samfélag á hverjum tíma, einnig fræðslustefnu og fjölskyldustefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan þarf að standa undir sér og fjármagnar sjálf sín útgáfuverkefni af rekstri. Húsnæðið á 1. hæð Biskupsstofu er leigt af kirkjumálasjóði.

# *Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn*

**Sr. Erla Björk Jónsdóttir**

Starfsemi kirkjumiðstöðvarinnar við Eiðavatn hefur verið nokkuð blómleg síðasta árið. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á aðbúnaði og húsnæðinu sjálfu, enda mikilvægt að aðbúnaður sumarbúðanna sem með besta móti. Sumarbúðirnar líkt og áður skipa veigamestan þátt í starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar, en þar hafa um 200 börn dvalið síðustu tvö sumur. Markmið stjórnar hafa verið þau að auka aðsókn barna að sumarbúðunum en með auknu framboði á afþreyingu og tómstundum barna yfir sumartímann hefur ekki tekist að halda úti nema 3 flokkum á sumri undanfarin ár. Gert var átak í að auglýsa sumarbúðirnar betur með því m.a. að dreifa bæklingum víðar og hengja plaköt á sem flestum almenningsstöðum á öllu Austurlandi. Það átak gekk vel. Prestar prófastdæmisins voru duglegir að kynna sumarbúðirnar fyrir sínum sóknarbörnum í barnastarfinu sem og í helgihaldinu. Bækling var dreift í öll hús með góðum fyrirvara og hengd voru upp plaköt á flestum fjölförnum stöðum á öllu Austurlandi. Með því jókst þátttaka barna frá öðrum stöðum eins og t.d. Höfn í Hornafirði.

Sumarið 2016 var Erla Björk Jónsdóttir afleysing sr. Davíð Þórs Jónssonar settur sumarbúðastjóri. Það sumar var ekki ráðinn aðstoðarsumarbúðastjóri en sr. Þorgeir Arason tók að sér að vera henni til halds og trausts með 1. flokkinn og síðan Matthildur Ó. Óskarsdóttir frá Vopnafirði annan flokk. Þakka ég þeim sérstaklega vel fyrir þeirra starf á þeim tíma. Matráðar voru systurnar Sigrún H. Arngrímsdóttir og Jóhanna G. Arngrímsdóttir. Leiðtogar voru Gunnlaugur Stefánsson, Ása Inga Þorsteinsdóttir, Dagbjört Lilja Björnsdóttir og Agnes Hlín Ýrrardóttir. Er þeim öllum þökkuð störf þeirra.

Sumarið 2017 tók núverandi héraðsprestur sr. Erla Björk Jónsdóttir í samráði við stjórn KMA þá ákvörðun að ráða til starfa aðstoðarsumarbúðastjóra. Var þá fengin Stefanía Steinsdóttir guðfræðingur sem þá var æskulýðsfulltrúi Neskirkju til liðs við okkur. Það samstarf skilaði af sér fjölbreyttu og öflugu sumarbúðastarfi. Stefanía er nú nýráðin prestur Glerárkirkju og óskum við henni velfarnaðar í lífi og starfi. Sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir kom inn í starf fyrsta flokksins og á hún þökk skilið fyrir sitt góða framlag. Leiðtogar það sumar voru Gunnlaugur Stefánsson, Bóas Kár Garski Ketilsson, Jökull Logi Sigurbjarnarson og Dagbjört Lilja Björnsdóttir. Er þeim einnig þakkað sín störf. Matráðar voru líkt og sumarið áður þær Sigrún H. Arngrímsdóttir og Jóhanna G. Arngrímsdóttir. Eiga þær þökk skilið fyrir að setja gleði í sadda maga.

TTT-mót og fermingarnámskeið Austurlandsprófastdæmis voru haldin að venju í Kirkjumiðstöðinni sem og héraðsfundur, auk tveggja samvera fyrir Farskóla leiðtogaefna. Einhverjar tekjur voru af útleigu á árinu, en nokkrar skírnar og fermingarveislur voru haldnar, ásamt brúðkaupi og ættarmótum. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs fékk í fyrsta sinn leigt út húsnæðið fyrir sumarbúðir fatlaðra og gekk það samstarf ákaflega vel. Soroptimistaklúbbur Austurlands hafði líkt og undanfarin ár aðstöðu fyrir fundi sína í húsinu og í staðin hafa þær unnið að vorhreingerningu innan sem utandyra. Þess ber að geta að Kirkjumiðstöðin líkt og sumarið 2016 var vettvangur alþjóðlegra ungmennaskipta í ágústmánuði. ÆSKA fékk Erasmus+ styrk frá Evrópu unga fólksins til þess að standa fyrir þeim undir yfirskriftinni Girls4Girls. Síðustu tvö sumur fór sá hópur s.s. 10 íslenskar stúlkur og 10 þýskar stúlkur til Póllands og Þýskalands í



Þátttakendur í Girls4Girls verkefninu

sömu erindagjörðum. Í ár vorum við gestgjafarnir og vorum við stolt af því að geta boðið upp á þann aðbúnað sem Kirkjumiðstöð Austurlands býr nú yfir.

Sumarið 2016 var svefnálma Kirkjumiðstöðvarinnar máluð af málingarþjónustu Jóns og Þórarins. Tekin var í notkun ný bryggja og göngustígur að henni sem kostað var með styrk frá Alcoa Fjarðaráli. Nýjar útirólur voru settar upp á útisvæði skv. tillögu Páls Jónssonar arkitekts auk þess sem bætt var við bátaflota sumarbúðanna með kaupum á tveim tveggja manna sjókajökum. Hafa þeir reynst ákaflega vel. Raftæki voru endurnýjuð með kaupum á þvottavél og frystikistu. Uppþvottvél og gömlum frystiskáp haldið við og lagfærð.

Sumarið 2017 var síðan farið í að mála þak svefnálmunnar og tók málningaþjónusta Jóns og Þórarins að sér verkið skv. tilboðsgerð. Tveir sjókajakar voru keyptir til viðbótar auk þess sem nokkar árar voru endurnýjaðar. Bátaflotinn fékk yfirhalningu hjá Bílasprautun Egilsstaða og fótboltavöllur ítrekað sleginn til þess að lagfæra hann, en hann var orðinn nokkuð ónothæfur. Keypt voru tvö poolborð og tvö fótboltaspilsborð til afþreyingar innandyra. Þó nokkur grysjun á lúpínu fór fram auk þess sem tré við veginn að húsinu voru snyrt til og grysjuð. Miklar framfarir hafa því orðið á aðbúnaði Kirkjumiðstöðvarinnar og megum við vera stolt af því að geta boðið upp á samkeppnishæfan vettvang m.a. í starfi sumarbúðanna.

Það sem framundan verður er að stefna enn fremur að aukningu barna í sumarbúðirnar og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið að. Efla hana og styrkja sem vettvang við önnur störf presta sem og hennar þátt í þjónustu við sóknarbörn prófastdæmisins.

# *Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri*

**Gunnar Rögnvaldsson**

Liðið starfsár verður ekki gert upp án þess að minnast í upphafi Ingibjargar Jóhannsdóttur frá Holtsmúla sem lést eftir stutt veikindi um mitt ár 2016. Inga starfaði hér í um áratug og lagði líf og sál í umönnun staðarins. Gestrisni hennar og hlýlegt viðmót var rómað og stór hluti að ímynd Löngumýrar. Við starfsfólkið þökkum alúðlega mannbætandi kynni af Ingu og biðjum Guð að blessa minningu hennar.

Eins og verið hefur um árabil stendur Lovísa Sveinsdóttir eða Lísa, okkar ómetanlega ráðskona frá Varmalæk vaktina með ljúffengum mat og ljúfu viðmóti, kletturinn í starfinu til fjölda ára sem mætir öllum óskum og tekur á móti nýju starfsfólki af stakri gæsku. Við hlið sér hefur hún nú Sigurlaugu Guðmundsdóttur frá Reynistað sem kom til fastra starfa í haust, en einnig eru fleiri stúlkur við vinnu hér um lengri eða skemmri tíma. Garðurinn og mörg fleiri mikilvæg viðvik eru svo á höndum Helgu Bjarnadóttur sem fyrr og hlaut staðurinn ekki síst fyrir hennar framlag umhverfisverðlaun Skagafjarðar síðasta ár.

Löngumýrarnefnd er óbreytt undir forsjá sr. Gísla í Glaumbæ og með honum sitja sr. Sigríður Gunnarsdóttir og Lárus Ægir Guðmundsson á Skagaströnd.

## Starfsemin

Það má án efa segja að hér séu ekki stórar sveiflur í starfseminni á milli ára. Rekur hún sig nokkuð eftir árstíðum en bætir þó heldur í. Er þetta er ritað er þriðji hópur í orlofi eldri borgara sumarsins á staðnum undir styrkri stjórn Þóreyjar Daggar Jónsdóttur djákna og framkvæmdastjóra eldriborgararáðs. Sér til aðstoðar hefur hún Önnu Huldu Júlíusdóttur djáknakandídat og saman mynda þær einstaklega hugmyndaríkan og alúðlegan dúett sem viðheldur gleði og sköpunarkrafti í hópunum með fjölbreyttri afþreyingu og fallegum helgistundum. Ekki má gleyma sonum Önnu Huldu, tvíburunum Júlíusi og Tryggva sem eru aðeins 14 ára en aðstoða á öllum vígstöðvum með endalausri hjálpsemi auk þess að spila og syngja á kvöldvökunum. Orlofið



Fjölmennt til messu í Miklabæ á þjóðhátíðardaginn



Ísak Agnarsson leikur forspil á aðventusamkomunni með Stefáni Gíslasyni



Fjör og gleði á sameiginlegu TTT móti Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis



Hópvinna í fermingarfræðslunni

í ár byrjaði fyrr en venjulega og var þá ekki til skaða hve voraði snemma í Skagafirði. Er það tilfinning okkar að miðað við aðsókn og áhuga sé enn borð fyrir báru og möguleiki að fjölga tímabilunum sem nú eru fimm. Hér um að ræða ákaflega gefandi starf þar sem ný kynni verða til, einangrun er rofin og húsið fyllist hlýju og þakklæti. Má ekki síst rekja þennan áhuga fyrir öflugri kynningu Þóreyjar og fleiri á starfinu í gegnum fésbókina, fjölmiðla og ekki síst hina frábæru tónleika *Gamlingjann*.

Sumarbúðir sykursjúkra barna eru fyrir löngu búnar að vinna sér sess og *Dropinn* foreldrafélag þeirra heldur uppi markvissu starfi með frábæru fagfólki. Orlof krabbameinssjúklinga og ekkna og ekkla er með líkum hætti og verið hefur og mætti ugglaust finna fleiri hópa sem hér gætu átt innhlaup á svipuðum forsendum.

Margir skólahópar hittast hér vegna endurfunda. Bútasaums- og prjónahelgarnar eru sívinsælar. Svo eru innhlaup til funda, veisluhalda og ættarmóta, skírna og fleiri mannamóta vinsæl. Eldri borgarar hittast reglulega og sama má segja um Lionsklúbb Skagafjarðar en hans varnarþing er á Löngumýri. Kórar fá stundum innhlaup til æfinga og svona mætti áfram telja.

Kristniboðsmótið er enn við líði og enginn bilbugur á Jóni Oddgeiri og félögum. Stöku ferðahópar detta inn en oftast í tengslum við eldri borgara eða þá sem til þekkja hér.

Kirkjustarfið er öflugt hjá prestum í Skagafirði og nágrenni. Hingað koma nokkrir fermingarbarnahópar þar sem sumir gista og aðrir ekki. Stórt TTT mót Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæma er árlegt. Sr. Dalla og sr. Gísli eru með sameiginlegan kirkjuskóla og TTT starf og margar sameinginlegar guðsþjónustur Glaumbæjarprestakalls fara fram hér s.s. aðventusamkoman, æskulýðsmessan og páskamessan, fjölmennar samkomur og veitingar á eftir. Er til fyrirmyndar hvernig að því starfi er staðið.



Matthildur á Flugumýri er átta ára og syngur eins og engill við undirleik Margrétar mömmu sinnar

## Framkvæmdir

Byrjað er að undirbúa litla viðbyggingu eða skála á milli gistiálmu og aðalbyggingar sem í raun er framhlið og þak þar sem þrjár hliðar eru þegar til staðar. Um er að ræða eins konar garðstofu þar sem morgunsólarinnar verður notið og hægt að ganga þaðan út. Skálinn mun einnig nýtast sem móttaka, lesstofa eða fundarherbergi og við ýmis fleiri tilefni.

Stöðugt er reynt að halda í horfinu og bæta heldur aðstöðuna. Á liðnu ári var húsið netvætt svo nú er þokkalegt samband um allt húsið en vissulega væri óskastaðan að fá ljósleiðara í hús þar sem hann liggur ekki svo langt héðan.

Fleira smávægilegt var gert sem of langt mál er að telja upp, en markmiðið er ávallt að skapa heimilislega og hlýlega umgjörð fyrir allt það fólk sem hingað kemur og geta kynnt starfið og húsakynni með stolti.

## Að lokum

Langamýri nýtur án efa mikils velvilja hér í samfélaginu og finnum við það sem hér störfum hvarvetna. Margir eiga góðar minningar eða tengingar hingað og njótum við þess m.a. með öllu því góða fólki sem er tilbúið að koma og leggja okkur lið við kvöldvökur og önnur viðvik sem inna þarf af hendi. Slíkt ber að þakka en er ekki sjálfgefið í því hraða og sjálfhverfa samfélagi sem virðist ryðja sér til rúms víða hvar. Hér ber að nefna Írisi í Flatatungu, Jón í Miðhúsum Jón Hall Ingólfsson, Sigvalda Helga, Matthildi og Margréti á Flugumýri og fleiri og fleiri sem koma ár eftir ár og gleðja okkur.

Enn og aftur vil ég svo hvetja kirkjunnar fólk og fleiri til að kynna sér Löngumýri og þá möguleika sem hér felast þegar það skipuleggur félagsstörf sem að þeim snúa. Það er nefnilega jafn langt frá Reykjavík og út á land og fyrir okkur til Reykjavíkur.

Starfsfólki, Löngumýrarnefnd, gestum og velunnurum þakka ég afburða góða samfylgd og hlakka til komandi tíma.

# *Holt í Önundarfirði-Friðarsetur*

**Sr. Fjölnir Ásbjörnsson**

## Sjálfseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, 425 Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðaprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðaprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## Stjórnin frá 2016 til 2017

Formaður: Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði
Varaformaður: Sr. Fjölnir Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti
Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)
Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)
Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli,Valþjófsdal.)
Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:
Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## Framkvæmdir

Á fjórtánda starfsári var enn reynt að gera við loft í samkomusal og koma þannig í veg fyrir leka sem hefur þrálátlega gert vart við sig á undanförnum árum. Í þeirri viðleitni voru gluggar á austurgafli teknir í gegn, lagfærðir og þéttaðir svo að útilokað er að leki komi frá þeim. Húsið var einnig myndað hátt og lágt með hitamyndavél til þess að reyna að komast að þvi hvaðan umræddur leki væri að koma og niðurstaða þeirrar úttektar er sú að rífa þurfi veggklæðningu af og endurnýja hana. Vegna bleytuskemmda þurfti enn að mála loftið í salnum, aðrar framkvæmdir fólust í því að skipt var um öll neyðarljós í öllu húsinu og í salnum var breytt

gluggum til að auðvelda útgang í neyðartilfelli og einnig smíðaðar tröppur upp að umræddum gluggum, auk þess var sinnt reglubundnu og nauðsynlegu viðhaldi eftir því sem hægt var. Þess má og geta að Kvenfélag Mosvallahrepps gaf nýjar kaffikönnur í húsið.

## Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

### *Kirkjustarfið:*

Barnanámskeið með sumarbúðasniði var ekki haldið í júní 2016 eins og gert hefur verið undanfarin ár. Undanfarin ár hefur orðið vart við að áhugi fyrir barnanámskeiðum í Holti hefur farið dvínandi auk þess sem kostnaður til dæmis við vinnuafl hefur farið hækkandi. Skráningar voru það fáar vorið 2016 að ljóst þótti að sumarbúðirnar myndu ekki standa undir sér og var þeim því aflýst að þessu sinni.

Söngæfingar í Holtsprestakall fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömuleiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Prestafundir eru einnig haldnir þar. Fermingarfræðslunámskeið fyrir svæðið var einnig haldið í Friðarsetrinu og sóttu það tugir barna úr nágrenninu.

### *Félagsstarf*

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt marga fundi sína í Friðarsetrinu.
Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.
Árlegt þorrablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu.

### *Menningarstarf*

Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld var fæddur á Kirkjubóli í Bjarnadal þann 15. janúar árið 1907 en lést í hárri elli 30. ágúst 2002. Samferðamenn hans mátu hann mikils og hafa minnst hans með menningarvöku á afmælisdegi hans allar götur síðan. Sett var á laggirnar nefnd til að standa fyrir atburðum til að minnast hans, nefndarmenn eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Hin árlega menningarvaka var haldin á afmælisdegi Guðmundar Inga þann 15. janúar 2017.

Í ár bar samkoman yfirskriftina: *Sagnastund í Holti*. Markmiðið að þessu sinni var að skapa ekta baðstofumenningu þar sem gestir stigu fram og mæltu af munni fram sögur og ljóð, en á langborði var boðið upp á kaffi og dýrðlegar pönnukökur.

## Önnur starfsemi

Friðarsetrið sjálft stendur fyrir ýmis konar starfsemi í samvinnu við heimamenn en einnig er húsið leigt ýmsum aðilum. Oft hafa hópar á vegum Háskólasetursins á Ísafirði dvalið á setrinu, sérstaklega á sumrin, einnig voru haldin ættarmót, brúðkaup, afmæli, fermingarveislur o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Önundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

# *Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf*

**Ragnar Gunnarsson, formaður**

Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að Kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum, útgáfu og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni, með því að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari mæli eðlilegur hluti safnaðarstarfsins og beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur fylgst með framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniboðsins í Afríku vináttuböndum. Tengsl milli safnaða eru missterk en ýmislegt jákvætt gerst á þeim vettvangi.

Formaður nefndarinnar skilaði kveðjum frá nefndinni á fundum sínum með Norðvestur-biskupsdæmi lútersku kirkjunnar í Keníu (ELCK) og Lútersku kirkjunnar í Vestur Japan (WJELC).

Meðal verkefna undanfarið hefur verið að fylgja þessum málum eftir og að minna á stefnumörkun þjóðkirkjunnar um kristniboð sem samþykkt á kirkjuþingi 2011. Meðal annars hefur nefndin reynt að minna sóknir landsins á að taka upp sem víðast samskot til Kristniboðssambandsins og Hjálparstarfs kirkjunnar. Undirtektir hafa verið takmarkaðar og virðist feimni við samskot helsta hindrunin. Í nefndinni sitja nú: Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Magnea Sverrisdóttir djákni og verkefnisstjóri á kærleiksþjónustusviði biskupsstofu situr einnig fundi nefndarinnar sem ritari hennar. Síðari hluta starfsvetrar gekk illa að koma á nefndarfundi vegna ferðalaga nefndarmanna en allt stendur til bóta í því efni.

# *Samband íslenskra kristniboðsfélaga*

**Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri**

## Inngangur

Starf Kristniboðssambandsins (SÍK) teygir sig víða, bæði innanlands og á erlendri grundu. Víða eru tækifæri til að boða fagnaðarerindið um kærleika Guðs í Jesú Kristi og til að mæta fólki með margvíslegri kærleiksþjónustu kristniboða og samstarfsaðila SÍK. Markmið SÍK er að sinna kristinni boðun og kærleiksþjónustu meðal heiðinna þjóða, ekki síst með því að mennta



Kirkjan í Chepkobegh sem notið hefur góðs stuðnings velunnara hér á landi.

og senda kristniboða til starfa. Kristniboðssambandið vinnur einnig að kynningarstarfi, vitundarvakningu og boðun hér á landi m.a. í samstarfi við margar sóknir landsins. Kristniboðssambandið er sjálfstæð samtök sem starfa innan þjóðkirkjunnar á kenningargrundvelli evangelískrar lúterskrar kirkju.

## Alþjóðastarf

Kristniboðssambandið starfar áfram í Eþíópíu og styrkir ýmis verkefni kirkjunnar á vettvangi boðunar, fræðslu og kærleiksþjónustu. Má þar nefna þýðingarverkefni Biblíunnar yfir á tsemai-mál, útbreiðslu- og boðunarverkefni í Voitó, námsstyrki fyrir presta og prédikara og lestrarverkefni í Ómó Rate. Þá styrkir SÍK einnig 30 börn til náms með verkefninu Af götu í skóla í höfuðborg landsins, Addis Abeba.

Vegna neyðarlaga sem sett voru í september var ekki ráðlegt að senda fólk til skammtímastarfa á liðnum vetri en stefnt að því í haust. Eins er knýjandi þörf fyrir langtímakristniboða í suðurhluta landsins. Mekane Yesu kirkjan í Eþíópíu heldur áfram að vaxa og tilheyra nú rúmar átta milljónir henni.

Í Keníu heldur starfið einnig áfram af þrótti. Kristniboðssambandið styður útbreiðslu- og boðunarverkefni kirkjunnar í Pókot-héraði, byggingu skóla og styrkir nemendur til náms í framhalds- og háskólum. Útbreiðsluverkefnið nær til staða á mörkum héraðsins og út fyrir það, til Túrkana, Baringó og inn fyrir landamæri Úganda. Framkvæmdastjóri SÍK, Ragnar Gunnarsson, heimsótti Norðvesturbiskupsdæmi ELCK (Evangelical Lutheran Church in Kenya) í janúar og febrúar til að fylgja verkefnum SÍK þar eftir. Nicholas Loyara, prestur og forsvarsmaður útbreiðsluverkefnis kirkjunnar heimsótti Ísland í boði SÍK í lok febrúar og byrjun mars. Hann



Ragnar Gunnarsson ræðir við Jamas Nandako, skólastjóra Propoi Girls Secondary School. SÍK hefur nokkrum sinnum fengið byggingastyrk frá Utanríkisráðuneytinu vegna skólans sem nú hýsir tæplega 500 nemendur. Jamas var fulltúi biskupsdæmisins á kvennaþingi Lúterska heimssambandsins í Suður-Afríku í febrúar.

tók þátt í kristniboðsviku í Reykjavík og heimsótti bæði Akureyri og Egilsstaði og tók þátt í guðsþjónustum, samkomum og öðru helgihaldi.

Katsuko og Leifur Sigurðsson eru kristniboðar í Japan og starfa innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan. Markmiðið er að starfa á meðal fólks sem þekkir ekki fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þau eru búsett og starfa á Rocko Island í Kobe. Framkvæmdastjóri SÍK heimsótti þau í mars til að kynna sér starf þeirra og kirkjunnar almennt. Hann tók þátt í aðalfundi kirkjunnar og flutti kveðjur frá Íslandi. Hann tók einnig þátt í ársfundi norrænna kristniboða í Vestur-Japan.

Fjölmiðlastarf Kristniboðssambandsins er annars vegar stuðningur við útvarpssendingar til Kína og samstarf við Sat 7 um sjónvarpssendingar til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Þannig næst til milljóna manna í löndum þar sem formlegt kristniboð er bannað. Samkvæmt nýrri talningu eru áhorfendur um 21,5 milljón. Sat 7 veitir kristnu fólki von og uppörvar í erfiðum aðstæðum. Samstarfið um Sat 7 er dæmi um samkirkjulegt starf sem gengur einstaklega vel og unnið er á forsendum heimamanna, en 80% dagskrárinnar er framleidd á svæðinu.

Kristniboðssambandið er að öðru leyti í sambandi við nokkra erlenda aðila sem tengjast starfi þess á alþjóðavettvangi, bæði önnur kristniboðssamtök og regnhlífarsamtök um kristniboð.

## Innanlandsstarf, skipulag og fjármál

Starfsmenn Kristniboðssambandsins sinna boðun, fræðslu, kynningu, bókhaldi, útgáfumálum og rekstri skrifstofu og nytjamarkaðar, Basarsins, hér heima. Margar kirkjur og fermingarhópar voru heimsóttir á starfsárinu og samstarf við biskupsstofu er gott. Sambandið stendur fyrir



Miðstöð kristniboðsins í Japan er í Kobe. Hér sést yfir borgina og flóann í átt til Osaka.
Á miðri mynd er Rokkó-eyja þar sem Katsko og Leifur búa og starfa. Eyjan er manngerð.

vikulegum samkomum allan ársins hring á miðvikudagskvöldum. Vel sótt kristniboðsvika var haldin í lok febrúar og byrjun mars og kristniboðsmót var haldið að Löngumýri í Skagafirði í júlí. Í haust bauð Biblíuskóli SÍK upp á vikulega fræðslustundir.

Kristniboðssambandið gefur út fréttabréf sitt, Kristniboðsfréttir, fjórum sinnum á ári, tímaritið Bjarma þrisvar sinnum á ári í samstarfi við Salt ehf og Kristniboðsalmanakið árlega. Vefsíðan er sik.is en einnig er þó nokkur virkni á Facebook þar sem margir fylgjast með starfinu og nytjamarkaðinum, Basarnum.

Ókeypis íslenskukennsla fyrir nýbúa og fólk af erlendum uppruna var í boði, annað árið í röð. Rúmlega 40 manns sóttu námskeiðið en alls voru skráð 87 nöfn frá því í september. Námskeiðið mæltist mjög vel fyrir og þátttakendur voru mjög þakklátir fyrir framtakið og samfélagið sem myndaðist. Hópur sjálfboðaliða sinnti talþjálfun og barnagæslu á námskeiðinu.

SÍK er í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands á sviði kirkju, samkirkjumála og þróunarsamvinnu. Eins hafa starfsmenn sinnt dagskrárgerð á útvarpsstöðinni Lindinni.

Undanfarin tvö ár hafa tengsl við ungliðahreyfingu systursamtakanna í Noregi, NLM Ung, eflst. Tæplega 30 manns héldu héðan á fjölmennt ungmennamót sem haldið var í suðvesturhluta Noregs í júlílok.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er að miklu leyti andlitið út á við og þar myndast tengsl við stóran hóp fólks með ýmsum hætti. Áherslan er annars vegar á fjáröflun, hins vegar á kynningu og tengslamyndun. Skrifstofan og Kristniboðssalurinn eru á Háaleitisbraut 58-60 en Basarinn er skammt frá, í Austurveri, Háaleitisbraut 68.

Formaður stjórnar er Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri. Stjórn er valin á árlegum aðalfundi en tæplega 300 manns eru skráðir félagar í SÍK eða aðildarfélög þess. Þar fyrir utan er stærri hópur sem styrkir starfið og biður fyrir því.

Um helmingur rekstrarfjár Kristniboðssambandsins eru gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og kirkjum og um helmingurinn er afrakstur sölu í nytjamarkaði, á frímerkjum, notuðum skóm og ýmsu öðru. Rekstrargjöld árið 2016 voru um 88 milljónir en tekjur aðeins tæpar 72 og því halli upp á um 16 milljónir sem teknar voru úr varasjóði. Stjórn SÍK þakkar sérstaklega framlög kirkjumálasjóðs (1,2 milljónir), Reykjavíkurprófastsdæmis eystra (575 þúsund), Hallgrímskirkju (1,2 milljónir) og ýmsum öðrum kirkjum og prófastsdæmum sem studdu við starfið með beinum framlögum eða samskotum. Ýmsar sóknir hér á landi eiga sér vinasóknir eða vinakirkjur á kristniboðsakrinum og hafa sumar stutt við bakið á þeim fjárhagslega. Akureyrarkirkja hefur stutt við kirkjubyggingar í sinni vinasókn.

Stjórn og starfsmenn Kristniboðssambandsins þakka alla umhyggju velunnara starfsins sem standa að baki því með gjöfum, fyrirbænum og sjálfboðinni vinnu. Okkar er að sá Orðinu, Guð er sá sem gefur vöxtinn. Við fáum að taka þátt í víðtæku og blessunarríku starfi sem ber góðan og margvíslegan ávöxt.

(Ýtarlegri skýrsla er aðgengileg á http://sik.is/wp-content/uploads/2017/05/Starfsskyrsla_Prentskjal.pdf

# *Samkirkjunefnd*

**Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður**

## Samkirkjunefnd og fulltrúar í samkirkjulegum nefndum.

Samkirkjunefnd starfar samkvæmt starfsreglum nr.1006/2005. „Hlutverk nefndarinnar er hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samskipti og tengsl þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur, kristin trúfélög bæði á Íslandi og erlendis. Þar með er talin þátttaka þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum og samtökum.“

Hana skipa frá 1. nóvember 2014:
sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir formaður,
sr. Sveinn Valgeirsson varaformaður og fulltrúi í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga,
sr. María Ágústsdóttir formaður Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga,
sr. Sjöfn Jóhannsdóttir kirkjuþingsfulltrúi og
Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.
Varamenn eru Magnea Sverrisdóttir djákni og
sr. Bernharður Guðmundsson.
Framkvæmdanefnd skipa sr. Hulda Hrönn, sr. Sveinn og sr. Sjöfn.
Sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari er ritari nefndarinnar.

Í starfsreglum um Samkirkjunefnd Þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005 með síðari breytingum (2014) er þess getið að Samkirkjunefnd starfi á grundvelli samkirkjustefnu. Samkirkjustefna var samþykkt á 53. Kirkjuþingi 2016 og þar kemur fram að Samkirkjunefnd á að setja sér áætlun.

*„5. Áætlun*
*iii. Til að vinna að markmiðum þessarar stefnu og samhæfa starfið skipar Biskup Íslands samkirkjunefnd, samkvæmt starfsreglum um samkirkjunefnd (starfsr. nr. 1006/2005).*
*iv. Samkirkjunefnd gerir jafnan fjögurra ára áætlun um áherslur í samkirkjulegu starfi erlendis. Þar komi fram á hvaða sviði Þjóðkirkjan hyggst beita kröftum sínum, bæði áherslumálefni (d. Guðfræði, hjálparstarf, umhverfismál, jafnréttismál osfrv) og áherslusvæði (d. Norðurlönd, Porvoo samstarf, Evrópa, Alkirkjuráðið, Lúterska heimssambandið og Evrópska kærleiksþjónustan).“*
*(http://kirkjuthing.is/malaskra/ Kirkjuþing 2016 – 24. mál Tillaga til þál. um samkirkjustefnu).*

Samkirkjunefnd komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegast væri að megin áhersla nefndarinnar lægi áfram á siðbótarárinu sem er í ár og Lúterska heimsambandinu. Einnig væri upphafleg áhersla nefndarinnar enn í góðu gildi sem væri að koma upplýsingu á framfæri m.a. til presta og djákna og þaðan út til safnaðanna. Eins og Emilio Castro fv. framkvæmdastjóri Alkirkjuráðsins benti á, að það kirkjulega starf sem ekki gerist eða fær endueróm í söfnuðinum væri ekki raunverulegt kirkjustarf.

Fulltrúar kirkjunnar í samkirkjulegum nefndum eru: sr. Halldór Reynisson tengiliður við Nordisk kirkelig studieråd og Pilgrimage of Justice and Peace (WCC – Alkirkjuráðið), Magnea Sverrisdóttir djákni sem árið 2015 tók við formennsku í *Kærleiksþjónustunefnd* (DMD) Lúterska Heimssambandsins og tók jafnframt við sæti í framkvæmdanefnd sambandsins til heimsþingsins 2017, auk þess að sitja í *Stjórnarskrár og inntökunefnd*, Þuríður Björg Wiium Árnadóttir guðfræðinemi tók sæti í stjórn LH á heimsþinginu 2017, sr. María Ágústsdóttir er fulltrúi kirkjunnar í kirkju- og guðfræðihóp KEK, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni er tengiliður við Eurodiaconia, sr. Sigurður Árni Þórðarson er Porvoo tengiliður þjóðkirkjunnar. Sr. Sigrún Óskarsdóttir sem hefur verið fulltrúi Þjóðkirkjunnar hjá Wicas (á vegum LH) og NEKK hefur látið af störfum og í hennar stað kemur sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn. Helga Björk Jónsdóttir djákni Garðaprestakalli fór á Samkirkjulega fræðidaga í Bæjaralandi í Þýskalandi 2016, sem lúterska kirkjan í Bayern býður þjóðkirkjunni að sækja heim. Útgangspunkturinn var hvernig hægt væri að nota listina, listasöguna og menningarlæsið til þess að brjóta múra til að taka á móti flóttafólki þegar það kemur í nýtt land og yfirskriftin var *Come and see*. Árið 2017 fór sr. Axel Árnason Njarðvík til Þýskalands og yfirskrift fræðadaganna var *You will get no hate from me!*

Samkirkjunefnd þakkar þeim Magneu og sr. Sigrúnu störf þeirra sem fulltrúar kirkjunnar á erlendum vettvangi og býður nýja fulltrúa velkomna til starfa. Einnig þökkum við Höllu Jónsdóttur fyrir vinnu hennar á kvennavettvanginum.

## Fundir

Ársfundur samkirkjunefndar 2017 var haldinn á Biskupsstofu þann 23. febrúar. Markmið fundarins er að fá yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og erlend samskipti. Samkirkjunefndin hélt tvo fundi auk Ársfundar árið 2016 og hefur haldið einn fund auk Ársfundar á fyrri hluta ársins 2017.

## Aðildargjöld

Gengið breyttist mikið á árinu 2016. Greiðslur til LWF og Eurodiakonia fóru fram fyrri hluta árs en aðrar greiðslur fóru fram í desember. Árið 2016 greiddi Þjóðkirkjan samtals kr. 3.835.687 í aðildargjöld.

| | | |
|---|---|---|
| LWF | kr. | 1.702.450 |
| LWF v.h.þ. | kr. | 500.111 |
| WCC | kr. | 984.372 |
| CEC | kr. | 94.548 |
| Eurodiaconia | kr. | 254.206 |

## Samkirkjulegt starf og samskipti við erlend kirknasamtök

Samkirkjunefnd fékk send 50 eintök af stefnuskrá WCC. Bókin heitir *Together Towards Life, mission and evangelism in changing landscapes with a practical guide*. Henni fylgir mynddiskur þar sem rakin er saga boðunar á seinustu öld og fram á þessa og hvernig hún hefur breyst í tímanna rás. Samkirkjunefnd sendi héraðsprestum og sóknarprestum með héraðsprestsskyldur bréf og eintak af bókinni þar sem leitast var eftir því að myndbandið yrði sýnt á fundi með prestum og djáknum og umræðan tekin um boðun í breyttu umhverfi.

Samkirkjunefnd sendi prestum og djáknum bréf fyrir jól með jólaboðskap LH. Einnig hefur hún sent tvö bréf á þessu ári með fréttum frá m.a. Lúterska heimsambandinu, Alkirkjuráðinu, KEK og Evrópsku kærleiksþjónustunni.

Eitt af verkefnum Alkirkjuráðsins er *Pilgrimage of Justice and Peace* og er íslenska þjóðkirkjan þáttakandi í þessu verkefni. Kirkjur hvar sem er í heiminum eru kallaðar til að ganga saman, til að skoða sameiginlega líf sitt, vegferð trúar sinnar, sem hluta af pílagrímsför til réttlætis og friðar og sameinast um að fagna lífinu og stíga áþreifanleg skref til að umbreyta óréttlæti og ofbeldi til réttlætis og friðar, lækna veröld sem er full af átökum, óréttlæti og þjáningu. Sjá www.wccpilgrimage.org.

KEK hélt forþing hér á Íslandi í Neskirkju 16.-17. mars fyrir Evrópuþingið sem verður haldið árið 2018 í Serbíu. Yfirskrift þingsins var *What future for Europe?* Umfjöllunarerfnið var skýrsla KEK *An Open Letter of CEC to Churches in Europe* og viðbrögð sem komið höfðu vegna hennar. Á forþinginu fluttu sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir og sr. Skúli Ólafsson erindi út frá yfirskriftinni *Life and Work of the Church in Iceland*.

Heimsþing LH var haldið í maí 2017 í Windhoek í Namibíu. Fjórir fulltrúar fóru fyrir hönd íslensku Þjóðkirkjunnar. Yfirskrift þingsins var *Liberated by God´s Grace, creation – not for sale, people – not for sale, salvation – not for sale.*

## Norræn samvinna

Í skipulagi Alkirkjuráðsins (WCC) og Lúterska heimsambandsins (LWF) er þjóðkirkjan á svæði með kirkjum Norðurlanda og kirkjum Eystrasaltsríkjanna. Árlega er haldinn fundur ritara samkirkjumála á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Að þessu sinni var komið að Íslandi og var fundur haldinn í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar í mars 2017. Þar var kynnt hvernig samkirkjumálum er háttað hér á Íslandi og fluttu dr. María Ágústsdóttir og sr. Hulda

Hrönn M. Helgadóttir erindi um þau. Efni fundarins var loftslagsmál. Fóru fundarmenn í Hellisheiðarvirkjun og fræddust um jarðhita. Síðan var farið í Skálholt og fluttu erindi dr. Sigríður Guðmarsdóttir prófastur í Noregi um *The Church and the Environment,* dr. Halldór Björnsson um *Climate Justice – Ethics vs. Technics og Climate Change: what, who and how* og dr. Hlynur Óskarsson um *The recapturing of the Wetlands – Project in Skálholt*. í Skálholti var þeim sýnt endurheimt votlendis á staðnum. Síðan var ekinn hinn „gullni hringur“ og var sr. Kristján Björnsson formaður P.Í. leiðsögumaður í ferðinni. Fundarmenn voru hæstánægðir með ferðina og alla tilhögun og var það ritari nefndarinnar sr. Þorvaldur Víðisson sem bar hitann og þungann af skipulaginu ásamt sr. Sveini Valgeirssyni.

Siðbótarárið er hafið. Við biðjum Guð um að metta okkur að morgni með miskunn sinni, að við megum fagna og gleðjast alla daga okkar (Sálm.90:14).

## *Lúterska heimssambandið*

**Magnea Sverrisdóttir, verkefnisstjóri**

### Viðburðaríkt ár hjá Lúterska heimssambandinu

Íslenska þjóðkirkjan hefur verið með fulltrúa í stjórn Lúterska heimssambandsins frá stofnun þess í Lundi 1947. Að heimssambandinu í dag standa 145 kirkjur frá 98 löndum frá öllum heimsálfum. Árið 2009 tilnefndi Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar Magneu Sverrisdóttur djákna til stjórnarsetu og var hún kjörin í stjórn sambandsins fyrir hönd íslensku þjóðkirkjunnar á



Magnea Sverrisdóttir fulltrúi Íslands á heimsþingi Lútherskra heims-sambandsins ásamt Pamelu, fulltrúa frá Kenýa



Frá heimsþinginu

heimsþinginu í Stuttgart árið 2010. Magnea sat í framkvæmdarstjórn kærleikþjónustusviðs og í stjórnarskrár- og aðildarnefnd sambandsins. Árið 2015 tók Magnea við formennsku kærleiksþjónustusviðs sambandsins (DMD) fram að heimsþingi vorið 2017.

Síðasta ár var viðburðaríkt hjá Lúterska heimssambandinu enda var stórafmælið og heimsþing í uppsiglingu.

Hátíðleg athöfn var haldin í Lundi þann 31. október 2016 sem var skipulögð af Lúterska heimssambandinu og Vatikaninu þar sem í fyrsta sinn í 500 ár komu saman æðstu fulltrúar kaþólsku og lútersku kirkjunnar. Einnig var haldin opin samkoma í Malmö þar sem samankomnir voru þúsundir manna. Tilgangur þessara athafna var að koma saman sem kristnar kirkjur, horfast í augu við fortíð okkar og horfa fram á veginn og einblína á það sem sameinar þessar tvær kirkjudeildir frekar en það sem sundrar. Einnig var undirritað formlegt samkomulag hjá neyðarhjálp Kaþólsku kirkjunnar *Karitas* og neyðarhjálp Lúterska heimssambandsins *World Service* um nánara samstarf. Fulltrúar íslensku kirkjunnar á þessum athöfnum voru biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir og Magnea Sverrisdóttir djákni.

Tólfta heimsþing Lúterska heimssambandsins var haldið 10.-16. maí 2017 í Windhoek í Namibíu, undir yfirskriftinni „Liberated by God‘s Grace“ og „Creation Not for Sale“, „Human Beings Not for Sale“ og „Salvation Not for Sale“. Íslenska þjóðkirkjan átti þrjú sæti á þinginu þau skipuðu Solveig Lára Guðmundsdóttir biskup á Hólum, sr. Sveinn Valgeirsson og Magnea Sverrisdóttir. Einnig voru með í för sr. Gylfi Jónsson og Ásdís Auðunsdóttir. Sr. Árni Svanur



Íslendingarnir á heimsþinginu

Daníelsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir voru starfsmenn Lúterska heimssambandsins á þinginu. Á undan þinginu sjálfu fór fram kvennaþing þar sem saman komnar voru konur frá öllum heimsins hornum og var vígsla kvenna og ofbeldi gagnvart konum efst á baugi. Fulltrúar kirkjunnar á þeim fundi voru Solveig Lára Guðmundsdóttir vígslubiskup á Hólum og Magnea Sverrisdóttir sem var í undirbúningsnefnd kvennaþingsins. Aðalþingið fór vel fram og var ljóst að þær þrjár lútersku kirkjur sem eru eru í Namibíu höfðu lagt mikið á sig að allt færi eins vel fram og hugsast gæti.

Neyðaraðstoð er langstærsti liður í starfsemi sambandsins, yfir 90% af heildarinnkomunni rennur beint í neyðaraðstoð. Neyðaraðstoð sambandsins (*World Service*) er fimmti stærsti samstarfsaðili Flóttamannahjápar Sameinuðu þjóðanna (UHCNR) í dag.

Aðalræðumaður þingsins var dr. Mukwege frá Kongó en hann er skurðlæknir og hefur sérhæft sig í skurðaðgerðum á konum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi en hann hefur verið tilnefndur til friðarverlauna Nóbels. Skilaboð dr. Mukwege voru skýr: Kristin kirkja á að gera það sem hún getur til þess að sporna við kynferðislegu ofbeldi gegn konum. Hann benti á það að það er búið að setja rauða línu á heimsvísu við takmörkun á notkun bæði efna- og kjarnorkuvopna í stríði en ekki hafa verið gerðar svipaðar takmarkanir á notkun kynferðisofbeldis á konum í stríði. Dr. Mukwege sagði heiminn vera í stríði gegn konum og kynferðislegt ofbeldi væri ekki bara vandamál kvenna heldur heimsins alls og þar væri fræðsla til bæði drengja og stúlkna lykilatriði. Þetta var skýr boðskapur og mikilvægur sérstaklega í þessum hluta heimsins þar sem að kynferði er yfir höfuð ekki rætt í samfélögum og hvatning



Börnin á heimsþinginu

hans til kirkjunnar því sterk; ef við ætlum að bera fram trúverðugan boðskap um kristinn mannskilning ber okkur skylda til þess að ræða þessi mál. Málefni flóttamanna og náttúrvernd voru einnig mikið til umræðu á þinginu.

Helgihald var stór þáttur af heimsþinginu og upp úr stóð 500 ára minningarhátíð á stærsta íþróttaleikvanginum í Windhoek þar sem þúsundir manna voru samankomnir og margra klukkustunda helgihald fór fram þar sem heimamenn höfðu lagt mikið á sig til þess að allt færi fram með sem bestum hætti. Á heimsþinginu tók við ný stjórn og á Ísland enn sæti í stjórninni og tilnefndi biskup Íslands f.h. þjóðkirkjunnar, cand. theol. Þuríði Árnadóttur Wium og situr hún í stjórninni á kærleiksþjónustusviði (DMD) fram að næsta heimsþingi árið 2022.

## *Tónskóli þjóðkirkjunnar*

### Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.



Á myndinni má sjá útskriftarnemana og kennara Tónskólans ásamt biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur, Birni Steinari Sólbergssyni skólastjóra og Guðmundi Sigurðssyni formanni Kirkjutónlistarráðs

Kirkjutónlistarráð, sem jafnframt er stjórn skólans er skipuð Guðmundi Sigurðssyni sem er formaður, Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur og Sigurjóni Árna Eyjólfssyni. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni. Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar situr einnig fundi ráðsins.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Breiðholtskirkju, Hallgrímskirkju, Ísafjarðarkirkju og Kópavogskirkju. Kórstjórnarkennslan fer fram í Sölvhóli, húsnæði Listaháskóla Íslands.

## Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; *Kirkjuorganistapróf*, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, *Kantorspróf*, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og *BA-gráða* í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið upp á *Einleiksáfanga* fyrir þau sem vilja auka við menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. *Kirkjuorganistapróf* fyrir litla söfnuði og *Kantorspróf* eða *Masterspróf* í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við í fullu starfi.

## Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eyþór Ingi Jónsson, Guðrún Óskarsóttir, Hreinn S. Hákonarson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Mátéóva og Magnús Ragnarsson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfanga þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólastarfið

Tónskólinn var settur í Grensáskirkju fimmtudaginn 8. september 2016 þar sem höfuðstöðvar skólans eru. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkennslu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 20. maí.

- Alls stunduðu 22 nemendur nám við skólann í vetur, þar af 1 á Ísafirði og 1 á Akureyri. Fjórir nemendur stunduðu nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Ánægjulegt er að sjá allt unga fólkið sem hefur áhuga á að starfa að framgangi kirkjutónlistarinnar.

Endurmenntun er einnig mikilvægur þáttur í starfi Tónskólans þar sem starfandi organistar geta aukið menntun sína með námi og námskeiðshaldi á vegum skólans. Þar hafa útibú Tónskólans á Akureyri og Ísafirði skilað miklum árangri.

Átta nemendur luku áfanga frá Tónskólanum. Ástvaldur Traustason, Kjartan Jósefsson Ognibene og Þorvaldur Örn Davíðsson ljúka Kirkjuorganistaprófi.

Elísabet Þórðardóttir, Hákon Leifsson, Kitty Kovács og Sólveig Anna Aradóttir ljúka kantorsprófi. Örn Magnússon lýkur einleiksáfanga.

### *Organistastefna í Skálholti*

Margrét Bóasdóttir verkefnastjóri kirkjutónlistar boðaði til organistastefnu í Skálholti 18. og 19. september. Aðalgestur stefnunnar var Paul Phoenix fyrrverandi söngvari í King's Singers og stofnandi Purple Vovals. Nemendum Tónskólans var boðið að taka þátt og fengu þannig að kynnast vinnubrögðum þessa merka tónlistarmanns.

### *Orgeltónleikar í Dómkirkjunni í Reykjavík*

Fimm orgelnemendur skólans tóku þátt í Tónlistardögum Dómkirkjunnar s.l. haust og komu fram á tónleikum 3. nóvember.

### *Skólaferðalag til Akureyrar*

10.-12. nóvember 2016 héldu nemendur og kennarar Tónskólans í ferðalag til Akureyrar.

Organistar Akureyrarkirkju, þau Eyþór Ingi Jónsson og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir tóku á móti hópnum og kynntu kórastarf kirkjunnar. Einnig hélt Sigrún Magna afar áhugavert erindi um konur í orgeltónlist.

Fötudaginn 11. nóvember héldu orgelnemendur skólans tónleika og í framhaldi söng hópurinn kórvesper. Var þetta í annað sinn sem hópurinn fer í heimsókn í Akureyrarkirkju og kannski orðið að hefð?

### *Jólatónleikar Tónskóla þjóðkirkjunnar 2016*

Tvennir tónleikar voru á vegum skólans fyrir jólin.

Tónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskólans fóru fram í Hallgrímskirkju 7. desember. Þar komu fram Attila Fábián og Erla Rut Káradóttir.

Jólatónleikar Tónskólans voru haldnir í Laugarneskirkju 9. desember. Þar komu fram nemendur skólans í kórstjórn og orgelleik.

### *Kórstjórnarkennslan*

Undanfarin ár hefur Tónskólinn verið í samstarfi við LHÍ um nám í kirkjutónlist. Fyrir tveimur árum var samstarfið útvíkkað á þann hátt að nemendur LHÍ geta nú sótt kórstjórnartíma í Tþ. Hefur þetta samstarf gengið afar vel fyrir báða skólana og sýnir glöggt hvað samstarf stofnana getur leitt af sér góða hluti.

Kennari í kórstjórn er Magnús Ragnarsson.

Samstarfið við LHÍ hefur einnig opnað möguleikann á nemendaskiptum milli landa og þá bæði frá Íslandi og til Íslands.

### *Aftansöngur í Laugarneskirkju*

Kórstjórnarhópurinn söng tvívegis aftansöng (evensong) í vetur í Laugarneskirkju; Tónlistin var í höndum nemenda í kórstjórn. Arngerður María Árnadóttir organisti lék á orgelið og sr. Davíð Þór Jónsson leiddi stundirnar.

### *Tónskólinn á Vestfjörðum*

Undanfarna vetur hefur Tónskólinn boðið upp á nám í kirkjutónlist fyrir organista á Vestfjörðum. Mikilvægur þáttur organistanámsins er nám í kórstjórn. Tónskólinn hefur verið í samstarfi við Tónlistarskólann á Ísafirði og hefur Beata Joó kennari við skólann kennt kórstjórnarnemum. Hafa fimm nemendur stundað námið í vetur, organistar, en einnig nemendur og kennarar við TÍ.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að Tónskólinn haldi úti námsframboði sem víðast um landið þannig að organistar hafi kost á að auka þekkingu sína og menntun.

### *Sex tónleikar voru á vegum Tónskólans á vorönn;*

2. maí framhaldsprófstónleikar Kitty Kovács.

9. maí burtfarartónleikar Arnar Magnússonar.

10. maí framhaldsprófstónleikar Elísabetar Þórðardóttur

13. maí voru vortónleikar Tónskólans þar komu fram nemendur skólans í orgelleik.

15. maí framhaldsprófstónleikar Sólveigar Önnu Aradóttur.

19. maí (í gær) var sunginn kórvesper þar sem Erla Rut Káradóttir nemandi á kirkjutónlistarbraut TÞ og LHÍ stýrði tónlistarfluningi.

Allir tónleikarnir fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Vefsíða Tónskólans er:
www.tonskoli.is

# *Verkefnisstjóri kirkjutónlistar*

**Margrét Bóasdóttir**

## Um starfið

Helstu starfsþættir eru umsjón með tónlistarmálum þjóðkirkjunnar og ráðgjöf við biskup Íslands, þjónusta og stuðningur við starf organista, kirkjukóra, presta og annað starfsfólk kirkjunnar, skipulagning og framkvæmd símenntunar, gerð og útgáfa söngefnis, nýsköpun á sviði kirkjutónlistarmála og erlend samskipti.

Organistar landsins eru um 110 talsins, en aðeins um 30 þeirra í fullu starfi.

Áætlað er að um 2500 manns syngi í kirkjukórum landsins og um 500 börn í barnakórum við kirkjur eða skólakórum sem eru í föstu samstarfi við sína sóknarkirkju. Ljóst er að kórastarf innan þjóðkirkjunnar er langfjölmennasta sjálfboðaliðastarf hennar, og jafnvel á landsvísu.

## Nefndar- og stjórnarstörf og ýmsir fundir

Sálmabókarnefnd fundaði vikulega á heils dags vinnufundum. Í mars var haldinn fundur með biskupi Íslands þar sem nefndin fór fram á frestun á útgáfu sálmabókarinnar til september 2018. Ástæðan er sú að þá er hægt að vinna nákvæmari hljómasetningu sálmanna, bæði fyrir sálmabókina sjálfa og undirleiksbók. Biskup og kirkjuráð samþykktu þessa frestun.

Sálmabókarnefnd var boðið að hafa kynningarfund með organistum og prestum Kjalarnesprófastdæmis. Prófastur bauð til fundar og einnig hádegisverðar.

Kirkjutónlistarráð fékk nýjan formann í apríl; Guðmund Sigurðsson, organista Hafnarfjarðarkirkju. Áformað er að hefja nú þegar endurskoðun starfsreglna um kirkjutónlist og organista sem og tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar, en kirkjuráð óskaði eftir því að ráðið, ásamt skólastjóra Tónskólans og söngmálastjóra, ynnu þá endurskoðun. Þau síðasttöldu sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Ég var skipuð formaður stjórnar Sumartónleika í Skálholtskirkju í nóvember 2015 til næstu fjögurra ára. Formaður er fulltrúi vígslubiskups í Skálholti en auk þess sitja í stjórn fulltrúi Listaháskóla Íslands, Tryggvi M. Baldvinsson og fulltrúi Menntamálaráðuneytis, Kolbeinn

Bjarnason. Pétur Jónasson var framkvæmdastjóri sumarið 2016 og Guðrún S. Birgisdóttir hefur verið ráðin fyrir sumarið 2017. Dagskrá sumartónleikanna 2016 var fjölbreytt og aðsókn var góð. Ákveðið er að minnast með sérstökum hætti stofnanda Sumartónleikanna, Helgu Ingólfsdóttur sem hefði orðið 75 ára í janúar 2017. Semballeikur verður því í öndvegi á lokahelgi sumartónleikanna.

Ég var skipuð varamaður í stjórn Skálholtsskóla í nóvember 2015. Formaður er Hreinn Hákonarson. Stjórnin fundar u.þ.b. fjórum sinnum á ári og eru varamenn boðaðir til fundar ásamt aðalmönnum.

Stofnaður var átta manna starfshópur til að fara yfir verklag og ferla sem bæta mættu framkvæmd útvarpsmessunnar, samskipti við RÚV og auka gæði messunnar sem útvarpsefnis. Í hópnum voru prestar og organistar auk biskupsritara og Magneu Sverrisdóttur, starfsmanni Biskupsstofu sem var ritari hópsins. Hópurinn hittist á nokkrum fundum og samið var leiðbeiningarskjal fyrir þau sem taka að sér útvarpsmessur og endurbætt skjal sem sent er á þuli og tæknimenn RUV með upplýsingum um messuna. Skjölin voru síðan kynnt í maí, á sérstökum fundi sem boðað var til með prestum og organistum í þeim þremur prófastdæmum sem annast útvarpsmessur.

Ég fundaði með Elínu Elísabetu Jóhannsdóttur um tónlist í barnastarfi kirkjunnar. Ég var síðan með stutt erindi um barnaraddir og söng á haustnámskeiði þegar nýtt barnaefni var kynnt og kenndi þátttakendum nokkur lög úr Barnasálmabókinni. Var mikil ánægja með þetta og stefnt að því að styðja áfram við tónlistarþátt þessa mikilvæga starfs kirkjunnar.

Afmælisnefnd um 500 ára siðbót Marteins Lúters ákvað að styrkja samstarfsverkefni á mínum vegum; að jazztríó vinni með sameinuðum kirkjukórum í héraði á landsbyggðinni og fluttir verði sálmar Lúters ásamt nýjum sálmum í óhefðbundnum búningi. Verða væntanlega þrjú slík verkefni í haust.

## Fundir með organistum

Tveir fundir voru með stjórn Félags ísl. orgelleikara um ýmis samstarfsverkefni.

Í september var haldinn fundur með organistum í Suðurprófastdæmi. Þar var m.a. ákveðið að stefna að sameiginlegum flutningi kirkjukóranna á Sálumessu Mozarts 7. nóvember 2018.

Ég bauð til mánaðarlegra morgunfunda með organistum frá áramótum og voru haldnir þrír fundir þar sem jafnmargir organistar voru heimsóttir, fræðst um störf þeirra og ýmis önnur áhugaverð viðfangsefni og snæddur morgunverður. Mæting var allgóð á alla fundi.

Í janúar var fundur á Löngumýri með organistum og prestum í Skagafjarðar- og Húnavatns-prófastdæmi. Þar var skipulagt stórt verkefni á vordögum, en allir prestar, organistar og kórar prófastdæmisins tóku að sér að flytja útvarpsguðsþjónustu sem teknar voru upp í Blönduóskirkju.

## Símenntun

Önnur Organistastefna þjóðkirkjunnar var haldin í Skálholti 18. -19. september 2016. Þátttakendur voru 35 og leiðbeinandi var breski tenórinn Paul Phoenix. Hann vann m.a. með kórhljóm, ábyrgð söngvaranna í kórstarfinu og æfingatækni og var mkil ánægja með framlag



Kirkjukórar Tálknafjarðar, Bíldudals og Patreksfjarðarkirkna ásamt organistanum, Marion G. Worthmann, sr. Elínu Salóme Guðmundsdóttur og Margréti Bóasdóttur

hans. Þátttakendur sungu saman, sungu tíðagjörð í kirkjunni og nutu samvista og félagsskapar. Organistastefna verður haldin árlega í september.

Á menntadegi PÍ sem haldinn var í Neskirkju í apríl hélt ég erindi um hlutverk sálmsins og sálmasöngsins nú á siðbótarafmælisárinu. Einnig kenndum við Björn Steinar Sólbergsson viðstöddum nokkra sálma úr bókinni Sálmar 2013.

## Sálmakvöld, Söngdagar með kirkjukórum

Ég fór til Þórshafnar í lok september og átti fund með sóknarnefndum í Langanesprestakalli, presti og sveitarstjóra þar sem ræddir voru möguleikar á að tónlistarkennari skólans tæki að sér að æfa kirkjukórinn með gítarundirleik en þar hefur ekki verið fastur organisti í nokkur ár. Um kvöldið var svo söngkvöld með kirkjukórnum þar sem kenndir voru og kynntir nýir sálmar.

Söngdagur með kirkjukórum héraðsins var haldinn í Blönduóskirkju í október og í lok október var í annað sinn Sálmakvöld í Dómkirkjunni í Reykjavík sem ég annaðist ásamt dómorganistanum.

7. nóvember voru í annað sinn tónleikar kirkjukóra Suðurprófastdæmis í Skálholtskirkju, á árlegum minningardegi um Jón Arason, biskup. Fjórir kórar tóku þátt og prestar og prófastur lásu lestra.

Dagana 11.-14. nóvember heimsótti ég kirkjukóra á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Fundað var með organista og presti og sameiginlegur æfingardagur var með kórunum. Á sunnudag voru síðan messur á öllum þrem stöðum, þar sem kórarnir sungu eingöngu nýja sálma.

Í febrúar var sálmakvöld í Akraneskirkju þar sem ég kenndi nýja sálma með aðstoð kirkjukórs og organista og einnig tók kórinn Vox Populi undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar þátt í kvöldinu.

Í mars var sálmakvöld með kórum og organistum Ólafsvíkurkirkju og Ingjaldshólskirkju. Þar voru kenndir nýir sálmar og lögð á ráð um frekara samstarf.

Í lok mars fór ég til Hafnar í Hornafirði og átti fundi með stjórn kirkjukórs, prestum og sóknarnefndarfólki í veikindaleyfi organistans. Söngkvöld var svo haldið með kórnum og afleysingaorganista og m.a. æft fyrir páska og fermingu.

## Ráðgjöf til sóknarnefnda

Ég bauð sóknarnefndum sem auglýstu lausar stöður organista að senda þær á póstlista starfandi organista. Einnig bauð ég fram faglega ráðgjöf og nýttu þær sóknarnefndir sem auglýstu í vor þessa þjónustu. Ásamt skólastjóra Tónskólans og formanni FÍO fór ég yfir umsóknir og við skiluðum skriflegri umsögn um hæfni miðað við orðalag auglýsingar.

## Sálmafoss

Ég var kynnir og aðstoðaði við undirbúning á Sálmafossi í Hallgrímskirkju á Menningarnótt. Kórar sungu og leiddu almennan sálmasöng kirkjugesta sem fylltu kirkjuna alla þá 6 klukkutíma sem dagskráin stóð. Þetta er mikið þakkarefni fyrir kirkjuna að Hallgrímskirkja skuli standa fyrir slíkum viðburði árlega.

## Barnakórar við kirkjur

Í mars boðaði ég stjórnendur barnakóra við kirkjur á fund en u.þ.b. 16 barna- og unglingakórar eru starfandi við kirkjur. Ákveðið var að stofna samskiptahóp á Facebook og efla þannig samstarf. Stefnt er að barnakórahátíð næsta vetur og einnig var ákveðið að endurvekja námskeið fyrir stjórnendur barnakóra og verður það haldið í Skálholti í september.

Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju mun taka þátt í kór-sumarbúðum norsku kirkjunnar í nágrenni Þrándheims í sumar og ég mun fara þangað og kynna mér þetta starf í því augnamiði að koma á slíkum sumarbúðum hér.

## Söngvahátíð barnanna

Á skírdag hafði ég umsjón með Söngvahátíð barnanna í Hallgrímskirkju. Fimm barna- og unglingakórar frá Langholtskirkju, Seljakirkju, Bústaðakirkju og Hallgrímskirkju, alls um 70 börn, tóku þátt ásamt jazztríói sem lék með. Kirkjan fyllist af fjölskyldufólki sem naut þess að hlusta á vandaðan og fjölbreyttan flutning barnanna.

## Samstarf við guðfræðideild Háskóla Íslands

Ég hef haft umsjón með vikulegum messum guðfræðinema, leiðbeint nemendum við sálmaval og messuþætti og útvegað organista, oftast úr röðum nemenda Tónskóla þjóðkirkjunnar.



Söngdagur barnanna í Hallgrímskirkju á skírdag 2017

Ég hef einnig haft umsjón með 1. des. messunni, æft sönginn og stýrt honum. Eftir samtal við Ríkisútvarpið 2015 var ákveðið að tæknimenn taki upp messuna og henni sé útvarpað 2. sd. í aðventu. Þannig hefur messa guðfræðinema aftur komist inn í dagskrá RÚV og er það vel.

Ég kenndi ásamt Kristjáni Val Ingólfssyni í annað sinn námskeið um liturgíu og sálmafræði á haustönn 2016. Í tengslum við það komu nemendur einn sólarhring í Skálholt þar sem þau fengu viðbótarfræðslu og tóku þátt í daglegri tíðagjörð.

Í lok nóvember flutti ég fyrirlestur um jólasálma í Málstofu guðfræðideildar. Þar var vel mætt og m.a. hlustað á jólasálma annarra þjóða og sungnir íslenskir sálmar.

## Raddmat við lok starfsþjálfunar

Ég hef unnið með starfsþjálfunarteymi Biskupsstofu í þeim tilgangi að auka vægi söngþjálfunar til framtíðar hjá bæði prestsnemum og djáknanemum.

Nemendur fá í lok starfsþjálfunartímans sérstakt Raddmat, þar sem þeir koma til mín og lesa, flytja eigin texta, tóna og syngja sálma og fá skriflega umsögn og leiðbeiningar um færni sína og hvernig má auka hana ef þarf.

## Raddþjálfun presta

Í samstarfi við Prestafélag Íslands bauð ég í annað sinn upp á raddþjálfun í desember til undirbúnings fyrir jólahátíðartónið. Fjölmargir prestar nýttu sér þetta og voru afar þakklátir.

Einnig aðstoðaði ég biskup Íslands og Dómkórinn við undirbúning og sjónvarpsupptöku á jólamessu biskups sem tekin var upp í Dómkirkjunni.

## Samstarf við RÚV um útvarpsmessur á landsbyggðinni

Útvarpsmessur af landsbyggðinni voru teknar upp í Blönduóskirkju 26.-27. maí. Það voru allir prestar prófastdæmisins, alls 8, organistar, kirkjukórar og starfsfólk safnaða í Skagafjarðar- og Húnavatnsprófastdæmi sem fjölmenntu á Blönduós og var messað þrisvar annan daginn og fimm sinnum hinn! Þátttakendur voru alls rúmlega 200. Messunum var útvarpað í júlí og ágúst og gerður góður rómur að. Upptökumaður RUV var Einar Sigurðsson og ég sá um skipulagningu verkefnisins.

## Syngjandi Kirkjuþing

Morgunsöngur á Kirkjuþingi sem var innleiddur í tengslum við morgunbænir, hlaut góðan hljómgrunn og við Björn Steinar Sólbergsson stýrðum söng þar sem sálmar Lúters og nýir sálmar voru sungnir við raust.

## Erlend samskipti

Norrænt kirkjutónlistarmót var haldið í Gautaborg í september. Mótin eru haldin á fjögurra ára fresti og eru frábær vettvangur til að kynna tónlistarstarf landanna og kynnast því sem aðrir gera. Íslenskir þátttakendur voru til mikils sóma; Barbörukór Hafnarfjarðarkirkju undir stjórn Guðmundar Sigurðssonar, organista, Lára Bryndís Eggertsdóttir, organisti og Guðný Einarsdóttir, organist sem kynnti „Sögu úr orgelhúsi". Margar áhugaverðar kynningar voru, s.s. kröftugt tónlistarstarf með fermingarbörnum og glæsilegir tónleikar þátttökulandanna.

Ég var beðin að taka sæti í stjórn *Leitourgia, nordisk liturgisk netverk*, en Kristín Þórunn Tómasdóttir sem var í stjórn, flutti til Sviss. Ársfundurinn var í Espo og var vel sóttur, þó ég væri ein frá Íslandi. Einn stjórnarfundur hefur verið haldinn í Aarhus og verður næsti ársfundur haldinn þar í nóvember. Þetta er mikilvægt samstarf Norðurlandanna.

Formaður evrópskra samtaka um evangelíska kirkjutónlist, ECPCM, *European Conference for Protestant Church Musik*, hafði samband og sagðist hafa í 20 ár reynt að fá tengsl við Ísland. Ég staðfesti þátttöku þjóðkirkjunnar í samtökunum og mun fara á fyrsta ársfund þar í Strasbourg í september.

Af þessari skýrslu má sjá hve fjölbreytt starfið er. Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru en fjölmörg erindi og fundir eru auk þess sem hér er talið. Ég hef áhuga fyrir að efla tónlistarstarf í fermingarfræðslu og auka þjónustu við tónlistarfólkið í barnastarfinu.

Þetta eru mikilvægir þættir í starfi kirkjunnar þar sem tónlistin getur aukið gleði og góða upplifun. Einnig væri áhugavert að efla söngstarf með öldruðum. Starf organistans er mikilvægt í söfnuðinum og hann þarf að stýra tónlistarstarfinu, jafnvel þó hann geri ekki allt sjálfur. Tónlistarstarf kirkjunnar felur í sér almannagæði sem mikilvægt er að nýta til að efla trúarsamfélag og þátttöku í kirkjulegu starfi.

# *Þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar*

**Óskar Magnússon formaður**

Þjóðmálanefnd skipa sr. Magnús Erlingsson, Aðalbjörg Helgadóttir, Óskar Magnússon formaður, sr. Gunnlaugur Stefánsson og Ásbjörn Jónsson.

Svo sem fram kom í skýrslu þjóðmálanefndar til kirkjuþings 2016 lítur nefndin svo á að brýnt sé að innan þjóðkirkjunnar sé farvegur til þess að fást við umræður um þjóðkirkjuna á opinberum vettvangi. Nauðsynlegt er að þjóðkirkjan eigi frumkvæði að því að kynna hið mikla starf sem fram fer innan hennar vébanda og einnig er mikilvægt að til staðar sé þekking og reynsla til að bregðast við þegar á kirkjuna er hallað. Hefur þjóðmálanefnd lýst þeim vilja sínum að vera leiðandi í þessum efnum, einkum við að koma þessum þætti starfsins fyrir á skilvirkan og traustan hátt innan þjóðkirkjunnar og tryggja að öflug forystu verði um framgang þessara mála.

Nefndin hefur ekki fengið formleg viðbrögð við þessum tillögum sínum en ítrekar nú, vilja sinn til að leiða slíkt starf.

Mikilvægt er að snúa vörn í sókn innan kirkjunnar og koma því mikla og óeigingjarna starfi sem þar fer fram á framfæri með kerfisbundnum hætti.

Í því sambandi vill þjóðmálanefnd leggja til að nú þegar verði gerð úttekt á framlagi og hlutverki kirkjunnar til velferðarþjónustu í þjóðfélaginu. Velferðarmál hafa verið mjög í brennidepli undanfarin ár en lítil vitneskja á meðal almennings um allt það starf sem fram fer á því sviði á vegum kirkjunnar um land allt. Víst má telja að niðurstöður athugunar af þessu tagi muni vekja mikla athygli og verða kirkjunni mjög til framdráttar. Nefndin er reiðubúin til að bera ábyrgð á athugun þessari en rétt kann að vera að fela óháðri rannsóknarstofnun að annast framkvæmdina og kynna niðurstöður síðan vandlega innan stofnana kirkjunnar og hvarvetna sem hljómgrunn má finna.

# Sérþjónustuprestar

## *Fangaprestur þjóðkirkjunnar*

**Sr. Hreinn S. Hákonarson**

Á liðnu starfsári var fangelsið í Hólmsheiði tekið í notkun. Það var vígt með pompi og pragt hinn 10. júní að viðstöddu fjölmenni. Með fangelsinu verða mikil kaflaskil í afplánun fanga hér á landi enda er fangelsið mjög vel búið sem kemur bæði föngum og starfsmönnun fangelsisins til góða. Menn mega þó ekki gleyma því að fangelsi er fangelsi og leitt til þess að hugsa að svo miklum fjármunum skuli varið í að byggja hús til að loka fólk inni. En um það tjóir lítt að ræða þar sem nútímasamfélag hefur ekki kosið sér að fara í ríkara mæli aðrar leiðir til að taka á afbrotum fólks. Þáverandi innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, komst vel að orði í ræðu sinni við vígslu fangelsisins en hún sagði m.a.: „Það má kannski segja að það sé með eilítið blendnum huga að fagna áfanga sem þessum. Við fögnum því að sjálfsögðu aldrei að þurfa að svipta menn frelsi sínu og loka á samvistir þeirra við ættingja og vini og útiloka þá frá því að vera nýtir þegnar í þjóðfélaginu. Jafnvel ekki þótt við bjóðum þeim nýtt hús og fullkomna aðstöðu til alls. En refsidómar og fangavist eru fylgifiskar réttarríkisins … jafnframt viljum við að refsingin hafi í för með sér betrun.“ (Morgunblaðið 11. júní, 2016, bls. 16).

Það mega líka teljast viss tímamót að með vígslu þessa fangelsis þótti ekki ástæða til að blessa húsið að kristnum sið eins og venja hefur verið þegar hús af þessu tagi hafa verið tekin í notkun – ef einhver hús þarfnast blessunar þá eru það einmitt þau þar sem fólk er lokað inni og svipt frelsi. Fangelsi eru nefnilega öðrum þræði hús þjáningar þrátt fyrir allt uppbyggilegt starf sem þar kanna að fara fram sé fjármunum til þess varið. Yfirvöld mega ekki gleyma því hvað fangelsi eru þegar öllu er á botninn hvolft og fara að halda að þau séu að opna fimmstjörnuhótel í boði skattgreiðenda. Fangaprestur bætti reyndar úr blessunarleysinu og blessaði Hólmsheiðarfangelsið í fyrstu guðsþjónustunni sem höfð var um hönd þar um síðustu jól: megi Guð blessa fangelsið í Hólmsheiði og þau öll er þar ganga um garða, fanga og starfsmenn; hann vaki yfir öllum föngum og huggi þau sem glíma við þrautir lífs síns og beini þeim öllum á gæfubraut.

Hólmsheiðarfangelsið hýsir Kvennafangelsi Íslands sem áður var í Kópavogi. Allur ytri aðbúnaður kvenna er þar með ágætum sé miðað við hið gamla kvennafangelsi sem var í Kópavogi. Starfstími fangelsisins er ekki langur og því er komið í gott horf sem betur má fara þá hnökrar koma í ljós. Vilji yfirvalda stendur til að afplánun fari vel fram og föngum líði vel eftir því sem kostur er í slíkri vist.

Auk þess er í Hólmsheiðarfangelsinu svo kallað móttökufangelsi en þangað koma flestir fangar til afplánunar áður en þeir eru sendir í önnur fangelsi - en þó ekki allir.

Gæsluvarðhaldsdeildin á Litla-Hrauni var flutt í Hólmsheiðarfangelsið. Segja má að með því hafi þjónusta við gæsluvarðhaldsfanga verið stórlega bætt því af sjálfu leiðir að nú er minna mál að sinna þörfum fanga hvað viðtöl o.fl. áhrærir þar sem um styttri veg þarf að fara. Á það



Fyrsta guðsþjónustan í Hólmsheiðarfangelsinu: Anna Sigríður Helgasdóttir, söngkona, fangaprestur, Jón Helgason, tónlistarmaður og Aðalheiður Þorsteinsdóttir, tónlistarkona.

við bæði um fangaprest og réttargæslumenn gæsluvarðhaldsfanga. Einnig geðlæknisaðstoð og sálfræðiþjónustu við téðan fangahóp.

Fyrstu fangarnir komu hins vegar ekki í Hólmsheiðarfangelsið fyrr en rúmum fimm mánuðum eftir vígslu þess eða um miðjan nóvember.

Þjónusta fangaprests hefur frá upphafi ekki einskorðast við þá sem tilheyra þjóðkirkjunni heldur hefur hún staðið öllum til boða án tillits til hvaða trúfélagi þeir tilheyra – ef þá nokkru. Í raun og veru þykir mönnum þetta nokkuð sjálfsagt og þiggi þeir ekki þjónustu fangaprests biðja þeir hann gjarnan að hafa samband við sitt trúfélag og koma skilaboðum áleiðis um að óskað sé eftir samtali. Sérstaða þjónustu kirkjunnar við brotamenn er sú að fangaprestur kemur reglulega í fangelsin og er mjög sýnilegur. Hann ræðir við fanga hvort heldur í trúnaði og/eða í hópum eftir atvikum eða um dag og veg í almennu spjalli hvort heldur inni á fangadeildum eða vinnustöðum fangelsanna. Og auk þess hafa fangar greiðan aðgang að honum í síma og tölvupósti þar sem netaðgangur er leyfður. Auðvitað er þessi sérstaða sögulegs eðlis. Allt frá því að sérstakt fangaprestsembætti þjóðkirkjunnar varð til hefur þjónustan verið með svipuðum hætti: fangapresturinn hefur verið í mikilli nálægð við skjólstæðinga sína. Ástæða þessa er vitaskuld sú að flestir fangar tilheyra þjóðkirkjunni.

Af sjálfu leiðir að fangaprestur sinnir aðstandendum fanga eftir því sem þeir kjósa og er þungi þeirrar þjónustu breytilegur frá ári til árs. Félag fanga, Afstaða, boðaði til fundar í Grensáskirkju með aðstandendum fanga á starfsárinu og var hann sæmilega vel sóttur. Það er mjög vandasamt fundahald og þyrfti jafnframt að finna því öruggt form og skilvirkt. Facebókarsíða aðstandenda fanga var sett upp á sínum tíma og er enn virk eftir því sem spurnir fara af.

Undanfarin ár hefur fangaprestur verið fjárhaldsmaður félags fanga sem heitir Afstaða. Félagið hefur starfað nú í rúman áratug og leitt margt gott af sér. Mikilvægt er að koma traustri



Að lokinni guðsþjónustu á páskum 2016:
Hjalti Jón Sverrisson, tónlistarmaður og fangaprestur

umgjörð utan um starf þessa félags í formi laga og/eða reglugerða – og að veitt sé vönduð ráðgjöf um rekstur þess. Það er mikil hagsbót fyrir fanga að hafa þennan vettvang sé haldið utan um hann með formlegum hætti sem áður sagði. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að í stjórn félagsins sitja og þau sem ekki hafa verið í fangelsi en hafa áhuga á málefninu og vilja komu góðu til leiðar. Ef slíkt félag er ábyrgt þá getur það til dæmis veitt fangelsisyfirvöldum aðhald og bent á það sem betur má fara sem skriffinnar inni í kerfinu hafa ekki skilning á og verið þeim jafnframt hvatning til að gera góða hluti.

En störf fangaprests á liðnu ári hafa verið með svipuðum hætti og hin fyrri ár og margt sem hér að framan hefur verið sagt á almennt við starfið:

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Þá er fangaprestur ritstjóri Verndarblaðsins eins og undanfarin ár. Kemur að jafnaði út eitt blað á ári. Ritar hann ýmislegt í blaðið um málefni fanga og fangelsa.

Samstarf fangaprests við félagasamtökin Vernd og önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga hefur verið gott. Vernd gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við afplánun fanga utan fangelsis.

Samstarf við starfsmenn fangelsa er mikilvægt og hefur verið farsælt. Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð eins og áður um að dreifa þeim í fangelsin.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau voru fimm að tölu á starfsárinu: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Hólmsheiðarfangelsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustuþörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri og oftar þá þörf er á.

Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvinasjóður réttargeðdeildarinnar á Kleppi. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaþerapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Ármann Hákon Gunnarsson hefur liðsinnt fangapresti við guðsþjónustuhald af lipurð sem og Hjalti Jón Sverrisson. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfosskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna

fangelsinu að Sogni. Haukur Gíslason, organisti, sá um undirleik. Aðventustund var haldin á Litla-Hrauni í desember og þar stýrði tónlistarfólkið Anna Sigríður Helgasdóttir og Hilmar Örn Agnarsson söng og tónlist. Anna Sigríður kom líka með tónlistarfólk í fyrstu guðsþjónustu Hólmsheiðarfangelsisins. Þessu fólki eru færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf.

Fangaprestur kom í ellefta sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum fanga jólagjafir. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fréttabréf fangaprests: Á leiðinni, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa marga pistla þess á heimasíðu fangaprests: http://www.kirkjan.is/ fangaprestur. Hefur fréttabréfið komið út í átján ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

# *Prestur fatlaðra*

**Sr. Guðný Hallgrímsdóttir**

## Forsendur, lög og reglur

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta …“

Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Ég sem prestur fatlaðra tilheyri þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlít umsjón viðkomandi prófasts, sæki fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfans snertir er ég sem embættismaður í fyrirsvari um kirkjulegt starf á starfsvettvangi mínum og hef forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Ég er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi mínum hvort sem það hefur einhver mannaforráð eða ekki. En fyrst og síðast erum við kölluð til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

## Umfang og staðsetning

Ég er nú að ljúka 27. starfsári mínu sem prestur fatlaðra. Þjónustan nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur



Vor í Bjarkarási með Ólöfu, Nönnu og Sveini.

verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tök á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðaþjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta. Staðsetning skrifstofunnar í Grensáskirkju er mjög góð og aðgengi fyrir fatlaða til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er dýrmætt að starfa í góðu samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

## Sorgarvinna

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtímavistanir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í

gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er statt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta starfsári voru haldnar 24 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum stór höfuðborgarsvæðisins. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtímavistanir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 239 talsins.

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina http://www.sjonarholl.net.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Efnistök eru meðal annars bænalíf fólks með þroskahömlun, hugvekjur fyrir fólk með fötlun, sorg og sorgarviðbrögð, sálgæsla meðal fólks með þroskahömlun, samskipti á vinnustað, aldraðir foreldrar fólks með þroskahömlun, margbreytileiki samfélagsins, samskipti kynjanna og sjálfsvirðing, öldrun og þroskahömlun.

## Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki alltaf fólki með þroskahömlun, þar sem orð og athafnir virka oft of flókin. Mikilvægt er að prestar og starfsfólk kirkjunnar bjóði líka fólki með fötlun þátttöku í helgihald kirkjunnar s.s. messuhópum og þar með velti því um leið fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að bjóða fólki með þroskahömlun að taka þátt í samtali um messuna. Að þau taki þátt í messuhópum t.d. með því að lesa létta texta, bjóða fólk velkomið, útdeila sálmabókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrruviku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólaföstunni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaða vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem kvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsókna. Á síðasta starfsári voru haldnar sjö hugvekjur.

## Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR um samverur fyrir fólk með þroskahömlun hófst í byrjun árs 2005. Við eigum því tíu ára afmæli í ár. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarþörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverurnar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á milli ára. Ég hef átt mikið og gott samstarf við Kristján Ágúst Kjartansson, framkvæmdastjóra ÆSKR og á hann miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru fimmtán talsins.

## Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfa, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla ungmenna með þroskahömlun

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breyst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum

í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuaðferðir þar sem ég kem oftast til fermingarbarnsins heldur en að það komi til mín. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.



Óskar og Rúna
aldursforsetar á 35 ára afmæli vinnustofunnar Ás

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á Sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað. Eftir sorglegt fráfall Jóns tók Sólveig Anna Aradóttir, organisti við kefli hans í fermingum barna með þorskahömlun og hefur það gengið mjög vel.

Umfang fermingarfræðslunnar fer ört vaxandi vegna nýrrar þróunar eins og áður hefur verið vikið að. Á síðasta starfsári var ég með sex fermingartíma á viku og fermingarbörnin komu frá fimm grunnskólum. Fermingarnar voru sex talsins.

## Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaröðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

## Aukaverk, heimsóknir o.fl á starfsárinu

Skírnir – 10
Fermingar – 6
Hjónavígslur – 3
Kistulagningar – 8
Útfarir – 8
Messur – 5
Kyrrðar- og bænastundir - 15
Samverur fyrir fólk með þroskahömlun í Grensáskirkju - 15
Minningar og bænastundir – 24
Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 239
Viðtöl á vinnustöðum – 196
Viðtöl á skrifstofu 120
Hugvekjur á aðventu og páskum á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 7
Fyrirlestrar/málþing –7

# *Kirkja heyrnarlausra*

**Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir**

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er kveðið á um það hvað sérþjónusta kirkjunnar sé; „þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrahúsum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra …“ Sérþjónusta kirkjunnar er á þeim sviðum sem hefðbundinni prestþjónustu er ekki við komið og er þessi þjónusta þjóðkirkjunnar mjög mikilvæg fyrir þá einstaklinga sem hafa fyrir hana þörf og nota.

Kirkja heyrnarlausra hefur verið starfandi frá 1981 og var sr. Miyako Þórðarson fyrsti prestur heyrnarlausra og á Kirkja heyrnarlausra henni mikið að þakka.

Frá 1. september 2012 hefur undirrituð starfað sem prestur heyrnarlausra.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e fólk sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og daufblint. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi einstaklingar búa.

Allflestir búa á höfuðborgarsvæðinu, en eins eru Döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnalausum einstaklingum sem flust hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau dugleg að sækja starf Kirkju heyrnarlausra. Sama má einnig segja um þá íslensku Döff einstaklinga sem hafa flust frá Íslandi, að þegar þeir koma til landsins, sækja þau athafnir í Kirkju heyrnarlausra. Prestur heyrnarlausra sinnir ekki eingöngu þeim sem eru í þjóðkirkjunni, heldur öllum Döff og aðstandendum þeirra sem til hans leita.

Döff (Döff er fólk með heyrnaskerðingu að einhverju leyti sem notar íslenskt táknmál til daglegra samskipta og lítur á sig sem minnihluta mál- og menningarhóp) á Íslandi telur um 300 einstaklinga og sinnir prestur heyrnarlausra þeim auk aðstandendum þeirra, fjölskyldum og vinum.

## Starf

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests og fara guðsþjónustur safnaðarins að jafnaði þar fram. Mjög gott og dýrmætt samstarf er við Grensássöfnuð og allt starfsfólk hans, sem og annað starfsfólk sem hefur aðsetur í Grensáskirkju. Samfélagið sem þar er, er mikilvægt og gefandi.

Messað er að jafnaði einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð, eru allt að 200 manns sem sækja guðsþjónustur hjá Kirkju heyrnarlausra. Bæði sækja athafnirnar heyrnarlausir og aðstandendur þeirra. Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í öllu starfi kirkjunnar.

Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli og til staðar er að jafnaði túlkur. Táknmálstúlkur, er til staðar ef full táknmálskunnátta/táknmálsnotkun er ekki hjá þeim sem sinnir athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í athöfnum Kirkju heyrnarlausra, bæði heyrnarlausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar.

Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðsþjónustum og mörgum öðrum athöfnum á hennar vegum.

Er hann gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðsþjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli.

Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan.

Mjög stór hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu, hús- og vinnustaðavitjanir. Viðtalstímar eru á föstum tímum á skrifstofu prests heyrnarlausra þrjá daga vikunnar. Mikilvægt er að þeir sem til hans leita viti að presturinn er við á ákveðnum tíma. Eins er alltaf hægt að hitta prest eftir samkomulagi, hvort heldur er á skrifstofu kirkjunnar í Grensáskirkju, í heimahúsi eða jafnvel á vinnustöðum. Mikil sálgæsla fer líka fram í gegnum stafræna tækni, hvort heldur er í símatúlkun, Facebook, Facetime, Skype eða öðru. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og reglulega er samverustund með íbúum sambýlis fyrir heyrnarlausra, á DAS og í húsi Blindrafélagsins. Einnig er farið reglulega yfir árið í vinnustaðaheimsóknir á nokkra þá staði þar sem heyrnarlausir einstaklingar starfa.

Síðastliðin fjögur ár hefur verið samstarf á milli Kirkju heyrnalausra, Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju, sem felst í sameiginlegri aðventustund í desember. Þá fara einstaklingar sem sækja starf eldriborgara í Gerðubergi, bæði heyrandi og heyrnarlausir, og njóta samverustundar í Fella-og Hólakirkju. Hefur prestur heyrnarlausra tekið þátt í stundinni. Hefur þetta mælst vel fyrir og samstarfið reynst vel. Mikil ánægja er meðal þeirra Döff einstaklinga sem stundina sækja og vonum við að samstarfið haldi áfram.

Árið 2014 var í fyrsta sinn guðsþjónustan sem sýnd er á RÚV, að kvöldi aðfangadags jóla táknmálstúlkuð í heild sinni. Áframhald var á því sl. jól og mælist þetta framtak vel fyrir, enda alveg sjálfsagt að heyrnarlausir geti fengið að njóta þess boðaskapar sem fluttur er af biskupi landsins á aðfangadagskvöld.

Síðustu ár hefur táknmálstúlkaða útsendingin verið send út á aukarás RÚV (RÚV 2) en ekki aðalrás þeirra. Þykir okkur sem störfum með heyrnarlausum þetta miður, og viljum að túlkuð útsending verði send út á aðalrás RÚV, enda auglýsa þeir sem „RÚV rás allra landsmanna".

Samstafi hefur verð við SHH (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra) þar sem hópur heyrnarlausra barna og unglinga, kom í heimsókn til prests heyrnarlausra og fengu að kynnast prestinum og starfi kirkjunnar. Að venju var allt milli himins og jarðar rætt í þeirri heimsókn, og ótrúlegustu vangaveltur sem upp komu.

Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermast hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a sú að misjafnt er eftir árum hversu mörg heyrnarskert/heyrnarlaus börn eða CODA börn (CODA er skammstöfun fyrir Children Of Deaf Adults, þ.e.a.s börn heyrnarlausra foreldra) eru á fermingaraldri. Flest Döff börn á höfuðborgarsvæðinu ganga í Hlíðarskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Döff börn í öðrum skólum fermast í flestum tilfellum með sínum bekkjum en ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta. Í vetur voru þrjú börn í fermingarfræðslu hjá presti heyrnarlausra, sem öll fermdust svo með sínum bekkjarsystkinum. Prestur heyrnarlausra sem og Kór kirkju heyrnarlausra tók þátt í þeim athöfnum.

Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf og álit er snúa að málefnum heyrnarlausra og hefur ávallt að leiðarljósi hagsmuni félagsmanna sem tryggir þeim jafnræði hvarvetna í samfélaginu. Heimasíða þeirra er www.deaf.is.

Prestur heyrnarlausra fer reglulega á skrifstofu félagsins og er þá í nokkra klst. í senn til að sinna samtölum.

Þrátt fyrir að mikil breyting hafi orðið á málefnum heyrnarlausra síðustu árin, gerast hlutirnir allt of hægt. Allt of langt er í land enn svo heyrnarlausir njóti sömu mannréttinda og heyrandi einstaklingar hér á landi. Þjóðkirkjan þarf áfram að vera þar í forystu með að sýna og vinna að jöfnum rétti heyrnarlausra og heyrandi og því er svo mikilvægt að hlúð sé að Kirkju heyrnarlausra og söfnuði hennar, og um hana áfram staðinn vörður.

## Athafnir, helgistundir og fleira

Messur - 10
Helgistundir - 13
Heimsóknir/helgistundir á sambýli, DAS og vinnustöðum - 21
Skírn - 16
Hjónavígslur - 8
Kistulagnirnar - 6 / Útfarir – 6
Fermingar – 3
Fermingarfræðslutímar – 84
Fyrirlestrar – 4

## Lokaorð

Við sem störfum með heyrnarlausum og fylgjumst með baráttu þeirra, sjáum sem betur fer að oft á tíðum ber sú barátta árangur. En við sjáum einnig að stundum er hreinlega eins og verið sé að berjast við vindmyllur og skrefin aftur á bak verða oft á tíðum jafnmörg eða fleiri og þau sem áfram eru tekin. En baráttan heldur áfram á öllum vígstöðum og henni lýkur ekki fyrr

en heyrnarlausir/heyrnarskertir hafa hlotið sama rétt og þeir heyrandi, og öll þjónusta við þau verður orðin átakalaus.

Munum að Guð skapaði okkur öll, þrátt fyrir að við séum ekki öll eins og að það er okkar að taka tillit til hvors annars, standa vörð um hvort annað og passa að það sé pláss í kirkjunni okkar fyrir alla – hver sem við erum og hvernig sem við erum.

Þann 1. júní 2017 hvarf ég til annarra starfa innan kirkjunnar og lét formlega af störfum sem prestur heyrnarlausra. Þar sem hins vegar ekki var búið að ráða annan prest í starfið mun ég sinna Döff og fjölskyldum þeirra, áfram fram á haustið, því mikilvægt er að engin sem nýtur þjónustu þjóðkirkjunnar finni sig í lausu lofti og viti ekki hvert hann á að leita. Er það mjög mikilvægt fyrir Döff eins og aðra í kirkjunni að hafa sinn stað og vita hvert þau geta leitað. Kirkja heyrnarlausra er þeim mjög mikilvæg, trúarlega og ekki síður félagslega.

Það er með miklum söknuði sem ég kveð starfið sem prestur heyrnarlausra og þau sem ég hef sinnt sem slík. Á þessum fimm árum hef ég lært meira en mig hefði órað fyrir og mun ætíð búa að þeirri reynslu sem og því að hafa starfað sem prestur heyrnarlausra þessi ár.

Bið ég fyrir Guðs blessun yfir Kirkju heyrnarlausra og öllum söfnuðum landsins.

# *Prestur innflytjenda*

**Sr. Toshiki Toma**

## Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

**Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda á Íslandi er eftirfarandi:**

1. Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtímagesti sem búsettir eru á Íslandi. Í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
2. Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

**Helstu þættir starfseminnar eru:**

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á sínum vanda
- að veita fólki aðstoð til að það geti iðkað trú sína
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju
- að sjá um messur, bænastundir og fleiri kirkjulegar athafnir

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starf sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.
Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í skrifstofu Hjallakirkju.

**Starfsemi á tímabilinu júní 2016 – maí 2017**
*Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla*

Tímabil: 1. júní 2016 – 31. maí 2017
Fjöldi fólks: 208 einstaklingar
Fjöldi viðtala: 701
Þjóðerni: 41 (*inniheldur ósjálfstæð svæði)

Trúarbrögð: lútersk trú, kaþólsk, rétttrúnaðartrú og önnur mótmælendatrúarbrögð. Íslam, búddhatrú, bahá´iatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt.

**Innihald viðtala – aðgreining (miðað við fjölda einstaklinga)**

| | |
|---|---|
| Fjölskyldumál og almenn lífskjör | 31 |
| Atvinnu- og fjármál | 9 |
| Húsnæði | 13 |
| Veikindi, meiðsli og sorg | 17 |
| Mennta- og menningarmál | 29 |
| (****felur m.a. í sér mál sem varðar fordóma) | |
| Trúmál og trúarbrögð | 63 |
| Málefni hælisleitenda | 124 |
| **Samtals** | **289** |

**Samanburður við tölur undanfarinna fjögurra ára**

| | **2012** | **2013** | **2014** | **2015** | **2016** |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi fólks | 136 | 148 | 151 | 178 | 208 |
| Fjöldi viðtala | 349 | 489 | 569 | 521 | 701 |
| Þjóðerni | 24 | 28 | 43 | 38 | 41 |

Aðaltilgangur þjónustu prests innflytjenda er sálgæsla og lífsstuðningur þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtímaviðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamál.

## Almenn þjónusta við hælisleitendur

Prestur innflytjenda hefur haft stöðug samskipti við hælisleitendur á Íslandi á síðustu 19 árum eða frá upphafi þjónustunnar.

(*Prestur innflytjenda hefur hvatt fólk og fjölmiðla til að nota orðin „umsækjandi um alþjóðlega vernd“ í staðinn fyrir „hælisleitandi“, þar sem síðarnefnda orðið er oft gildishlaðið og orðið neikvætt en hér notar hann það engu síður til þess að einfalda skýrsluna).

(**Til þess að skoða stöðu hælisleitenda, er fróðlegt að lesa skýrslur hjá Útlendingarstofnun (utl.is) og hjá Rauða Krossinum (redcross.is))

Grunnþjónusta prests innflytjenda við hælisleitendur er, eftir ósk viðkomandi, að hitta fólk og veita praktíska ráðgjöf jafnt sem andlegan stuðning. Að þessu leyti skiptir trúarlegur bakgrunnur viðkomandi ekki máli.

Einnig býður prestur innflytjenda þeim sem eru með kristna trú eða hafa áhuga á kristni í bænastund, messu á ensku og skírnarfræðslu.

Til þess að taka á móti fólki, byrjaði prestur innflytjenda að hafa viðtalstíma í safnaðarheimili Breiðholtskirkju. Hann er á fimmtudögum eftir hádegi og einnig aukatími eftir þörfum. Hælisleitendur eru næstum án undantekningar bíllausir og staðsetning Breiðholtskirkju er mjög þægileg þeirra vegna.

Samtímis reynir presturinn að heimsækja fólk til að tala saman í staðinn fyrir bjóða því í viðtal á skrifstofu sinni. Slík heimsókn er sérstaklega nauðsynleg þegar fólki sem líður illa og vill ekki mæta á samkomu eða þegar um er að ræða fólk sem er veikt. Fjöldi viðtala var alls 701 og þar af var í 27 skipti farið heim til 19 einstaklinga.

Annað verkefni hjá presti innflytjenda er að kynna málefni hælisleitenda fyrir samfélaginu en stundum valda fréttir misskilningi hjá fólki og fordómum í garð hælisleitenda.

Til þess að berjast við slíkan misskilning og fordóma, reynir prestur innflytjenda að skapa tækifæri til að kynna einstaklinga sem eru hælisleitendur fyrir fólki í söfnuðum á beinan hátt eða skrifa greinar í dagblöð um málefni þeirra.

## Kirkjuleg þjónusta við hælisleitendur

Nýtt einkenni sem birtist augum prests innflytjenda á skýrslutímabilinu var fjölgun flóttafólks sem var kristið eða langaði að verða kristið.

### *(a) Bænasamkoma „Seekers" í Laugarneskirkju*

Í slíkum aðstæðum hófst Bænasamkoma, á ensku „Seekers" í Laugarneskirkju í apríl 2015 í samvinnu við séra Kristínu Þórunni Tómasdóttur, þáverandi sóknarprest og safnaðarfólk þar.

Á skýrslutímabilinu voru Seekers samkomur haldnar einu sinni í viku. Seekers var haldin án frís og fjöldi samkomna voru fimmtíu og ein talsins. Samkomur lögðust aðeins niður einu sinni (28. des.) vegna veikinda prestsins.

Fjöldi þátttakenda var um 15-20 að meðaltali í sumar 2016 en 10-12 um miðjan vetur.

Auk reglulegra bænasamkomna var sérstök bænastund haldin í lok júní, en hún var til að sýna fram samstöðu við tvo kristna hælisleitendur frá Írak sem áttu að vera sendir út úr landi síðar þann dag. Atburðurinn var haldinn með samþykki biskupsins en vakti mikla athygli samfélagsins. Og báðar raddir, með eða á móti, heyrðust. Prestur innflytjenda telur að það hafi verið nauðsynlegt innlegg til þjóðfélagsins og einnig til kirkjunnar sjálfrar.

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir var með Seekers þar til hún kvaddi Laugarnessöfnuðinn í byrjun ágúst 2016. Guðfræðinemarnir Þuríður Björg Wiium Árnadóttir, Hjalti Jón Sverrisson og djáknaneminn Jóhanna María Eyjólfsdóttir tóku oft þátt í stundinni og aðstoðuðu við hana. Einnig fékk Seekers styrk að upphæð 100.000 kr. frá Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Prestur innflytjenda þakkar innilega aðstoð góðs fólks og prófastsdæmis vestra.

### *(b) Bænasamkoma í Hjallakirkju*

Í september 2015 hófst bænasamkoma í Hjallakirkju („Hjalla-seekers").



Frá bænastund í Laugarneskirkju

Bænasamkoma var upphaflega haldin á föstudögum kl. 11 en síðan breytist dag- og tímasetning í á sunnudögum kl. 14 (7. jún.). Þegar ensk messa er haldin annað hvort í Breiðholtskirkju eða í Hallgrímskirkju, þá fellur bænasamkoman niður og fólkið er hvatt til að mæta í enska messu.

Á skýrslutímabilinu voru samkomur haldnar 27 sinnum og lagðist niður fjórum sinnum vegna sumarfrís (3. og 10. júlí) og hátíðardaga (jóladags og fyrsta janúar).

Fjöldi þátttakenda var um 15 að meðaltali gegnum tímabilið.

Bænasamkoman er í samvinnu við Hjallasöfnuð og fær fjárhagslega aðstoð jafnt sem andlega. Kærar þakkir.

### *(c) Ensk messa í Breiðholtskirkju*

Með hliðsjón af þessum tveimur bænasamkomum er ensk messa haldin í Breiðholtskirkju frá og með október 2015. Enska messan er að sjálfsögðu sjálfstætt helgihald en hún er samtímis hluti af röð verkefna til þessa að styrkja þjónustu kirkjunnar við flóttafólk. Messan er haldin annan sunnudag hvers mánaðar kl.14, en vegna áætlunar Breiðholtskirkju getur hún breyst í fyrsta eða þriðja sunnudag.

Það þarf að koma fram sérstaklega að grunnstefnan hjá presti innflytjenda er að hvetja innflytjendur að fara í messu á íslensku og hvetja jafnframt söfnuði til að taka vel á móti innflytjendum svo öllum líði vel saman. Það er ekki tilgangurinn að móta sérstakan enskumælandi hóp innan kirkjunnar. Hins vegar að áríðandi að veita hælisleitendum sem eru kristnir tækifæri

til að hlusta á Guðs orð, biðja og lofa Guð og vera með öðrum systkinum í Kristi. Enska messan í Breiðholtskirkju er því fyrir alla og alls ekki takmörkuð fyrir hælisleitendur, heldur fyrir alla sem vilja vera með, en áhersla lögð á tilvist hælisleitenda.

Fjöldi þátttakenda er um 25 í meðaltali. Messa í september 2016 var haldin sérstaklega sem „samstöðumessa við flóttamenn" og séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, prédikaði. Þá mættu um 100 manns.

Organistinn í messunum var Örn Magnússon, organisti Breiðholtskirkju. Einnig þáði messan hlýja aðstoð og hjálp frá Breiðholtssöfnuði.

Messan fékk styrki að upphæð 450 þúsund kr. frá kristnisjóði fyrir árið 2017 og einnig 175 þúsund kr. frá Reykjavíkurprófastsdæmi eystra sem ráðstöfun gjalda á árinu 2016. Þakkir fyrir fjárhagslega aðstoð.

### *(d) Messusókn í enska messu í Hallgrímskirkju*

Síðasta sunnudag hvers mánaðar er ensk messa haldin í Hallgrímskirkju, sem séra Bjarni Þór Bjarnason annast. Messuna sækja margir gestir, bæði enskumælandi sem búsettir eru á Íslandi og erlendir ferðamenn, í hvert skipti.

Það er orðin venja að prestur innflytjenda og fólk sem mætir í bænastund hjá honum (bæði í Laugarneskirkju og Hjallakirkju) sækja þessa messu í Hallgrímskirkju. Messan er gott tækifæri fyrir flóttafólk að blandast við „venjulegt fólk" án þess að láta aðra vita að það sé „flóttafólk". Fólkið nýtur þess einnig að vera í fallegri messu í fallegu kirkjuhúsi. Prestur innflytjenda þakkar séra Bjarna Þór og aðilum ensku messunnar fyrir tækifæri þess og hlýja móttöku.

### *Skírnir flóttafólks*

Samtals 13 manns, 12 fullorðnir og ein 13 ára stelpa voru á meðal þátttakenda ofangreindra samkoma sem skírð voru til kristinnar trúar á skýrslutímabilinu. Og í lok maí eru sjö manns í skírnarfræðslu.

Prestur innflytjenda býður þeim sem vilja skírast í skírnarfræðslu hjá sér. Fræðslan byggist á sex kennslustundum um Biblíuna og kristna kenningu. Fræðslan er haldin, á grundvelli hvers einstaklings. En þegar það telst betra fyrir þátttakanda vegna tungumálserfiðleika eða annars, er hún einnig haldin í hópkennslu.

Fjöldi fræðslutíma voru samtals 32 (eining er 50 mínútur).

Skírnarathafnirnar áttu sér stað sem einkaathöfn í Hjallakirkju, í sunnudagsmessu í Hjallakirkju eða í sunnudagsmessu Breiðholtskirkju.

Prestur innflytjenda vill innilega þakka ofangreindum kirkjuaðilum fyrir góða samvinnu, hlýjar móttökur og ómetanlegan stuðning.

## Samstarf við söfnuð þjóðkirkjunnar fyrir utan flóttafólksmál

Vegna annríkis í starfi sínu, fékk prestur innflytjenda því miður ekki mörg tækifæri að heimsækja sunnudagsmessur safnaða og prédika, sem hafði verið gert 8-10 sinnum árlega undanfarin ár.

Prestur innflytjenda fékk þó tækifæri til að prédika einu sinni í Breiðholtskirkju (ágúst) og einu sinni í sunnudagssamkomu Hjálparæðishersins í Mjódd (maí).

Prestur innflytjenda fékk að annast „memorial prayer service" í Fossvogskirkjugarði 13.

nóvember fyrir Breta og Þjóðverja. Þetta er verkefni hjá séra Bjarna Þór Bjarnasyni en prestur innflytjenda leysti hann af.

Einnig tók prestur innflytjenda þátt í fermingarfræðslu í Neskirkju og Grensáskirkju.

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að messa eða prédika og hlýjar móttökur.

***Nánar um kirkjulega þjónustu:***

Prédikun : 10 sinnum

Þjónusta í altarisgöngu: 8 sinnum

Aðstoðarþjónusta í messu: 1 sinni

Minningarathöfn: 1 sinni

Brúðkaup: 6 sinnum

Skírn: 13 sinnum

Bænastund á ensku í Laugarneskirkju „Seekers“: 50 sinnum (þ.á.m. 4 sinnum var prestur innflytjenda fjarverandi)

Bænastund á ensku í Hjallakirkju: 31 sinni (þ.á.m.1 sinn var prestur innflytjenda fjarverandi)

## Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi og samstarf við Félag Horizon

Að byggja brú á milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem eru nágrannar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16 trúfélög. Félögin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Fríkirkjan, Vegurinn, Bahá’í -samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU - Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar (þáverandi „Unification church“), Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík, Menningarsetur Múslíma og guðfræði- og trúarbragðafræðistofnun HÍ.

Samráðsvettvangurinn átti tíu ára afmæli í nóvember 2016 var af því tilefni haldin afmælissamkoma í ráðhúsi Reykjavíkurborgar. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, flutti ræðu. 70 manns mættu. (Prestur innflytjenda var fjarverandi).

Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randver Sigurvinssyni, guðfræðingi og stundakennara við HÍ, og séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur presti í Neskirkju, en hann hætti í tilefni af 10. afmæli vettvangsins.

Samstarf við Félag Horizon, menningarleg samtök múslíma af tyrkneskum uppruna, hélt áfram eins og á síðasta skýrslutímabili. Aðaltilgangur félagsins er að fræða og hlúa að gagnkvæmum skilningi í þjóðfélaginu.

Tyrknesk hátíð „Ashura“ var haldin í safnaðarheimili Neskirkju 26. nóvember, eða á fyrsta sunnudag í aðventu. Nedó, æskulýðsfélag Neskirkju, tók virkan þátt í atburðinum frá undirbúningi ásamt séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur, presti Neskirkju. Kór Neskirkju tók einnig þátt í dagskránni og séra Þórhallur Heimisson, settur sóknaprestur Breiðholtskirkju flutti ávarp. Um 120 gestir nutu stundarinnar.



Frá bænastund í Hjallakirkju

## Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

A. Fyrirlestrar og fræðslustundir, alls 9 sinnum.
B. Fermingarfræðsla Neskirkju og einnig Grensáskirkju, Innlegg í aðventusamkomu Laugarneskirkju, Innlegg um starf prests innflytjenda við guðfræði- og djáknanemendur HÍ (þrísvar). Innlegg um starf kirkjunnar við flóttafólk á kynningarfundi á vegum Biskupsstofu. Innlegg um málefni hælisleitenda í samkomu International Rotary Club. Innlegg um málefni innflytjenda og hælisleitenda á Íslandi fyrir rannsóknarhóp um fjölmenningu frá Tékklandi.
C. Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is) samtals 5 sinnum.
D. Pistlar og prédikanir á Trú.is, samtals 7 sinnum.
E. Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals 21 skipti.
F. Framkvæmd undirskriftasöfnunar fyrir hælisleitendur, samtals 1 sinni.

## Sumarleyfi

Prestur innflytjenda tók sumarfrí frá og með 14. nóvember 2016 til 25. nóvember.

## Lokaorð

Starfsár þess (júní 2016-maí 2017) hefur reynst mjög annasamt ár eins og síðasta starfsár milli 2015 og 2016. Ástæðan var bersýnilega sú aukna þörf fyrir þjónustu við hælisleitendur

og aðstoð. Þess vegna var prestur innflytjenda orðinn eins og „prestur hælisleitenda" og ýmis verkefni við „venjulega" innflytjendur urðu því hornreka á einhvern veg.

Slík staða getur verið í lagi ef um skamman tíma er að ræða, en er alls ekki eftirsóknarvert þegar hún endist lengur en tvö eða þrjú ár. Málefni hælisleitenda er brýnt og áríðandi mál, en almenn innflytjendamál og þróun fjölmenningar á Íslandi er einnig án efa mikilvægt málefni sem þjóðkirkjan má ekki horfa fara fram hjá.

Næsta starfsár (júní 2017 til maí 2018) verður tímabil þegar prestur innflytjenda verður að bregðast við þessum aðstæðum, sem sé, að finna leið til að sinna almennilega báðum málum um hælisleitendur og málum almennra innflytjenda. Og til þess, blasir það við að þjóðkirkjan þurfi að afla sér fleira verkafólks sem er með vilja og skilning á málunum og einnig að móta áþreifanlega framtíðaráætlun frá kirkjulegu sjónarmiði.

Að lokum þakkar prestur innflytjenda Guði fyrir köllun fyrir þjónustu við innflytjendur, hælisleitendum og manneskjur. Hann nýtur mikið þess að starfa í þjóðkirkjunni og þjóna fólki í þjóðfélaginu, með gleði.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þá sem koma að því.

## *Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík*

**Rósa Kristjánsdóttir, djákni**

Starfsemi einingar presta og djákna hefur verið með líku sniði og undanfarinn ár. Prestar og djákni skipta með sér þjónustu við deildir spítalans og sinna þar verkefnum og viðveru á dagvinnutíma.

Vaktir eru með sama sniði og verið hefur, virka daga frá 16:00 til 08:00 og svo helgarvaktin frá 16:00 á föstudegi til 08:00 á mánudegi. Inni í helgarvaktinni er helgihald sunndagsins og sökum eðlis vaktanna er eingöngu ein stund hvern sunnudag. Skiptingin er þannig að einu sinni í mánuði eru guðsþjónustur á Landspítala Hringbraut og Landspítala Fossvogi og tvisvar í mánuði á Landspítala Landakoti.

Helgihald er einnig á deildum Landspítala Landakoti, Vífilstöðum og Líknardeild Landspítalans í Kópavogi virka daga.

Samvinna sálgæslunnar og annarra starfsmanna spítalans er sem fyrr mjög jákvæð og velvilji mikill. Prestar og djákni sinna þjónustu við sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk, veita ráðgjöf, handleiðslu og sinna fræðslu og námskeiðahaldi innan sem utan spítalans.

Sálgæsludagurinn var haldinn 15. mars 2017 og var yfirskriftin *Sátt í lífi og dauða*

Dagskráin var eftirfarandi:

Upphafsorð- *Hvað er sálgæsla?* Sr. Ingileif Malmberg:

*Sátt í þjáningunni.* Sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

*Úrvinnsla á erfiðleikum snemma á ævinni og leiðin til sáttar.* Sr. Bragi Skúlason

Fyrirspurnir og umræður

*Í sátt við það sem enginn ræður – Að fylgja ástvini og njóta stuðnings starfsfólks*

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson

*Það er svo margt að minnast á* Sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson
Fyrirspurnir og umræður
Lokaorð: María Einisdóttir framkvæmdastjóri geðsviðs LSH
Fundarstjóri: Sr. Ingileif Malmberg

Mikil ánægja hefur verið með þennan dag innan sem utan Landspítala og nánast fullt hús hvert ár.

Nokkrar breytingar hafa orðið í hópnum okkar undanfarið. Sr. Eysteinn Orri Gunnarsson var vígður til þjónustu árið 2014, í byrjun í 50 % starfshlutfall en 100% frá september 2016.

Í september 2016 lét sr. Sigfinnur Þorleifsson af störfum eftir rúmlega þrjátíu ára starf á spítalanum.

Sr. Sigfinnur hóf störf á Borgarspítalanum árið 1985 og starfaði óslitið sem sjúkrahúsprestur síðan. Við sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 tók Sr. Sigfinnur við starfi deildarstjóra einingar presta og djákna og sinnti því til starfsloka. Meðfram starfi innan spítalans sinnti sr. Sigfinnur kennslu í sálgæslu við Háskóla Íslands.

Fimmtudaginn 3. nóvember 2016 var efnt til samveru undir yfirskriftinni *Sagnastund á tímamótum* en þar var Sr. Sigfinnur kvaddur með viðeigandi hætti og honum þakkað óeigingjarnt og farsælt starf.

Til samverunnar var boðið núverandi og fyrrverandi samstarfsfólki sr. Sigfinns. Dagskráin var lifandi og skemmtileg eins og sá sem kvaddur var hefur komið okkur fyrir sjónir.

Dagskráin þennan dag var eftirfarandi:

Forspil-Einleikur á flautu og píanó - Helgi Bragason organisti, Gunnar Gunnarsson flautuleikari
Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir
*Samstarf og vinátta* sr. Birgir Ásgeirsson
*Endurminningar* Kristín Gunnarsdóttir deildarstjóri
*Stundum er best að þegja*- Eiríkur Jónsson læknir
*Millispil*-Helgi Bragason organisti og Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður og söngvari.
*Löng er leið* - Sigríður Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri
*Sálgætirinn, búmaðurinn, veiðimaðurinn og kennarinn* sr. Vigfús Bjarni Albertsson
*Eftirspil* - Sprellkórinn, stjórnandi Atli Guðlaugsson.
*Fjöldasöngur* Helgi Bragason organisti
Kaffi og samfélag-tónlist

## *Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri*

**Sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur**

Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi við SAk í rúm tuttugu ár eða síðan 1. janúar 1995, er djákni var kallaður til starfa, 1. september 2006 bættist síðan við prestur. Frá 1. janúar 2012 er þjónustunni sinnt af presti í 75% starfi.

Við skipulagsbreytingar í ársbyrjun 2013 var deildin „Trúarleg þjónusta" lögð niður og starfsemin færð undir deild kennslu og vísinda. Þjónustan heldur þó áfram á sama hátt og verið hefur.

Sálgæsla, helgihald, stuðningur, fræðsla og eftirfylgd eru stórir þættir þjónustunnar, svo og úrvinnsla og viðrunarfundir með starfsfólki, auk áfallahjálpar við sjúklinga og aðstandendur. En þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga, stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrastofum, en um 120 helgistundir voru á árinu 2016. Tilkoma kapellunnar, sem vígð var í desember 2007 breytti aðstöðu og umgjörð fyrirbænastunda og helgihalds.

Á árinu voru fjögur börn borin til skírnar í kapellunni.

Kapellan nýtist þó fyrst og fremst öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbænastundir í kapellu (miðvikud. kl. 11.15) eru öllum opnar. Fyrirbænarefnum má koma til prests eða skrifa í fyrirbænabók í kapellu.

Sjúkrahúsprestur á sæti í þverfaglegum teymum og nefndum og á gott samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum SAk.

Samstarf við presta og djákna á Akureyri og í nágrannabyggðum er einnig með ágætum.

Sjúkrahúsprestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta á Akureyri og nágrenni. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma. Gengur sjúkrahúsprestur þar vaktir til jafns á við aðra presta prófastsdæmisins.

Ég þakka samstarf og umhyggju á árinu og bið öllum Guðs blessunar á komandi árum.

# *Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar*

**Gunnþór Þ. Ingason**

*Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir (Hebr. 13.8)*

Tímar, ár og aldir líða. Óhjákvæmilegt er að skynja það. En dýrmætt er að vita jafnframt að hjartsláttur í barmi, er tímann telur, er Guðs gjöf líkt og andrá hver, og hvíla í þeirri vitund, að hjartsláttur hans sjálfs sé þar undir og þær uppsprettulindir hans sem svala og næra og Jesús Kristur vísar til. Sú er köllun kirkju Krists að boða fagnaðarerindi hans inn í blik og bárur lífs og sögu, tengja saman liðna tíð, samtíð og framtíð með virkni þess og áhrifum til blessunar og lífsverndar.

## Undirbúningur að Ráðstefnu Alkirkjuráðsins hér á landi

Svo sem fram kom í síðustu ársskýrslu minni var horft til þess í byrjun árs og allt fram á vormánuði 2016 að hægt yrði að halda ráðstefnu hér á landi síðar á árinu á vegum Alkirkjuráðsins, *World Council of Churches*, WCC, um „Réttlátan frið við jörðina" enda undirbúningur töluvert á veg kominn bæði hérlendis og á vegum WCC í höfuðstöðvum þess í Genf. En umrót í stjórnmálum

hérlendis dró úr trausti á þeim áformum erlendis. Samkirkjulegir fræðslufundir Ara Trausta Guðmundssonar, jarðvísindamanns, með prestum og kirkjuleiðtogum, sem haldnir voru í Digraneskirkju um útkomandi bók hans „Veröld í vanda" þrjá miðvikudagsmorgna í lok maí og byrjun júnímánaðar, héldu þó áhuganum lifandi meðal kirkjufólks hér á landi. Tíðindi bárust ekki frá Genf fyrr en liðið var á júnímánuð eftir að spurst hafði verið fyrir um viðbrögð og greint frá því að þrátt fyrir óvæntar sviptingar í stjórnmálum stæðust samþykktir um stuðning hérlendis við fyrirhugaða ráðstefnu WCC, sem tengjast myndi komanda Hringborði Norðursins, *Arctic Circle Assembly 2016*. Fram kom í orðsendingu frá Genf að undirbúningsverkefnum hefði verið vísað til tiltekinna fulltrúa WCC í Svíþjóð, er tóku þó ekki á árunum sem skyldi, til að ná settu marki og geta í tíma gengið frá þætti WCC í fyrirhugaðri ráðstefnu og Hringborði Norðursins. Það þýddi augljóslega að ekki yrði úr ráðstefnuhaldinu hér á landi á yfirstandandi ári, hvað sem síðar yrði. Horft var þá til þess að þessar ráðstefnuáætlanir gætu orðið að veruleika á komanda 500 ára minningarári um trúarsiðbót Marteins Lúthers, 2017.

Ég sótti fjölmennt og velheppnað 4. Hringborð Norðursins, *Arctic Circle Assembly,* í Hörpu haustið 2016. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-Moon, hélt þar aðalræðu. Glöggt kom fram á þinginu, hve bráðnun ísbreiða og jökla nyrstu slóða er þegar mikil og ógnar umhverfisheilsu jarðar, og hve miklu varðar að geta samræmt umhverfis- og viðskiptahagsmuni á Norðurslóðum svo að vel fari. Einnig kom til umræðu í pallborðum og málstofum, að hugvísindi og listir þyrftu að eiga sinn sess á komanda þingum til að þau yrðu ekki aðeins skipuð vísinda- og stjórnmálmönnum, enda hefðu hugvísindi, guðfræði og siðfræði þar á meðal, sitt að segja við að móta viðhorf og almenningsálit, er skipt gætu sköpum um framtíðina. Við Einar Karl Haraldsson, kirkjuþingsmaður, héldum úti tölvusamskiptum við fulltrúa WCC í Genf og Vesturheimi og stóðum að fundum með undirbúningshópi Biskupsstofu. Við áttum tölvusjónfund 2. desember með Peter Prove, „utanríkisráðherra" WCC og séra Henrik Grape, sérstökum fulltrúa WCC á Norðurlöndum, og einnig Peraltu Athena, fulltrúa þess á Kyrrahafssvæðum Vesturheims. Þau samþykktu hugmyndir um að samkirkjulegi Rétttrúnaðarkirkju patríarkinn Bartólómeus I yrði aðalræðumaður á Hringborði Norðursins, ACA 2017, og að WCC setti þar upp pallborð. Fram komu hugmyndir um að fá kanadíska biskupinn, Mark Mac Donald, sem er aðalfulltrúi WCC í Norður-Ameríku, til að vera þar í forsvari og fá fleiri biskupa af Norðurslóðum til að sitja við pallborðið.

Við Einar Karl kynntum þessar hugmyndir fyrir Ólafi Ragnari Grímssyni á fundi með honum og framkvæmdastjórum skrifstofu ACA í Háskólanum í Reykjavík í byrjun nýs árs, 11. janúar 2017. Hann tók vel undir þær, en lagði jafnframt áherslu á, að æskilegt væri að þungavigtar-biskupar af Norðurslóðum sætu við pallborðið. Hugmynd okkar Einars Karls og undirbúningshóps Biskupsstofu, var að WCC stæði að ráðstefnu um réttlátan frið og umhverfisvernd, *Just Peace and Ecological Concerns*, eða *Just Peace with Earth* „Réttlátan frið og umhyggja fyrir lífríkinu, Réttlátan frið við jörðu" sem fram færi í Digraneskirkju, 11.-12. október um haustið, rétt áður en Hringborð Norðursins 2017 hæfist. Við sáum fyrir okkur, að 30-40 fræðimenn og kirkjufulltrúar víðs vegar að, kæmu á þennan samkirkjulega vettvang, auk íslenskra kirkjufulltrúa og fræðimanna frá hinum ýmsu kirkjudeildum hérlendis. Ráðstefnufulltrúar yrðu hvattir til að sækja fylgjandi Hringborð Norðursins, þar sem WCC stæði að gæða pallborði, auk þess sem Ecumenical Orthodox Patriarch, Bartólómeos I, yrði einn aðalræðumanna þingsins eða Peter Turkson, kardináli. WCC byðist jafnframt að standa að einni eða tveimur málstofum, Breakout

Sessions, á þinginu um siðferði, trú og umhverfisvernd. Þessar hugmyndir kynnti ég svo á aðalfundi samkirkjunefndar þjóðkirkjunnar á Biskupsstofu 23. febrúar 2017 og fengu þær góðan hljómgrunn

Samkirkjulegt Ritararáð Norður- og Eystrasaltslanda, *Nordic-Baltic Ecumenical Secretariat*, hélt fund sinn hér á landi 14-16. mars 2017, í Dómkirkjunni og safnaðarheimili hennar, auk þess sem farið var í Skálholt. Þar var megin umfjöllunarefnið viðbrögð og aðgerðir kristinna kirkna við aðsteðjandi umhverfisháska. Einar Karl kynnti þar undirbúning þjóðkirkjunnar að fyrirhugaðri ráðstefnu Alkirkjuráðsins á komanda hausti, er tengdist síðan 5. Hringborði Norðursins 2017, sem helsta framlag þjóðkirkjunnar og kristinna safnaða hér á landi í umhverfismálum á þessu 500 ára afmælisári trúarsiðbótar Marteins Lúthers. Bæði Peter Prove og séra Henrik Grape sóttu þennan fund ritararáðsins. Peter hvatti þar til þess að þátttakendur létu sig varða WCC ráðstefnuna sem fyrirhuguð væri hér á landi.

Þeir Peter og Henrik voru þó einkum komnir til landsins til að funda ásamt fulltrúum Þjóðkirkjunnar með Ólafi Ragnari Grímssyni og starfsfólki hans á AC skrifstofunni um fyrirhugað WCC ráðstefnuhald og þátttöku WCC í ACA 2017.

Fundurinn fór fram í Hörpu miðvikudaginn 15. mars og sóttum við Einar Karl og séra Gunnar Sigurjónsson hann ásamt þeim Peter og Henrik. Ólafur gerði þar skilmerkilega grein fyrir hvað Hringborð Norðursins, ACA væru, og hve víðtæk áhrif þau hefðu með því að leiða saman forystumenn frá Norðurslóðum og víðar að úr veröldinni, áhrifaríka stjórnmála-, vísinda-, og viðskiptamenn til að ræða aðstæður þar vegna umbreytandi loftslags- og lífsskilyrða og sameinast um ábyrg samskipti á þessum víðfeðmu en jafnframt mjög viðkvæmu svæðum. Hann tók undir það að tímabært væri að hugvísindamenn, siðfræðingar, guðfræðingar og líka listamenn legðu hugsjónum ACA lið og létu að sér kveða á komandi Hringborðum. Ólafur kvað það vera verulega prófraun fyrir tæknivædda Vesturlandabúa og „velsældarríki" hvernig þau brygðust við yfirvofandi umhverfisvá. Þau viðbrögð myndu sýna fram á hvaða gildi og merkingu mannréttindi og lífsvirðing hefðu í raun og veru í þeirra huga.

Ólafur fagnaði frumkvæði þjóðkirkjunnar við að stuðla að samstarfi WCC og ACA og bauð WCC að taka virkan þátt í Hringborði Norðursins, ACA 2017, með því að tilnefna aðalræðumann, Key Note Speaker, og kvaðst ánægður með að Bartólómeus 1. Patríarki myndi gegna því hlutverki og óskaði eftir því að kannað yrði hvort hann væri við því búinn og kæmi því við áður en hann fengi formlegt boð um það frá sér og AC-skrifstofunni. Ólafur lýsti ánægju sinni með að WCC skipaði gæða pallborð á komanda þingi, þar sem fjallað yrði um ábyrgð og ráðsmennskuhlutverk kristinna manna gagnvart sköpun og lífríki og sjónarmið frumbyggja og hagsmunir kæmu glöggt fram. Æskilegt væri að áhrifaríkir Norðurslóðabiskupar sætu í pallborðinu og Rússland ætti sér þar góðan fulltrúa, því að endurreist Rétttrúnaðarkirkjan væri aftur orðin virkt afl í rússnesku samfélagi, svo og Grænland og Kanada auk Norðurlanda. Helst þyrfti Kaþólska kirkjan líka að eiga sér fulltrúa í WCC pallborðinu. Vel færi jafnframt á því, að WCC stæði að málstofum á komanda Hringborði. Ólafur taldi samstarf af þessu tagi milli WCC og ACA gefa fyrirheit um virka samvinnu þeirra og hann lagði til að fyrirhuguð ráðstefna WCC í Digraneskirkju um „réttlátan frið við jörðu," Just Peace with Earth, yrði formlega auglýst sem einn aðfaraviðburða, Pre-Event, komanda Hringborðs. Auk þess hvatti hann til þess að utanaðkomandi fulltrúar WCC, sem sæktu ráðstefnuna í Digraneskirkju og svo 5. Hringborð Norðursins, tækju virkan þátt í kirkjuguðsþjónustum sunnudaginn 15. okt n.k. Með því móti

teygðu ráðstefnan og Hringborðið sig á virkan hátt út í íslenska kirkju og samfélag. Peter Prove þakkaði Ólafi og hafði á orði að vel færi á að ráðstefna á vegum WCC um „Réttlátan frið við jörðu", sem tengdist merku Hringborði Norðursins yrði haldin á 500 ára minningarári um trúarsiðbót Marteins Lúthers, er hvetti öðru fremur til virkrar samstöðu kristinna kirkna til að gegna ábyrgt því köllunarhlutverki sínu að vernda og hlúa að lífi. Umhverfisvernd væri brýn á heimsvísu, en ekki síður mikilvægt verkefni í hverju landi og á hverjum stað.

Þessar góðu og hvetjandi undirtektir gáfu byr í segl. Í byrjun aprílmánaðar fól biskup Íslands mér að vera verkefnastjóri við að undirbúa fyrirhugaða ráðstefnu Alkirkjuráðsins hér á landi er tengjast myndi ACA 2017, en ég hafði þá lengi unnið að því með sjálfboðnum undirbúningshópi. Ég óskaði þá jafnframt eftir því að biskup skipaði framkvæmdanefnd, sem ynni með mér að framgangi mála. Það varð til þess að Kirkjuráð skipaði skömmu síðar sérstaka þriggja manna nefnd til að sinna þessu verkefni, og var hún skipuð þeim Einari Karli og séra Gunnari Sigurjónssyni, sem höfðu verið ötulir í undirbúningshópnum, og svo einnig séra Bryndísi Möllu Elídóttur, úr stjórn Prestafélags Íslands. Jafnframt kallaði ég til samstarfs séra Kristján Björnsson, formann Prestafélagsins og óskaði eftir því að séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, og Magnea Sverrisdóttir, djákni, sem þá starfaði á Biskupsstofu, yrðu nefndinni til liðsinnis. Fyrsti fundur nefndarinnar, mín og tilkvaddra liðsmanna var haldinn á Biskupsstofu föstudaginn 21. apríl en hann sótti einnig Þorvarður Goði Valdimarsson, kynningarfulltrúi þjóðkirkjunnar. Einar Karl var valinn formaður nefndar kirkjuráðs, séra Bryndís Malla ritari og séra Gunnar gjaldkeri. Kynning fór fram á verkefninu og nærtækum verkum og horft var til að geta unnið markvissar en lausbundinn starfshópur hefði getað gert sem skilað hafði þó góðri forvinnu. Ákveðið var að nefndin myndi hittast á vikulegum fundum á Biskupsstofu

Vinnuplagg var lagt fyrir fundinn, sem Einar Karl hafði dregið upp, og samþykkt var að fylgja því svo sem kostur væri. Þar var lagt til að tengja pílagrímagöngur sumarsins efni WCC ráðstefnunnar, Réttlátum friði við jörðina. Og einnig að „Árstíð sköpunarverksins" yrði haldin sem tímabil í kirkjuárinu, frá 1. sept. fram í október, og myndi byrja um haustið. Tillögur voru líka um að Guðfræðistofnun efndi til ráðstefnu um ráðsmennskuhlutverkið í byrjun septembermánaðar, og á Degi íslenskrar náttúru, 16. september, yrði kallað til samtals fulltrúa kristni og kirkju og stjórnmálamanna um stefnu í umhverfismálum, sem Stofnun dr Sigurbjörns Einarssonar, biskups, stæði að. Útvarpsguðsþjónusta Drottins daginn 17. sept. yrði helguð umhverfisvernd. Sunnudaginn 15. okt. myndu svo fulltrúar WCC prédika eða flytji ávörp í fimm til sjö kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt var að miða að þessum markmiðum.

Fram kom á fundinum að beint samband væri komið á milli AC skrifstofunnar í Háskólanum í Reykjavík og Alkirkjuráðsins og meginhlutverk þjóðkirkjunnar í verkefninu yrði að vera í gestgjafahlutverkinu. Ákveðið hefði verið að WCC ráðstefnan færi fram í Digraneskirkju og pöntuð hefði verið gisting á Grand Hóteli í Reykjavík fyrir þátttakendur utanlands frá. Gunnþór og Gunnar hefðu farið á fund Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra, í Ráðhúsi Kópavogs og fengið hjá honum fyrirheit um stuðning bæjarfélagsins við ráðstefnuhaldið t.d. með móttöku á vegum þess. Og óskað hefði verið eftir því að biskup Íslands byði þátttakendum ráðstefnunnar í biskupsgarð, sem vel hefði tekið þeirri beiðni.

Nefndin vann að skipulagi fyrirhugaðrar WCC ráðstefnu innanlands og treysti því að unnið yrði að því erlendis á vegum WCC að kynna ráðstefnuna og fá málsmetandi kirkjuleiðtoga til að sækja hana. Við það var miðað að erlendir þátttakendur myndu boða komu sína til landsins

fyrir lok júnímánaðar. Nefndarformaður sendi bréf til forseta Íslands með ósk um að hann tæki á móti ráðstefnugestum á Bessastöðum og einnig bréf til umhverfisráðherra um að flytja ávarp við upphaf ráðstefnunnar í Digraneskirkju.

Nefndin stóð fyrir fundi í kirkjunni 10. maí 2017, til að kynna „Just Peace with Earth (JPE)" vegferðina, með kynningarfulltrúa þjóðkirkjunnar, fulltrúum Guðfræðistofnunar, guðfræði- og trúarbragðadeildar H.Í., Stofnunar Sigurbjörns Einarssonar, Biskupa-, Prófasta-, og Presta-félagsins, og fulltrúum nefndar þjóðkirkjunnar um Lúthersárið, umhverfismál og samkirkjulegt starf. Fulltrúar Hvítasunnusafnaðar, Aðventista, Kaþólsku kirkjunnar og Rétttrúnaðarkirkjunnar sóttu einnig fundinn og lýstu allir yfir áhuga sínum fyrir vegferðinni og vilja til samstarfs að fyrirhugaðri WCC ráðstefnu sem tengjast myndi Hringborði Norðursins 2017.

## Unnið að gerð útialtaris á Esjubergi

Sérlega ánægjulegt hefur verið að starfa sem hugmyndasmiður og ráðgjafi með Sögufélaginu Steina á Kjalarnesi, fræða um keltneska kristni og leiðbeina við gerð „keltnesks" útialtaris á Esjubergi. Eftir að biskup Íslands hafði blessað afmarkað útialtarisstæðið við helgistund þar Drottins daginn 8. maí 2016, sem prófastur Kjalarnessprófastsdæmis leiddi, og fyrstu skóflustungur að því verið þá teknar af þeim, fulltrúum Steina og nýfermdum unglingi af Kjalarnesi, var rúmum mánuði síðar, 14. júní, stórum lögulegum steini úr fjallshlíð í grenndinni, um 11 tonn að þyngd, komið fyrir á miðju altarissvæðinu. Það var þó ekki fyrr en um það bil ári síðar sem Ari Jóhannsson, hleðslumaður, hóf að hlaða útvegg altarissvæðisins, en augljóst var þá að Sögufélagið skorti fjárráð til að halda verkinu áfram nema að ráðist yrði í fjarsöfnun og horft var til þess að reyna að gera það eftir leiðum og í samstarfi við Karolina Fund.

## Aukin samskipti þjóðkirkjunnar og Föroysku fólkakirkjunar

Heimsókn Agnesar Íslandsbiskups til Færeyja vorið 2015, sem ég beitti mér fyrir, svo og Íslandsheimsókn Færeyjabiskups með 20 prestum sínum ári síðar 2016 er til marks um mjög aukin samskipti síðustu árin á milli þjóðkirkjunnar og Föroysku fólkakirkjunar. Þau hafa m.a. komið fram í því að færeyskir prestar hafa sótt ráðstefnur hér á landi um kirkjuleg málefni og trúarleg verðmæti í sögu og samtíð. Dr. Karl Sigurbjörnsson, biskup, sótti Færeyjar heim ásamt Kristínu Guðjónsdóttur, eiginkonu sinni, sumarið 2016, í boði Jógvans Friðríkssonar Færeyjabiskups, en slík heimsókn hafði lengi staðið til og ég lagt mig fram um að stuðla að henni. Dr. Karl prédikaði við messu í Þórshafnarkirkju og hélt fyrirlestur í Hótel Hafnia í Þórshöfn um kristni og kirkju í sögu og samtíð. Færeyjabiskup fór víða með þeim hjónum um eyjarnar þar sem þau kynntu sér kirkjur og kirkjulíf. Ég sótti 9. frændafundinn, íslensk færeyska ráðstefnu, í húsakynnum Háskóla Íslands dagana 26-28. ágúst. Frændafundir eru haldnir þriðja hvert ár og til skiptis á Íslandi og í Færeyjum. Um 40 fræðimenn beggja landa af fjölbreyttum fræðasviðum héldu fyrirlestra á fundinum um bókmenntir og sögurannsóknir, tónlist, verkfræði og náttúruvísindi. Þrír færeyskir sóknarprestar sóttu Lúthersráðstefnu í Skálholti 14-15. september. Stefnan var haldin til undirbúnings fyrirhugaðri prestastefnu þjóðkirkjunnar í Wittenberg í Þýskalandi á 500 ára minningarárinu um trúarsiðbót Lúthers, 2017, en Föroyska fólkakirkjan var einnig að undirbúa för færeysks kirkjufólk þangað á árinu.

Tveir færeyskir sóknarprestar komu til Seyðisfjarðar með ferjunni Norrænu 17. apríl 2017 ásamt 12 manna hópi fólks úr færeyskum kirkjuskóla/námskeiðshaldi, sem þeir standa að og nefnist Podas Ekklesias, kirkjufætur, og héldu þaðan með ferjunni 26. apríl eftir að hafa farið hringinn um landið. Ég hafði áður liðsinnt prestunum, er þeir komu til landsins, við að undirbúa ferðina. Tilgangur ferðarinnar var að kynna skólann og vitna um þýðingu hans fyrir færeyskt trúarlíf. Færeyingarnir héldu samkomur í Egilsstaða-, Eskifjarðar- og Norðfjarðarkirkju og heimsóttu líka elliheimili á Austurlandi. Þeir fóru síðan til Akureyrar og stóðu að samkomu í elliheimilinu þar. Þeir lögðu svo leið sína til Reykjavíkur og Eyrarbakka þar sem þeir héldu samkomu á Litla-Hrauni. Dr. Karl Sigurbjörnsson fræddi Færeyingana um grunnþætti í íslenskri kirkjusögu, í færeyska sjómannaheimilinu Örkinni, þar sem þeir gistu í Reykjavík, og ég kynnti þeim þar grunnstef keltneskrar kristni. Sunnudaginn 23. apríl tóku Færeyingarnir þátt í messum og samkomum í Grensáskirkja, Kristskirkju, Lindakirkju, og Bessastaðakirkju. Mánudagsmorguninn 24. apríl heimsóttu Færeyingarnir Kirkjuhúsið og Biskupsstofu og fræddust þar um uppbyggingu þjóðkirkjunnar. Síðar um daginn héldu þeir samkomu í kristniboðssalnum á Háaleitisbraut. Á leið sinni aftur til Seyðisfjarðar héldu þeir samkomu í Hornafjarðarkirkju.

## Krýsuvíkurkirkja

Vonir um að endurreist og nýbyggð Krýsuvíkurkirkja yrði vígð vorið 2017 brugðust því miður, því að í ljós kom að breytingar á rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði með því að hann sameinaðist Tækniskóla Íslands hafði það í för með sér að fyrirheiti og skuldbindingar um smíði kirkjunnar færðust ekki greiðlega á milli. Tækniskólinn útvegaði því ekki smíðanemendur til verksins líkt og Iðnskólinn hafði gert undir stjórn reyndra smiða og kennara skólans. Ljóst er að ekki verður haldið áfram við smíðina nema hægt verði að ná fyrri stöðu og fá nýja stjórnendur til að endurnýja og standa við fyrirheit Iðnskólans. Að öðrum kosti þarf Vinafélag kirkjunnar að efna til óvissrar fjársöfnunar til að ljúka þeim verkum sem eftir eru. Þau felast í öllum innri búnaði, bekkjum, altari og prédikunarstóli, auk þess sem ljúka þarf vinnu við grunn kirkjunnar í Krýsuvík og koma henni þangað til vígslu.

## Horft vítt yfir

Svo sem áður hef ég átt samskipti við fræðimenn innanlands og utan um keltneska kristni og menningarrætur og áhrif þeirra í sögu og samtíð, þar á meðal írska og enska fræðimenn sem komu hingað til lands siglandi á írskri skútu, Ar Seachrán, vorið 2011, eftir að hafa leitað að og þrætt papaslóðir í Norður Atlantshafi. Þar á meðal var Danny Sheehy, ljóðskáld og rithöfundur á írska tungu og víðþekktur útvarps- og sjónvarpsmaður á Írlandi og fræðari um írska og keltneska menningu. Hann hafði m.a. smíðað skinnbáta, Curragh, eða Naomhóg, líka þeim sem keltneskir munkar sigldu um höfin á fyrri tíð, siglt þeim og róið kringum Írland og Bretlandseyjar og meðfram ströndum meginlands Evrópu, og skrifað vinsælar bækur um þessar sjóferðir sínar og einnig um ferð Ar Seachrán um papaslóðirnar og getið mín þar sem leiðsögumanns á Íslandi. Danny var á siglingu ásamt þremur vinum sínum utan við landamæri Spánar og Portúgals á leið í land á Dýrðardegi írska dýrlingsins Kolumkilla 9. júní 2017, þegar

skinnbát hans, naomhóg, hvolfdi skyndilega. Danny týndi lífi en félagar hans komust af. Danny var kvaddur með viðhöfn í heimakirkju sinni í Kerry á Írlandi og um andlát hans og framlag til írskar menningar fjallað í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Sviplegt fráfall Dannys minnir á að margir hafa farist á áhættusömum ferðum sínum um höfin líka þeir sem sóttust eftir því að komast hingað til lands á fyrri tíð á veikum og vanbúnum skipum. Sagan geymir nöfn fæstra þeirra. Það gildir líka um þá menn frá keltneskum menningarsvæðum sem öðrum fyrr settust að hér á landi, bæði á undan norrænum mönnum og einnig samferða þeim. En víst má telja að áhrifa þeirra hafi umtalsvert gætt í mannlífi og menningu, einnig í tungumálinu sem á Íslandi varð talað. Sem betur fer er sem skilningur á því sé mjög að glæðast að framlag keltneskrar kristni og menningar hafi verið töluvert hér á landi í tímans rás og mikilvægt sé að draga það fram.

## *Prestar Íslendinga í Noregi*

### Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir sóknarprestur

### Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir prestur/fræðslufulltrúi

En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt,
en þeirra er kærleikurinn mestur.
(1. Kor 13.13)

Þessi orð Páls postula eiga vel við aðstæður íslenska safnaðarins í Noregi. Enginn kristinn söfnuður lifir án kærleikans. En trúin og vonin eru einnig sterk stef í kristinni trú.

Við stöndum frammi fyrir breytingum hjá íslenska söfnuðinum, sem vonandi vara einungis um skeið. Óbreyttur fjárhagslegur grundvöllur er ekki tryggður.

Á árinu 2015 var farið vel yfir alla meðlimaskráningu, fundað var með lögfræðingum og fylkismanni og komist að þeirri niðurstöðu að söfnuðurinn og sóknarmannatalið er vel unnið og farið eftir þeim lögum sem um söfnuði gilda og þeim reglum og leiðbeiningum sem komið hafa frá norskum yfirvöldum. Í þessu sambandi hefur samstarf milli norrænu þjóðkirkjusafnaðanna sem starfa í Noregi eflst og mikil vinátta myndast við þessa yfirferð um feril inn- og útskráningar. Íslenski söfnuðurinn í Noregi er einn af fjölmörgum söfnuðum þjóðkirkju Íslands og fær fjármagn til safnaðarstarfsins í gegnum norsk sóknargjöld frá ríki og sveitafélögum.

Eins og áður segir er sóknarmannatalið vel unnið og samkvæmt leiðbeiningum, lögum og reglum norskra yfirvalda. Þrátt fyrir það var öllum meðlimum trúfélaga í Noregi (ef undan er skilið sóknarbörnum norsku kirkjunnar) gert að staðfesta skráningu sína í þeim söfnuði sem þeir tilheyra. Í ár verða einungis greidd sóknargjöld fyrir þau sóknarbörn sem staðfestu trúfélagsaðild sína fyrir árslok 2016. Fresturinn var stuttur til að kynna þessar nýju aðstæður en 1.114 manns staðfestu skráningu sína í íslenska söfnuðinn í Noregi.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af hinni íslensku þjóðkirkju og við árslok 2016 voru 6.944 manns í Noregi skráðir í þjóðkirkjuna.

Í ár verða því ekki greidd sóknargjöld fyrir þá 5.830 manns sem ekki staðfestu skráningu sína í söfnuðinn.

Endanleg ákvörðun frá norskum yfirvöldum er ekki komin en ljóst er að söfnuðir og trúfélög hér í Noregi munu búa við skert framlög um sinn.

Vegna þessa aðstæðna var ákveðið að skera niður nokkra útgjaldaliði hjá íslenska söfnuðinum. Sársaukafyllst var að þurfa að skera niður stærri útgjaldaliði svo sem fermingarbarnaferðalag vor og haust 2017 og ferð á æskulýðsmótið á Íslandi í haust.

Von mín er sú að við getum bætt börnum og unglingum safnaðarins þetta upp ef og þegar fjárhagsaðstæður safnaðarins breytast. Helgihald og sálgæsla verða þeir liðir sem reynt verður að forgangsraða á þessum erfiðu tímum.

## Prestsþjónusta, guðsþjónustur, helgihald og athafnir

Sr. Arna Grétarsdóttir lét af störfum sumarið 2016 eftir áralanga farsæla þjónustu við söfnuðinn. Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir tók við af Örnu. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur Reykjavíkurprófastdæmis vestra setti nýjan sóknarprest inn í embætti. Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir kom af þessu tilefni til Osló og hitti sóknarnefnd og annað starfsfólk safnaðarins.

Sr. Helga Soffía kom einnig í janúar til að setja sr. Lilju Kristínu Þorsteinsdóttir inn í embætti en hún tók við af Ásu Laufeyju Sæmundsdóttur þann 1. janúar 2017. Það er um tímabundna ráðningu að ræða.

Guðsþjónustuhald var á 11 stöðum á árinu. Þeir staðir sem messað var á eru: Osló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsö, Sandefjord, Fredrikstad, og Ísland á tveimur stöðum en það voru fermingarmessur í Seltjarnarneskirkju og Friðrikskapellu.

Haldnar voru 26 guðsþjónustur og 19 helgi og bænastundir. 84 sunnudagaskólar um landið og 5150 manns sóttu helgihald safnaðarins á árinu þar sem talið var.

13 börn voru skírð, flest í heimahúsum. Góður rómur hefur verið gerður að þeirri séríslensku hefð að skíra í heimahúsum og ánægjulegt að sóknarbörn nýti sér þá þjónustu safnaðarins. Hjónavígslur voru þrjár og tvær útfarir/minningarathafnir. 50 börn voru skráð í fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2016-17 og á árinu voru fermd 29 börn í fjórum athöfnum í Osló, Reykjavík og Stavanger.

Kórastarfið fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi þrír kórar, Ískórinn í Ósló, Sönghópurinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Hugmyndir hafa verið uppi um að setja á laggirnar kór í Stavanger. Kórarnir hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu en starfa þó sem sjálfstæðar einingar.

Aðventuhátíðin í Ósló var glæsileg að venju. Listanefnd hafði veg og vanda að allri umgjörð og Hjörleifur Valsson sem hefur verið prestum innan handar er varðar kirkjutónlistarmál hefur verið ómetanleg stoð og stytta og þá sér í lagi fyrir nýja presta.

Sóknarprestur hefur einnig getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá norsku kirkjunni til að sjá um einstaka guðsþjónustu eða athöfn. Eftir að ráðinn var annar prestur við söfnuðinn, er ekki eins mikil þörf og áður fyrir afleysingu, en nauðsynlegt þó að geta átt þetta samstarf í jafn dreifðum söfnuði sem þessum.

## Sálgæsla og kærleiksþjónusta

Prestar safnaðarins sinntu sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fóru í níu hús- og sjúkravitjanir á árinu.

97 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótelum og 118 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti.

Sálgæsluteymi er starfandi um landið og hefur prestur samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu.

Fagleg handleiðsla og endurmenntun hefur og verið hluti af sálgæsluvinnu prestsins og er nauðsynleg til að tryggja faglega þjónustu.

## Fræðsla og námskeið

Vegna sparnaðar og sérstakra aðstæðna vegna prestaskipta voru færri námskeið haldin á starfsárinu en áður.

*12 sporin – Andlegt ferðalag* var haldið, sem og námskeiðið *Konur eru konum bestar* í umsjón Margrétar Ólafar Magnúsdóttur djákna.

*Árlegt leiðtoganámskeið* var haldið fyrir sunnudagaskólaleiðtoga íslensku safnaðanna á Norðurlöndum og var skipulag og umsjón í höndum íslenska safnaðarins í Noregi í samstarfi við fræðslusvið Biskupsstofu. Að þessu sinni var námskeiðið haldið í Vatnaskógi á Íslandi. Fyrirlesarar voru sr. Arna Grétarsdóttir og Lilja Björk Þorsteinsdóttir.

*Námskeið fyrir ungleiðtoga* var haldið í tengslum við fermingarfræðsluferð til Svíþjóðar. Þar fengu leiðtogaefnin bæði kennslu í fyrirlestrarformi og samtali ásamt verklegri æfingu á vettvangi.

*Fermingarnámskeiðin* hafa að jafnaði verið tvisvar á ári, í maí og september. Farið var í tvö fermingarferðalög á síðastliðnu ári, sem 128 íslensk börn búsett i Noregi sóttu. Farið hefur verið til Åh Stiftgaard i Svíþjóð Þessi námskeið eru samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum.

## Upplýsingamál, samstarf og fundir

Fréttabréf kemur út tvisvar á ári. Facebook síða safnaðarins „Íslenski söfnuðurinn í Noregi" ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólana og æskulýðshópa virka vel til að auglýsa starfið. Einnig er facebook samskiptasíða notuð til samskipta við fermingarbörn og foreldra. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu „Íslendingar í Noregi" og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no.

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem óskað er eftir, með helgistund eða prestur flytur hugvekju inn í hátíðardagskrá.

Samstarf við sendiráðið er mikilvægur liður í starfi safnaðarins og er sendiherra og starfsfólki hans þakkað gott samstarf.

Einnig er mikilvægt samstarf við presta norsku kirkjunnar þar sem guðsþjónustuhald er háð því að fá inn í norskum kirkjum.

## Æskulýðs- og öldrunarstarf

Sunnudagaskólar íslenska safnaðarins í Noregi eru starfræktir víðsvegar um landið. En á síðasta ári voru 79 sunnudagaskólar alls. Fastir sunnudagaskólar eru í Osló, Drammen, Fredrikstad, Sandefjord, Kristiansand, Kristiansund, Bergen og Stavanger en einnig hafa verið



Frá heimsókn biskups og innsetningu sr. Ragnheiðar Karitasar

sunnudagaskólar í Þrándheimi og Tromsö þegar guðsþjónustur hafa verið haldnar á þeim stöðum.

Unglingafundir voru í Sandefjord, Stavanger og Osló. Í unglingastarfinu fá krakkarnir meðal annars tækifæri til að kynnast betur og viðhalda tengslum sem myndast hafa í fermingarfræðslu safnaðarins. Markmið Æskulýðsstarfs safnaðarins er að styrkja vináttutengsl og rjúfa einangrun þeirra barna sem flutt hafa hingað til Noregs og eiga erfitt með að tengjast öðrum félagslega m.a. vegna tungumálsins. 21. til 22. október 2016 var farið á Landsmót Æskulýðsfélags þjóðkirkjunnar kirkjunnar sem haldið var á Akureyri. Alls vor 22 ungmenni sem sóttu mótið sem var í umsjón sr. Ásu Laufeyjar.

Starf 60 ára og eldri hefur verið haldið mánaðarlega yfir vetramánuðina. Starfið hefst að hausti og lýkur með vorfagnaði eða ferð í maí ár hvert, alls voru níu fundir á starfsárinu í Ólafíustofu þar sem málefni líðandi stundar eru rædd og snæddur þjóðlegur matur. Allar samverurnar hefjast með helgistund.

## Ólafíusjóður og listanefnd

Úthlutanir úr Ólafíusjóði er hluti af kærleiksþjónustu safnaðarins. Sjóðurinn hefur fengið 70.000 NKR til úthlutunar samkvæmt skipulagsskrá á ári og er það fé tekið af vaxtatekjum safnaðarins. Gjafir til sjóðsins voru 6.575 nkr. Orðið var við sex umsóknum um aðstoð frá sjóðnum á starfsárinu og nam heildarupphæð þeirra 51.000 NKR. Hlutverk og verksvið listanefndar er að sjá um listviðburði á vegum íslenska safnaðarins í Noregi og hefur umsjón með sérlegum tónlistarflutningi t.d. í helgihaldi í samráði við sóknarprest. Listanefnd er líka hugsuð sem farvegur og vettvangur fyrir íslenska listamenn og aðra til að kynna list sína.

Starf listanefndar hefur þetta starfsárið einkennst af óvissu vegna sóknargjalda og hefur nefndin komið til móts við ósk fyrrum formanns sóknarnefndar um aðhald og einblítt á að halda uppi grunnþjónustu og áður skipulögðum viðburðum á hausti og jólum. Samstarf listanefndar, listamanna og safnaðarins hefur þrátt fyrir þröngan stakk verið gjöfult þetta starfsárið og leitt til þess að styrkja bönd listafólks og safnaðarins í Osló og á landsbyggðinni.

Einstaklega ánægjulegt var þetta starfsárið að upp bar opinber heimsókn forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar og frú Elizu Reed. Vert er að minnast aðkomu kóra og listafólks að þeim viðburðum sem skipulagðir voru í kringum heimsóknina.

Listanefnd ásamt Ólafíusjóðsstjórn í samstarfi við tónskáldið Gísla J. Grétarsson sótti um styrk til Det norske komponistfond til að semja kórverk við texta sem sr. Arna Grétarsdóttir valdi að kalla „Játning Ólafíu". Úthlutaður styrkur fékkst að upphæð 40.000 til að semja verkið og var verkinu skilað til safnaðarins við guðsþjónustu þann 19. júní 2016. Frumflutningur þessa fallega verks var á Ólafíuhátíð þann 22. október 2016 og var það Ískórinn sem söng játningu Ólafíu undir stjórn Gísla. Í tengslum við heimsókn forseta Íslands í Ólafíustofu útsetti svo Gísli verkið fyrir einsöng og tríó. Kristín Magdalena Ágústsdóttir sópran söng við undirleik Gróu Hreinsdóttur, Hjörleifs Valssonar og Mínervu Hjörleifsdóttur.

Það er ljóst að mikil þörf er á þjónustu íslensks safnaðar hér í Noregi. Starfið er afar margbreytilegt og margþætt. Slíka þjónustu er ekki hægt að inna af hendi nema margar hendur leggist á eitt við að svo megi verða. En þær breytingar hafa orðið á síðustu mánuðum valda vissulega áhyggjum um afkomu og framtíð safnaðarins.

Það er von okkar og trú að með Guðs hjálp mun okkur auðnast að halda úti því blómlega starfi sem byggt hefur verið upp á síðustu árum.

## Lög og starfsreglur

*1. gr. Nafn og aðsetur*

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er kristið samfélag þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkju Íslands eða í söfnuðinn. Hann er skráður hjá norskum yfirvöldum sem „Den Islandske Evangelisk-Lutherske Menighet i Norge".

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er einn af söfnuðum íslensku Þjóðkirkjunnar. Lög og reglur um íslensku þjóðkirkjuna og norsk lög um trúfélög gilda um söfnuðinn, presta hans og starfsmenn nema annað sé tekið fram í reglum þessum.

Lögheimili safnaðarins er í Ósló. Þar skulu aðalsafnaðarfundir safnaðarins haldnir, sóknarprestur safnaðarins hafa búsetu og skrifstofa safnaðarins vera.

*2. gr. Aðalsafnaðarfundur*

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald safnaðarins í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum.

Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reiknisskila af hendi stjórnar safnaðarins og einstakra nefnda á vegum safnaðarins. Þar skulu rædd málefni safnaðarins, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin.

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maí lok. Til hans skal boðað með fjögurra vikna fyrivara. Aðra safnaðarfundi skal halda ef meirihluti stjórnar safnaðarins óskar þess, eða 150 safnaðarmanna sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla formanns
4. Stefna stjórnar
5. Skýrsla sóknarprests
6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram
7. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn
8. Tillögur
9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir
10. Önnur mál

Tillögur til aðalfundar skulu berast safnaðarstjórn fyrir 1. mars ár hvert.

Safnaðarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

*3. gr. Safnaðarstjórn*

Stjórn safnaðarins er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir söfnuðinn gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Hún hefur umsjón með eignum safnaðarins og fjárhag.

Stjórn safnaðarins annast rekstur og framkvæmdir á vegum safnaðarins og styður kirkjulegt starf í söfnuðinum ásamt prestum og starfsmönnum safnaðarins.

Stjórnarmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn og skulu þeir koma úr röðum safnaðarmeðlima. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Formaður skal boða til funda.

Stjórnarmenn eru fimm. Kjósa skal jafnmarga varamenn og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í.

Heimilt er safnaðarstjórn að kveða varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

Safnaðarstjórn tekur mið af starfsreglum íslensku þjóðkirkjunnar um sóknarnefndir nr. 732/1998. Safnaðarstjórn starfar einnig eftir siðareglum sem hún setur sér.

*4. gr. Kjörnefnd*

Aðalfundur kýs þriggja manna kjörnefnd. Kjörnefnd stingur upp á fólki til setu í safnaðarstjórn. Kjörnefnd er kosin til fjögurra ára.

*5. gr. Sóknarprestur*

Sóknarprestur íslenska safnaðarins í Noregi er hirðir og leiðtogi safnaðarins og starfar við hlið sóknarnefndar. Hann gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi sem og skipunarbréfi sem biskup Íslands setur honum.

Heimilt er biskupi að skipa prest til starfa við hlið sóknarprests í samráði við sóknarnefnd/safnaðarstjórn, ef aðstæður gefa tilefni til.

Prestar safnaðarins eru þjónandi prestar íslensku þjóðkirkjunnar og skulu lúta tilsjón íslenskra kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum.

Þegar sóknarprestsembætti losnar leitar safnaðarstjórn eftir því við biskup Íslands að hann auglýsi embættið með minnst fjögurra vikna umsóknarfresti. Biskup Íslands staðfestir ráðningu sóknarprests og erindisbréf það sem biskup setur honum í samráði við safnaðarstjórn.

*6. gr. Breytingar á starfsreglum*

Breyting á samþykktum þessum öðlast fyrst gildi þegar tveir aðalsafnaðarfundir í röð hafa samþykkt óbreytta tillögu. Breytingartillögur skulu liggja frammi og vera aðgengilegar safnaðarmeðlimum eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalsafnaðarfund.

Ef söfnuðurinn leggst niður ganga eigur hans til íslensku þjóðkirkjunnar.

Samþykktir þessar sem samþykktar eru á aðalsafnaðarfundi íslenska safnaðarins í Noregi þann 4. október 2009 taka gildi nú þegar.

(Breytingar voru samþykktar á aðalfundi 26. apríl 2015 og voru staðfestar á aðalfundi 2016.)

(Breytingar voru samþykktar á aðalfundi 24. apríl 2016 og skulu staðfestar á aðalfundi 2017)

# *Íslenska kirkjan í Svíþjóð og Danmörku*

**Sr. Ágúst Einarsson**

## *Íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð*

### Guðsþjónustur, barnastarf og kórstarf í Gautaborg

Íslenskar guðsþjónustur voru mánaðarlega í Gautaborg í Västra Frölunda kirkju. Boðið er upp á barnastund og smábarnahorn í tengslum við guðsþjónusturnar. Með því fékk öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var tvisvar í mánuði yfir vetrartímann. Afbragðs aðstaða er fyrir barnastarf í safnaðarheimili V-Frölunda kirkju og fjölskyldusamveran kringum barnastarfið er vinsæl. Síðstliðinn vetur sóttu 20 til 30 manns barnastarfið í hvert sinn. Umsjón höfðu Birna, Júlíus og María auk prests.

Íslenski kórinn í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins og er ein af grunnstoðunum í að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi í Gautaborg. Stjórnandi kórsins er Lisa Fröberg. Eiginmaður hennar Herbjörn Þórðarson einsöngvari syngur einnig reglulega við guðsþjónustur. Aðsoðarstjórnandi síðasta vetur var Sigurður Árni Jónsson.

### Kirkjustarf í Lundi og Stokkhólmi

Í Lundi var kirkjuskóli hálfsmánaðarlega í safnaðarheimili Norra Nöbbelöv kirkju í umsjón Maríu Gunnlaugsdóttur. Í Lundi var að venju jólaguðsþjónusta á Þorláksmessu í St Hans kirkju og var vel sótt. Íslenski kórinn í Lundi söng og ungt tónlistarfólk kom fram.

Í Stokkhólmi var kirkjuskóli að jafnaði einu sinni í mánuði í umsjón Sólveigar Cosser og Daggar Gunnarsdóttur.

## Fermingarfræðslan

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði starfsárið 2016 til 2017. Um haustið hóf nýr hópur frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku fermingarfræðslu með samveru í Åh stiftsgård fyrstu helgi í september og voru 15 unglingar í sænsk/íslenska fermingarhópi vetrarins. Unglingarnir lesa íslenska kennslubók og leysa verkefni í tölvusamskiptum milli fermingarmóta. Boðið er upp á fræðslutíma eftir því sem við verður komið. En þeir sem ekki komast í fræðslutíma fá einstaklingskennslu gegnum tölvu með hjálp samskiptaforritsins Skype. Þá er farið í íslenskar eða sænskar guðsþjónustur a.m.k. mánaðarlega. Í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi fær unga fólkið Nýja testamentið að gjöf.

## Sjúkrahúsþjónusta

Presturinn hefur það hlutverk í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að aðstoða Íslendinga er koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Ár hvert koma nú um 30 sjúklingar til rannsókna og aðgerða. Um er að ræða líffæraskipti og aðrar flókanr aðgerðir sem ekki eru gerðar heima á Íslandi. Presturinn hittir alla sem koma frá Íslandi á Sahlgrenska sjúkrahúsið og honum er ætlað að veita stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins.

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd hafa samvinnu um safnaðarstarfið og í sóknarnefnd íslensku kirkjunnar í Svíþjóð voru: Birna Ágústsdóttir formaður og ritari, Guðni Jónsson varaformaður, Rósa Jónasdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur voru Atli Seelow, Bjarni Arngrímsson og Björn Sverrisson. Á aðalfundi í febrúar 2017 hætti Atli Seelow í sóknarnefndinni og inn í sóknarnefndina kom Hildur Káradóttir.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur í Reykjavíkurprófstsdæmi vestra er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Sóknarnefnd átti fund með Helgu Soffíu á haustdögum 2016. Von er á sr. Helgu Soffíu í heimsókn til Gautaborgar í tengslum við aðventuhátíð 1. sd. í aðventu 2017.

Christina Nilroth ræðismaður Íslands í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili okkar. Hún sýnir starfinu mikinn áhuga og fundar mánaðarlega með presti og formanni sóknarnefndar til að ræða samstarf og íslensk menningarmál.

Leiðtoganámskeið er samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Í september 2016 var leiðtoganámskeiðið haldið í Vindáshlíð. Elín Jóhannesdóttir kynnti það nýjasta frá fræðsludeild þjóðkirkjunnar. Einnig voru þar fyrirlesarar með efni er tengist styrkingu leiðtoga í kristilegu starfi. Það er nýjum sem reyndari leiðtogum í íslensku barnastarfi á erlendri grund mikilvægt að fá að taka þátt í þessum fræðslusamverum sem haldnar eru árlega. Leiðtogarnir fá fræðslu og hvatningu og finna að þeir eru hluti af þeirri stóru heild sem er fræðslustarfsemi íslensku þjóðkirkjunnar.

## Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Svíþjóð

Vegna þess hve þjónustusvæði íslenska prestsins er stórt um þessar mundir eru prestinum settar skorður um þjónustu í Svíþjóð. Auðveldast er að tryggja þjónustu við Íslendinga í



Kirkjuskóli í Gautaborg

Gautaborg og nágrenni. En velkomið er að samband og athuga hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Prestur hefur ásamt sóknarnefnd lagt áherslu á að reyna að koma á reglubundnu barnastarfi með hjálp heimafólks sem víðast um land. Það hefur tekist í Stokkhólmi og Lundi eins og áður er nefnt. Við hvetjum áhugasama um íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð til að hafa samband og ræða góðar hugmyndir.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.se en netfangið er kirkjan@telia.com og sími Ágústs er 0046702863969 (innanlands 0702863969) og íslenskur sími er 5457726.

## *Íslenska kirkjustarfið í Danmörku*

### Guðsþjónustur og barnastarf í Kaupmannahöfn

Íslenski presturinn í Svíþjóð sinnir nágrannaþjónustu við íslenska kirkjustarfið í Danmörku um óákveðin tíma eða þar til það tekst að fjármagna íslenskt prestsembætti að nýju í Kaupmannahöfn.

Guðsþjónustur voru haldnar einu sinni í mánuði í Skt Pauls kirkju. Kvennakórinn í Kaupmannahöfn undir stjórn Sigríðar Eyþórsdóttur og Kammerkórinn Staka skiptast á að syngja í guðsþjónustum. Kirkjukaffi er í húsi Jóns Siguðssonar og er í umsjón kóranna og til styrktar starfi þeirra. Kvennakórinn Dóttir er þriðji íslenski kórinn sem starfræktur er í



Fermingarbarnamót vorið 2017

Kaupmannahöfn. Kvennakórinn Dóttir söng fyrir okkur á aðventuhátíð 2016 og einnig við guðsþjónustu í maí 2017.

Sunnudagaskólinn var einu sinni til tvisvar í mánuði í Jónshúsi á sunnudögum kl. 13. Umsjón síðasta vetur höfðu: Katrín, Vera, Ásta og Ágúst. Sunnudagaskólinn er lífleg samvera með söng, frásögum og brúðuleikhúsi og hafa að jafnaði um 15-20 manns sótt þessar samverur síðastliðinn vetur, börn ásamt foreldrum.

## Fermingarfræðsla

Síðastliðinn vetur voru tíu unglingar í fermingarhópnum. Kynningarfundur um fermingarfræðsluna var fyrir börn og foreldra í Jónshúsi í september 2016. Síðan hófst fræðslan með fermingarmóti á Åh stiftgard í Svíþjóð síðustu helgina í september. Vormótið var á sama stað fyrstu helgina í maí 2017. Fermingarmótin eru tveggja sólarhringa námskeið þar sem leitast er við að samtvinna fræðslu, helgihald, íþróttir og útiveru. Milli fermingarmóta voru fræðslusamverur í Jónshúsi. Þau fermingarbörn sem búa í Kaupmannahöfn sækja guðsþjónusturnar í Skt. Pauls kirkju. Fermingarbörnum utan Kaupmannahafnar er boðið upp á einstaklingskennslu gegnum tölvusamskipti og þau sækja danskar guðsþjónustur nálægt heimilinu.



Sunnudagaskóli í Jónshúsi í Kaupmannahöfn

## Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd vinna saman að kirkjustarfinu og í sóknarnefnd íslensku kirkjunnar í Danmörku voru á síðasta starfsári: Vera Guðmundsdóttir formaður, Lárus Guðmundsson varaformaður, Borgþór Arngrímssson gjaldkeri, Vala Ólafsdóttir ritari og Katrín Ósk Einarsdóttir meðstjórnandi.

Við erum afar þakklát fyrir þá góðu aðstöðu sem okkur er veitt í Jónshúsi, menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hallfríður Benediktsdóttir er forstöðumaður Jónshúss og þökkum við henni gott og elskulegt samstarf.

Skt. Pauls kirkja er mikilvægur samstarfsaðli kirkjustarfsins. Í áratugi hefur íslenska kirkjan fengið þar inni fyrir guðsþjónustur. Frá því í mars árið 2016 er Stefán Arason organisti við íslenskar guðsþjónustur í Kaupmannahöfn.

## Viðvera prests í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn

Samkvæmt samningi við íslenska utanríkisráðuneytið hefur prestur viðveru í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn að jafnaði einn dag í viku. Þar tekur presturinn á móti fólki sem óskar viðtals og sinnir undirbúningi og skipulagningu í kirkjustarfinu. Viðtöl geta einnig farið fram fram í Jónshúsi. Þá tekur presturinn við verkefnum er berast sendiráði og er þannig sem einn af starfsmönnum sendiráðsins. Það er prestinum mikils virði að hafa vinnustað í sendiráðinu og

gott samstarfsfólk á starfssvæði þar sem hann annars er gestkomandi á mörgum stöðum. Samstarfið við Benedikt Jónsson, sendiherra og Veturliða Þór Stefánsson, sendiráðunaut og annað starfsfólk sendiráðsins hefur á margan hátt auðveldað prestinum að vinna starf sitt í Danmörku.

## Heimsókn prófasts

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur er umsjónaraðlili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Von er á Helgu Soffíu til Kaupmannahafnar í tengslum við aðventuhátíð safnaðarins 2. sd. í aðventu 2017.

## Möguleikar og takmarkanir í íslensku safnaðarstarfi í Danmörku

Leitast er við að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni. Oft er hægt að verða við beiðnum um athafnir víðar í Danmörku ef fyrirvarinn er góður. Einnig sinnir presturinn útkallsþjónustu um land allt, þegar á þarf að halda. Prestur og sóknarnefnd hvetja til þess að sunnudagaskólastarf verði starfrækt á fleiri stöðum í Danmörku og höfða þar til áhugasamra foreldra. Vel kemur til greina að fá prest og fulltrúa úr sunnudagaskólahópnum í Kaupmannahöfn í heimsókn, ef það gæti orðið til hjálpar og hvatningar til að koma á reglulegu starfi.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.dk og netfangið er prestur@kirkjan.dk. Sími Ágústs er 004533181056 (innanlands 33181056) og íslenskur sími er 5457726.

# Starfið í prófastsdæmunum

## *Suðurprófastsdæmi*

**Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur**

Enn á ný er litið um öxl og horft yfir farinn veg. Þá rammast inn það starf sem unnið hefur verið á vegum kirkjunnar í prófastsdæminu og kemur í ljós að það er í sínum fasta farvegi, hefur liðið um mannlíf sveita og bæja líkt og elfur sem með jöfnum straumþunga vökvar og nærir, er á sínum stað og veitir festu og öryggi.

Nokkrar breytingar og tilfærslur urðu þó á starfsliði hinna vígðu þjóna í prófastsdæminu. Sr. Kristján Björnsson lét af störfum sem sóknarprestur í Vestmannaeyjum og var kosinn sóknarprestur Eyrarbakkaprestakalls 1. júní 2017. Sr. Guðmundur Örn tók við sem sóknarprestur Eyjamanna og sr. Viðar Stefánsson vígður til prests til Eyja og tók við prestsstöðunni frá 1. september 2016. Sr. Egill Hallgrímsson í Skálholti fór í orlof þann 1. september 2016, sr. Jóhanna Magnúsdóttir leysti hann af til 1. júní 2017. Sr. Jón Ragnarsson í Hveragerði kom úr hálfs árs leyfi sínu og tók á ný við þjónustunni þann 1. ágúst sl. eftir að hafa þjónað í Noregi, en í fjarveru hans þjónaði sr. Axel Árnason Njarðvík Hveragerðisprestakalli. Sr. Sveinn Alfreðsson var ráðinn prestur til Sólheima sl. haust. Sr. Sigurður Kr. Sigurðsson sóknarprestur á Höfn lét af störfum þann 1. október 2016 og sr. Gunnar Stígur Reynisson tók við kefli hans í Bjarnarnesprestakalli. Sr. María Rut Baldursdóttir var kosin prestur á Höfn og vígð þann 15. janúar og voru þau bæði sett inn í embætti 29. janúar 2017.

Um leið og sr. Sigurður á Höfn er kvaddur þá er honum þökkuð samfylgdin í kirkjunni hér á Suðurlandi. Jafnframt er þeim sem bæði voru að færa sig til í þjónustunni og þeim sem komu ný til starfa, óskað allra heilla og velgengni.

Engar breytingar urðu á sóknarnefndarformönnum á liðnu ári.

Skýrslur presta og safnaða sýna að í prófastsdæminu er unnið gott starf. Og víðast er jarðvegur kirkjustarfsins frjór og það er sérstök ástæða til að gleðjast yfir góðum vexti í barna- og æskulýðsstarfi hér í prófastsdæminu undanfarin ár. Í Suðurprófastsdæmi eru 13 prestaköll með 52 sóknum, auk Sólheimakirkju, Þingvallakirkju og annarra kirkna og kapella sem ekki teljast sóknarkirkjur en athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshús.

Almennar guðsþjónustur í prófastsdæminu voru 599 talsins og aðrar guðsþjónustur s.s. helgi – og bænastundir 934. Barnaguðsþjónustur og/eða kirkjuskóli og samverur með börnum voru 254. Alls eru þetta 1.787 athafnir. Á Suðurlandi voru 250 börn skírð, 274 fermd, 160 hjónavígslur og 183 útfarir.

Vísitasía vígslubiskups sem prófastur fylgdi honum í, stendur upp úr í huga prófasts þegar liðið ár er rifjað upp og þá ekki síst hversu vel og höfðinglega var tekið á móti þeim, hvar sem þau komu. Vísitasían hófst með fundi við heimafólk í sóknarnefndum í Kirkjubæjarklaustri en vígslubiskup hafði vísiterað þar fyrir tveimur árum sem og í Vestmannaeyjum, en í sumar og haust var síðan allt prófastsdæmið vísiterað. Allar kirkjur og sóknarnefndir í viðkomandi

prestakalli voru heimsóttar, rætt við presta og sóknarnefndir, organista, meðhjálpara og aðra er tengdust almennu safnaðarstarfi viðkomandi kirkju og fundað með þeim í kirkjunum sjálfum og litið eftir framkvæmdum, viðhaldi og munaskrá á sérhverjum stað og var vígslubiskup sérlega áhugasamur um klukkur kirknanna. Hann setti sig inn í það kirkjulega starf sem unnið er við hverja kirkju. Einnig ræddi hann við heimafólk um stöðu kirkjunnar í samfélaginu og framtíðarsýn, um stöðu og þjónustu þjóðkirkjunnar og uppbyggingu trúarlífsins. Kristján Valur prédikaði í einni guðsþjónustu í hverju prestakalli og hafði helgistundir í hinum kirkjunum. Hvar sem komið var, var áberandi og ánægjulegt að sjá hversu vel er hugsað um kirkjurnar og kirkjugarðana, og ljóst að hvarvetna leggur safnaðarfólk sig fram um að snyrtilegt sé um að litast á kirkjustöðunum og viðhald kirknanna er til fyrirmyndar. Það skiptir máli að vígslubiskup komi í heimsóknir sem þessar og deili geði við heimafólk, skoði og kynni sér lífsháttu, atvinnu og kirkjustarfið. Slíkar heimsóknir styrkja stoðirnar og treysta böndin milli þeirra sem um stjórnartaumana halda í kirkjunni og þeirra sem starfa úti á hinum dreifða akri og er báðum jafn mikilvægt. Þessi yfirreið yfir prófastsdæmið var lærdómsrík í alla staði og ég er snortin af því hvernig tekið var á móti okkur og stolt af því að vera einn hlekkur í þeirri sterku og gildu keðju kristnilífs á Suðurlandi.

Upptökur á útvarpsguðsþjónustum úr Suðurprófastsdæmi fóru fram síðasta vor sem var síðan útvarpað síðasta sumar og mörg prestaköll og kórar tóku þátt í og voru viðbrögð hlustenda útvarpsguðsþjónustanna mikil og jákvæð. Af öllum ólöstuðum má þakka Margréti Bóasdóttur í Skálholti og söngmálastjóra og verkefnisstjóra kirkjutónlistar fyrir þetta góða framtak.

Þá var veglega haldið upp á stórafmæli kirknanna fyrir austan, 50 ára afmæli Hafnarkirkju og 40 ára afmæli Bjarnaneskirkju. Að aflokinni guðsþjónustu í Hafnarkirkju var hádegisverður á Höfn og síðan sungin messa í Bjarnaneskirkju og prédikaði biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir í báðum athöfnunum. Var síðan boðið í veglegt kaffisamsæti í Mánagarði á eftir og tókust hátíðarhöldin afsaplega vel. Haldið var upp á 70 ára vígsluafmæli Voðmúlastaðakapellu þann 16. október 2016 með hátíðarguðþjónustu þar sem séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, predikaði. Guðlaug Björk Guðlaugsdóttir, formaður kapellunefndar rakti sögu kapellunnar en hún var byggð fyrir gjafafé og vinnan gefin.

Héraðssjóður prófastdæmisins studdi margvísleg kirkjuleg verkefni í prófastdæminu og má þar m.a. nefna stuðning við kirkjukóra og önnur tónlistarverkefni sem fólk hér í sýslu hefur komið að og staðið fyrir. Hann hefur einnig stutt við margvísleg líknarmál, barna- og æskulýðsstarf og ýmislegt fleira. Námskeið sem haldin voru og prófastsdæmið kom að, var Innandyra námskeiðið í Skálholti sl. haust. Það er ætlað þeim sem sjá um barnastarfið, bæði prestum, sunnudagaskólakennurum, æskulýðsleiðtögum og öðru starfsfólki. Prófastsdæmið stóð fyrir kynningarfundi um frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga og var hann haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju, 16. febrúar 2017. Sr. Jóhanna Magnúsdóttir var með fyrirlestur á prestasamveru í febrúarmánuði um meðvirkni og tengdi það málefni skemmtilega við ýmsa texta ritningarinnar. Meðhjálparanámskeið var hadlið í Skálholti 20. maí og var kennsla og leiðbeining í höndum vígslubiskups. Á Héraðsfundi prófastsdæmisins sem haldinn var í Gunnarshólma 25. mars 2017 var sr. Jón Ragnarsson með erindi um Martein Lúter og siðbótina, þar sem hann minntist þess að 500 ár eru frá því Marteinn Lúter hengdi skjalið með greinunum 95 á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg, en sá atburður markaði upphaf siðbótarhreyfingarinnar

sem átti eftir að hafa víðtæk áhrif víða í Evrópu, meðal annars á Íslandi, en íslenska þjóðkirkjan er jú meiður af þeirri grein.

Sóknarnefndir og prestar og allt starfslið standa fyrir fjölbreyttri starfsemi þrátt fyrir þrengri fjárhagsstöðu, – sem þó er aðeins að batna, – og kórfólk og sjálfboðaliðar leggja mikið af mörkum með fjölbreytilegum hætti á vettvangi kirkjunnar sinnar. Allt það starf var í sínum fasta farvegi. Guðsþjónustur og helgihald, fermingar- og æskulýðsstarfið og -mótin, barna- og æskulýðsstarfið, kirkjukórastarfið, þjónustan við elliheimilin og sjúkrahúsin og sálgæslan.

Megi andi Guðs leiða okkur öll og styðja til góðra verka úti á akri hans.

## *Kjalarnessprófastsdæmi*

### Sr. Þórhildur Ólafs, prófastur

Á liðnu starfsári var enn unnið eftir þeim stefnumiðum sem prófastur og héraðsnefnd settu sér í upphafi sameiginlegs starfstíma síns. En þau eru SAMSTARF-SAMFÉLAG-UPPBYGGING.

**SAMSTARFIÐ** hefur gengið vel – prófastsdæmið hefur verið þátttakandi í spennandi verkefnum sem þegar eru í gangi í samfélaginu og hefur getað boðið prestum, djáknum, organistum, formönnum sóknarnefnda og öðrum þátttöku eftir því sem við hefur átt. Sömuleiðis hefur það verið áhugavert að fá vel metna fyrirlesara til þess að kynna hugðarefni sín og vera til uppbyggingar á fundum með prestum og djáknum, formönnum sóknarnefnda og organistum. Í því sambandi má nefna að á haustmánuðum var Tómas Möller með námskeið í tímastjórnun og skipulagi sem góður rómur var gerður að.

Með **SAMFÉLAGI** er átt við það að prófastsdæmið ætlaði að auka enn frekar tengsl þeirra sem starfa á vegum sóknanna í prófastsdæminu og stuðla að því að þau geti átt gott með að leita hvert til annars og til prófasts með málefni sín. Samtakamátturinn er eflandi og sú þekking skapast í störfunum sem orðið getur öðrum að gagni í þeirra störfum. Prófastsdæmið (prófastur og héraðsnefnd) lítur svo á að með reglulegu fundahaldi og hreinskilinni samræðu megi auka samfélag á meðal þeirra sem að verkum koma innan þess og að það geti með starfi sínu orðið stuðningsnet þeirra sem tilheyra því og þjóna kirkjunni hver með sínum hætti.

Með **UPPBYGGINGU** er átt við að héraðsnefnd prófastsdæmisins vill geta boðið starfsfólki kirkna sinna til fjölbreyttrar fræðslu um prédikun, guðfræði og helgihald. En telur einnig mikilvægt að starfsfólk kirkjunnar sæki námskeið og fræðslu um mannleg samskipti, sorgarviðbrögð, tjáningu, raddbeitingu og leiðtogahæfni svo eitthvað af áhersluatriðum sé nefnt. Markmiðið er að stuðla að því að fólki geti liðið vel í störfum sínum og öðlast aukið öryggi og aukna hæfni á fjölbreyttum sviðum lífsins; gildir það bæði fyrir leika og lærða.

**DAGSKRÁ Í ÞESSUM ANDA**. Segja má að liðið starfsár hafi einkennst af öflugri dagskrá í þessum anda. Kjalarnessprófastsdæmi bauð upp á námskeið í framkomu og tjáningu, tímastjórnun, textatúlkun, tveggja daga GLS-leiðtogaráðstefnu í Háskólabíói, glæsilega prédikunarráðstefnu með erlendum fyrirlesurum, samræður um útvarpsmessur og nýja sálmabók, erindi og umræður um samfélagslega ábyrgð sem vonandi hefur opnað augu þeirra sem þátt tóku fyrir eftirsóknarverðum gildum sem miða má við í framtíðarsýn, svo eitthvað sé til

talið. Að auki voru hefðbundnir tilsjónarfundir prófasts á sínum stað, vorfundir og haustfundir presta, djákna, formanna sóknarnefnda og organista. Samstarf, samfélag, uppbygging, - allt hefur þetta fengið að njóta sín.

Vorið 2016 beitti Biskupsstofa sér í samvinnu við Kjalarnessprófastsdæmi fyrir fræðslu og samræðum um umhverfismál og lífsviðhorf. Var það gert fyrir hvatningu frá Ara Trausta Guðmundssyni jarðvísindamanni og rithöfundi og núverandi alþingismanni. Komið var saman í Digraneskirkju þrjá miðvikudagsmorgna 25. maí, 1. júní og 8. júní. Í máli og myndum fjallaði Ari Trausti um umhverfismál í víðum skilningi og einkum stöðu Íslands og norðurslóða og hann bauð til samræðna um lífsgildi og viðbrögð í því samhengi. Hvern miðvikudag hélt hann tvo fyrirlestra 1. Um hlýnun jarðar, afleiðingar hennar og viðbrögðin 2. Um Sóun, endurvinnslu og gjörnýtingu hráefna- lykill að framtíðinni. 3. Ferðaþjónustan, þjóðgarðar og náttúruvernd. 4. Virkjanir, iðnaður og orkuflutningsnetið. 5. Hefðbundnu atvinnuvegirnir og samgöngur. 6. Opnun norðurslóða og olíuleit við Ísland. Erindi Ara Trausta voru vekjandi og áhugaverð. Hann taldi að prestar og kirkjufólk gætu haft mikið að segja um það í hvaða farveg umhverfisumræðan fari í samfélaginu og hvernig brugðist verði við hættumerkjum, en verði að fá sem bestar upplýsingar um ýmis atriði viðkomandi umhverfisaðstæðum og þekkja vel til þeirra, til að geta haft marktæk og farsæl áhrif á umræðuna og stýrt henni til heilla. Þarna var um útrétta hönd frá íslensku vísindasamfélagi til kristni og kirkju að ræða, sem gæti styrkt samstarf og samstöðu til lífsheilla á komandi tíð. Vel var brugðist við framúrskarandi tilboði Ara Trausta, sem flutti erindi sín af festu og framsýni. Vonandi hefur innihald erinda hans áhrif til farsældar fyrir kirkju og þjóð á komandi tíð.

Prófastsdæmið hefur leitast við að rækta samstarf við áhugafélag um guðfræðiráðstefnur og býður í haust til tveggja daga námskeiðs (31. ágúst-1. september) í Lindakirkju í Kópavogi en þangað koma utanlands frá framúrskarandi fyrirlesarar. Prófessor Karoline M. Lewis sem er einn fremsti lúterski fræðimaður í samtímanum. Hún kennir prédikunarfræði í Luther Seminary í Minnesota. Hún hefur sent frá sér ritskýringarrit svo sem við Jóhannesarguðspjall sem hluta af Fortress Biblical Preaching Commentaries ritröðinni. Og Abigail Visco Rusert sem er framkvæmdastjóri The Institute for Youth Ministry við Princeton Seminary. Hún hefur ritað fjölmargar fræðigreinar um mikilvægi æskulýðsstarfs og þrátt fyrir ungan aldur er hún leiðandi á sínu sviði í Bandaríkjunum. Báðar munu þessar konur miðla uppbyggilegri trúarsýn sem talar sterkt inn í samtímann og einnig veita prestum og starfsfólki kirkjunnar leiðbeiningar um hvernig þau geti betur náð árangri og lífsfyllingu í störfum sínum. Í haust er einnig áætlað að bjóða til GLS-leiðtogaráðstefnu í Háskólabíói.

**HEIMSÓKN** Í maí mánuði 2016 var Færeyjabiskup í náms- og kynnisferð hér á landi ásamt flestum prestum færeysku kirkjunnar. Prófastur bauð þeim til kvöldverðar í Ljósbroti Standbergs að kvöldi þess 20. maí. Prestum og djáknum prófastsdæmisins var boðið til fundar við færeyska kollega en þar sem fyrirvari var stuttur gátu einungis fáir þekkst boðið, en nærvera þeirra sem það gátu var dýrmæt og mikils metin.

**STARFSVIÐTÖL** Í fyrra og í vor sem leið fór prófastur á starfsstöðvar presta Kjalarnessprófastsdæmis og átti við þá starfsviðtöl sem voru liður í uppbyggingu og samfélagsmyndun í prófastsdæminu. Prófastur skoðaði starfsaðstöðu presta og varð margs vísari um líðan og starf prestanna. Mikils virði er að eiga opin samtöl um mikilvæg mál svo sem starfsvellíðan og starfstækifæri.

**VÍSITERAÐ AÐ HAUSTI.** Prófastur vísiteraði allar sóknir prófastsdæmisins á liðnu hausti. Vel var allstaðar tekið á móti prófasti og þáverandi starfsmanni prófastsdæmisins Grétari Halldóri Gunnarssyni. Þeir sem á móti okkur tóku höfðu lagt á sig mikla vinnu við að undirbúa komu okkar og gera hana sem ánægjulegasta. Ákveðnar reglur gilda um vísitasíur prófasta sem við lögðum okkur að sjálfsögðu fram um að fara eftir. Vísitasíurnar voru árangursríkar. Það var gott að koma út í sóknirnar og mikils virði að finna hversu mikla ábyrðarkennd og metnað prestar og sóknarbörn hafa gagnvart kirkjustarfi í nærsamfélagi sínu. Óhætt mun vera að fullyrða að kirkjustarf í prófastsdæminu sé í stöðugum vexti.

**LEIÐARÞING** var haldið sem fyrr þó að segja megi að hlutverk þess hafi breyst frá því sem áður var, þegar tekin voru þar fyrir mál sem ekki hafði náðst að afgreiða á héraðsfundi. Leiðarþingin voru hugsuð þannig að þau skyldu fara yfir málefni og atvik líðandi kirkjuþings hverju sinni. Var það gert til að miðla upplýsingum um það sem er að gerast í málefnum kirkjunnar á Kirkuþingi hverju sinni. Eftir breytingar á árlegum þingum Kirkjuþings þá hefur þróunin orðið sú, að Leiðarþing er nú alltaf haldið vel á undan Kirkjuþingi og því ekki hægt að gefa lýsingu á niðurstöðum nýliðins Kirkjuþings. Þannig má glögglega sjá að standi Héraðsfundur sig vel í því að afgreiða sín mál þá fari mikilvægi Leiðarþings eins og þau voru hugsuð þverrandi, en hér hefur vilji staðið til þess að Leiðarþingin verði áfram haldin og þá sem samtalsvettvangur – þemaviðræðna um tiltekin málefni.

**SÖFNUN.** Á æskulýðsdaginn fór fram fjársöfnun sem prófastsdæmið beitti sér fyrir í flestum sóknum prófastsdæmisins – safnað var fyrir steinhúsum í Úganda. Alls söfnuðust um 300.000 kr.

**HÉRSAÐSPRESTSMÁLIN** Héraðsnefnd fór á liðnum árum ítrekað á fund biskups til þess að ræða stöðu héraðsprests I og hve vandi héraðsnefndar varðandi héraðsprestsmál væri í raun flókinn. Embætti héraðsprests I hafði ekki verið auglýst eftir að sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir lét af því embætti og óljóst var hver framvinda mála yrði. Því urðu það mikil gleðitíðindi þegar ljóst varð að biskupi yrði á fyrstu mánuðum ársins 2017 gert mögulegt að auglýsa embætti héraðsprests I í Kjalarnessprófastsdæmi laust til umsóknar. Það varð og rann umsóknarfresturinn út þann 26. apríl. Áður hafði héraðsnefnd unnið þarfagreiningu sem vísað var til í auglýsingu um embættið. Um embættið bárust sex umsóknir. Matsnefnd boðaði umsækjendur í viðtöl þann 12. maí, hélt síðan störfum sínum áfram og var héraðsnefnd veittur aðgangur að svokölluðu gagnaherbergi þann 31. maí. Héraðsnefnd boðaði þá fimm umsækjendur sem matsnefnd taldi hæfasta til viðtala þann 12. júní. Og að morgni þess 13. júní gerði biskup heyrinkunnugt hvern hann myndi skipa í embættið en það er sr. Stefán Már Gunnlaugsson fyrrum sóknarprestur í Hofsprestakalli í Vopnafirði. Í matsnefndinni áttu sæti sr. Birgir Ásgeirsson fyrrum prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrum skrifstofustjóri Biskupsstofu og Jóhannes Pálmason formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju en hann var staðgengill Ásbjörns Jónssonar lögmanns.

**HREYFING Á STARFSFÓLKI OG ÞJÓNUSTU.** Grétar Halldór Gunnarsson lét af störfum þann 15. nóvember. Grétari eru þökkuð mikilvæg störf fyrir prófastsdæmið og alúðarrík. Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir vígði Grétar Halldór til prestsstarfa í Dómkirkjunni þann 20. nóvember 2017 en þá hafði hann verið kosinn prestur við Grafarvogskirkju úr hópi umsækjenda. Kjalarnessprófastsdæmi óskar Grétari Halldóri blessunar og náðar á nýjum starfsvettvangi.

Sigurður Grétar Sigurðsson kemur aftur til starfa í Útskálaprestakalli þann 1. september

eftir tveggja ára starfsdvöl í Noregi í launalausu leyfi héðan. Þá hverfur sr. Bára Friðriksdóttir frá störfum í prestakallinu en hún var eftir auglýsingu valin til að þjóna Útskálaprestakalli í fjarveru sr. Sigurðar. Sr. Báru eru þökkuð vel metin störf og hennar verður saknað úr Kjalarnessprófastsdæmi.

Í hóp prestanna í prófastsdæminu bættist sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og er það mikið fagnaðarefni því að með komu hennar fjölgar prestum prófastsdæmisins. Kjörnefnd Njarðvíkurprestakalls kaus sr. Brynju úr hópi umsækjenda á fundi sínum föstudaginn 21. apríl en þá höfðu allir umsækjendur komið í viðtöl á kjörmannafundi sem prófastur stýrði þann sama dag. Áður höfðu sóknirnar unnið þarfagreiningu. Njarðvíkurprestakall sem er fjölmennt hefur til þessa verið einmenningsprestakall. Þess skal getið að sr. Brynja verður safnaðarráðin en það þýðir að söfnuðirnir borga henni laun að mestum hluta (75% en biskup 25%). Prófastur setti sr. Brynju Vigdísi inn í embætti við hátíðarmessu á hvítasunnudag.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir í Mosfellsprestakalli fer í námsleyfi þann 1. október næstkomandi og sr. Arndís G. Bernharðsdóttir Linn mun leysa hana af. Sr. Kristín Pálsdóttir mun leysa sr. Arndísi af.

Sr. Stefán Már Gunnlaugsson var settur til að þjóna sem héraðsprestur I í Kjalarness-prófastsdæmi frá 1. janúar til 31. mars og aftur frá 1. apríl til 31. maí. Hefur þjónusta hans við prófastsdæmið verið mikils virði. Hann var einn af umsækjendum um embættið og hefur nú að loknu umsóknarferli verið skipaður í embætti héraðsprests I. Er hann boðinn velkominn til áframhaldandi starfa.

**ÁSTJARNAPRESTAKALL – ÁHYGGJUR.** Enn hefur ekki fengist fjárveiting fyrir öðru prests-embætti í Ástjarnaprestakalli og kallar það fram depurð. Í Ástjarnasókn og Kálfatjarnasókn búa núna á tíunda þúsund manns. Þrátt fyrir þennan mikla fólksfjölda hefur prestakallið aðeins einum presti til að dreifa en hann er sr. Kjartan Jónsson, sem sinnir störfum sínum öllum af alúð og framsækni. En það ætti að vera ljóst að til að nýta sóknarfæri og veita meiri þjónustu í þessu prestakalli en á eins manns færi er, ætti fyrir löngu að vera búið að koma upp öðrum presti í prestakallinu. Brýnt er að fá leiðréttingu prestamála eins og þau snúa að Tjarnaprestakalli.

**LOKAORÐ.** Starfsárið hefur verið ánægjulegt og þakkarefni hve margir hafa að öllu jöfnu sótt boðaða fundi. Á vettvangi prófastsdæmisins hefur verið boðið upp á margvísleg og vonandi öflug samskipti af fjölbreyttum toga og tilefni til funda. Þeim sem komu að starfi Kjalarnessprófastsdæmis á liðnu starfsári eru færðar alúðarþakkir. Við sem störfum í prófastsdæminu biðjum góðan Guð að blessa öll okkar áform og gjörðir sem þeim fylgja. Takist vel til með tilstyrk hans.

**POSTULINN** segir. „Fyrst andinn hefur vakið okkur til lífs skulum við lifa í andanum. Verum ekki hégómagjörn, svo að við áreitum og öfundum hvert annað." (Gal. 5.25) En ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsagi. (Gal.5.22.) Allt lögmálið felst í þessu eina boðorði: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig." (Gal 5.14.) Jesús vill að við leggjum okkur fram um að læra af sér og vill gefa okkur hlutdeild í upprisusigri sínum.

„Gef oss þitt sumar/sólu þinni frá./Kristur, kom og sigra,/kom þú og ver oss hjá." (Sb. 166/S.E.)

Guð blessi þá kirkju sem ber honum vitni í orði og verki.

# *Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

**Sr. Gísli Jónasson, prófastur**

## Inngangsorð

Þegar við lítum um öxl yfir liðið starfsár þá blasir við níunda árið í röð þar sem við höfum þurft að glíma við afleiðingar niðurskurðar sóknargjaldsins og þau margvíslegu vandamál sem honum fylgja. Þykir því mörgum vafalaust sem meira enn nóg sé komið af þessum aðhalds- og þrengingartímum og vissulega er það von mín, að nú sé botninum náð og að við getum senn, með Guðs hjálp, snúið vörn í sókn. Það hefur verið lærdómsríkt og uppörfandi að fylgjast með viðbrögðum safnaðanna og kirkjufólksins við þessu ástandi. Víða hefur verið vel unnið og af miklum fúsleika, dugnaði og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni. Vil ég því fá að nota þetta tækifæri til að þakka það dugmikla og fórnfúsa starf, sem ég hef svo víða orðið vitni að í heimsóknum mínum í söfnuði prófastsdæmisins. Og í þessu sambandi vil ég minna okkur öll á hinn stórkostlega fagnaðarboðskap sem fólginn er í eftirfarandi boðskap Jesaja spámanns:

*„Lofsyngið himnar, fagna þú jörð,*
*þér fjöll, hefjið gleðisöng*
*því að Drottinn hughreystir þjóð sína*
*og sýnir miskunn sínum þjáðu.*

*En Síon segir: „Drottinn hefur yfirgefið mig,*
*Guð hefur gleymt mér.“*
*Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu*
*að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu?*
*Og þó að þær gætu gleymt*
*þá gleymi ég þér samt ekki.*
*Ég hef rist þig í lófa mér.“ (Jes. 49:13-16a)*

Látum þessi orð spámannsins vera okkur til uppörfunar og hvatningar þegar við höldum til móts við nýtt starfsár og göngum fram í þeirri fullvissu, að sé Drottinn með þá geti þrátt fyrir allt ekkert sigrað okkur né gert okkur viðskila við kærleika hans. Það er gott að eiga fyrirheiti hans og vita það, að hann gleymir okkur ekki og yfirgefur ekki kirkju sína á hverju sem gengur. Við skulum því enn á ný fela honum allt okkar ráð og biðja hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika og djörfung til eftirfylgdar við hann á komandi starfsári.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2016, skv. starfsskýrslum presta, eru sem hér segir, (tölur frá árinu 2015 eru í sviga): Almennar guðsþjónustur 621 (611), barnaguðþjónustur

461 (373), aðrar bæna- og helgistundir 985 (1065). Guðsþjónustur voru því samtals 2067 (2049). Viðstaddir þessar guðsþjónustur voru alls 100.394 (105.760). Fermingarbörn voru 892 (1030) og altarisgestir 19.891 (24.326). Þá voru skírð 775 (712) börn, hjónavígslur voru 218 (172) og útfarir 436 (396).

Þar sem enn hefur engu verið breytt varðandi starfs- og messugjörðarskýrslur presta í þá veru að þær gefi gleggri mynd af umfangi kirkjustarfsins höfum við haldið áfram þeirri reglubundnu talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu sem við tókum upp fyrir átta árum og verður henni haldið áfram þar til endurbætur hafa verið gerðar á messugjörðar-skýrslunum. Samkvæmt þessari talningu tóku alls 206.008 (213.415) manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í árið 2016 og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Er hér um að ræða u.þ.b. 3,5% fækkun frá síðasta ári. Meðalþátttakan í messum, sem fram fóru á árinu 2016 var 90,9 manns, en var 94,6 árið áður.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu var að mestu með svipuðu sniði og áður, en hefur þó samt heldur verið að aukast. Ég tel það mikilvægt, að við leggjum áframhaldandi áherslu á samstarfssvæðin á komandi árum og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Eins og undanfarin ár er því gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til samstarfssvæðanna í fjárhagsáætlun næsta árs og er hún að þessu sinni 1.650.000 kr.

Lítið sem ekkert hefur verið um byggingarframkvæmdir á starfsárinu, enda hefur viðhald eða endurbætur á húsnæði safnaðanna því miður verið í algjöru lágmarki mörg undanfarin ár. Ekki hefur tekist að hefja framkvæmdir við viðbyggingu safnaðarheimilis Árbæjarkirkju þótt samþykktar teikningar hafi legið fyrir árum saman. En nú virðist þó loks vera að rofa til í þeim efnum þar sem söfnuðurinn fékk loksins, á yfirstandandi ári, framlag úr jöfnunarsjóði til að hefja undirbúning að þessum framkvæmdum. Byrjað var á viðgerðum á þaki Breiðholtskirkju sumarið 2014, en vegna fjárskorts hafa þær í raun stöðvast. Nokkrar viðgerðir hafa átt sér stað á Kópavogskirkju, en þar er viðhaldsþörfin orðin mjög brýn, bæði á rafkerfi, gluggum og vegna lekaskemmda og verður þeim framkvæmdum fram haldið á komandi sumri eftir því sem fjármunir leyfa. Þá var á starfsárinu áfram unnið að frágangi á kirkjuskipi Lindakirkju.

## Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiss konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

Prédikunarklúbbur presta hefur komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Þá sá dr. Sigurjón einnig um vikulega biblíulestra í Breiðholtskirkju. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur eins og t.d. fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir og heimsóknir í félagsstarf aldraðra.

Fermingarnámskeið voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið auk hefðbundinna námskeiða með einnar nætur gistingu.

Þá hefur fræðslunefnd prófastsdæmisins staðið fyrir nokkrum námskeiðum og sömuleiðis

reynt að miðla upplýsingum milli safnaðanna um þau margvíslegu námskeið sem þar eru haldin og hefur það gefið góða raun. Fræðslunefndina skipa þau sr. Bryndís Malla Elídóttir, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Þá skal á það minnt, að söfnuðunum standa jafnan til boða eldvarnarnámskeið, framsagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálp á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu.

## Fundir, aðrar samverur o.fl.

Héraðsfundur var haldinn í Lindakirkju 23. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 20. október 2016. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu sameiginlegan fund. Í héraðsnefnd sitja nú sr. Gunnar Sigurjónsson og Benedikta G. Waage, en varamenn þeirra eru sr. Guðrún Karls Helgudóttir og Guðrún Hulda Birgis. Eru bæði aðal- og varamenn boðaðir á alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum og Kjalarnesprófastsdæmi reglulega með sér fundi þar sem rætt er um sameiginleg málefni prófastsdæmanna og er það von mín að samstarf prófastsdæmanna megi halda áfram að aukast og styrkjast á næstu misserum.

Samráðsfundir presta og djákna voru þrír á starfsárinu og sömuleiðis voru haldnir þrír formannafundir og var einn þeirra sólarhringsfundur í Skálholti.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið margvíslega fundi um málefni ÆSKR, Eldriborgararáðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarðasambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig setið samráðsfundi með prestum, sóknarnefndum og starfsfólki sóknanna, biskupi Íslands, öðrum prófföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa. Á þessu vori hefur prófastur svo átt starfsgæðaviðtöl með öllum prestum og djáknum prófastdæmisins.

## Breytingar á starfsliði

All nokkrar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu:

Þann 1. september 2016 lét sr. Svavar Stefánsson af störfum sem sóknarprestur í Fella-prestakalli og var sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson settur til afleysingarþjónustu í hans stað. 1. nóvember 2016 var dr. Grétar Halldór Gunnarsson skipaður prestur í Grafarvogsprestakalli og vígður til starfsins þann 20. nóvember. Þann 1. febrúar var Karen Lind Ólafsdóttir skipuð prestur í hálfu starfi í Hjallasókn og vígð 26. febrúar. Lét sr. Kristín Pálsdóttir, sem sett hafði verið sem prestur til afleysingar í prestakallinu, þá jafnframt af störfum. Þann 1. apríl sl. var sr. Jón Ómar Gunnarsson, sem áður starfaði sem prestur við Glerárkirkju á Akureyri, skipaður sem prestur í hinu nýju Fella- og Hólaprestakalli. Lét sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson þá jafnframt af störfum sem afleysingaprestur. Loks skal þess getið, að prófasturinn, sr. Gísli Jónasson, hefur verið í leyfi

frá sóknarprestsstarfi í Breiðholtsprestakalli frá 1. október 2015, en í staðinn verið settur til að gegna þeirri stöðu héraðsprests, sem losnaði er sr. Bryndís Malla Elídóttir tók við núverandi prestsþjónustu sinni í Seljaprestakalli. Frá sama tíma var sr. Þórhallur Heimisson settur sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli, upphaflega til 31. júlí 2016 og síðan til 1. ágúst 2017, en nú hefur verið ákveðið, að þjónusta hans verði framlengd enn um sinn, og er þetta fyrirkomulag m.a. hugsað til þess, að gefa prófasti betra tækifæri til að sinna prófastsþjónustunni, sem stöðugt hefur verið að aukast í þessu fjölmennasta prófastsdæmi landsins.

Þjónandi djáknar í prófastsdæminu eru nú fjórir, auk framkvæmdastjóra Ellimálaráðs, en voru þegar best lét 7. Þjónandi prestar eru hins vegar 22 í 21,5 stöðugildi, en fjölgar væntanlega í 23 í 22,5 stöðugildum þegar þriðji presturinn í Lindasókn verður skipaður, en það starf verður senn auglýst, en þessi prestur verður að hálfu safnaðarráðinn. Flestir voru prestarnir í prófastsdæminu skömmu fyrir hrun er þeir voru að jafnaði 23-24. Það er því ljóst að enn höfum við varla náð sama þjónustustigi og þá var. Er það mikið áhyggjuefni hversu seint sækist að ná þeim embættum til baka sem horfið hafa á braut og því full ástæða til þess að við höldum vöku okkar í þeim efnum.

## Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Megin verkefni Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma hefur alla tíð verið að hvetja til og styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiss konar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Þá hefur ráðið staðið fyrir sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Hefur aðsókn stöðugt verið að aukast og eru yfirleitt biðlistar í dvalarhópanna þótt þeim hafi á undanförnum árum verið fjölgað úr þremur í fimm og eru þess jafnvel dæmi, að fólk hafi fundið sér gistingu annarsstaðar í Skagafirði til þess að geta notið þeirrar dagskrár sem boðið er upp á á Löngumýri yfir daginn. Framkvæmdastjóri ráðsins er Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni.

ÆSKR býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Starfið hefur um margt verið til fyrirmyndar og hefur borið margvíslegan ávöxt eins og best sést á þeirri staðreynd, að ÆSKR hefur smám saman verið falin umsjón með ýmsum verkefnum og þjónustu í æskulýðsmálum kirkjunnar, sem áður var á hendi annarra aðila. Er sambandið þannig t.d. mikilvægur framkvæmdaaðili að starfi Farskóla leiðtogaefna, sem gekk mjög vel í vetur og útskrifaði 27 ungmenni við hátíðlega athöfn í Neskirkju í mars sl. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Kristján Ágúst Kjartansson.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölþætt eins og glögglega kemur fram í árskýrslu garðanna. Má þar m.a. nefna, að nú er hafinn undirbúningur að uppbygginu nýs kirkjugarðs við Úlfarsfell. Það hefur þó skapað starfseminni töluverðan vanda, að niðurskurður lögbundinna framlaga til kirkjugarða á undanförnum árum hefur leitt til verulegs hallareksturs og er nú svo komið að stjórn garðanna sér sig tilneydda að skoða þann valkost í fullri alvöru, að draga starfssemina saman ef ekki fást aukin framlög til rekstrarins. Er þetta auðvitað mjög alvarleg staða og með öllu óviðunandi. Prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmdanefndar kirkjugarðanna sitt hvort árið og mun undirritaður sitja þessa fundi á komandi starfsári.

Starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hefur heldur dregist saman á síðustu misserum vegna niðurskurðar. Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt þetta starf með verulegum fjárframlögum. Héraðsnefnd telur nauðsynlegt að þessum stuðningi verði haldið áfram, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða. Verður stuðningur héraðssjóðs við Fjölskylduþjónustuna því heldur aukinn á næsta ári.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum, eins og fram kemur í ársreikningi, enda heldur umsóknum um aðstoð Hjálparstarfsins áfram að fjölga og þá ekki hvað síst úr okkar prófastsdæmi.

Að lokum vil ég svo undir þessum lið geta þess, að sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, hefur fasta starfsaðstöðu í prófastsdæminu. Skrifstofa hans er í Hjallakirkju og er hann með reglulega viðtalstíma og helgistundir þar. Einnig er hann með viðtalstíma í Breiðholtskirkju og auk þess mánaðarlega messu á ensku og er nú að því stefnt að auka starfið þar. Er það von mín að með sameiginlegu átaki okkar í prófastsdæminu megi okkur takast að efla og styrkja þetta mikilvæga starf.

## Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

Stjórn Starfssjóðs safnaðarhjálparinnar í Reykjavíkurprófastsdæmum úthlutaði á þessu vori aðeins einum styrk að upphæð kr. 180.000, til sumardvalar aldraðra á Löngumýri, enda hafa tekjur sjóðsins dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2017 koma 38 milljónir kr. í hlut sex sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu fimm sóknir alls 18 milljónir kr. Er því um verulega aukningu að ræða milli ára.

Ekki er lengur auglýst eftir umsóknum í Kirkjubyggingarsjóð Reykjavíkur enda hafa borgaryfirvöld í raun lagt sjóðinn af. Áttum við prófastarnir fund með borgarstjóra vegna þessa máls á síðasta ári, en það breytti því miður engu um þessa niðurstöðu.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurprófastsdæma hefur ekki komið saman það sem af er þessu kjörtímabili og hlýtur það að verða ósk okkar að svo verði, bæði til að ræða málefni Kirkjubyggingarsjóðs og eins til að skoða hugsanlegar lagfæringar á reglum um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga, sem samþykktar voru í Borgarráði haustið 2010 og túlkun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á þeim.

## Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis

Því miður hafa ekki enn borist neinar fréttir af því að í vændum sé leiðrétting, sem um munar, á þeirri gríðarlegu skerðingu sóknargjaldsins sem viðgengist hefur frá árinu 2009. Og það jafnt fyrir það, þótt það hafi verið viðurkennt af stjórnvöldum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt þola vegna efnahagshrunsins. Þessi skerðing hefur haft verulega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar og er nú svo komið, að ákveðnir söfnuðir virðast endanlega vera að komast í þrot fjárhagslega. Skv. yfirliti, sem ég hef tekið saman, um niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum söfnuði prófastsdæmisins fyrir sig er ljóst að heildarniðurskurðurinn í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá árinu 2009 til og með ársins

í ár er nú u.þ.b. 1,55 milljarði króna eða að meðaltali u.þ.b. 171 milljón kr. á hverju ári. Og heildarniðurskurðurinn til allra safnaða þjóðkirkjunnar er nú rúmlega 5,85 milljarðar. Það er því ákaflega brýnt, að viðræður við ríkisvaldið, um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, verði til lykta leiddar sem allra fyrst og það á jákvæðan hátt fyrir kirkju og kristni í þessu landi.

## Sameining sókna

Á kirkjuþingi 2016 var samþykkt tillaga um sameiningu Fella- og Hólabrekkusókna í nýja sókn, Fella- og Hólasókn, og átti hún sér stað 30. nóvember sl. Jafnframt varð til nýtt prestakall, Fella- og Hólaprestakall, sem þjónað verður af tveimur prestum og er sr. Guðmundur Karl Ágústsson, sóknarprestur hins nýja prestakalls. Einnig er þess að geta, að eftir að ljóst varð að ekki reyndist áhugi að til að kanna í alvöru hugmyndir um sameiningu Breiðholts- og Seljasókna þá hefur sóknarnefnd Breiðholtssóknar óskað eftir viðræðum við sóknarnefnd Fella- og Hólasóknar um hugsanlega sameiningu Breiðholtssóknar við hina nýju sókn. Var þessi beiðni samþykkt á aðalsafnaðarfundi Fella- og Hólasóknar og eru sameiningarviðræður hafnar.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa öllum þeim, sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir. Það er ómetanlegt og verður raunar aldrei fullþakkað, hversu mörg þau eru, sem eru fús að leggja hönd að verki og gefa bæði af tíma sínum og kröftum til þjónustunnar á Guðsríkisakrinum. Og síðast, en ekki síst, vil ég svo fá að þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum þrátt fyrir hið ytra mótlæti sem við höfum átt við að stríða. Það er náð hans og kærleiki sem öllu breytir. Hann vill styrkja okkur og leiða, því megum við treysta. Mætti það því verða gæfa okkar, að hleypa honum að í lífi okkar, að hann komist þar að með blessun sína og handleiðslu og fái gefið okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans.

# *Reykjavíkurprófastsdæmi vestra*

## Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur

*Á meðan brimið þvær hin skreipu sker*
*og slýjaflotar sigla yfir lönd,*
*þá spyrja dægrin: Hvers vegna ertu hér,*
*hafrekið sprek á annarlegri strönd?*

*Það krækilyng, sem eitt sinn óx við klett*
*og átti að vinum gamburmosa og stein,*
*er illa rætt og undarlega sett*
*hjá aldintré með þunga og frjóa grein.*

*Hinn rammi safi rennur frjáls í gegn*
*um rót, er stóð í sinni moldu kyr,*
*en öðrum finnst sig vanta vaxtarmegn,*
*þótt vorið fljúgi í lofti hraðan byr.*

*Drýpur af hússins upsum erlent regn,*
*ókunnir vindar kveina þar við dyr.*

Ég minnist þess þegar ég flutti til Uppsala til náms og starfa árið 1986 hve margt í umhverfi og veðráttu virkaði framandi. Þá kom oft upp í hugann kvæðið sem ég las: *Í vorþeynum* eftir Jón Helgason. Þar var hægt að ganga út á akra og tína jarðarber eins og maður gat í sig látið, frostið fór niður í 20 stig á veturna svo fraus í vitunum, maður fór ferða sinna hjólandi og allra þjóða fólk af ýmsum stærðum og gerðum fór um stræti og torg og blessuð sænska tungan söng í eyrunum og maður þurfti að bera sig eftir því að nánast tóna hið góða mál eins og um prestatón væri að ræða. Þegar ég hafði búið í því góða landi Svíþjóð í þrjá mánuði án þess að geta tekið nokkurn þátt í samræðum fólks svo heitið gæti, hvað þá staðið almennilega fyrir máli mínu heyrði ég á tal nokkurra samstarfsfélaga minna. Ég gat ekki betur heyrt og skilið en að þau væru að tala um mig - ég sat í sama herbergi og þau og þau töluðu um mig, ekki við mig. Og það var ekkert ljótt sem þau sögðu, bara það að þau þyrftu að leita álits hjá þessi „tystlaatna fraan Island." „Tystlaaten," – það var sem sagt ég – „þögul," – það hafði ekki nokkur maður kallað mig áður. Þögul!? Nei, ég er ekki þögul og hef aldrei verið, heldur skrafhreifin, jafnvel með munninn fyrir neðan nefið á góðum degi. Það var merkileg uppgötvun að komast að þessu þarna um árið. En þetta er staða útlendingsins í landinu. Sá sem er skrafhreifinn er allt í einu orðinn þögull, sá sem er vel máli farinn talar núna bjagað mál, sá sem er framtakssamur er jafnvel orðinn óvirkur. Að flytja frá Reykjavík til Uppsala er í sjálfu sér lítið mál, það er svolítið snúnara að flytja frá Uppsölum til Nagoya í Japan. Þá fyrst byrjar ballið og sú sem er sjálfstæð og svöl er allt í einu orðin risastór, hávær og fyrirferðarmikil. En þetta hefur viðkomandi valið sjálf, af fúsum og frjálsum vilja. En það er fólk á ferð sem neyðist til að flytja frá og flýja heimkynni sín, neyðist til að segja skilið við allt heima, hús og eignir, fjölskyldu og vini vegna ofsókna og stríðsátaka.

Útlendingurinn í landinu. Um hann segir Biblían: „Þú skalt ekki halla rétti aðkomumanns eða munaðarleysingja og þú skalt ekki taka fatnað ekkju að veði. Minnstu þess að þú varst þræll

í Egyptalandi og að Drottinn Guð þinn leysti þig þaðan“ (Fimmta Mósebók, 24. kafli). Leiðir útlendinganna hafa legið hingað til okkar, hingað í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Þeir hafa safnast saman til bænastunda í Laugarneskirkju undir stjórn prests innflytjenda, séra Toshiki Toma. Innflytjendurnir hafa einnig sótt mömmumorgna í kirkjunum okkar og boðið fram starfskrafta sína við tiltekt og hreingerningar.

Síðastliðið sumar var reynt að skjóta skjólshúsi yfir flóttamenn í Laugarneskirkju sem búið var að ákveða að vísa úr landi. Atburðurinn vakti töluverða athygli í fjölmiðlum og varð tilefni til margvíslegra umræðna um stöðu kirkjunnar, prestanna og lögreglunnar. En útlendingarnir sem allt snérist um fóru sína leið út úr kirkjunni, í handjárnum, í lögreglubíl, í flugvél, burt frá landinu okkar sem hafði fóstrað þá í lengri eða skemmri tíma og þar sem þeir óskuðu eftir að búa til framtíðar. Hvað varð um þessa menn? Hvar eru þeir núna? Hvernig líður þeim? Eru þeir ekki örugglega á lífi? Við vitum það ekki.

En það voru fleiri slíkir sem rötuðu inn á starfssvæði prests innflytjenda, starfsfólks Laugarneskirkju, biskups Íslands, vígslubiskupa, biskupsritara og fleiri starfsmanna þjóðkirkjunnar og áhugafólks og vina í frjálsum félagasamtökum á borð við *No Borders*. Sumir skjólstæðingar, hælisleitendur og flóttamenn, fengu að setjast hér að, fengu dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða fengu mál sín tekin upp að nýju. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu kirkjunnar fólki og að sjálfsögðu öllum hinum líka fyrir að hafa staðið með þeim sem minna eða einskis mega sín í ókunnu landi, fyrir að tala máli útlendingsins í landinu og skjóta skjólshúsi yfir hann. Í sumum tilfellum hefur okkur auðnast að bjarga mannslífum. Guð gefi að við höldum vöku okkar í málefnum innflytjenda og hælisleitenda og sofnum ekki á verðinum.

## Prófastur með héraðsprestsskyldur

Frá síðastliðnu hausti hef ég verið í leyfi frá störfum sóknarprests í Háteigskirkju. Það kom til vegna þess að ég óskaði eftir því við biskup Íslands að ég fengi rýmri tíma til að sinna prófastsstörfunum. Svipað fyrirkomulag prófastsþjónustunnar hefur verið við lýði í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra síðast liðin misseri. Biskup féllst á að taka þetta fyrirkomulag til reynslu í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, þ.e. að prófasturinn sinni prófastsskyldum sínum en gegni jafnframt héraðsprestsskyldum. Prófastar verða lögum samkvæmt að hafa prestsembætti með höndum. Héraðspresturinn okkar, dr. María Ágústsdóttir hefur gegnt stöðu prests í Háteigssókn á þessum tíma. Ekki hefur verið tekin stefnumarkandi ákvörðun um breytingu á prófastsþjónustunni og því mun ég taka aftur til starfa sóknarprests í Háteigskirkju hinn 1. september n.k. og dr. María við starfi héraðsprests frá sama tíma.

Það hefur verið kærkomið tækifæri að kynnast starfi safnaðanna í gegnum messuafleysingar fyrir prestana. Með því móti hef ég með nýjum hætti kynnst organistum og kórum, kirkjuvörðum og messuþjónum, fermingarbörnum, sóknarnefndarfólki og safnaðarfólki. Með þessum afleysingum hef ég séð kirkjuna okkar í nýju ljósi. Söfnuðirnir eru eitt, þeir sinna sömu kölluninni en þó eru engir tveir söfnuðir eins. Við erum margvísleg í einingunni og það er gott. Það er ólík „menning“ frá einum söfnuði til annars, það á sér sögulegar og félagslegar skýringar á stöðu hvers safnaðar en einnig guðfræðilegar og jafnvel einstaklingsbundnar skýringar sem byggjast á því hvaða manneskja það er sem er prestur í viðkomandi söfnuði. Prestarnir setja mark sitt á starfsemina, þeir setja kúrsinn á leiðina með guðfræðilegri sýn sinni, köllun

og hæfileikum. Þess vegna hef ég í vetur enn frekar styrkst í þeirri skoðun minni að alúð og umhyggja fyrir starfsaðstæðum og starfsvettvangi prestanna sé einn mikilvægasti þátturinn í starfi prófastsins.

Prédikunarklúbbur presta hittist einu sinni í viku á skrifstofu prófasts í Safnaðarheimili Háteigskirkju. Þar förum við yfir prédikunartexta næstkomandi sunnudags, spyrjum okkur hvað textarnir segja við okkur persónulega og að þvi búnu hvernig við gætum hugsað okkur að prédika út frá þeim. Stundum hugsa ég með mér að þessi klukkutími í morgunsárið á miðvikudögum þegar við prestarnir rýnum í textana sé best varðveitta leyndarmálið í starfsemi prófastsdæmisins. Prestarnir láta gamminn geysa og ekki skortir þá hugmyndaauðgina - en fólki sem dettur ekkert sniðugt í hug verður heldur ekkert ágengt og það er eins og við manninn mælt að þegar tveir eða þrír prestar eru saman komnir þá fæðast hugmyndir – í hópi. Einn presturinn sagði frá því að sunnudaginn á undan hefði fermingardrengur kvatt við kirkjudyr með þessum orðum: „Geðveikt flott ræða - gerðirðu hana sjálf?"

Ég hef heimsótt safnaðarfélög og eldriborgarahópa í söfnuðunum og tekið gítarinn með mér eða ljóðabækur eða japanskt postulín og sungið með fólkinu, flutt hugvekju og sagt frá japönsku samfélagi og trúarlífi þar austur frá. Það hefur verið afar ánægjulegt að koma þannig inn í safnaðarstarfið og skynja gleði og þakklæti fólksins í garð þeirrar þjónustu sem kirkjan veitir.

## Þjónusta presta og djákna.

Nokkrar breytingar urðu á starfsvettvangi presta og djákna á starfsárinu. Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir lét af störfum sóknarprests í Laugarnessókn og séra Davíð Þór Jónsson, héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi var kjörinn sóknarprestur í sömu sókn. Séra Eiríkur Jóhannsson hefur gegnt stöðu sóknarprests við Háteigskirkju á starfsárinu og séra María Ágústsdóttir stöðu prests við sömu kirkju. Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir, sóknarprestur í Langholtskirkju hefur verið í leyfi í vetur og séra Jóhanna Gísladóttir leysir af á meðan. Séra Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju er í leyfi og gegnir séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir stöðu hans á meðan og séra Birgir Ásgeirsson þjónar fyrir séra Irmu. Séra Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðasókn er í leyfi og leysir séra Kristín Pálsdóttir hann af. Séra Sigfinnur Þorleifsson lét af störfum sjúkrahúsprests við Landspítala háskólasjúkrahús og sem deildarstjóri Sálgæslu presta og djákna á spítalanum. Rósa Kristjánsdóttir, djákni hefur tekið við stöðu deildarstjóra sálgæsluþjónustunnar á spítalanum. Hrafnhildur Eyþórsdóttir, djákni í Laugarneskirkju og Hátúni 10 og 12 lét af störfum á árinu.

## Nýjar reglur um val og veitingu prestsembætta og um kjörnefndir.

Á árinu 2016 samþykkti Kirkjuþing nýjar reglur um val og veitingu prestsembætta. Á árinu 2017 hefur kirkjuþing gert þær breytingar á reglunum að nú verður matsnefnd alltaf virkjuð þegar prestsembætti eru auglýst. Ennfremur hafa tekið gildi nýjar reglur um kjör biskups Íslands og vígslubiskupa sem felast í því að prestar tilnefna biskupskandídata úr sínum hópi og prestar og kjörnefndir kjósa um þá sem tilnefndir hafa verið. Þannig hefur fjölgað til muna í hópi þeirra sem kjósa biskupa. Nú er afar áríðandi að allar kjörnefndir prestakalla séu skipaðar og

að formenn sóknarnefnda tilkynni nöfn þeirra er sitja í kjörnefndum til Biskupsstofu. Eins og kunnugt er stendur fyrir dyrum á þessu ári að kjósa vígslubiskup fyrir Skálholtsstifti.

## Starfsmannaviðtöl

Þegar ég tók við starfi prófasts einsetti ég mér að taka alla presta prófastsdæmisins í starfsmannaviðtöl einu sinni á ári. Þetta hefur gengið eftir hingað til og hafa prestarnir því komið tvisvar sinnum í reglubundið starfsmannaviðtal til mín. Auk þess hef ég átt fleiri viðtöl við þá sem hafa óskað eftir því vegna sérstakra aðstæðna. Prestarnir sem tilheyra prófastsdæminu eru 37 að tölu, það eru sóknarprestar og prestar, sérþjónustuprestar, prestar íslensku safnaðanna á Norðurlöndum og vígðir þjónar á Biskupsstofu (en þeir fá starfsmannaviðtöl sín annars staðar).

Starfsmannaviðtölin eru trúnaðar- og sálgæslusamtöl þar sem margt ber á góma er varðar líf og hagi prestsins, líðan í starfi, vonir og væntingar. Það eru tvö starfsmannaviðtöl á hverjum miðvikudegi, klukkustund í senn og það virðist vera kærkomið í hópnum að vita af því að þessi viðtöl eru reglulega á dagskránni og að hver einstaklingur fær sinn klukkutíma sem eingöngu er ætlaður honum.

Reynsla mín af þessum starfsmannaviðtölum hefur fært mér heim sanninn um það að prestar eru oft einir að glíma við mjög erfiðar aðstæður í störfum sínum og að þeir verða að hafa aðgang að trúnaðarmanni til að létta á hjarta sínu og bera undir erfið úrlausnarefni. Viðtölin hafa sömuleiðis fært mér heim sanninn um það að starfsmannaauður kirkjunnar í prófastsdæminu er mikill, þar sem persónulegir hæfileikar, trúfesti, köllun og starfsreynsla í áratugi og há menntunarstaða auðgar starfsemi safnaðanna. Við höfum innan okkar vébanda fimm doktora í guðfræði og einn á leiðinni, auk a.m.k. sjö annarra presta sem hafa stundað framhaldsnám í guðfræði til lengri eða skemmri tíma víðs vegar um heiminn.

Prestar koma víða við sögu í samfélaginu, við ýmsar aðstæður og á tímamótum í lífi fólks. Í hverri viku er við búið að sérhver prestur í prófastsdæminu hitti í starfi sínu hundruð manna t.d. við fermingarfræðslu, sálgæslu, öldrunarstarf, barnastarf, helgihald, skírnir, hjónavígslur og útfarir auk funda og annarra mannamóta. Það skiptir miklu máli að boðun prestsins í orði, verki og framkomu sé kirkjunni til sóma. Og allir prestar vilja að svo sé og leggja sig einlæglega fram í starfi. Því er afar áríðandi að vellíðan prestsins í starfi sé tryggð – að því viljum við stuðla í þessu prófastsdæmi.

## Fundir og samverur

Í haust sem leið boðaði ég formenn sóknarnefnda og héraðsnefndina, ásamt mökum til sólarhringslangrar samveru í Skálholti. Markmiðið með slíkri samveru er að gefa formönnunum tækifæri til að kynnast betur og ræða sameiginleg mál sem þeir takast á við í mjög annasömum og ábyrgðarmiklum störfum sínum fyrir kirkjuna. Við nutum góðra veitinga og samfélags hvert með öðru auk þess að ræða það sem helst hvílir á formönnunum nú um stundir. Það eru helst fjármál safnaðanna sem íþyngja þeim sem ábyrgðina bera á þeim málum, hvernig við getum sem best varið því fé sem til skiptanna er til að halda uppi safnaðarstarfi sóknanna og viðhalda ástandi fasteignanna á sem farsælastan hátt. Þetta var ennfremur aðalefni fundar sem ég átti með formönnunum í desember. Ég vil þakka formönnum sóknarnefndanna fyrir fórnfúst starf

sem er bæði krefjandi og tímafrekt, starf í þágu kirkjunnar. Það mæðir mikið á þeim er þeir fara fyrir hópi fólks í sjálfboðnu starfi á tímum þegar við vildum svo gjarna sjá hærri sóknargjöld renna í kassa sóknanna.

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar verður haldin í haust að þessu sinni. Þar mun Einar Karl Haraldsson flytja erindið „Sóknargjöldin og staða sóknanna" og fleiri erindi verða flutt á stefnunni sem fer fram í Hjallakirkju en dagskrá hennar hefur verið birt á heimasíðu kirkjunnar. Í haust var haldin messuþjónahátíð í Háteigskirkju fyrir bæði prófastsdæmin í Reykjavík.

Prestar og djáknar hittust tvisvar á hvoru misseri á morgunsamveru í Grensáskirkju þar sem við höfum notið gestrisni og góðrar aðstöðu og samstarfs við þær Þuríði Guðnadóttur, kirkjuvörð og Steinunni Sveinsdóttur. Síðsumars bauð ég prestum og fjölskyldum þeirra í grill og góða leiki í garðinum í Háteigskirkju. Við héldum haustfund presta í Seltjarnarneskirkju, janúarfund í Rúgbrauðsgerðinni og vorfund í Háteigskirkju. Á þessum fundum hlýðum við á guðfræðileg, kirkjuleg og samfélagsleg erindi sem gagnast í starfinu. Ég hef leitað til prestanna sjálfra, starfsfólks Biskupsstofu og sérfræðinga "utan úr bæ" til að flytja erindi - sem sagt leitað í smiðju kirkjunnar fólks sem hefur góðfúslega tekið að sér að undirbúa og flytja uppbyggileg erindi án nokkurs endurgjalds. Fyrir það er ég afar þakklát. Mannauðurinn, reynslan, viskan er í kirkjunni – hjá lærðum og leikum. Á hvoru misseri um sig stóðum við fyrir skemmtikvöldum þar sem prestum, djáknum og formönnum sóknarnefnda (í fyrra tilvikinu) ásamt mökum var boðið út á menningarviðburð. Í haust sáum við *Hnotubrjótinn* í Hörpu og einn presturinn bauð hópnum heim til sín á undan. Í vor fórum við á *Húsið* í Þjóðleikhúsinu og biskup Íslands bauð hópnum í móttöku í biskupsgarð á undan.

Ég hef átt reglulega samstarfsfundi með hinum próföstunum á höfuðborgarsvæðinu, þeim séra Gísla Jónassyni og séra Þórhildi Ólafs. Við séra Gísli áttum fund með borgarstjóra Degi B. Eggertssyni, þar sem við ræddum m.a. um fjármál sóknanna og reglur um heimsókn leik- og grunnskólabarna í kirkjurnar í prófastsdæmunum.

## Héraðsnefnd

Héraðsnefnd var skipuð eftirtöldum aðilum 2016-2017: Sr. Pálmi Matthíasson, Bústaðasókn; Kristján Guðmundsson, Ássókn; sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Hallgrímssókn og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Laugarnessókn. Aðal- og varamenn voru boðaðir á alla fundi auk Birnu Birgisdóttur sem undirbjó fundina og ritaði fundargerðir. Héraðsnefndin hittist í hádeginu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, afgreiddi umsóknir til héraðssjóðs og undirbjó viðburði á vegum prófastsdæmisins. Eitt mál hefur ratað oftar á dagskrá héraðsnefndarfunda en nokkuð annað og það varðar Kapelláninn. Kapelláninn er hugbúnaður eða gagnagrunnur sem hefur verið í notkun frá 1992 til skráningar á prestsverkum, helgihaldi og fleiri þáttum í starfi sóknanna. Þjóðskrá og sóknartal mynda kjarnann í Kapelláninum. Á héraðsfundi 2016 var héraðsnefnd falið að leita samninga við eiganda Kapellánsins, Ábótann ehf um notkun á hugbúnaðinum í sóknum prófastsdæmisins. Í umræðum á héraðsfundinum kom fram víðtæk samstaða um það að sjóður héraðssjóðs yrði nýttur til hagsbóta fyrir prófastsdæmið í heild með því að standa straum af kostnaði við sameiginleg verkefni á borð við Kapelláninn. Héraðsnefnd hefur unnið að því að semja við Ábótann ehf um leigu hugbúnaðarins og liggja nú fyrir drög að samningi til næstu þriggja ára. Gert er ráð fyrir að innleiðing hefjist í september 2017. Kostnaður

er áætlaður 177.500.- kr. á mánuði fyrir allt að 30 notendaleyfi eða um 2,1 milljónir króna á ári fyrir prófastsdæmið í heild.

Gjaldkeri héraðsnefndar er Kristján Guðmundsson, sóknarnefndarformaður í Áskirkju og hefur hann leyst af hólmi Jóhannes Pálmason, sóknarnefndarformann í Hallgrímskirkju sem um árabil var gjaldkeri nefndarinnar. Um leið og Kristján er boðinn velkominn í héraðsnefnd eru Jóhannesi færðar hugheilar þakkir fyrir framúrskarandi störf í þágu prófastsdæmisins.

### Staða barna- og æskulýðsstarfs

Á fundi með sóknarnefndaformönnum í lok nóvember kom fram töluverður uggur varðandi stöðu barna- og æskulýðsstarfsins í kirkjunni í prófastsdæminu. Sums staðar er starfið öflugt en víða er lítil þátttaka og á einhverjum stöðum er lítið sem ekkert barnastarf. Þetta er mikið áhyggjuefni og nauðsynlegt að við snúum vörn í sókn í þessum efnum. Ég sat fund með fræðslufulltrúum úr prófastsdæmum landsins og áhyggjur vegna stöðu barna- og æskulýðsstarfsins eru víða í kirkjunni en þó sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hvað er til ráða? Ég hef beðið vígslubiskupinn í Skálholti, séra Kristján Val Ingólfsson og framkvæmdastjóra Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum (ÆSKR), Kristján Kjartansson að fjalla um skírnina og skírnarfræðsluna annars vegar og um barna- og æskulýðsstarfið í prófastsdæminu hins vegar sem aðalmál þessa héraðsfundar.

### Þakkir

Ég vil þakka biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur fyrir leiðsögn, traust og gott samstarf. Ennfremur biskupsritara, séra Þorvaldi Víðissyni, skrifstofustjóra biskupsembættisins, Sveinbjörgu Pálsdóttur, lögfræðingi Guðmundi Þór Guðmundssyni og öðru starfsfólki Biskupsstofu sem er boðið og búið að hjálpa til og leiðbeina. Ég þakka héraðsnefndinni fyrir gott og heilladrjúgt samstarf, starfsfólki og sóknarnefnd Háteigskirkju sem hýsir starfsemi prófastsdæmisins og síðast en ekki síst ritaranum, Birnu Birgisdóttur fyrir fádæma samviskusemi, jákvæðni og heilindi í sínum störfum. Sóknarnefndarfólki, starfsfólki kirknanna, prestum og djáknum þakka ég dugnað og úthald, samstarf og vináttu.

## *Vesturlandsprófastsdæmi*

**Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur**

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis 2016 var haldinn í Ólafsvík sunnudaginn 30. apríl. Fundurinn hófst með messu í Ólafsvíkurkirkju, þar predikaði séra Elínborg Sturludóttir, sóknarprestur í Stafholt. Sóknarprestur, séra Óskar Ingi Ingason þjónaði fyrir altari ásamt vígslubiskupi séra Kristjáni Vali Ingólfssyni, sem var gestur fundarins.

Í héraðsnefnd sitja auk prófasts sr. Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi. Kirkjuþingsmenn eru þeir séra Geir Waage og Guðlaugur Óskarsson.



Frá vísistasíu í Húsafellskapellu.
Páll Guðmundsson leikur sálmalag á munnhörpu sína. Vígslubiskup og sóknarprestur hlýða á.

Á fundinn komu þau Steindór Haraldsson formaður löggjafarnefndar kirkjuþings og Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrum skrifstofustjóri biskupsstofu og höfðu ágæta og ítarlega kynningu á frumvarpi til þjóðkirkjulaga. Unnið hefur verið að endurskoðun þjóðkirkjulaganna allt frá 2007; þar hafa margir komið að og margvíslegar tillögur litið dagsins ljós.

Steindór fór yfir helstu áherslur og leiðarljós löggjafarnefndar og síðan yfir helstu breytingar.

Sagði hann að megininntak breytinganna stefna að því að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar og að hugsun þessara nýju laga væri önnur en sú, sem einkenndi núverandi lög.

Kaflar þjóðkirkjulaga eru 10, leikmannastefna er tekin úr lögum og vald kirkjuþings aukið. Þar með talin ábyrgð forseta kirkjuþings. Kirkjuráð starfi í umboði kirkjuþings, sem setji því starfsreglur um skipan og störf. Kirkjuþing geri starfsreglur sóknarpresta og setji gjaldskrá fyrir aukaverk presta. Steindór sagðist bera fyrir brjósti að hinn almenni sóknarmeðlimur hefði rödd í stjórnkerfi kirkjunnar og að sér fyndist enn vanta nokkuð á það. Þá lauk hann máli sínu með því að ítreka þá skoðun nefndarinnar „að þeim ákvæðum, sem skipta mestu máli fyrir starfsemi þjóðkirkjunnar og verði skipað starfsreglur kirkjuþings í stað þess að vera lögbundin, verði ekki breytt af kirkjuþingi nema aukinn meirihluti þingsins samþykki þær breytingar“.

Það frumvarp sem kynnt var nú var rætt og komu fram athugasemdir um eitt og annað sem fundarmönnum þótti betur mega fara. Þannig var til dæmis gagnrýnt að inni væri umdeilt ákvæði þess efnis að þjóðkirkjufólk gæti valið sér sókn óháð búsetu, og á það bent að það gæti gert stórar sóknir og þurftafrekar fjárvana, ef löngu brottflutt fólk kysi sína gömlu heimasókn.

Þá var rætt um aðkomu kirkjuþings að starfskjörum presta og skipunartíma biskups.

Einnig var fjallað um breytt fyrirkomulag á vali presta, þar sem kjörnefndir leysa valnefndir af hólmi, og einnig stóru breytingu, að nú fara kjörnefndir með hlut leikmanna í biskupskjöri í stað formanna sóknarnefnda, þannig að hlutur hinnar vígðu stéttar verður léttvægur þegar til kjörs kemur.

Í ávarpi sínu þakkaði vígslubiskup samveruna alla og sagði jafnframt að Vesturlandsprófastsdæmi væri eina prófastsdæmið sem hann sem vígslubiskup heimsækti tvisvar. Alla jafna liði of langt á milli heimsókna biskupa kirkjunnar til safnaðanna og taldi hann það miður. Nú sé biskupafundur hins vegar framundan þar sem vísitasíur og tilgangur þeirra verði ræddar.

Sr. Kristján Valur minnti á að í raun væru heimilin minnsta eining kirkjunnar, órofa heild hins stóra og þyrfti að sinna vel. Stórar spurningar séu nú uppi í þjóðfélaginu og um heim allan, hvað kirkjan sé og hvernig hún starfi. Svarið sé að finna í bæn Drottins, Faðir vor: Líkami Krists og ekkert annað.

Kristján Valur sagðist bera tvennt sérstaklega fyrir brjósti, útgáfu nýrrar sálmabókar og endurnýjun handbókarinnar. Hann taldi sig enn um sinn geta sinnt þessum verkefnum. Tvennt komi til, að biskup verði ekki kjörinn fyrr en í desember og að hann muni einnig geta fylgt þessum málum eftir að formlegu vígslubiskupsstarfi lýkur.

Vígslubiskup bað fundinum og starfi prófastsdæmisins Guðs blessunar.

Akraneskirkja varð 125 ára á s.l. ári og haldið var uppá 50 ára afmæli Grundarfjarðarkirkju. Saurbæjarkirkja verður 60 ára í ágúst, og Innra-Hólmskirkja verður 125 ára. Þá verður haldið upp á 50 ára vígsluafmæli Ólafsvíkurkirkju í nóvember.

Hafin er viðgerð við kirkjurnar í Stykkishólmi og á Borg. Viðgerð á ytra byrði Borgarneskirkju er lokið. Framkvæmdir eru og hafa verið í Stafholtskirkjugarði, garðinum á Akranesi, í Borgarnesi og Stykkishólmi.

Leikmannastefna varð 30 ára á liðnu ári og var haldið uppá það í Reykholti síðastliðið vor. Héraðssjóður kom að því að styrkja afmælið.

Víst er að tónlistarlíf stendur með blóma víða í prófastsdæminu. Gott dæmi um það er dagskrá sem haldin var á kirkjudegi Borgarneskirkju, á uppstigningardag. Þar var minnst 50 ára afmælis Tónlistarfélags Borgarfjarðar. Tónlistarviðburðir voru allan daginn, flestir í Borgarneskirkju og þar sungin í samvinnu Reykholtskórsins og Kirkjukórs Borgarness þýsk messa í þýðingu Jóns heitins Björnssonar organista í Borgarnesi um árabil.

Samvinna af þessu tagi er kannski það sem koma skal – til að nýta betur fjármuni og mannauð kirkjunnar. Við erum enn mjög bundin við prestakallaskipanina, en samstarf yfir landamærin hefur stór aukist. Þannig er iðulega sameiginlegt helgihald Reykholts- og Hvanneyrar prestakalla í hinum veglega helgidómi í Reykholti.

Um hefðbundið kirkjustarf í prófastsdæminu er það að segja að þar er allt með svipuðum hætti og síðustu ár. Sóknirnar eru, líkt og víðast á landsbyggðinni ólíkar að stærð og burðum, en víða er þróttmikið æskulýðsstarf, auk hinnar hefðbundnu þjónustu. Prestar og starfsfólk í æskulýðsstarfi hafa verið dugleg að halda fermingarbarnasamverur innan samstarfssvæðanna. Samstarf höfum við prestar svo sem unnt er.

Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahagserfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri og ár. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að söfnuðir munu vart þola frekari skerðingar án þess að það

bitni á starfi þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum, sem hefur verið látið bíða eftir því sem kostur er. Á síðasta ári varð ljóst að skerðingar þessar eru farnar að bíta verulega, svo að til vandræða horfir varðandi nauðsynlegt viðhald. Þessi staða eykur álag á sóknarnefndarfólk, sem nú, líkt og fyrrum vinnur mikið sjálfboðaliðsstarf í kirkjum sínum. Þá eru víða orðið erfitt að kosta laun eða þóknun organista vegna fjárskorts.

Það er mér augljóst að það er mikil þreyta meðal kirkjufólks vegna þessara aðstæðna og langlundargeð á þrotum.

Á síðasta ári urðu veruleg umskipti hvað varðar aðkomu héraðssjóðsins að kirkjustarfinu. Ég hafði á héraðsfundum síðustu árin lýst áhyggjum yfir því að sjóðurinn, sem hefur það hlutverk að styrkja kirkjulegt starf í prófastsdæminu væri að skila hagnaði og hef hvatt til þess að sótt verði í sjóðinn. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, sem og áranna 2014 og 2015 gerði ráð fyrir að gengið yrði á sjóðinn. Það gekk eftir á síðasta ári og eins og reikningar sína. Engu að síður voru í sjóði um síðustu áramót tæpar 6.4 milljónir. Þannig að enn er borð fyrir báru.

Staða héraðssjóðs er góð, líkt og reikningar sýna og hann prýðilega í stakk búinn til að styðja við starfið í sóknunum. Á þessu ári hafa verið veittir styrkir til barna- og æskulýðsstarfs og kóra- og tónlistarstarfs. Það er minn vilji að styðja svo sem kostur er við starfið í söfnuðunum sem flestir eru fjárvana og bæta þannig við sóknartekjurnar.

Fjárhagsáætlun þessa árs og sú er lögð var samþykkt var á héraðsfundi vegna næsta árs gerir ráð fyrir að gengið verði verulega á það sem í sjóði er, enda á að nota þessa fjármuni til góða fyrir starfið söfnuðina, sem eru meira og minna févana.

Á einhverju árabili verður þannig hægt að veita beinan stuðning til safnaðarstarfs. Það er fullmikið að eiga sex milljónir í sjóði, ein til tvær væru nær lagi.

Vísitasía vígslubiskups og prófasts hófst í Grundarfirði þann 2. maí þar sem Setbergsprestakall var vísiterað og í þeim mánuð voru vísiteruð Ólafsvíkurprestakall, Garðaprestakall á Akranesi, Saurbæjarprestakall (Innra- Hólms og Leirársóknir), Reykholtsprestakall og Borgarprestakall.

Vígslubiskup predikaði við guðsþjónustur í Grundarfirði, í Ólafsvík, á Akranesi og í Borgarnesi. Þá voru einnig guðsþjónustur og heimsóknir á Dvalarheimilið Höfða á Akranesi – þar var einnig heimsókn á Sjúkrahús Akraness - og í Brákarhlíð í Borgarnesi. Helgistund og heimsókn var á Dvalarheimilinu í Ólafsvík.

Fundir voru með sóknarprestum og fulltrúum sóknarnefnda. Í hverri kirkju hófst vísitasía með helgistund. Fjallað var um kirkjustarf og helgihald, kirkjuhúsin skoðuð, sem og gripir, búnaður og áhöld, svo og kirkjugarðar og heimagrafreitir.

Vísitasía vígslubiskups var öll hin ánægjulegasta og nutum við vígslubiskup hennar mjög.

Aðkoma var alls staðar góð, utan þar sem skemmdir og skaðar hafa orðið, líkt og í Síðumúlakirkju sem er stórsköðuð eftir hitavatnsleka fyrir tveimur árum. Víða er endurbóta og viðhalds þörf, líkt og eðlilegt er og víða er undirbúningur hafinn að framkvæmdum – margt verður gert í sumar.

Grafreitir eru yfirleitt í prýðilegu ástandi og sómi að hversu sóknarnefndarfólk og starfsfólk, í fjölmennum sóknum sem fámennum sinnir störfum sínum af mikilli trúmennsku og alúð.

Líkt og vísað er í hér að framan varðandi ávarp vígslubiskups á héraðsfundi, þá eru reglubundnar vísitasíur þýðingarmiklar og gagnast mjög bæði þeim er vísitera og þeim sem sóttir eru heim.

Árið 2011 byrjaði samstarf um pílagrímagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts-

Reykholts og Hvanneyrar prestaköllum hófu þetta starf, að frumkvæði séra Elínborgar Sturludóttur. Ári síðar var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílagrímar.is, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Leiðin austur um úr Borgarfirði að Skálholti hefur nú verið stikuð og merkt.

Í Reykholti fer fram margháttuð starfsemi, á vegum kirkjumiðstöðvarinnar þar.

Mikið líf er í Snorrastofu og þar meðal annars boðað reglulega yfir veturinn til fyrirlestra um efni er tengjast sögu og menningu í Borgarfirði.

Þá halda borgfirskir prestar þar mót með fermingarbörnum sínum, en Snæfellingar og Dalamenn hafa fermingabarnamót sitt að Laugum í Sælingsdal.

Samráðsfundir presta í prófastsdæminu hafa verið all nokkrir, bæði innan starfssvæðanna, og sömuleiðis á prófastsdæmisvísu.

Enn er hin Evangelísk – Lúterska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Hópar sem kunna vel að láta í sér heyra og kunna að ná eyrum fólks hafa gagnrýnt það mjög. Ýmislegt hefur verið á borð borið og misgáfulegt. Meira að segja hefur mannréttindahugtakið verið gengisfellt með staðhæfingum um að þjóðkirkjufyrirkomulagið fari í bága við mannréttindi.

Í atkvæðagreiðslu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá haustið 2012, var spurt um vilja fólks gagnvart þjóðkirkjuákvæði. Niðurstaðan var einkar afgerandi og ánægjuleg. Þvert á spár margra reyndist taugin römm. Þannig reynum við prestar og kirkjufólk líka hug almennings hér um slóðir til kirkju sinnar.

Margt hefur verið kirkjunni, mótdrægt síðustu árin.

Guð gefi okkur gæfu til að vera samstæð og sterk út á við – ekki þurfum við að hafa sömu skoðun á öllu, en ef ekki ríkir sæmileg sátt innan kirkjunnar, til dæmis um endurskoðun kirkjulaganna – þá verður heldur ekki sátt um hana í samfélaginu.

Marteinn Lúter segir í einu rita sinna, að náð Guðs, fyrir trú á Jesú Krist, geri manninn glaðan, djarfan og fagnandi fyrir Guði, mönnum og hverri skepnu. Það er góð áminning og þarft próf fyrir hvern dag sem Guð gefur.

Guð gefi okkur gæfu til að vera samstæð og sterk út á við – ekki þurfum við að vera eins, en við skulum vera ófeimin við að játa trú okkar og kirkjuhollustu.

Allt þurfum við að gera til að kirkjan verði samstæð, sterkt afl sem hlustað er á. Göngum einhuga og bjartleit og bjartsýn til þjónustunnar.

# *Vestfjarðaprófastsdæmi*

**Sr. Magnús Erlingsson, prófastur**

## Húsasótt

Prófasturinn á Vestfjörðum er kominn á þá skoðun að við lifum á hinum síðustu og verstu tímum. Heimurinn er á hverfanda hveli. Fólk snýr baki við kirkjunni. Kirkjubekkir eru auðir í messum. Og dansinn kringum gullkálfinn dunar sem aldrei fyrr. Ýmis slæm tákn eru á lofti og eru textar apókalýpsunnar farnir að fanga huga prófastsins.

Jafnvel hér í vestrinu er komin útideyfa í mannskapinn. Enn fækkar fólki. Prófasturinn er spurður hvort hann sé nokkuð á leiðinni suður. Og þegar hann segir nei þá léttir fólki og það segir: Gott að heyra! Það er svo sem skiljanlegt að fólk spyrji því það fer allt suður. Meira að segja snjórinn kom ekki til okkar í vetur, einnig hann fór suður.

Því miður þá fáum við hingað vestur þá hluti sem síst skyldi. En pestir og plágur koma hingað vestur. Þær koma að sunnan. Og nú er komin ný sending frá Babýlon en það er húsasóttin. Fyrst sló hún sér niður hjá mennta- og heilbrigðisstofnunum í Reykjavík. Síðan komst hún í kjallarann hjá sóknarprestinum í Saurbæ, þar sem Hallgrímur þjónaði forðum daga og orti Passíusálmana. Næst kom pestin til Staðastaðar á sunnanverðu Snæfellsnesi og olli uppnámi. Og svo varð vart við hana á Reykhólum og loks kom hún alla leið til Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Lengra verður ekki komist.

Um húsasótt er fjallað í Þriðju Mósebók, í 14. kafla Levíticusar segir svo: *Drottinn talaði við Móse og Aron og sagði: „Þegar þið komið inn í Kanaansland sem ég afhendi ykkur til eignar og ég læt holdsveikiskellu koma á eitthvert hús í eignarlandi ykkar, skal eigandi hússins koma til prests, tilkynna honum það og segja: Mér sýnist eitthvað, sem líkist holdsveikiskellu, vera á húsinu. Þá skal presturinn gefa fyrirmæli um að rýma húsið áður en hann kemur til að skoða skelluna svo að ekki verði allt óhreint sem í húsinu er. Að því loknu skal presturinn ganga inn til að líta á húsið. Hann skal skoða skelluna og staðfesti hann að djúpar skellur séu á veggjum hússins, gulgrænar eða rauðleitar, sem virðast liggja dýpra en múrveggurinn umhverfis, skal presturinn ganga út að dyrum hússins og loka því í sjö daga. Á sjöunda degi skal presturinn koma aftur og skoða það. Staðfesti hann að skellan hafi breiðst út um múrveggi hússins skal hann gefa fyrirmæli um að steinarnir með skellunum skuli fjarlægðir og þeim hent á óhreinan stað utan við borgina. Því næst skal hann láta skafa allt húsið að innan. Kalkið, sem skafið er af veggjunum, skal flytja út fyrir borgina og fleygja því á óhreinan stað. Þá skal sækja aðra steina og koma þeim fyrir í stað hinna fyrri. Á sama hátt skal taka nýtt kalk og kalka húsið að nýju. Myndist holdsveikiskella aftur og breiðist út um húsið eftir að steinarnir hafa verið rifnir burt og húsið hefur verið skafið og kalkað að nýju, skal presturinn koma aftur til að skoða það. Staðfesti hann að skellan hafi breiðst út um húsið er þetta illkynjuð holdsveiki á húsinu. Það er óhreint. Þá skal rífa húsið og flytja alla steina, við og kalk úr því út fyrir borgina á óhreinan stað.*

Holdsveikisskellur á húsum er eitt af táknunum um hina síðustu og verstu tíma. Við lifum á tímum þar sem líferni Sódómu og Gómorru er allsráðandi. Prestar leita á börn og misnota þau, ungmenni skoða klám, virðingarleysi og dónaháttur veður uppi á alnetinu og rætt er um í fullri alvöru að lögleiða eiturlyf. Hatur á útlendingum eykst. Og ferðamenn æða um náttúruperlur

landsins líkt og engisprettufaraldur. Stríð geisa í heiminum og það hefur aldrei verið fleira fólk á flótta. Hungursneyð er í Austur-Afríku meðan mat er hent á Vesturlöndum. Og einvaldurinn í Norður-Kóreu er staðráðinn í því að koma sér upp kjarnorkueldflaugum til að skjóta á Ameríku. Já, mannskepnunni er ekki viðbjargandi. Það hlýtur að fara að styttast í dóminn og hinn efsta dag.

## Héraðsfundur

Héraðsfundur var haldinn á Hólmavík þann 18. september. Eftir guðsþjónustu á Stað í Steingrímsfirði þar sem sr. Hildur Björk Hörpudóttir predikaði en sr. Sigríður Óladóttir þjónaði fyrir altari var haldið á Café Riis og þar snæddur hádegisverður og var fundurinn haldinn í minni salnum á þessum ágæta veitingastað.

Á héraðsfundinum voru samþykktar tvær ályktanir:

1. Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis haldinn á Hólmavík 18. september 2016 ítrekar fyrri samþykkt sína um sameiningu Gufudalssóknar og Reykhólasóknar í eina sókn. Fundurinn hvetur biskupafund til að leggja fram slíka sameiningartillögu á næsta kirkjuþingi.
2. Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis haldinn á Hólmavík 18. september 2016 skorar á kirkjuyfirvöld að í Patreksfjarðarprestakalli verði tveir prestar í fullu starfi. *Rökstuðningur*: Eðli prestsstarfanna er þannig að það getur verið erfitt að samþætta það öðru starfi. Nær lagi væri að fela öðrum prestinum einhver verkefni innan kirkjunnar, sem viðkomandi gæti sinnt.

Um afdrif þessara tillagna er það að segja að fyrri tillagan hlaut brautargengi hjá kirkju-yfirvöldum og var Gufudalssókn sameinuð Reykhólasókn um áramót. Síðari ályktunin hefur enn ekki náð fram að ganga.

Á héraðsfundinum kynnti sr. Fjölnir Ásbjörnsson þýska guðfræðinginn Dietrich Bonhoeffer og var meðal annars sýnd stutt heimildarmynd um hinn þýðverska guðfræðing. Héraðssjóður færði öllum viðstöddum að gjöf bókina *Fangelsisbréfin* eftir Bonhoeffer í íslenskri þýðingu dr. Gunnars Kristjánssonar.

Sólrún Jónsdóttir sagði frá leikmannastefnu, sem fagnar 30 ára afmæli um þessar mundir. Á leikmannastefnunni var sagt frá Lúterska heimssambandinu og undirbúningi fyrir siðbótarafmælið, sem haldið verður uppá með ýmsum hætti með útgáfu og uppákomum. Leikmannastefnan ályktaði og beindi því til Alþingis að endurskoða heildarlöggjöf um helgidagafrið en tryggja um leið að upphafleg markmið hennar haldi gildi sínu.

Marinó Bjarnason sagði fréttir af kirkjuþingi. Hann taldi að ósætti einkenndi kirkjuþing um þessar mundir, einnig doði. Kirkjujarðasamkomulagið hefði verið til umfjöllunar á kirkjuþingi en ekki hefði dregið til tíðinda.

Í lok fundarins kvaddi Bjarni Hákonarson í Haga sér hljóðs og ræddi um messuformið. Hann minnti prestana á mikilvægi þess að hafa messufomið á léttum nótum og sömuleiðis sálmana. Bjarni ræddi um altarisgöngur og það hversu oft þær ættu að fara fram. Bjarni óskaði síðan öllum Guðs blessunar og góðrar heimferðar.



Hreyfisöngvar sungnir á sameiginlegri kirkjuskólahátíð

## Námsleyfi

Sr. Leifur Ragnar Jónsson sóknarprestur í Patreksfjarðarprestakalli fór í níu mánaða námsleyfi frá og með 1. október 2016. Biskup ákvað að setja sr. Elínu Salóme Guðmundsdóttur til að gegna sóknarprestsskyldum í fjarveru sr. Leifs en sr. Elín Salóme hefur undanfarin ár verið í hálfu starfi sem prestur í Patreksfjarðarprestakalli auk þess að sinna kennslu. Með þessari ráðstöfun vantaði manneskju til að sinna þeim verkum, sem sr. Elín hafði áður sinnt, og greip biskup til þess ráðs að fá sr. Úrsúlu Árnadóttur til að kom tímabundið og þjóna sem prestur. Tókst þessi ráðstöfun nokkuð vel.

## Starfið í prestaköllunum

Í Vestfjarðaprófastsdæmi er messað reglulega á flestum stöðum. Í smærri þorpunum er messað einu sinni í mánuði en í hinum stærri sjávarplássum er messað hálfsmánaðarlega. Þá er barnastarf í öllum prestaköllum. Er það yfir veturinn en svo er gjarnan haldin hátíð að vori. Þannig hittust börn úr Hólmavíkur-, Reykhóla- og Búðardalsprestakalli og voru með hátíð og leiksýningu. Á norðanverðum Vestfjörðum var kirkjuskólahátíð í Súðavíkurkirkju. Sveitarstjórinn, Pétur Markan, sem einnig er guðfræðingur, fótboltakappi og fyrirsæta svo fátt eitt sé nefnt, lék undir allan söng á gítar. Prófasturinn stýrði brúðuleikhúsi en hann þykir lunkinn í að semja brúðuleikrit. Hátíðinni lauk svo með pylsupartýi á Jóni Indíafara, ágætum veitingastað, sem er rétt hjá Súðavíkurkirkju.

Í Ísafjarðarsókn er einnig starf fyrir tíu til tólf ára gömul börn og æskulýðsfélag, sem endurvakið var árið 1997 og hefur starfað síðan þá. Eins er í Ísafjarðarsókn starfandi ömmuklúbbur, prjónaklúbbur, kvenfélag, kór, leshópur og svo eru auðvitað haldnar samverur



Kirkjugestir á kirkjuskólahátíðinni

fyrir foreldra ungra barna. Fermingarbörnum hefur fækkað á Ísafirði. Síðastliðinn vetur voru einungis 20 fermingarbörn í fræðslu en undanfarna tvo áratugi hafa þau lengstum verið um fimmtíu talsins. Er þetta í takt við fækkun fólks á svæðinu og breytta aldurssamsetingu. Athyglisvert er að af þessum 20 börnum þá eru 16 skráð í þjóðkirkjuna. Eitt er skráð í Fríkirkjuna í Hafnarfirði og þrjú tilheyra Kaþólsku kirkjunni. Ekkert þjóðkirkjubarn í árganginum valdi það að fermast ekki.

Farið er að bera á nýmæli í þjónustu prestanna. En það er innsiglun hjúskaparheita. Þá standa hjón frammi fyrir presti, játast hvort öðru á ný og þiggja blessun. Er nokkuð um að útlendingar komi hingað vestur og óski eftir slíkri þjónustu. Sem betur fer þá eru ferðamennirnir yfirleitt mæltir á eitthvert Norðurlandamál, ensku ellegar þýsku. Þá færist það líka í vöxt að fólk sé að leita að leiðum eða leita upplýsinga um löngu horfna ættingja. Fer drjúgur tími í að sinna svona óskum.

Gamall enskur biskup á eftirlaunum hafði samband við prófast og vildi hann endilega hafa sameiginlega guðsþjónustu í Ísafjarðarkirkju fyrir heimamenn og gesti á stóru skemmtiferða-skipi, sem biskupinn var með á leið til Íslands. Var það auðsótt mál. Prófastur fékk organistann og kórinn til að undirbúa messu og æfa upp nokkra sálma á ensku. Hélt nú prófasturinn að kirkjan yrði full en yfir þjú þúsund manns voru á skipinu. Nei, það komu ekki nema 30 manns af skipinu. Þegar prófasturinn spurði biskupinn af hverju hefðu ekki komið fleiri þá varð biskupinn að viðurkenna að skipstjórinn á skemmtiferðaskipinu hefði bannað honum að auglýsa þessa messu. Skipstjórinn vildi ekki hafa neinn áróður á sinni skútu. Já, það er sama sagan alls staðar, menn með guðsorð eru hvergi velkomnir og Gídeonmönnum er bannað að koma nærri nokkurri skólalóð í henni Reykjavík. Er nema von að prófastur með grásprengt hár dæsi og hugsi með sér: Ó, þessi guðlausa tíð, sem ég er uppi á!

# Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

**Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur**

## Héraðsnefnd

Héraðsnefnd er auk prófasts skipuð þeim sr. Magnúsi Magnússyni á Staðarbakka, sem er gjaldkeri og Jóhönnu Magnúsdóttur í Ártúnum. Þau voru endurkjörin til tveggja ára á héraðsfundi 3. apríl 2016.

Fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu eru Guðrún Lára Magnúsdóttir á Melstað, Friðrik Þór Jónsson í Skriðu og Kristín Bjarnadóttir á Hofsósi.

Í fulltrúaráði Hjálparstarfs kirkjunnar er sr. Bryndís Valbjarnardóttir á Skagaströnd.

Skoðunarmenn reikninga héraðssjóðs eru Lárus Ægir Guðmundsson og sr. Bryndís Valbjarnardóttir.

Héraðsnefnd hittist tvisvar sinnum til fundar á tímabilinu en hefur ráðið málum og ákvarðað styrki, sem til hennar hefur verið beint, með símtölum og tölvupóstum. Ákvarðanir eru færðar til bókar á fundum.

## Prestafundir

Undanfarin ár hafa fundir presta að vetri verið reglulegir og hefur verið hist mánaðarlega. Á því starfsári sem hér er tíundað var breytt til og önnur leið farin. Hist var sjaldnar og samfundir ívið lengri en áður og tilefnið nýtt til að fá innsýn í starf og aðstæður.

Á haustdögum 2016 var gerð ferð í Húnaþing vestra og litið inn á starfssvið þeirra sr. Guðna og sr. Magnúsar. Þeir hafa samstarf bæði um barna- og unglingastarf svo og starf á meðal aldraðra. Vikulega sjá þeir um helgistundir á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga og kallast þær kapellustundir. Í upphafi samfundar sátu prestar slíka kapellustund ásamt heimilisfólki. Þar var og viðstaddur Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri og við þetta tilefni tók hann við gjöf frá Pálínu Fanneyju Skúladóttur, organista, en það var sálmasöngsbók, sem hún tileinkaði nýlátinni heimiliskonu þarna og vinkonu sinni. Síðan fengu prestar kynningu á heilbrigðisstofnuninni.

Eftir jólin var gerð ferð í Skagafjörð og hófst sú samvera á bænastund í Sauðárkrókskirkju. Bænastundir eru á dagskrá á lönguföstu í kirkjunni um hádegisbil, einu sinni í viku. Þar er sungið og ritningarlestrar lesnir og fólk getur lagt fram bænaefni og að lokum er sameiginleg máltíð í safnaðarheimili. Sr. Sigríður fræddi presta um annað starf og sóknarnefndarmennirnir Pétur Pétursson og Ingimar Jóhannsson gengu síðan með prestum um kirkjugarðinn á Nöfunum og sýndu þeim aðstöðuhús, sem þar er að rísa.

Í marsmánuði héldu prestar prófastsdæmisins til Salisbury á Englandi. Þar í bæ er ekki aðeins hin fræga dómkirkja og þar varðveitt eitt eintak af Magna Carta, heldur einnig guðfræðiskólinn Sarum College, sem margir Íslendingar hafa sótt námskeið í og dvalið við fræðastörf. Margir munu þekkja Lindu Cooper, sem þar hefur starfað margt lengi og gerir enn af trúfesti. Var henni borin kveðja nafnkunnra Íslendinga sem hún kvaðst muna mæta vel eftir. Annað



Gönguferði á TTT móti

starfsfólk var og afar elskulegt. Námskeiðið sem setið var að þessu sinni nefndist *Að prédika frá pálmasunnudegi fram á páskadag*.

Umsjónarmaður og kennari var Paul Burden. Framsetning svo og umræður voru frjóar og þarna fengu þátttakendur innspýtingu og góðar hugmyndir.

Allir prestar prófastsdæmisins áttu heimangengt og var það vitaskuld afar dýmætt fyrir þá og væntanlega tilhlýðendur um bænadaga og páska, en ekki síður gaf það öllum mikið að geta verið saman svo lengi og tengst á annan hátt en unnt er í amstri daganna.

Starfið heima, vaktir og viðvera var í tryggum höndum emeritanna sr. Stínu Gísladóttur á Blönduósi og sr. Ólafs Þórs Hallgrímssonar á Mælifelli og skuldum við þeim miklar þakkir fyrir að fylla okkar skarð þessa daga.

Förin var styrkt úr fræðslusjóði prófastsdæmisins.

Að dvöl i Salisbury lokinni tók við tveggja daga stans i London. Þar áttum við stefnumót við William Adam í Church House, biskupsstofu anglikönsku kirkjunnar. Hann kynnti, að okkar beiðni, starf kirkjunnar í borg og sveit, fjármál, menntun presta, stöðu þeirra ásamt fleiru og svaraði spurningum greiðlega. Við undirbúning þessarar heimsóknar nutum við liðsinnis sr. Jóns Aðalsteins Baldvinssonar, sem þekkir vel til frá árum sínum í London.



Kór Glaumbæjarprestakalls, sr. Gísli Gunnarsson og Stefán Gíslason, organisti
að lokinni upptöku á útvarpsmessu í Bönduóskirkju í maí 2017

## Barna- og unglingastarf

Barnastarfið virðist standa traustum fótum. Það fer fram ýmist í kirkjunni eða í skóla, eftir stöðum. Gleðilegt er að hér nyrðra eru prestar víðast hvar, þó með undantekningum, velkomnir inn í skólana og í leikskóla. Það getur verið foreldrum til þægindaauka að börnin fái sinn kirkjuskóla eða fermingartíma inni í stundaskrá og er helgardagskráin á heimilinu þá ekki eins þéttriðin.

Fermingarbörn flest fara sem fyrr til síðsumardvalar og fræðslu í Vatnaskógi. Önnur sækja fermingarbarnamót á Löngumýri, í heimahéraði.

TTT starfið er vel sótt í öllum prestaköllum. TTT mótin, bæði að hausti og vori hafa verið svo vel sótt að fjöldinn er við að sprengja húsin utan af sér.

Héraðssjóður styrkir hvort tveggja starfið að verulegu leyti.

Sú nýbreytni varð nú á nýhöfnu sumri 2017 að haldið var leiðtoganámskeið fyrir aðstoðarfólk í barna- og unglingastarfi. Undirbúningur hefur tekið all nokkurn tíma og fresta varð námskeiðinu í vetur vegna veðurs, svo það er mikil gleði að loks skuli námskeiðið hafa komist á laggirnar. Þau Guðjón Andi Reynisson og Þorbjörg Mímisdóttir voru kennarar á námskeiðinu og náðu mjög vel til þátttakenda. Við prestar hlökkum til þess að njóta ávaxtanna og að fá unglingana til samstarfs þegar vetrarstarfið hefst. Námskeiðið var haldið á Löngumýri og var greitt úr héraðssjóði.

Sumarið 2017 verða sendar út á Rás 1 messur úr prestaköllum prófastsdæmisins. Það er verkefnisstjóri söngmála Margrét Bóasdóttir sem haft hefur veg og vanda af undirbúningi. Í upphafi árs kom hún norður til fundar til að undirbúa verkefnið. Til þess fundar komust velflestir prestar og organistar. Línur voru lagðar en eins og gengur þurfti, er nær dró upptökum, að breyta tímum og skipta. Þetta og ýmis annar undirbúningur er tímafrekur. Samstarf við Margréti var einkar gott og færi ég henni bestu þakkir fyrir að stýra verkefninu svo vel. Eftir jólin og þó helst að páskum afstöðnum hófu kórar að æfa sönginn, en messur voru allar teknar

upp sömu helgina í Blönduósskirkju. Sökum anna og almennrar þátttöku fólks í félagsmálum var vandkvæðum bundið að finna hentuga helgi fyrir upptökurnar; þó gátu öll prestaköll verið með en ekki allir organistar eða kórfélagar, sem þess hefðu óskað. Er það miður. Fjöldi kórfólks er þó yfir 170 manns.

Héraðssjóður styrkir verkefnið að hluta.

Héraðsfundur vegna ársins 2016 er óvenju seint á dagskrá, eða ekki fyrr en 3. júní. Er það í fyrsta sinn sem hann er haldinn á laugardegi en ekki upprisudaginn. Nánar verður greint frá héraðsfundinum að ári.

## *Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi*

**Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur**

Hér skal greint frá því markverðasta í prófastsdæminu á liðnu starfsári. Vígslubiskupinn á Hólum, sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vitjaði safnaða prófastsdæmisins á starfsárinu. Með í för var eiginmaður hennar, sr. Gylfi Jónsson. Hún fór um austurhlutann, Þingeyjarsýslur, í október og nóvember á síðasta ári og í Eyjafjörðinn í marsmánuði 2017. Heimsóknirnar tókust mjög vel og voru bæði gagnlegar og ánægjulegar.

Á liðnu hausti voru sr. Jón Ómar Gunnarsson og sr. Sigurður Ægisson í námsleyfi. sr. Guðmundur Guðmundsson og sr. Sigríður Munda Jónsdóttir önnuðust afleysingar. Sr. Jón Ómar var nú nýverið kjörinn prestur í Fella- og Hólakirkju. Við óskum honum innilega til hamingju með og biðjum honum og fjölskyldu hans blessunar Guðs á nýjum starfsvettvangi. Næsta víst er að hans verður sárt saknað héðan. Þá hefur Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir djákni í Glerárkirkju verið í fæðingarorlofi í vetur. Hana hefur leyst af Eydís Ösp Eyþórsdóttir djáknakandídat. Eru henni þökkuð góð störf og viðkynning, og ljóst er að þar er mjög efnilegur starfsmaður kirkjunnar.

Það er alkunna að enn er fjárhagur margra sókna afar þröngur, þótt staðan hafi eilítið batnað nú allra síðustu árin. Hins vegar hefur framkvæmdum og viðhaldi víða verið frestað, þannig að fjárþörfin er oft mikil hjá þeim söfnuðum sem hafa ekki úr digrum sjóðum að spila. Víðast hvar nær þó ágætt safnaðarstarf að blómstra, og tónlistarlíf og kórastarf mjög gott. Og á mörgum stöðum hefur verið góður gangur í starfi fyrir yngstu börnin. Almenn kirkjusókn er misjöfn eins og gengur, en ætíð er hvers kyns tilbreytingu tekið fagnandi. Allmargir söfnuðir hafa tekið upp ýmiss konar nýjungar í þeim efnum. Og þótt almenn kirkjusókn mætti oftast vera meiri er það alveg klárt að flestum þykir vænt um kirkjuna og hafa væntingar til hennar.

Í vetur fór fram kynning á frumvarpi Kirkjuþings til nýrra þjóðkirkjulaga, sem stendur til að kynna fyrir ráðherra kirkjumála. Eins og flestum er kunnugt hafa miklar umræður farið fram um málið og sýnist þar sitt hverjum. Þar er mikilvægt að rasa ekki um ráð fram.

Húsnæði Kirkjumiðstöðvarinnar á Vestmannsvatni er nú leigt út til hjónanna í Fagraneskoti sem reka þar ferðaþjónustu. Sú starfsemi gengur mjög vel, og áfram hafa söfnuðir á svæðinu aðgang að kirkjumiðstöðinni til þess að halda fermingarbúðir, og fleira það sem mönnum dettur í hug. Hins vegar hefur svefnplássum eðlilega fækkað talsvert við þessa breytingu og

því er ekki hægt að vera með stóra hópa í gistingu. Því má fagna að ásýnd staðarins hefur þegar tekið miklum stakkaskiptum. Það er mikið fagnaðarefni.

Í janúar síðastliðnum sögðum við upp samningi prófastsdæmisins um afnot af húsnæði í Sigurhæðum, þar sem héraðsprestur hefur haft skrifstofuaðstöðu. Nú hefur héraðsprestur flutt sig upp í Sunnuhlíð, húsnæði KFUM&K, sem er bæði ódýrara og hagkvæmara. Þar verður líka auðvelt að halda fundi og ýmsa viðburði, án þess að kosta miklu til.

Í október fór fram á Akureyri Landsmót Æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar þar sem mörg hundruð unglinga komu saman til heilbrigðrar og góðrar samveru. Mótið tókst afar vel í alla staði og til sóma þeim er þar voru í forstöðu. Ein þeirra var sr. Sunna Dóra Möller, prestur í Akureyrarkirkju, sem lagði þar mikla vinnu af mörkum. Ekki þarf að hafa mörg orð um það, hversu brýnt er að hlúa að æskulýðsstarfi kirkjunnar. Þar þurfa allir að leggjast á árarnar.

Akureyrarkirkja varð illa fyrir barðinu á skemmdarverkum í upphafi ársins þegar ókvæðisorðum var spreyjað á hana. Kirkjan er húðuð með skeljasandi, þannig að ekki var auðvelt að þrífa spreyið burt án þess að skemma húðunina. Sama henti aðra helgidóma á Akureyri, en skemmdir urðu þar minni og auðveldari við að eiga. Nú stendur til að koma upp myndavélum með upptökubúnaði við Akureyrarkirkju. Þá var það mikil Guðs mildi sem þakka má snarræði manna að ekki urðu miklar skemmdir í Laufáskirkju þann 12. desember síðastliðinn er eldur kom upp í henni. Sóknarpresturinn og fleiri gátu blessunarlega gripið inn í og hindrað útbreiðslu eldsins.

Sem fyrr hefur prófastsdæmið staðið fyrir metnaðarfullum fræðslukvöldum í samvinnu við Glerárkirkju. Nú á vormisseri var fjallað um stöðu kirkjunnar í nútímanum og héldu þau Rúnar Vilhjálmsson, dr. María Ágústsdóttir og dr. Hjalti Hugason áhugaverð erindi. Sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur hefur haft veg og vanda af undirbúningi fræðslukvölda sem fyrr í samvinnu við presta og starfslið Glerárkirkju. Þakka ég heim gott samstarf og gestrisni. Með fræðslukvöldunum vill prófastsdæmið leggja sitt af mörkum til að stuðla að virkri umræðu um trú og líf.

Á þessu ári 2017, verður þess minnst eins og flestum er kunnugt að 500 ár eru liðin frá siðbót Marteins Lúters. Hinn 31. október 1517 var Lúter nóg boðið, vegna sölu svonefndra aflátsbréfa páfa og þann dag festi hann mikið skjal á dyr hallarkirkjunnar í Wittenberg í Þýskalandi, með 95 greinum, eða tesum, eins og þær voru kallaðar, þar sem hann mótmælti aflátssölunni. Rök hans voru þau, að sáluhjálp og frelsun fengist aðeins fyrir trú á Guð og þá náð sem Guð veitir okkur. Krafa hans var að kirkjan leitaði aftur til upprunans, fagnaðarerindisins í Jesú Kristi.

Lúter var sjálfum rómversk-kaþólska kirkjan mjög kær og var hann sjálfur í þjónustu hennar. Ekki vakti fyrir honum að valda klofningi, heldur einungis stinga á þessum ljótu kýlum. Sjálfur var Lúter fyrst og fremst breyskur og ófullkominn maður, en starf hans og verk höfðu gríðarleg áhrif, hann náði að vekja kristnina í Evrópu af værum svefni, og trúin varð aftur lifandi þáttur. Hver maður lifir sínu lífi og er ábyrgur frammi fyrir Guði, og má þiggja náð og blessun Guðs. Hver og einn á rétt á að hafa aðgang að heilagri ritningu á sínu móðurmáli.

En ný kirkjudeild varð því til, eftir mótmæli Lúters og atburði í kjölfar þeirra. Þar var og er fagnaðarerindið í öndvegi. Með siðbótinni urðu mikilvæg skil í sögu Evrópu og hins vestræna heims. Sagt hefur verið að nútíminn hafi byrjað með siðbótinni, hinn frjálsi maður hafi á vissan hátt orðið til, frjáls til að hugsa og trúa án valdboðs kaþólsku kirkjunnar. Lúter uppgötvaði kjarna Nýja testamentisins um réttlætingu af trú en ekki verkum, sem eiga að geta unnið okkur

inn prik í huga Guðs. Minnumst þess að fagnaðarerindið er kraftur Guðs til hjálpræðis, hverjum þeim er trúir. ( Róm 1). Okkar verkefni er að miðla þessu fagnaðarerindi, vera farvegur fyrir þá blessun sem Guð vill gefa öllum mönnum.

Ég þakka kirkjufólki samstarfið og bið Guð að blessa kirkjustarfið í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

## *Austurlandsprófastsdæmi*

**Sr. Davíð Baldursson, prófastur**

Breytingar í prófastdæminu varðandi skipan presta hafa orðið sem hér segir:

Héraðsprestur sr. Davíð Þór Jónsson sótti um embætti Laugarnesprestakalls í Reykjavík og var valinn og tók við embætti um miðjan september 2016. Er honum þökkuð störfin í þágu prófastsdæmisins og honum og fjölskyldu hans óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sr. Erla Björk Jónsdóttir, sem leyst hafði sr. Davíð Þór af í fæðingarorlofi frá 1. febrúar 2016, sótti um héraðsprestsembættið og var til þess valin. Vígð síðan þann 15. janúar sl. og skipuð frá 1. febrúar. Er henni og fjölskyldunni árnað heilla og góðs að vænta af hennar störfum í þágu prófastsdæmisins. Hefur hún í þjónustu allri reynst afar vel.

Þá hefur kirkjuþing samþykkt að við næstu prestaskipti í Hofsprestakalli, að það prestakall ásamt Skeggjastaðaprestakalli verði auglýst sem eitt og sameinað.

Sr. Stefán Gunnlaugsson sóknarprestur í Hofsprestakalli hefur gegnt embætti héraðsprests Kjalarnesprófastsdæmis og sr. Brynhildur sóknarprestur á Skeggjastöðum leyst hann af í Hofsprestakalli með helgihald og athafnir.

Matthildur Ósk Óskarsdóttir formaður Æska hefur hins vegar séð um barna- og unglingastarf á Vopnafirði eins og áður í fjarveru sr. Stefáns.

Í Egilsstaðaprestakalli var sr. Þorgeir í fæðingarorlofi frá janúarmánuði og sr. Sigríður Rún settur sóknarprestur þann tíma og sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson fyrrum sóknarprestur hlaupið í skarðið og leyst af.

Er gott að eiga þannig sr. Vigfús að og vitað að honum fellur það vel, eins og öðrum embættismanni, sem hættur er störfum og kvaðst þrátt fyrir starfslokin grípa í þau af og til og síðast fyrir stuttu.

„Og hvernig finnst þér það," var spurt. „Æ, mér finnst það afskaplega notalegt, það er alltaf verið að þakka mér fyrir vel unnin störf."

Í Egilsstaðaprestakalli hafa verið haldin ein þrenn kirkjuafmæli á síðasta ári og hátíðir af þeim tilefnum.

Valþjófsstaðakirkja fagnaði hálfrar aldar afmæli, Eiðakirkja, 130 ára afmæli og Þingmúlakirkja sömuleiðis.

Fóru þessar hátíðir vel fram og var biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir viðstödd afmælishátíðina á Eiðum og prédikaði og annaðist þjónustu. Voru keypt til bæði Valþjófsstaðarkirkju og Eiðakirkju ný rafmagnskirkjuorgel, vígð og tekin í notkun.

Þá á Norðfjarðarkirkja 120 ára afmæli í ár og verður haldið upp á það síðar. Í tilefni af þeim



Fjölskylduguðsþjónusta í Seyðisfjarðarkirkju

tímamótum hefur kirkjunni borist gjöf, nýtt hljóðkerfi og uppsetning þess frá Olíusamlagi Útvegsmanna auk 500.000 kr. styrks frá minningarsjóði Jónu og Jóns Ingvarsbarna frá Mjóafirði.

Einnig fagnaði Djúpavogskirkja tvítugsafmæli og við þau tímamót nýtt kirkjuorgel vígt.

Er þessum sóknum og sóknarfólki árnað heilla á tímamótum.

Biskup Íslands hóf vísitasíu í Austurlandsprófastsdæmi í febrúar sl. Heimsótti hún allar sóknir í Egilsstaðaprestakalli utan Möðrudalssóknar. Á Seyðisfirði var um það leyti æskulýðsmót og lagði biskup leið sína þangað og hlaut þar, - sem annar staðar frábærar viðtökur.

Kvaðst hún hafa séð kirkjuhúsin vel varðveitt og einstaka alúð lagða í allt kirkjustarf. Ennfremur hafi hún mætt mikilli hlýju fólks og trúmennsku við kirkju og kristni.

Prófastur gat ekki verið með henni í för, vegna veikinda, en prestar í Egilsstaðaprestakalli skipulögðu vísitasíuna í samráði við prófast og biskup og fylgdu biskupi á ferð hennar.

Næst stóð til, að vísitera sóknir í Fjarðabyggð og suður eftir, en þá veiktist biskup. Var frekari áætlunum um vísitasíu frestað til hausts.

Þó gerði biskup sér ferð hingað austur 2. apríl sl. og var viðstödd uppskeruhátíð sunnudagaskólanna á Austurlandi í Eskifjarðarkirkju, þar samankomið mikið fjölmenni sem fagnaði biskupi. Ávarpaði biskup mótið og gaf börnum krossa í tilefni af siðbótarafmæli.

Þá átti biskup samtal við presta á héraði.

Haust, sem leið héldu þrír prestar héðan að austan í kynnisferð til Reading á Englandi og hittu þar kirkjuyfirvöld Anglikönsku kirkjunnar. Við kynningu á aðstæðum á þeim bæ varð

ljóst að kirkjan hefur átt í vök að verjast vegna dvínandi meðlimafjölda og hefur búið við slíkt ástand lengur en þjóðkirkjan. Til að sporna við þessari þróun hefur hún blásið til sóknar og má margt gott og uppbyggilegt af þeirra viðbrögðum og herkænsku læra.

Er ráðgert að fulltrúar þessarar sömu kirkju heimsæki Austurland og haldi fund í byrjun október, með kirkjufólki hér eystra að Eiðum og þremur öðrum stöðum á landinu. Gefst þá færi á að kynna sér sóknar- og mótvægisaðgerðir þeirra.

Héraðsnefnd prófastsdæmisins hefur fundað af og til frá síðasta héraðsfundi, aðallega í tengslum við val á héraðspresti. Ársreikningur hefur verið yfirfarinn af skoðunarmönnum og undirritaður af héraðsnefnd. Héraðssjóður skilar á síðasta ári lítilsháttar afgangi.

Helstu viðfangsefni héraðssjóðs eru eftirfarandi:

1. Framlag til Kirkjumiðstöðvar Austurlands
2. Framlag til Æska og þar innifalin æskulýðsmót, TTT-mót og Farskóli leiðtogaefna
3. Fermingarbúðir og þar stærsti liðurinn ferðakostnaður
4. Kostnaður, af skrifstofu héraðsprests
5. Sunnudagaskólamót, bæði ferðakostnaður og næring
6. Héraðsfundur – fæðiskostnaður og leiga
7. Leikmannastefna, hjálparstarf, prófastafundur, messuferðir aldraðra á suðurfjörðum, auglýsingar og gjafir, endurskoðun og reikningsskil.

Eyþór Eðvarðsson, frá Þekkingarmiðlun var kvaddur á héraðsfund í boði prófastsdæmisins. Hann hefur starfað við stjórnendaþjálfun og ráðgjöf síðan 1996 bæði hér á landi og í Hollandi og hefur víðtæka reynslu. Haldið fyrirlestra og námskeið hjá fyrirtækjum og stofnunum í stórum og litlum verkefnum, bæði í meðbyr og mótbyr.

Miðlaði hann fundarmönnum af þekkingu sinni af mannlegum samskiptum og brá upp lýsingum á mismunandi farvegi, sem samskipti manna falla í. Á mjög lifandi og gamansaman hátt setti hann upp aðstæður á þeim vettvangi, sem allir kannast við, en einmitt samskipti og gæði þeirra, eru lykilþættir í öllu kirkjustarfi.

Ætla mætti að tilefnið hljóti að hafa verið, margvíslegir örðugleikar í samskiptum presta, annarra starfsmanna sókna og sóknarfólks. Svo var þó alls ekki og ég afar stoltur og glaður yfir þeim almennt góða anda sem svífur yfir vötnum. Ekki síst viljinn til að gefa af sér og ganga í verkin af fórnfýsi og heilindum. Var góður rómur gerður að framlagi Eyþórs.

Flestum er kunnugt um að á þessu ári eru fimm aldir liðnar frá upphafi siðbótarinnar. Ugglaust hafa þeir Lúter og Guðbrandur biskup séð fyrir sér kirkju siðbótarinnar, þar sem lýðræði væri virt og grasrótin fengi að njóta sín. Þeirri sýn hefur að mínu mati verið reynt að halda í prófastsdæminu.

Eins og oft hefur komið fram, leggur prófastsdæmið mjög upp úr góðri og fjölbreyttri þjónustu við sóknarbörn, með ríkri áherslu á barna- og unglingastarf, mót, erlend samskipti ungmenna og Farskóla leiðtogaefna og fátt meir, í anda siðbótarinnar, en að kalla ungt fólk til ábyrgðar og þjónustu í kirkjunni. Þær upplýsingar sem koma frá stjórn Æsku, stjórn Kirkjumiðstöðvar Austurlands og framkvæmdaaðila ungmennaskipta verða á öðrum stað. Einlægt þakka ég mikið og gott framlag til kirkju og kristni og bið Guð að blessa fólkið allt og þjónustu í heimabyggð.



Páskaeggjaleit í kirkjunni

## Frá Sóknarnefndum í Austurlandsprófastsdæmi

Vegna héraðsfundar 2017 bárust héraðspresti skýrslur frá eftirfarandi sóknum prófastdæmisins. Seyðisfjarðasókn, Eskifjarðarsókn, Reyðarfjarðarsókn, Kolfreyjustaðarsókn, Stöðvarfjarðarsókn og Heydalasókn, Djúpavogssókn, og Berufjarðarsókn. Hofssókn í Vopnafirði, Hofteigssókn Jökuldal, Hjaltastaðakirkju, Kirkjubæjarkirkju, Norðfjarðarkirkju, Brekkusókn Mjóafirði, Eiðakirkju, Bakkagerðissókn og Valþjófsstaðasókn.

Skýrslurnar tilgreindu hið góða starf sem þar hefur farið fram, bæði safnaðarstarf auk blómlegs tónlistarstarfs.

## ÆSKA – Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar á Austurlandi

